# Fornleifar í Skaftártungu IV:

## *Fornleifaskráning í Hvammi, Hrífunesi og á Flögu og fornleifar á fleiri en einni jörð*



**Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Krisborg Þórsdóttir (ritstj.)**

**Höfundar efnis:**
**Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Oddgeir Isaksen, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Uggi Ævarsson**

**Reykjavík 2024**

**Fornleifastofnun Íslands ses**

**FS971-13026**

*Forsíðumynd er af gamla heimatúninu í Hrífunesi. Neðst á mynd er bæjarhóllinn. Niður af honum hafa fundist nokkur kuml á síðustu áratugum. Ljósmynd: Minjastofnun Íslands*

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

## Efnisyfirlit

1. Inngangur ........ 7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf ........ 11
3. Skráningaraðferðir ........ 13
4. Fornleifaskrá ........ 16
*SF-178 Hvammur* ........ 17
*SF-187 Flaga* ........ 54
*SF-188 Hrífunes (Hrísnes)* ........ 91
*SF-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð* ........ 139
5. Upphaf og þróun byggðar í Skaftártungu ........ 175
*5.1 Landslag, gróðurfar og náttúruvá í tímans rás* ........ 175
*5.2 Fyrstu drættir í byggðarsögu Skaftártungu* ........ 177
*5.3 Vitnisburður fornleifa, forn eyðibyggð og kuml* ........ 183
*5.4 Byggðasaga Skaftártungu: samantekt* ........ 185
6. Vettvangsskráning ........ 189
*Bæir og býli* ........ 191
*Kirkjur, legstaðir og samkomustaðir* ........ 194
*Úthús og aðrar minjar í heimatúnum* ........ 197
*Minjar um útbeit og aðra úthaganýtingu* ........ 199
*Samgönguminjar* ........ 202
*Aðrar minjar* ........ 203
7. Lokaorð ........ 205
**Heimildaskrá** ........ 207

**Viðauki**
*Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)*
*Minjakort*

## Samantekt

Á útmánuðum 2018 úthlutaði Fornminjasjóður verkefninu *Byggð í Skaftartungu í aldanna rás* styrk til fornleifaskráningar í þriðja sinni, nú til að ljúka fornleifaskráningu á svæðinu. Sumarið 2018 voru skráðar minjar á jörðunum Hvammi, Flögu og Hrífunesi og sömuleiðis var lokið skráningu á fornleifum á fleiri en einni jörð í Tungunni allri. Samtals voru skráðar 200 fornleifar (en um 450 minjaeiningar) og fjallar skýrslan um þær. Jarðirnar sem skráðar voru hafa allar orðið fyrir skaða vegna eldgosa og jökulhlaupa í aldanna rás og hafa þó nokkrir minjastaðir horfið í slíkum hamförum í gegnum tíðina. Eins og fyrri ár reyndist þó fjöldi áhugaverðra minjastaða á svæðinu: tvö kuml eru þekkt, fimm býli og fimm bæjarstæði, fjölmargar heillegar tóftir af útihúsum og fjárskýlum og þannig mætti lengi telja. Þær fornleifar sem skráðar voru á fleiri en einni jörðu voru flestar samgönguminjar sem afhjúpa umfangsmikið og þéttriðið net samgangna á svæðinu sem víða eimir merkilega mikið eftir af.

Með skýrslunni lýkur skráningu í Skaftártungu og hafa nú samanlagt verið skráðar um 840 fornleifar en 1350 minjaeiningar á svæðinu. Samhliða skráningu voru teknir könnunarskurðir á völdum stöðum árin 2013-14.

Rannsóknirnar í Skaftártungu hafa leitt í ljós áhugaverðar minjar og sýnt fram á talsverða tilfærslu á byggð. Þótt góð yfirsýn sé nú fengin yfir minjar á svæðinu hafa rannsóknirnar vakið fjölmargar nýjar spurningar um upphaf, eðli og þróun byggðar á svæðinu í gegnum aldirnar.

*Efnisorð: Skaftártunga, Skaftafellssýsla, fornleifaskráning, byggðasaga, uppblástur, eldgos, eyðibyggð, aðlögun, menningarlandslag*

## Summary

In the spring of 2018, The Archaeological Fund (Forminjasjóður) gave its third and final grant towards an archaeological survey of Skaftártunga, Vestur-Skaftafellssýsla in south Iceland.

This report represents the survey that took place in the area in the summer of 2018 when the last three remaining farms of the area were surveyed. All known archaeological sites within the properties of Hvammur, Flaga and Hrífunes were recorded as well as various linear features (mostly old routes and tracks) running through more than one property within the whole of Skaftártunga. The survey revealed great diversity, including two heathen burials as well as chapels and farmsteads. The highest number of sites were ruins of animal houses (outhouses) and various features connected to travelling (such as tracks, routes, cairns, river passing etc.).

Altogether, 200 sites were surveyed in 2018 (comprising 450 archaeological units) bringing the total number in Skaftártunga to 840 archaeological sites (or 1350 units).

During the survey of Skaftártunga many archaeological sites previously unknown have been discovered. The survey and selected trenching into abandoned settlements (done alongside the survey in 2013-14) have shown several settlements were built for the first time soon after the catastrophic Eldgjá eruption in 939. Most of these sites seem to have been built very soon after the Eldgjá eruption and might be a response to changed landscape and vegetation in the area. All the farms trenched so far seem to have been abandoned by the 12th-13th century for unknown reasons.

The research in Skaftártunga has resulted in as many questions as it has answered. Much is still unknown about the origin of settlement in the area, about its development and not least about the relation between the settlement and the volcanic environment. The first insight into the settlement pattern suggests movement and adaptability in times of major catastrophes demonstrating resilience in the face of challenging environmental conditions.

*Keywords*

*Skaftártunga, Skaftafellssýsla, archaeological survey, cultural landscape, settlement history, adaptation, volcanic activity*

# 1. Inngangur

Upphaf fornleifaskráningar í Skaftártungu má rekja til rannsókna á gjóskulögum og gróðurfari fyrr á öldum á svæðinu (*Tephrochronology and Landscape Change project)* sem þeir dr. Andrew Dugmore hjá Edinborgarháskóla og dr. Richard Streeter hjá St. Andrews-háskóla leiddu. Í framhaldi af þeim rannsóknum var ákveðið að leggja grunn að stærra rannsóknarverkefni þar sem gróðurfar, fornleifar og byggðaþróun yrði í forgrunni. Ljóst var að til að undirbúa slíkt verkefni skorti grunnþekkingu á minjum á svæðinu og að nauðsynlegt væri að skrá minjar þar áður en ráðist yrði í umfangsmeiri og kostnaðarsamar rannsóknir á svæðinu. Sökum þessa var þess freistað að nota fornleifaskráningu og könnunarskurði á völdum stöðum til að öðlast betri skilning á menningarlandslagi Skaftártungu og samspili manns og náttúru.

Verkefnið fékk upphaflega styrk úr Ameríska vísindasjóðnum (The North-American




*Rannsóknarsvæðið í Skaftártungu merkt inn á kortið með rauðu.*

Science Fund – NSF) til að skrá minjar á afmörkuðu svæði og taka nokkra prufuskurði sumurin 2013 og 2014. Var verkefnið samvinnuverkefni milli áðurgreindra háskóla, Fornleifastofnunar Íslands og Háskólans í Maryland í Bandaríkjunum. Um niðurstöður þessara rannsókna hefur verið fjallað í þremur útgefnum skýrslum.[1]

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Richard Streeter, Andrew Dugmore og George Hambrecht. 2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015.

Fyrstu niðurstöður skráningar á svæðinu þóttu gefa mjög spennandi niðurstöður: þær leiddu í ljós talsverðan fjölda áður óþekktra minjastaða, þ.á.m. nokkur býli og skála frá fyrstu öldum. Þær sýndu einnig að mikil hætta steðjaði að minjum á svæðinu og því brýnt að safna frekari upplýsingum um fornleifar sem allra fyrst. Ljóst var að uppblástur og vatnsrof hefði þegar eytt ýmsum minjum á svæðinu og ógnuðu enn fleiri. Var því talið mikilvægt að halda skráningu áfram eftir að framlagi Ameríska vísindasjóðsins lauk. Í þeim tilgangi var sótt um styrk til Fornminjasjóðs til að ljúka skráningu á minjum í Skaftártungu í þremur áföngum. Styrkur fékkst og var fyrsti áfanginn af þremur skráður sumarið 2015 og annar áfangi sumarið 2017.[2]

Árið 2018 fékkst svo styrkur úr Fornminjasjóði í þriðja sinn, nú til að ljúka skráningu í Tungunni. Að þessu sinni voru skráðar allar þekktar minjar á þremur jörðum, í Hvammi, Flögu og Hrífunesi, auk þess sem lokið var skráningu á fornleifum á fleiri en einni jörð. Samtals voru skráðar 200 fornleifar og í kringum 450 minjaeiningar þetta sumar.

Áður en aðalskráning minja var gerð sumarið 2018 hafði verið unnin s.k. deiliskráning á tveimur reitum innan skráningarsvæðisins af starfsmönnum Fornleifastofnunar Íslands. Báðir reitirnir voru í Hrífunesi og var skráningin unnin vegna ráðgerðrar sumarbústaðabyggðar.[3] Að auki hafði Fornleifastofnun unnið fornleifaskráningu vegna umhverfismats í tengslum við hugmyndir um virkjun Hólmsár árið 2011.[4]

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands unnu fornleifaskráninguna í Skaftártungu árið 2018 og sáu auk þess um skýrsluskrif, uppsetningu og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum Fornleifastofnunar nema að annað sé tekið fram. Loftmyndirnar sem er að finna í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf.

Skráningin var sem fyrr segir styrkt með framlagi úr Fornminjasjóði en að auki styrkti sveitarfélagið Skaftárhreppur verkefnið með fæðisstyrk og eru báðum aðilum færðar kærar þakkir fyrir stuðninginn. Að auki vilja höfundar skýrslunnar færa landeigendum og ábúendum þakkir en þeir veittu allir góðfúslegt leyfi til skráningar og miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingsskap. Að lokum fær Orri Vésteinsson góðar þakkir fyrir áhuga og stuðning við skráninguna og margar frábærar ábendingar varðandi kirkju- og byggðasögu svæðisins.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi

[2] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2016 og 2020. Ekki var sótt um 2. áfanga árið 2016 þar sem verkefnisstjóri var í barnseignarleyfi.
[3] Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. 2003, Oddgeir Hansson. 2005.
[4] Kristborg Þórsdóttir. 2011.

Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna með teikningum og ljósmyndum og í fimmta kafla er byggðasaga svæðisins rakin. Sjötti kafli er samantekt um þær minjar sem skráðar voru 2018 og í lokakafla skýrslunnar er að finna helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá, hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93) og kort.

# 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafla 21. greinar laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða

jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

# 3. Skráningaraðferðir

Skráning sú sem birtist í þessari skýrslu ber þess merki að vera unnin á tímabili þar sem skráningaraðferðir voru að breytast hér á landi. Fornleifaskráning í Skaftártungu var að mestu unnin á meðan notuð voru handhæg, lítil GPS-tæki við skráninguna og aðeins tekinn einn punktur á hverjum minjastað en tóftir handteiknaðar. Hluti af skráningunni sem hér lítur dagsins ljós er unnin á þann hátt. Rétt áður en skráningu lauk, sumarið 2018, voru hins vegar komin betri mælingatæki (Trimble Geoexporer 6000) og því náðist að mæla upp flestar tóftir í landi Hvamms og Flögu með þeim. Hér eru slíkar mælingar nýttar þar sem þær eru til en aðrar minjar skráðar líkt og gert hefur verið fyrri ár í Skaftártungu, þ.e. tóftir handteiknaðar og annars vegar tekið eitt hnit á hverjum minjastað og hins vegar ytri mörk minjastaðar mörkuð með GPS-tæki. Svipaða sögu var að segja um línulegar minjar s.s. leiðir og garða, þ.e. lega þeirra var gróflega mæld sem lína með GPS-tæki.

Skráningin var gerð áður en Minjastofnun Íslands gaf út fyrirmæli um að hver minjaeining á minjastað skuli fá sérstakt minjanúmer og hún skráð sérstaklega. Fornleifastofnun hefur þó skráð hverja minjaeiningu um langt skeið en í stað þess að gefa þeim fullt skráningarnúmer voru þær einungis aðgreindar með bókstaf (A, B, C). Var sá háttur hafður á þegar skráningin var unnin.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-188:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhaldi hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.




*Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað. Teikningin á þessum minjastað var gerð með Trimble tæki en eins og kemur fram í texta var hluti minja sem skráður var 2018 handteiknaður.*

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum. Að þessu sinni birtast öll hnit í landshnitakerfi (ISN93) enda orðið nær algilt að sú vörpun sé notuð í meðferð hnitagagna hér á landi.

Þar sem getur um „heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í.  Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og

öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði raskað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skráningunni er talsvert stuðst við túnakort frá 1920 en í tilfelli bæði Hrífuness og Flögu voru einnig til bæjarteikningar sem danskir mælingamenn gerðu fast eftir aldamótin 1900 af nokkrum heimatúnum. Slíkur uppdráttur er hins vegar ekki til fyrir Hvamm.

# 4. Fornleifaskrá




*Túnakort frá 1920 fyrir Hvamm með uppmældum minjum og minjapunktum.*

1340: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1340 (DI II, 739), 1523 (DI IX, 189), og Gíslamáldaga 1570 og síðar (DI XV, 548).
1686: 28 hdr. 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.
1695/1697: 12 hdr., Þykkvabæjarsklausturseign [SF-194], skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.
1783-1784: Í skýrslu Jóns prófasts Steingrímssonar (veturinn 1783-1784) um jarðir sem fóru í Skaftafellssýslu í eldunum segir: „dto [Flögujörð]. Þar eru hús og tún í kafi af vatni, en annað óbrunnið." Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar, 343. „Í Skaftáreldum 1783 fór bærinn undir hraun ásamt aðalslægjulöndum jarðarinnar. Eftir það var bærinn fluttur á þann stað þar sem hann stendur nú." (Sunnlenskar Byggðir VI, 276).




*Yfirlitsmynd af Hvammi frá 1967. Á myndinni er horft til norðurs yfirbæjarstæðið og heimatúnin eins og þau voru þá en áður stóð bærinn á öðrum stað, frammi á bakka Eldvatnsins.*

1847: 12 hdr., Flögujörð [SF-187], skv. Jarðatali Johnsen, 11. Í sama riti í neðanmálsgrein segir: „1769 er her gjörð 1 h. 20 al. lsk. og 2 kúg."
1861: 12 hdr. (forn), 12.2 hdr. (ný), skv. Nýrri Jarðabók fyrir Ísland, 8.
Eyðibýli: Engidalur, b. 1784, leggst í eyði 1855. Ekki búið öll þessi ár (einnig í landi Grafar, SF-185). Fagriflötur, b. 1832, leggst í eyði 1834. Hraunfell, b. 1857, leggst í eyði 1864, skv. Sunnlenskum byggðum VI, 25-253.
1920 er túnið 2.8 ha. Matjurtagarðar 680 m2. (Túnakort frá 1920). „Þessi jörð hefur misst mikið af sínu landi við jarðeldinn. Að útiheyskap er hún með þeim betri, útigangur líkur og á áðurnefndum jörðum, skógarlaus [...]," segir í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu, 204. „Jörðin er frekar landstór, slægjur fremur reitingssamar en víðáttumiklar. Hagar grösugir og skjólgóðir. Nægjanlegt þurrt land til ræktunar en sundurskorið af giljum. Jarðhiti er þar í svokölluðu Laugargili skammt fyrir innan bæinn. Í Skaftáreldum 1783 fór bærinn undir hraun ásamt aðalslægjulöndum jarðarinnar. Jörðin hefur alltaf verið talin góð bújörð." (Sunnlenskar Byggðir VI, 276).

„Að útiheyskap er hún með þeim betri, útigangur líkur og á áðurnefdum jörðum, skógarlaus..." segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 204.

**SF-178:001** *Hvammur* bæjarhóll bústaður 524975 361078
Bærinn í Hvammi stóð áður ríflega 300 m sunnan við núverandi bæjarstæði (sjá 002), á bakka Eldvatns. Um eldra bæjarstæðið segir í örnefnaskrá: „...Syðragil. Framan við þetta gil er







*Uppmæling af meintum bæjarrústum Hvamms til vinstri en teikning sem birtist í greininni "Bæjarrústir úr Skaftáreldum" eftir Sveinbjörn Rafnsson, bls. 130 til hægri. Með samanburði á myndunum má sjá að nokkuð hefur brotnað af tóftunum frá því að teikningin var gerð snemma á 9. áratug 20. aldar*

Hríðarhóll, en austan undir honum stóð bærinn fram undir eld; þar sér tóftarbrot þegar minnst er í vatninu." Á öðrum stað í sömu skrá segir: „Bærinn í Hvammi stendur í krika upp frá Eldvatninu, fyrir „Eld" stóð bærinn niður undir vatni, austan undir hólnum, sem er norðan við fjárhúsin [024];..." Í Sunnlenskum byggðum segir: „Í Skaftáreldum 1783 fór bærinn undir hraun ásamt aðalslægjulöndum jarðarinnar. Eftir það var bærinn færður á þann stað þar sem hann stendur nú [sjá 002]." „Sunnan við núverandi bæjarstæði er hóll eða lægð aflöng frá vestri til austurs. Við hæðarsporðinn að vestan liggur akvegur [...] Hefur þarna myndast 8-10 m hátt moldarstál [...] Frammi á þessum bakka eru nú leifar af bæjarrústunum í Hvammi," segir í bókinni Skaftáreldar 1783-1784. Eldra bæjarstæði Hvamms er um 300 m sunnan við núverandi bæjarstæði 002, frammi á bakka Eldvatnsins en 110-120 m austan við Skaftártunguveg 208.

Það litla sem virðist vera eftir af eldri bæ í Hvammi er suðaustan í Hríðarhóli sem er hár hólhryggur. Eldvatnið hefur brotið mikið af hólnum og minjunum á bæjarstæðinu og er rofbakkinn um 8 m hár. Hann er ógróinn og því enn virkt landbrot þarna. Hríðarhóll er vaxinn



*Gamla bæjarstæði Hvamms SF-178:001stóð frammi á bakka Eldvatnsins og hefur nú að líkindum að stóru leyti horfið í landbrot. Á mynd til hægri er horft til suðurs yfir svæðið en á mynd til hægri má sjá Kristborgu Þórsdóttur skoða rofsárið (horft til norðurs).*



*SF-178:001, dæld A til vinstri (horft til norðurs) en til hægri er dæld B (einnig horft til norðurs)*



*SF-178:001, á mynd til vinstri er þúst C, horft til norðurs en á mynd til hægri er horft yfir þústir D og E, til suðausturs*

mosa og grasi.

Lengi sáust 2-4 mannvirki frammi á rofbakkanum við Eldvatn og voru þau teiknuð upp árið 1982 af Sveinbirni Rafnssyni en teikningin birtist í bókinni Skaftáreldar 1783-1784. Þær eru á



*SF-178:001, á mynd til vinstri er þúst F, horft til norðurs en á mynd til hægri þúst G, horft til austurs*

svæði sem er um 40 m langt og 25 m breitt. Að sögn Páls Oddsteinssonar, heimildamanns, voru tvær tóftir á bakkanum allt fram á síðustu ár.

Óljósar og brotakenndar minjar sjást frammi á rofbakkanum þar sem hallar fram af Hríðarhóli til austurs og suðausturs. Þær eru á svæði sem er 65x12 m stórt og snýr norður-suður. Hver þeirra fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingunni sem fylgir hér á eftir.

Nyrst á svæðinu er grunn lægð A sem er mögulega náttúruleg en það brotnar af austurhluta hennar. Lægðin er 2 m breið en aðeins eru 1,5 m eftir óbrotnir af henni á lengdina. Hún er grunn (um 0,5 m) og hallar til austurs. Önnur lægð B sem er minna sannfærandi og kann að hafa myndast eftir vatnsrennsli er litlu sunnar en norðan við hábungu hólsins. Lægðin er 4x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er mjög grunn, aðeins 0,1 m á dýpt, og hallar mjög lítillega til austurs. Renna liggur frá henni upp til VSV. Lægðirnar nyrst á svæðinu eru ekki á teikningu Sveinbjarnar. Um 5 m frá bakka Eldvatnsins, sunnan við hábunguna á milli lægðar B og mannvirkis C eru líkt og ummerki um rof frekar en að þar sé eitthvað manngert og því voru þau ekki skráð. Mannvirki C er einna greinilegast af þeim sem sjást. Það er frammi á bakkanum um 20 m sunnan við lægð B. Lítið er hins vegar orðið eftir af því og er það mjög úr lagi gengið. Það sem sést virðist vera horn af tóft sem er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 0,1-0,3 m á hæð. Þar rétt SSV við er aflöng þúst D sem snýr norðaustur-suðvestur og er 7 m löng og 3-4 m breið. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð og hallar lítillega til suðvesturs. Fast ASA við þúst D er þúst E, frammi á rofbakka Eldvatns. Lítið er orðið eftir af henni en hún er 6 m löng og 2,5 m breið þar sem hún er breiðust, snýr norður-suður. Þústin er um 0,5 m á hæð. Framan við hana í rofi til austurs sést grjót og einnig er talsvert grjót niður við Eldvatnið sem hefur hrunið úr hleðslunni. Er líklegt að þetta sé syðsta mannvirkið sem er á teikningu Sveinbjarnar í Skaftáreldabókinni. Nokkuð greinileg tóft F sem virðist eitthvað yngri en hinar minjarnar á svæðinu er 4 m suðvestan við þúst D. Hún er einföld og er að mestu leyti grafin inn í rætur brekku á Hríðarhóli. Tóftin er 5,5x4,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturhorni. Varla er hægt að greina veggi á SSV-hlið og í suðausturhorni frá hólnum. Veggjahæð er 0,1-0,2 m. Að lokum er lítt afgerandi þúst G syðst á svæðinu og stendur hún lægst af minjunum á svæðinu. Hún er 7x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Dálítið af grjóti sést í rofbakkanum austan við þústina. Í vesturenda og á suðurhlið er hún um 0,3 m á hæð en austurendi og norðurhlið eru minna afgerandi. Leir úr Eldvatninu berst inn í Bátlágina 027 sem er fast sunnan við þessa syðstu þúst. Ljóst er að afar lítið er eftir af eldra bæjarstæði Hvamms en fróðlegt væri að hreinsa rofsnið og kanna dýpt og eðli mannvistarlaga á þessum stað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Hvammur, 1, 4; Sunnlenskar byggðir VI, 176; Skaftáreldar 1783-1784, 130

**SF-178:002** bæjarhóll bústaður 524963 361377

Yngra bæjarstæðið í Hvammi var um 300 m norðan við það eldra, á hæð í krika í landinu. Í örnefnaskrá segir: „Bærinn í Hvammi stendur í krika upp frá Eldvatninu, fyrir „Eld“ stóð bærinn niður undir vatni, austan undir hólnum, sem er norðan við fjárhúsin;...“. „Í Skaftáreldum 1783 fór bærinn undir hraun ásamt aðalslægjulöndum jarðarinnar. Eftir það var bærinn færður á þann stað þar sem hann stendur nú.“ Á þeim stað var búið allt fram til 1980 þegar nýtt íbúðarhús var byggt á jörðinni 15-20 m austan við gamla bæinn 002. Eldra bæjarstæðið á þessum stað, það sem hér er skráð, var ríflega 100 m norðan við Eldvatnið. Þegar Páll Oddsteinsson, heimildamaður og fjölskylda fluttu að Hvammi árið 1973 var enn búið í gamla bænum en fljótlega byggðu þau nýtt hús og fluttu í það 1980. Býr Páll enn í því. Í kjölfarið var stærsti hluti gamla bæjarins (þ.e. allar innréttingar og inniviðir húsa) rifinn en ytra lag húsa hélst að mestu. Á þessum stað var „burstabær“ og eru enn talsverður fjöldi bursta þar, þótt notkun húsa og lag sé nokkuð breytt.




*SF-178:002. Uppmælingin sýnir hús og tóftir en þar sem hús standa undir þaki er innra lag húsa ekki sýnt. Að húsabaki eru svo sýnd mörk bæjarstæðis/bæjarhóls. Til hægri er handteikning af sama svæði og visa bókstafir þar til lýsingar í texta*

Bæjarstæðið er á talsverðri hæð í landinu og hafa burstirnar verið frammi á brekku brún og bæjarstæðið nokkuð tilkomumikið frá bakka Eldvatnsins neðar. Bæjarhóllinn er að hluta til náttúrulegur og er norðurbrún hans alveg náttúruleg að því er virðist og víðar má segja að uppsöfnun sé minniháttar og að meðaltali um 0,5 m. Samtals má segja að svæðið þar sem mannvistarleifar eru greinilegastar sé um 54 x 28 m stórt og snýr það austur-vestur. Á honum eru talsverð mannvirki sem að talverðu leyti eru enn í notkun. Umrædd hús skiptast í 7 burstir (undir þaki) og nokkrar óljósari rústir að auki. Burstirnar eru um 28 x 12 m að stærð og snúa austur-vestur.



*SF-178:002, horft til norðurs*

Húsin eru öll svolítið grafin inn í brekkuna að norðan. Að húsabaki vestarlega eru dældir

eða þústir og 2 kofar en fleiri óljósar dældir eru á svæðinu hér og þar. Verður nú lýst þeim húsum og hólfum sem enn eru greinileg á svæðinu og hefst lýsingin austast. Allra austast voru tvö sambyggð fjárhús (A og B) og standa þau enn undir þaki og eru í notkun. Húsin eru 11-12 x 10 m að stærð og snúa norður-suður. Veggir þeirra eru grjóthlaðnir að hluta ein timburþil á húsunum og timburgrind og eru þau bárujárnsklædd að utan. Vestan við þau 2-3 m bil í húsaröðina (hér gefinn bókstafurinn C) en þar eru leifar grjóthlaðinna veggja eða upphlaðið svæði sem er 0,8 m hærra en umhverfið, en ekki greinilegt hólf. Þar vestan við taka við þrjár burstir í röð (D, E og F) sem nú eru nýttar sem fjárhús/geymsla/hlaða en áður var sjálf baðstofan austast (D), þá stofa og eldhús fyrir innan (í miðjuburstinni E þar sem nú er líklega vélaskemma - með stórri hurð) og þá herbergi, gangur inn og klósett í endanum og herbergi þar við hliðina (F). Samtals er svæðið 13 x 10 m stórt og snýr austur-vestur. Útveggir eru hlaðnir úr grjóti en húsin annars bárujárnsklædd með timburgrind. Vestar var svo herbergi og þá skúrbygging og fjós (G). Fjósið stendur óbreytt þótt það hafi ekki verið notað um nokkurt skeið. Innangengt var úr bænum (skúrnum) í fjósið. Vestan við fjósið var áður kálfahús H) og stendur það hús enn undir þaki og er 5-6 x 4 m að stærð. Þar vestan við var lítið hús (I) sem var notað sem hundakofi þegar Páll Oddsteinsson heimildamaður mundi fyrst eftir en það er nú orðið að tóft. Tóftin er einföld og opin til suðurs og hefur þar verið þil. Innanmál hennar er 3 x 2,5 m og veggir hennar eru 1,2 m á hæð. Allra vestast í bæjarröðinni var svo smiðja (J) sem er einnig orðin að tóft. Hún er 4-5 x 2 m að innanmáli og er opin til suðurs þar sem timburþil hefur verið. Einhver hús hafa verið að húsabaki og sjást þar talsverðar dældir og þústir. Páll mundi bara eftir litlum kofa (M) sem notaður var sem hænsnakofi í upphafi en þar sem hann er sést dæld (4-5 m í þvermál) og þar fast austan við er lítill kofi sem notaður var fyrir ljósarafstöð (ljósamótorsskúr) áður, en er nú notaður sem hænsnakofi (L). Að auki sjást ummerki eftir mannvirki (K) fast norðan við bæjarhúsin (3 x 1,5 m að stærð austur-vestur) og norðvestast á hæðinni stendur lítill kofi (N) . Líklegast hefur bærinn staðið á þessum stað í um 200 ár, frá lokum Skaftárelda og allt fram til 1980.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920, Örnefnaskrá, 1, Sunnlenskar byggðir VI, 276

**SF-178:003** tóft útihús 525076 361378
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 100 m austur af yngra bæjarstæði Hvamms 002. Það var þar sem nú er afgirtur skógarreitur fast norðan við heimreið að Hvammi og 60 m ASA við núverandi íbúðarhús á jörðinni.






*Útihústóft SF-178:003, horft til vesturs á ljósmynd*

Tóftin hefur verið í suðurjaðri núverandi skógarreits og liggur girðingin sem markar reitinn yfir suðurgafl hennar. Hún er neðst (syðst) í brekkurótum en ofar er nokkuð brött brekka. Innan skógarreitsins er vaxa ýmsar trjátegundir. Allt í kringum grunninn og innan hans vaxa tré.

Óveruleg ummerki eru á þessum stað og er alls óvíst að það séu ummerki eftir sama hús og það sem merkt var inn á túnakortið frá 1920, þ.e. ummerkin gætu verið eftir yngra hús eða lítinn kálgarð á sama stað. Þau ummerki sem sjást eru óverulegir veggir sem markar af svæði sem hefur verið 10 x 6 m að stærð og snúið ANA-VSV. Ekki er um eiginlega tóft eða hleðslur að ræða heldur óverulega upphækkun, sem gæti hafa safnast upp að undirstöðum húss. Leifarnar er nú grasi grónar og 0,2 m á hæð en 0,5 m á breidd. Ekki sést vesturgafl hússins vel og virðist það hafa náð 1-2 m út fyrir (vestur fyrir) girðingu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:004** tóft fjárhús 525074 361436

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús í austurjaðri túnsins um 100 m ANA við yngra bæjarstæði Hvamms 002 og 40 m norðan við útihús 003. Þar sést enn tóft innan afgirts skógarreits. Tóftin er syðst á háum, aflöngum hrygg í túninu sem útihús 004, 005 og 006 hafa verið á.






*Útihústóft SF-178:004, horft til SSA á ljósmynd*

Utan girðingar sem afmarkar skógarreitinn er slétt tún sem er í rækt. Innan girðingar er

grasgefið en mikil sina og vestan, sunnan og suðaustan við tóftina er trjágróður, einkum birki, greni og reynir.

Tóftin er af garðahúsum með niðurgrafinni hlöðu í norðurenda. Hún er 16x7 m að stærð og er ytra byrði veggja hæst í suðurenda þar sem það er 1,6 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást grjóthleðslur í innra byrði veggja. Hlaðan er 0,4-0,5 m lægri en fjárhús en veggir hennar standa nánast ekkert upp úr jörðu og alls ekki í norðurenda. Ekki er veggur á milli hlöðu og fjárhúsa. Hlaðan er 4,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er 1,8-2 m djúp og hleðslur í henni standa en eru farnar að síga. Fjárhúshlutinn er 8x3 m að innanmáli og snýr eins og hlaða. Grjóthlaðinn garði er í miðjum fjárhúsum og er hann 0,5 m breiður og 0,3 m hár, í honum sjást 2 umför. Hvor kró er um 1 m á breidd en talsvert hefur hrunið ofan í vestari króna úr vegg. Op er inn í fjárhúsin á miðjum suðurgafli. Veggjahæð innanmáls er 1,3 m og sjást 7-8 umför. Bárujárn og timburleifar eru í tóftinni.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:005** heimild um útihús 525058 361463
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús í austurjaðri túnsins um 110 m frá yngra bæjarstæði 002 og 30 m NNV við útihús 004. Útihúsið var á hrygg í sléttuðu túni. Ekki sjást skýr ummerki um útihúsið á yfirborði vegna sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:006** heimild um útihús 525049 361499
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m norðaustan við bæ 002 í austurjaðri túnsins, 30 m norðan við útihús 005 og 60 m NNV við útihús 004. Útihúsið var á hrygg í sléttuðu túni. Ekki sjást skýr ummerki um útihúsið á yfirborði vegna sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:007** heimild um útihús 361398
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 20 m norðan við bæjarstæði 002, mitt á milli bæjarins og stórrar hlöðu eða skemmu. Mikið rask er á þessu svæði og svað sem myndast hefur af umferð traktora á svæðinu í bleytu og leysingum.

Engin ummerki sjást um útihúsið og mundi heimildamaður, Páll Oddsteinsson, ekki eftir því. Hefur útihúsið líklega horfið vegna niðurrifs og sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:008** heimild um útihús 524952 361427
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 40 m norðan við bæjarstæði 002, á svipuðum slóðum og hlaða eða skemma stendur. Mikið raskað svæði vegna bygginga, niðurrifs og annars rasks. Grunnur af steyptu húsi er fast norðan við hlöðu/skemmu. Engin ummerki sjást um útihúsið vegna bygginga.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:009** heimild um útihús 524958 361500

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 115 m norðan við bæ 002. Útihúsið var í aflíðandi halla til suðurs í sléttuðu túni. Þegar verið var á vettvangi vorið 2018 var svæðið þar sem útihúsið stóð úttraðkað af holdanautum sem ganga laus á jörðinni og er gefið á svæðinu sem húsið var á. Engin ummerki sjást um útihúsið sem hefur líklega horfið við túnasléttun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**SF-178:010** heimild um fjárhús 524959 361577

Stórt útihús var í norðurjaðri túnsins um 180 m norðan við bæ 002 og 60 m norðan við útihús 009. Þarna voru fjárhús sem Páll Oddsteinsson og fjölskylda hans notaði eftir að þau fluttu á jörðina 1973. Líklega eru það sömu hús og sjást vel á ljósmynd af bænum sem tekin var 1967 og má finna í Sarpi, menningarsögulegum gagnagrunni. Fjárhúsin stóðu hátt í sléttuðu túninu á svipuðum slóðum og holdanautum í lausagöngu er gefið hey. Búið er að rífa húsin og slétta yfir þau þannig að ekki sjást skýr ummerki um þau á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=664672

**SF-178:011** *Lambhústorfa* örnefni lambhús 524786 361342

„Neðan við Hyrnuna er lítill hóll, sem heitir Hyrnuhóll. Þar neðar og svolítið innar heitir Lambhústorfa, er nú tún," segir í örnefnaskrá. Lambhústorfan er um 100 m VSV við bæ 002 og er Bæjargil á milli. Torfan hefur nú verið sléttuð í tún og engin merki um lambhús er að finna í henni.

Sléttuð tún eru nú í torfunni og hallar þeim til suðausturs. Torfan er mörkuð af giljum til norðausturs og suðvesturs. Um miðbik túnsins gengur raflína yfir það. Einn stauranna er í svolítilli hnútu og er ekki óhugsandi að lambhúsið hafi verið á þeim slóðum þótt ummerki um það sjáist ekki lengur. Páll Oddsteinsson, heimildamaður, man ekki eftir tóftum á þessum stað og hafa þær verið horfnar áður en hann flutti á jörðina 1973.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hvammur 1

**SF-178:012** *Laugargil* mannvirki sundlaug 524870 361973

„Norður af Neðri- og Efribrún eru daladrög sem heita Botnar. [...] Hér byrjar Laugargilið, það



*Sundlaugin í Laugargili, SF-178:012. Á mynd til vinstri er horft til NNV en til suðurs á mynd til hægri*

liggur milli Lambatorfanna og Páfadals, er síðar getur, austur á Leiruna, sem Búlandsá rennur eftir, Suður í Eldvatn. Við þetta gil skammt norður frá bæ bjó Ungmennafélagið til sundlaug, í gilinu niður af fjárhúsum [032] hér innar. Nafn gilsins er dregið af volgrum, sem þar eru." „[eftir 1916] Síðar stóð það [ungmennafélagið Bláfjall] stóð það að byggingu sundlaugar, fyrst torflaugar sem byggð var í Hlíð, en síðar byggða það steypta steypta stundlaug í svokölluðu Laugargili í Hvammi. Var þá tekið vatn úr 18°C heitri laug sem þar er," segir í Sunnlenskum byggðum. Í skýrslu um atvinnulíf og byggðaþrónun er þess getið á í Laugargili sé að finna eina staðinn í Skaftártungu þar sem jarðhiti hafi verið nýttur „en þar voru tvær smálindir nytjaðar til sundlaugar til skamms tíma. Hitastig vatnsins í Laugargili er um 20°C, en rennsli einungis um eða innan við 0,5 l/s." Leifar af sundlauginni sjást enn í gilinu um 590 m norðan við bæ 002 og 80 m vestan við Dalhús 032. Sundlaugin var steypt og við hana var einnig steypt hús með tvískiptum búningsklefa. Það splundraðist í óveðri.

Gilið er gróið að miklu leyti, alldjúpt og bratt. Í vestanverðu gilinu, vestan við sundlaugina er malarbrekka. Svæðið í kringum laugina er víða úttroðið eftir holdanaut í lausagöngu. Sundlaugin er nokkuð heilleg, hún er 10x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í henni stendur vatn. Laugin er niðurgrafin og standa veggir hennar lítið upp úr jörðu ef frá er talin VSV-hliðin. Dýpt laugarinnar virðist vera 1,5 m en talsverður jarðvegur er ofan í henni. Fast NNV við sundlaugin eru steypuleifar úr búningsklefa í hrúgu. Borhola með röri er við klett í brekkurótum ofan og NNV við laugina. Vatn vellur upp úr rörinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hvammur 1, SB VI, 262, V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands: atvinnulíf og Byggðaþróun, Byggðastofnun, júní 1989, bls. 67

**SF-178:013** heimild um leið 525032 361368

„Bæjargilið er eins og fyrr segir vestan við bæinn, en gatan heim að bænum er austan frá úr Skerinu," segir í örnefnalýsingu. Gatan heim að bænum var í sundi milli núverandi íbúðarhúss og útihúsa/kálgarðs 033. Gamall bílfær vegur er þar sem gatan var áður og því sjást ekki lengur ummerki um hana. Hann liggur af yngri heimreið til vesturs að bæ 002. Flatlent svæði fast sunnan við lítinn húsagarð sunnan við núverandi íbúðarhús. Gatan sést ekki og vegurinn ofan á henni er tæplega fornleif. Hann er dæmigerður malarborinn, lítið upphlaðinn vegur sem er 2,5-3 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hvammur 1

**SF-178:014** *Smiðjuskák* örnefni smiðja 525022 361333

„Fram af bænum er kallað Túnbarð, og lautin austan við það upp undir götuna heitir Djúpalág, en austan við hana heitir Smiðjuskák. Smiðjuskák er tota í túni fram á túnbarðið en fram af henni er allhátt og bratt til SSA. Er í aflíðandi halla til SSA. Er skákin um 50 m suðaustan við bæ 002. Djúpalág ber nafn með rentu og er deiglent í henni. Önnur lág eða skarð er inn í bakkann austan við skákina. Það er mun grynnra og styttra. Túnið er sléttað en stór hluti þess er nýttur fyrir beit og er ekki lengur sleginn.

Engin ummerki sjást um smiðju sem Smiðjuskák dregur nafn sitt af og ekki er vitað nákvæmlega hvar hún hefur verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hvammur 2

**SF-178:015** *Gildrusker* örnefni hlutverk óþekkt 523982 361594

"Nyrzt í Skarðsdalnum austan megin við Langagilið er mýri, sem heitir Flóð; suður af henni er bungumyndað smásker, sem heitir Gildrusker," segir í örnefnalýsingu. Gildrusker var um 1 km vestan við bæ 002 og vestan við girðingu sem girðir af heimahaga Hvamms. Vestan við skerið er að hluta til gróið en uppblásið á köflum.

Páll Oddsteinsson kannast ekki við að refagildra hafi verið á þessum slóðum en skerið var ekki kannað á vettvangi sumarið 2018 enda hjarðir af nautpeningi lausar á svæðinu.

**Heimildir:** Ö-Hvammur 2

**SF-178:016** tóft útihús 523079 360523

Tvískipt torfhlaðin tóft er á næstu torfu austan við Mýrartorfu og 90 m norðaustan við býlistóft 022. Tóftin er sunnan undir allhárri brekku og hallar frá henni til suðurs. Ójöfnur og smáþýfi er í brekkunni ofan við, líklega vegna áfoks uppi í efstu brún en rennisléttur völlur er framan við. Gróður einkennist af mosa en í honum vex lítilræði af grasi. Það sama má segja um tóftina en gróðurinn á henni var ekki farinn að grænka þegar hún var skráð snemma vors.






*Tóft SF-178:016. Á mynd til vinstri er horft til SSV*

Tóftin er 6x6 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Norðurhluti tóftar er litlu mjórri en suðurhlutinn. Hólf I er í suðurhluta, er 4x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í það og tóft á suðurvegg, vestan við miðju. Op er inn í hólf II til norðurs á miðjum suðurvegg þess. Það er 1x2,5 m að innanmáli og snýr eins. Veggir eru ekki veigamiklir, víðast 0,6 m á breidd en allt að 0,8 m. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og standa grónir. Lítið sem ekkert hrun er úr þeim. Veggur milli hólfanna er hvað breiðastur. Smá rof hefur komið í hann en hefur gróið aftur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt er að hún sé af útihúsi.

**Hættumat:** engin hætta

**SF-178:017** *Engidalur* tóft býli 520511 361137

„Engidalur liggur alveg niður að Tungufljóti og er beint á móti Ljótarstöðum. Í miðjum Engidal er Engidalsskurður, það eru merkin móti Gröf.[ ...] Í Engidal sér fyrir bæjarrústum; það er gamalt eyðibýli og þar bjó Vigfús Geysir 1848-55 og er það sá eini sem þar bjó. Engidalsbýlið var úr Grafar- og Hvammslandi,“ segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum er Engidalur hins vegar sagður fyrst í byggð 1784 og fallinn í eyði 1855 en þar kemur fram að ekki var búið öll þessi ár.

Engidalur er um 4.4 km vestan við Hvammsbæ 002. Bærinn er um 220 m austan við Tungufljót



*Tóftir í Engidal SF-178:072. Á mynd til vinstri er horft yfir tóft A, til norðveturs en á mynd til hægri yfir tóft B og til SSA*




*Tóftir í Engidal SF-178:072. Í tilfelli þessara tófta var bæði gerð handteikning og uppmæling og eru þær báðar sýndar hér. Í lýsingu er vísað í rómverska stafi fyrir hólf í tóftum (sjá handteikningu)*

en um 37 m norðan við Engidalsskurð sem er á merkjum Hvamms og Grafar. Bærinn er á grasi grónum fláka á milli brekku og árinnar.

Bærinn er á grasi grónum fláka á milli brekku og Tungufljóts. Mjög djúpt gil er sunnan við hann og er það á merkjum Grafar og Hvamms. Svolítill lækjaruppspretta er skammt austan við tóftirnar og hefur aðeins grafið úr torfunni nærri tóftinni sökum þessa en svæðið er þó algróið nú. Svo virðist sem skurðurinn sé yngri en minjarnar eða að hann hafi a.m.k. dýpkað og orðið að meiri farartálma síðan þar var búið. Það sést m.a. af því að  hluti af útihúsunum sem líklega hafa tilheyrt Engidal eru sunnan gils og í Grafarlandi (sjá SF-185:024a og b og SF-185:033) en nú er gilið mjög djúpt og snarbratt og því erfitt að komast á milli. Það hefur einnig étið úr umræddum húsum og stendur aðeins  hluti þeirra eftir.

Undir þessu númeri eru skráðar tvær tóftir á sömu hæðinni og fá þær bókstafina A og B til aðgreiningar. Í túninu er aukalega skráð ein tóft í landi Hvamms, sjá 039 en fleiri tóftir sem líklegast hafa tilheyrt Engidal eru sunnan við merki og því skráðar í landi Grafar eins og áður kom fram. Örlítinn bæjarhól má greina á svæðinu og er hann 23 x 17 m að stærð og snýr austur-vestur. Syðri tóftin (A) er líklega sjálf bæjartóftin. Hún er um 20 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Öll hólfin í henni eru einföld og fremur lítil. Hefst lýsingin á henni vestast. Þar er hólf I sem er 1,3 x 0,9 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á hólfið á miðjum suðurvegg og má segja að þar liggi hálfgerð göng út úr hólfinu. Hleðslur eru mest um 1 m á hæð og engar grjóthleðslur sjást í veggjum en norðvesturhornið stendur best, allt að 1,2 m á hæð. Austan við hólf I er hólf

II. Það er 2,5 x 1 m að stærð og snýr norður-suður. Hæð veggja er 0,8 m og nokkrar grjóthleðslur (1-2 umför) sjást í suðurveggnum. Úr hólfinu er op syðst á austurvegg út í svolítinn gang eða hol og þaðan út úr tóftinni. Úr hólfi III sem er fast austan við er einnig útgengt um sama op. Hólf III er nálega í miðri tóftinni. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Talsvert hefur hrunið inn í hólfið úr norðurvegg þess. Hólf IV er austan við. Það er 1,8 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru mest 0,6 m á hæð og op er á miðjum suðurvegg og sjást allt að 4 umför af grjóthleðslu í sumum veggjanna. Allra austast í tóftinni er svo hólf V sem sker sig frá hinum hólfanna, er lægra og gæti hafa verið síðari tíma viðbót. Hólfið er 3 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hæð veggja er 0,3 m. Greinilegar grjóthleðslur sjást í öllum veggjum (2-3 umför). Um 1-2 m norðan við tóft A er tóft B. Hún er 11 x 8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru víða um 0,5 m á hæð en norðurveggur er óljós að hluta. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Allra vestast er hólf I. Það er 2-2,5 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á vesturgafli hólfsins. Hólf II er L-laga. Vesturhlutinn snýr austur-vestur og er um 6 x 1,5 m að stærð en austurhlutinn snýr þvert á hann og er um 5 x 2 m. Opið er úr hólfi II yfir í hólf III sem er austar. Hólf III er 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á norðausturhorni þess. Austan við tóftina er talsverð hæð eða þúst en ekkert tóftarlag er á henni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en hún hefur verið skepnuhús af einhverri tegund.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvammur, 3

**SF-178:018** *Byrgutóft* tóft býli 520572 361600
"Nyrzt í Engidal er Byrgutóftarmýri. Byrgutóft er í mýrinni," segir í örnefnalýsingu. Um 420 m NNA við Engidal 017 en 200 m austan við Tungufljót. Tóftin er innan við 20 m vestan við gilskorning, 4,45 kmbeint í vestur frá bæ 002. Vestan undir hlíðum Hvammshraunsfells og vestan við hallamýri er allstór tóft með fjórum hólfum og sambyggt gerði á flata norðan við allmiklar mýrar á tveimur stöllum.

Tóftin er á flatlendi þar sem er nánast ekkert þýfi. Þar er harður völlur og á honum vex mosi og gras, sami gróður og vex á tóftinni.






*Byrgutóft, SF-178:018, horft til VNV á ljósmynd*

Tóftin er 15x13,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er hólf sem sem er 2,5x1,5 m að stærð og snýr eins og tóft. Op er inn í það nærri vesturhorni. Næsta hólf til norðvesturs er stærsta hólfið í tóftinni og er 3,5x2,5 m að innanmáli. Það snýr líka eins og tóft en ekki sést augljóst op inn í það. Í norðvesturenda er svo lítið hólf sem er 2x1,3 m að innamáli og snýr þvert á tóftina. Ekki sést op á því. Mjór veggur skilur á milli þessa hólfs og miðhólfsins í tóftinni. Framan við þetta hólf, í vesturhorni tóftarinnar, er fjórða hólfið sem er 2,5x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. op er inn í það í suðausturenda. Norðvesturgafl þess er

hruninn út til norðvesturs. Að lokum er svo gerði sem er sambyggt tóftinni að norðaustanverðu og stendur lægra en hún. Það er 5x4,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og er op á því í suðurhorni. Tóftin virðist að mestu torfhlaðin og er sigin en veggir hennar eru ekki breiðir. Víðast eru þeir um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Veggir í suðaustasta hólfinu eru aðeins lægri hin hólfin í tóftinni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvammur 3

**SF-178:019** varða hlutverk óþekkt 524317 361198

Varða er á Hyrnu um 650 m vestan við bæinn í Hvammi. Hún sést ágætlega frá bænum. Varðan er norðarlega á Hyrnunni sem er 279 m há. Ekki var unnt að ganga á Hyrnu þegar Hvammsjörðin var skráð 2018 þar sem stóð af holdanautum hélt sig í hlíðinni neðan hennar. Hins vegar virðist ljóst að varðan er mælingavarða og er mælipunktur 279 m á Hyrnu á þessum stað merktur inn á Uppdrætti Íslands, kort 68 Skaftártunga.
**Heimildir:** Ö-Hvammur 3, Uppdráttur Íslands, kort 68 Skaftártunga



*Varðan á Hyrnu sést í fjarska á myndinni. Horft til norðurs*

**SF-178:020** *Hraunfell/Bæjartorfa* bæjarstæði býli 522414 361050

„Austan við Blesumýrartorfu er Bæjartorfa; þar eru rústir eftir bæ, sem þar var [...] Svonefndar Grastorfur eru sunnan í móti, niður af Hraunfelli. Bæjartorfa er utast í þeim," segir í örnefnalýsingu. Bæjartorfa dregur nafn af bæ sem þar var og hefur hann líklega verið sá bær sem nefndist Hraunfell (enda undir Hraunfellinu) en þar var búið 1857-1864 samkvæmt Sunnlenskum byggðum. Bærinn var sunnan í Hvammshraunfelli, í um 260 m h.y.s. Efst í Bæjartorfunni eru skýrar rústir, bær með tveimur kálgörðum og eru minjarnar 2,5 km vestan við yngra bæjarstæði Hvamms 002. Djúpt rofgil skilur á milli Hesthústorfu til austurs og Bæjartorfu. Annað gil, mun






*Bæjartóft og kálgarður SF-178:020, horft til suðurs á ljósmynd*

grynnra og grónara er til vesturs. Bæjarrústirnar eru efst í torfunni og ofan við eru mosagrónar moldir í fellinu. Neðan við bæ er ekki hægt að tala um tún en þar er sléttur völlur sem hallar til suðurs. Þar er lítið um misfellur.

Bærinn er á gróinni torfu í halla til SSA en svæðið er mjög sundurskorið af giljum sem myndast hafa þegar vatn hefur brotið sér leið niður hlíðina og smám saman grafið út gil. Bærinn stendur á vesturbakka slíks gils en handan við gilið og rúmum 50 austar er tóft 021 í Hesthústorfu. Hún er líklega af hesthúsi sem tilheyrt hefur bænum. Ekki fundust önnur hús eða garðar í námunda við bæjartóftina en neðarlega í torfunni eru óljósar tóftir 041 sem ólíklegt er að tilheyri bænum og virðast mun eldri.

Bæjartóft og kálgarðar eru á svæði sem er 43x18 m stórt og snýr NNV-SSA. Syðst á svæðinu er torfhlaðinn og ferkantaður kálgarður B, framan við bæjarhlað. Garðurinn er 16,5x10 m stór og snýr ANA-VSV. Skýrt op er á miðri SSA-hlið. Rof er komið í veggi kálgarðsins á stöku stað vegna ágangs nauta. Eru þeir 0,5 m á beidd og 0,3 má hæð utanmáls. Svæðið innan kálgarðs er lítillega kúpt og slétt. Fast NNV við kálgarð B er bæjartóft A. Hún er 18x9 m stór og snýr ANA-VSV. Tóftin skiptist í 4 hólf sem öll snúa NNV-SSA. Lýsing tóftarinnar hefst austast, á hólfi I. Það er eina hólfið þar sem greinilegar grjóthleðslur sjást í veggjum, 2-3 umför. Hólfið er 5,5x2 m að innanmáli. Ekki er skýr veggur á SSA-gafli og hefur líklega verið timburþil þar. Op er úr því miðju til VSV inn í hólf II. Hólf II er talsvert samansigið og gróið en stöku steinn sést í veggjum þess. Það er um 1x3,5 m að innanmáli. Samansigið op er úr því til SSA út úr tóft. Hár og breiður veggur er á milli hólfs II og III sem er næst vestan við hólf II. Það er samansigið og um miðbik þess er ógreinilegur veggur sem virðist skipta því í tvo hluta en mögulega er það aðeins hrun. Ekki er skýr veggur á SSA gafli þar sem kann að hafa verið timburþil en þar er þó skýr kantur sem er 0,2 m á hæð. Hólfið er um 6 m á lengd (NNV-SSA) og víðast um 1,5 m á breidd. Það er nokkuð óreglulegt að lögun og hrun ofan í því. Vestan við hólf III er lítið og samansigið hólf IV sem er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mikið hrun er ofan í því í norðausturhorni. Ekki er skýrt op á því en mögulega var op úr suðausturhorni til ANA inn í hólf III. Ekki er sýnileg uppsöfnun á þessu bæjarstæði en bæjartóftin er á dálítilli bungu sem virðist að mestu náttúruleg. Mesta hleðsluhæð í bæjartóftinni er 0,6 m. Aftan við bæjartóft og sambyggt henni er lítið torfhlaðið gerði, líklega heygarður, og er niðurgrafið hólf innan þess í VSV-hluta. Hólfið er 1 m á dýpt og 7x6 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Það er lítið samansigið og sést grjót í botni þess en ekki í innanverðum veggjum. Ætla má að þetta niðurgrafna hólf hafi verið hlaða og mögulegt er að í hólfi III í bæjartóft hafi verið fjós. Í austurhluta gerðisins aftan við bæjartóft er flati sem afmarkast til SSA af bæjartóft, torfhlöðnum vegg til ANA og kálgarði C til NNV. Það svæði er 10x6 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Torfveggur VSV við niðurgrafna hólfið er óvenjubreiður og útflattur. Op er á gerðinu í norðausturhorni. Veggir þess eru 1,5 m breiðir og 0,2 m á hæð utanmáls en litlu hærri innanmáls. Rof er komið í veggi vegna ágangs nauta í lausagöngu. Kálgarður C er NNV við bæjartóft A, í aflíðandi halla til SSA. Kúpt bunga er innan hans. Kálgarðurinn er ferkantaður og torfhlaðinn, 14x14 m að stærð. Veggir eru 0,5-0,6 m á breidd en allt að 1 m á breidd á NNV-hlið. Þar er hann lægstur og mest útflattur, 0,2-0,3 m á hæð. Einnig er ANA-endi á SSA-hlið mjög siginn og breiður. Rofgil austan við minjarnar er komið alveg upp að norðausturhorni garðsins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Hvammur 3, 7, Sunnlenskar byggðir VI, 252-53

**SF-178:021** *Hesthúsatorfa* tóft hesthús 522468 361067

„...austan við þessa torfu [Bæjartorfu] er Hesthústorfa. Þar var hesthús frá býlinu, sem var í Bæjartorfunni," segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin er vel greinileg í Hesthústorfu um 2,5 km vestan við bæ í Hvammi. Hesthústorfa er næsta torfa austan við Bæjartorfu og frá bæ 020 og






*Hesthústóft SF-178:021, horft til ANA á ljósmynd*

hesthúsi 021 eru um 50 m. Hesthústorfa er grasi- og mosavaxin torfa í halla til suðurs. Bæði austan og vestan hennar eru djúp gil.

Hesthústóftin er lítil og sigin og úr lagi gengin. Hún er 5,5-6 m á kant og skiptist í tvö hólf. Veggir tóftarinnar eru um 1,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs. Hólfaskipan er nú fremur ógreinileg en gróflega áætlað má segja að nyrðra hólfið (það innra) sé 1,5 x 0,9 m að innanmáli og snúi austur-vestur en það syðra sé 2 x 0,5 m og snúi einnig austur-vestur. Op er á milli hólfanna og á miðjum suðurvegg syðra hólfsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hvammur 3

**SF-178:022** *Mýrartorfa/Fagriflötur?* tóftir býli 523030 360138

„Þar austur af er svo Mýrartorfa. Þar eru einnig gamlar bæjarrústir," segir í örnefnalýsingu. Rústirnar, sem eru af nafnlausu býli, eru um 1.8 km suðvestan við bæ 001, austan í torfunni við gil eð skurð sem skilur á milli torfa. Torfa í aflíðandi halla til suðausturs og sunnan hennar rennur Hvammsá. Torfan er vaxin mosa og snöggu grasi. Holdanaut ganga um svæðið allan ársins hring og sparka upp rofasárum og auka rof í tóftum. Samkvæmt Sunnlenskum byggðum var byggt nýbýlið Fagriflötur árið 1832 í landi Hvamms en var það aðeins í byggð í 2 ár. Líklegt verður að teljast að umræddar tóftir séu af býlinu og koma þar varla önnur til greina nema Byrgutóft (SF-



*Býlistóftir SF-178:022. Á myndinni til vinstri er horft yfir svæðið en á myndinni til hægri er horft yfir tóft A, til suðvesturs*

178:020).

Í torfunni voru skráðar fjórar tóftir og sú fimmta í næstu torfu vestan við (sjá 042) en




*Minjar sem tilheyra býli SF-178:022.*

hún hefur líklega tilheyrt bænum líka. Undir þessu númeri er hins vegar skráð bæjartóft A, gerði B, lítil þúst eða öskuhaugur C og stakstæð tóft D. Svæðið er samtals 112 x 30 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Lýsingin hefst á bæjartóftinni A sem er ofarlega á svæðinu. Tóft A er 15 x 12,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er vaxin mosa og grasi og rof er í henni á nokkrum stöðum. Tóftin er gróin en á nokkrum stöðum sér í grjóthleðslur sem eru 2-3 umför. Hún skiptist í 3-4 hólf. Vestast er hólf I. Það er 3 x 2 m að innanmáli og snýr h.u.b. norður-suður. Op er austarlega á suðurgafli hólfsins og í suðurvegg sést í grjóthleðslu (3 umför) en annars er hólfið



*Kálgarður SF-178:022 B (til vinstri – horft til NNV) og þúst C til hægri horft til suðvesturs*

algróið og veggir víða 0,4 m á hæð en mest 1 m. Að utanverður er svolítið rof í suðurvegg hólfsins. Austan við hólf I tekur við óljóst svæði sem greinilega hefur verið hluti af bæjartóftinni

en hins vegar er ekki að sjá hólf á svæðinu. Svæðið er 7 x 6 m stórt en sá hluti tóftarinnar sem tekur við þar austan við nær örlítð (ríflega 0,5 m) lengra í suður en vesturhluti tóftarinnar. Austasti hluti tóftarinnar eru tvö hólf II og III og er hólf III inn af hólfi II. Að hólfi II liggur 3 m langur göng. Hólfið er 5 x 2 m að stærð og snýr austur-vestur. Frá því liggur svo op eða gögn inn í hólf III sem er innar. Hólf III er 5 x 1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Um 7 m ofan (norðan) við tóft A er einhvers konar gerði, líklega kálgarður, B. Gerðið er 11 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Svo virðist sem op hafi verið allra vestast á suðurvegg. Gerðið er algróið og einfalt og veggir breiðir eða 1,5-1,8 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tæpum 10 m suðvestan við tóft A er þúst C sem gæti verið gróinn öskuhaugur. Hann er ávalur og 4,3 x 3 m að stæðr en 0,6 m á hæð. Líklegt þykir að þarna leynist mannvistarleifar en ekki ljóst hvers kyns þær eru þótt hér sé lagt til að þarna sé hugsanlega öskuhaugur. Svolítið rof hefur greinilega átt sér stað í haugnum og eru dældir í hann en þær eru nú algrónar. Tóft D er um 70 m suðaustan við bæjartóftina A. Tóftin er alveg á brún gilsins sem markar af torfuna til norðausturs og virðist sem suðausturendi hennar hafi brotnað í gilið. Að auki hafa nautin sem ganga laus á jörðinni rutt út suðurenda tóftarinnar. Tóftin er 4-5 x 3,4 m að stærð og er einföld. Innanmál hennar er 4 x 1,5 m. Op virðist hafa verið á miðjum suðurgafli en ekki á langhliðum. Norðurgafl er hins vegar horfinn í gilið og því ekkert hægt að segja um hann. Tóftin er gróin grasi og mosa og er 0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í henni.



*Tóft SF-178:022D horft til norðurs*

**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Ö-Hvammur 3, Sunnlenskar byggðir VI, 252-253.

**SF-178:023** *Fjárhústorfa* örnefni fjárhús 524861 360906
„Þar norður af er Krókvallartorfa, en þar norðar er svo næst Fjárhústorfa," segir í örnefnaskrá. Fjárhústorfa er næsta torfa sunnan við Stekkjartún/Bóltorfu 024. Vegur að Búlandi og Hvammi liggur í gegnum torfuna. Hún er um 470 m sunnan við bæ 002.

Mjó og rofin torfa, sundurskorin af þjóðvegi. Torfan er grasi gróin og hallar til austurs, að Eldvatni. Engin ummerki um fjárhús fundust við skráningu og ekki kannaðist Páll Oddsteinsson heimildamaður við að hafa séð ummerki um fjárhús í torfunni. Þess má geta að fjárhús voru byggð sunnarlega í Stekkjartúni/Bóltorfu á 20. öld og stóðu fram eftir öldinni þar til riða kom upp á jörðinni. Ekki er ólíklegt að örnefnið sé einfaldlega dregið að umræddum fjárhúsum.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Hvammur 4

**SF-178:024** *Stekkatún* tóft+garðlag stekkur 524057 524878
„Norðan við hana er Fjárhúsgil. Norðan þess er Bóltorfa; þar standa fjárhúsin nú. [...] Stekkatún er annað nafn á Bóltorfu," segir í örnefnaskrá. Stekkjartún/Bóltorfa er um 315 m sunnan við bæ 002 og fast neðan (austan) við þjóðveg sem liggur að Hvammi og Búlandi. Páll Oddsteinsson




*Minjar í Stekkatúni SF-178:024 A-C*



*Tóft og garður SF-178:024 A-B. Tóftin er á mynd til vinstri, horft til norðurs en garðlagið á mynd til hægri, horft til vesturs*

heimildamaður man eftir því að talað var um að fara „Fram í fjárhús/Stekkjartún" þegar farið var í húsin. Grasi vaxin torfa sem hallar til austurs, að Eldvatni.

Minjar í Stekkatúni eru á svæði sem er 130 x 90 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Torfan eða nesið er afgirt með túngarði A nema austurhliðin sem markast af Eldvatni. Aðrar hliðar hafa verið markaðar af með garði og

girðingu og sjást ef frá er talið norðvesturhornið en engin ummerki sjást um það og má vera að þar hafi ekki verið garður en snarbratt er niður af brúninni þar. Garðurinn er víða 0,4-0,5 m hár 0,8-1 m á breidd. Ekki sést mikið grjót í honum nema niður við Eldvatn að sunnanverðu þar sem sjást 2-3 steinar. Garðurinn er annars grasi- og mosavaxinn. Innan garðs eru tvær tóftir. Tóftir eldri fjárhúsa B eru greinilegar í norðvesturhorni túngarðsins, þar sem svolítill krókur er á honum. Tóftin er einföld, torf- og grjóthlaðin. Hún er 7x5,5 m stór og snýr NNA-SSV. Op er á miðjum SSV-gafli og NNA-gafl er hlaðinn upp við túngarð A. Mesta hæð veggja utanmáls er 1,1 m í suðausturhorni. Hleðslur standa en eru farnar að hrynja aðeins inn í suðvesturhorni og í opi. NNA-endi tóftarinnar virðist lítillega niðurgrafinn. Innanmáls eru veggir 1 m á hæð en lægstir í NNA-enda þar sem þeir eru 0,6 m háir. Fjögur umför sjást í innanverðum veggjum en ekki garðaundirstöður eða greinilegar undirstöður jötu. Í tóftinni sést enn brak úr þaki. Fast vestan við hana er heystæði á flötum stalli sem er afmarkaður af hlönum kanti í suðvesturhorni og á vesturhlið. Túngarður A afmarkar það til norðurs. Heystæðið er 5x5 m að stærð og eru því fjárhústóftin og heystæðið saman á svæði sem er 11x8 m stórt. Yngri fjárhús C voru byggð innan túnblettsins um 40 m sunnan við þau eldri á hæð skammt austan við vesturhlið túngarðsins. Umrædd hús voru hins vegar jöfnuð við jörðu þegar riða kom upp á bænum og er nú svolítið flag þar sem þau stóðu. Á þessum stað sjást ummerki um rask (grænka, grjót og rusl) á svæði sem er 19 x 13 m stórt og snýr NNA-SSV. Umrædd hús voru vafalítið úr blönduðu efni, torfi, grjóti og timbri. Engin ummerki um stekk sjást í Stekkatúni en ekki er útilokað að hann hafi verið á sama stað og fjárhús B eða C.
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrota
**Heimildir:** Ö-Hvammur, 4

**SF-178:025** *Smalaskálaholt* örnefni óþekkt 524837 359014

„Norðan við Baugagilið er Hávarðarmýri. Norðan við hana er holt, sem heitir Smalaskálaholt," segir í örnefnaskrá. Smalaskálaholt er nærri því að vera á merkjum við Svínadal (Múla). Það er um 2,36 km sunnan við bæ 002 og liggur landamerkjagirðing Múla yfir holtið. Nokkuð afgerandi hæð en mýri er sunnan hennar.

Páll Oddsteinsson, heimildamaður, mundi ekki eftir tóft á þessum slóðum og ekki sáust neinar tóftir á loftmyndum eða úr fjarska þegar svæðið var skráð. Ekki var hins vegar unnt að ganga holtið þar sem hjörð nauta var þar þegar skráð var.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvammur 4



*Horft yfir Smalaskálaholt SF-178:025 til norðurs*

**SF-178:026** *Hvammhús* tóft beitarhús 524364 360091
„Norðan við Garðmýrarrimann er Hvammhúsagil. Þar var áður fyrr bær sem hét Hvammhús (sjá einnig 038) en nú standa fjárhús sunnan við ána á hálsi þeim, sem heitir Hvammhúsaháls," segir í örnefnaskrá. Tóftir fjárhúsanna sjást enn vel. Þær eru 1,4 km SSV við bæ 002 og um 20 m vestan við Hvammsá. Húsin voru orðin hrörleg þegar Páll Oddsteinsson og fjölskylda flutti í Hvamm 1973 en voru þó notuð í sauðburði allt fram til 1984. Fjárhúsin eru á tungu milli tveggja lækja.






*Beitarhúsatóft SF-178:026, horft til suðurs á ljósmynd*

Hún er flöt og grasi gróin

Húsin eru 17 x 7 m stór og snúa nálega norður-suður. Sunnar eru sjálf fjárhúsin og eftir þeim miðjum gengur garði en syðst í honum er steypt fjárbað. Þau eru 11 x 3-4 m að innanmáli. Þau hafa verið með timburþili á suðurgafli. Norðar er hlaða og hefur líklega timburþil skilið á milli. Hlaðan er nú 3-4 m á kant og er um 1 m dýpri en fjárhúsin. Veggir húsanna eru hlaðnir úr nokkuð stóru grjóti og sjást 5-6 umför og eru þeir mest 1,2 m á hæð Þeir eru algrónir að utan. Tóftin er talsvert niðurgrafin, sérstaklega að norðan.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hvammur 4

**SF-178:027** *Bátlág* heimild um uppsátur 524975 361046



„Hvammshraun er sunnan við Eldvatnið. Í því er Gjádalur í landi Búlands. Fráfærulömbin voru rekin þangað, ferjuð á báti yfir Vatnið. Það var búið til áhald (svo) austan í Hríðarhól og lömbin tekin þar í bátinn. Báturinn var geymdur í Bátlág, sunnan í hólnum," segir í örnefnalýsingu. Bátlágin er sunnan undir Hríðarhóli um 210 m sunnan við yngra bæjarstæði 002 og litlu sunnan við eldra bæjarstæði 001. Bátalágin er gróin, ílöng lægð á milli Hríðarhóls og Bóltorfu eða Stekkatúns 024. Lágin liggur norðvestur-suðaustur.

Engin mannaverk sjást í láginni og hafi þau verið einhver eru þau horfin vegna landbrots af völdum Eldvatns og sandburðar frá ánni.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Ö-Hvammur 7

**SF-178:028** renna traðir 524924 361377

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir fá bæ 002 til norðvesturs. Þær sjást enn sem renna í túni en eru samansignar. Traðirnar liggja ofan í gil vestan við túnið. Túnið vestan við bæ virðist ekki lengur nýtt til annars en beitar og er slétt og grasi vaxið. Því hallar til NNV.



*Traðir SF-178:028 horft til norðvesturs*

Traðirnar eru að mestu niðurgrafnar, þær eru 50 m langar og rúmur 1 m á breidd innanmáls. Þær eru allt að 1,5 m djúpar í norðvesturenda en grynnast til suðausturs. Leifar af hlöðnum traðarvegg er meðfram suðvestanverðum tröðunum. Grjót sést í honum en hann er að mestu torfhlaðinn. Veggurinn er um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:029** *Borgarháls* örnefni fjárskýli 524634 360529

„Austan við Mosana er stór torfa, sem heitir Borgarháls og nær ofan úr brún og niður í Eldvatn," segir í örnefnalýsingu. Borgarháls er sunnan við Krókvallagil um 850 m SSV af bæ 002. Torfan er í halla til suðausturs og eru rofgil í henni miðri. Tún hefur verið ræktað á rúmlega helmingi torfunnar og liggur vegurinn að Hvammi og Búlandi um hana neðanverða.



*Borgarháls SF-178:029, horft til NNV*

Ekki reyndist unnt að skoða Borgarháls á vettvangi vegna holdanauta sem gengu laus um þetta svæði þegar það var skráð. Hvorki sáust hins vegar minjar á torfunni á loftmyndum eða frá veginum og er líklegt að fjárborg sem torfan eða hálsinn dregur nafn sitt af hafi verið sléttuð í túnið.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Hvammur, 4

**SF-178:030** frásögn hlaða 525005 361375

Páll Oddsteinsson, heimildamaður, mundi eftir stórri hlöðu fast sunnan við núverandi íbúðarhús, 10 m austan við bæjarstæði 002 og fast vestan við minjar 033. Engin ummerki um hana sjást lengur vegna niðurrifs. Líklega sést hlaðan á ljósmynd frá 1967 af Hvammi, á milli bæjar 002 og kálgarðs/útihúss 033 en hún er ekki sýnd á túnakorti frá 1920 og er því líklega byggð eftir þann tíma. Hlaðan var á flatlendu, grasi vöxnu svæði svæði, fast sunnan við lítinn húsagarð í kringum íbúðarhúsið.



*Yfirlitsmynd af Hvammi frá 1967 úr Sarpi. Hlaðan er merkt með rauðum hring*

Að sögn Páls var hlaðan niðurgrafin, á að giska 15x6 m að stærð. Hún var torf- og grjóthlaðin og með bárujárnsþaki. Lágar dyr voru á miðjum suðurlangvegg og lágu 2-3 m löng göng úr dyrum inn í hlöðuna. Hleðsla í innanverðum hornum hlöðunnar var rúnuð. Hlaðan var í notkun fyrstu árin eftir að Páll og fjölskylda hans fluttust á jörðina árið 1973.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=664672; Túnakort 1920

**SF-178:031** *Garðamýrarholt* örnefni hlutverk óþekkt 524252 359932

„Vestan við Baugagilið neðanvert er holt, sem heitir Garðamýrarholt; mýrin norðan við holtið heitir Garðamýri, og neðst í mýrinni niður að ánni er Garðamýrarhvammur," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst við hvaða garða mýrin er kennd og ekki sjást garðar á þessum slóðum nú. Hugsanlegt er að örnefnið sé af sama meiði og Hálsagarðar og Hálsagarðamýri í landi Grafar þar sem örnefnið vísar til götupaldra sem garða og sama leið (661:015) og liggur um það svæði fer yfir Garðamýri í landi Hvamms.  Garðamýri eru um 1,5 km SSV við bæ 002, sunnan og vestan við Hvammhúsagil en Búlandsvegur er fast norðan gils á þessum slóðum. Skurður liggur frá vegi og að Baugsgili og eru tún þar suðvestan við.

Mýri, framræst að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hvammur, 4

**SF-178:032** *Dalhús* beitarhúsatóftir 524917 361998

„Dalhúsið stóð á Dalhústorfu. Þar austar og neða við ánna eru Bussabakkar, sunnan við Búlandsá,“ segir í örnefnalýsingu. Dalhús standa enn uppi undir þaki um 620 m norðan við bæ 002, í túni sem hallar til austurs. Auk hússins virðast tvær signar tóftir í túninu. Lágur torfhlaðinn garður sem girt hefur verið ofaná sést víða í gegnum túnið. Aldur húsanna er ekki þekktur. Umhverfis eru sléttuð tún í halla til austurs.



*Minjar SF-178:032, tóft A til vinstri (horft til norðurs) en tóft B til hægri (horft til SSA)*




*Garðlag SF-178:032 C, horft til SSA (til vinstri). Til hægri er handteikning af svæðinu*

Túnið er um 245 x 200 m stórt og snýr NNA-SSV. Á svæðinu eru fjárhúsin sjálf og tvær eldri tóftir/þústir (A og B) ásamt áðurnefndu garðlagi C. Fjárhúsin eru 20 x 10 m stór og snúa norður-suður. Hlaða er þvert á fjárhúsin norðan þeirra. Op er á suðurvegg fjárhúsanna. Fjárhúsin eru úr blönduðu efni, torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Greinilegt er að þau hafa verið byggð ofan á eldri minjar. Tóft A er um 20 m vestan við suðurgafl fjárhúsanna. Tóft A er greinilega merki um eldra byggingarstig á svæðinu. Hún er 13 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin virðist einföld og er 6.5 x 3 m að innanmáli. Innst (vestast) í henni er talsvert hrun. Op er austarlega á suðurvegg. Hleðslur eru signar og mest 0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást og er tóftin algróin. Tóft B er rúmum 10 m vestan við vesturenda hlöðu. Hún er sigin og 7 x 4 m að stærð. Tóftin virðist hafa verið einföld en austurhlutinn hennar er alveg horfinn. Hún er 0,3 m á hæð, algróin. Túngarður C er torfhlaðinn og samtals um 70 m á lengd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hvammur, 7

**SF-178:033** tóft kálgarður/fjárhús 525024 361375

Stór kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 austan við bæ 002. Á sama stað voru byggð hesthús og fjárhús skömmu síðar og sjást tóftir þeirra enn. Húsin eru á hæð í landinu og að baki þess er núverandi íbúðarhús.






*Fjárhústóft SF-178:033 horft til norðurs á ljósmynd*

Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að kálgarðurinn hefði verið um 35 x 21 m. Húsin sem þarna voru þrístæð, fjárhús voru norðvestast og suðaustast en á milli þeirra hesthús. Þakið af húsunum fauk af fyrir fáum árum (um 1990). Samkvæmt Páli Oddsteinssyni, heimildamanni, var hlöðuhlutinn rifinn nokkrum árum fyrr. Tóftin er 13 x 13 m stór. Svo virðist sem hún skiptist í hlöðu að baka til (IV) sem er 4 x 10 m stór og snýr austur-vestur og svo hús að framan til. Greinileg ummerki sjást um vegg vestan við mitt hús (I) en ekki sést sá veggur sem skipt hefur á milli húsa II og III. Hús I er 6,5 x 2,5 m að innanmáli og gengur garði eftir því endilöngu. Eins og í tilviki allra húsanna þriggja sést ekki suðurgafl á rýminu. Hús II og III eru austar og veggurinn milli þeirra sést ekki en hefur líklega verið timburþil. Allra austast má hins vegar sjá hvar hefur verið garði í húsi III. Vegghleðslur eru víða um 1m á hæð. Tóftin er úr torfi og grjóti. Mynd af húsinum er til í Sarpi og er hún tekin 1967.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920, Sarpur: Ljósmynd af Hvammi 1967

**SF-178:034** heimild um kálgarð 524914 361496

Á túnakorti frá 1920 sést að kálgarður var í óræktarhorni norðvestast í túni um 100 m NNV við bæ 002. Kálgarðurinn var í sléttu túni þar sem því hallar til suðvesturs. Túnið er allt úttraðkað á þessu svæði því þar hefur holdanautum í lausagöngu verið gefið. Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:035** garðlag túngarður 524890 361358

Á túnakorti frá 1920 er sýndur garður sem afmarkaði tún Hvamms á alla vegu nema að suðaustan. Túngarðurinn sést enn frá tröðum 028. Hann liggur til vesturs en beygir svo til suðausturs. Einnig sést garðurinn á kafla meðfram austurjaðri túnsins (sjá 037A) en hann er líklega yngri en sá sem teiknaður er á túnakortið. Túngarðurinn liggur um tún sem enn eru slegin.

Túngarðurinn í Hvammi virðist nýlegur og rímar vel við lögun túnsins eins og hún er sýnd á túnakorti frá 1920. Garðlagið er samtals um 210 m langt norðvestan við bæ 002. Það sést við traðir 028 og liggur í um 40 m til norðvesturs en liggur því næst í um 20 m sveig til vesturs áður en hann sveigir til suðurs og liggur í 70 m og sveigir svo lítillega til SSA og liggur þá áfram í um 80 m áður en hann verður ógreinilegur. Garðurinn er fremur óverulegur (0,8-1 m á breidd) og er úttraðkaður og illa farinn. Hann virðist hafa verið úr torfi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-178:036** *Borgin* tóft+garðlag fjárskýli 524083 360258

Að sögn Páls Oddsteinssonar, heimildamanns, er tóft nefnd Borgin innan sumarhúsalóðar við Hvammsá um 1,4 km suðvestan við bæ 002. Innan lóðarinnar má sjá signa borgartóft og unglega fjárhústóft. Norðvestan við tóftirnar er lítilfjörlegur torfgarður með sambyggðri tóft og utan við hann er ein tóft til viðbótar og ein dæld. Alls eru því sex minjar skráðar saman á þessu svæði




*Yfirlit sem sýnir uppmældar minjar á Borginni SF-178:036*



*Tóftir SF-178:036 A og B. Á mynd til vinstri er tóft A en á mynd til hægri tóft B. Á báðum myndum er horft til suðurs.*

undir einu númeri.




*Garðlag SF-178:036 C (til vinstri – horft til norðurs) og tóft D (til hægri – horft til suðurs).*




*Tóft SF-178:036 E til vinstri (horft til vesturs) en tóft F til hægri (horft til suðurs)*

Minjarnar eru innan afgirtrar og gróðursællar sumarbústaðarlóðar þar sem mikill trjágróður vex. Bústaðurinn og minjarnar eru á nesi eða tanga sem myndast milli Hvammsár og lækjar sem rennur úr gili norðvestar. Svæðið sem minjarnar eru á er 60x32 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvert mannvirki fær bókstaf í lýsingu hér á eftir. Suðaustast á svæðinu og 30 m suðaustan við sumarbústað eru tvær tóftir; ungleg fjárhústóft og sigin borgartóft. Fjárhústóft A skiptist í hlöðu og fjárhús. Tóftin er 11x6 m að stærð og snýr SSA-NNV. Hlaða í norðurenda er öll niðurgrafin og búið að henda ýmsu drasli ofan í hana. Hún er um 2,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Hlaðan er um 1 m dýpri en fjárhúsin og er 1,6-1,8 m djúp. Fjárhúshlutinn í suðurenda tóftar er um 3x4 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Veggir eru grónir og eru 1 m á hæð þar sem þeir eru hæstar á SSA-gafli. Á honum miðjum er dyraop. Lítillega hefur hrunið úr gaflinum vestan við opið inn í tóftina en víðast standa hleðslur. Í innra byrði veggja sjást mest 6 umför í fjárhúsunum og 6-8 umför í hlöðunni. Talsverður trjágróður vex í tóftinni. Borgartóft B er 2 m austan við fjárhústóft. Hún er útflött og virðist að mestu torfhlaðin. Tóftin er hringlaga, um 12 m í þvermál. Hún er best afmörkuð að suðaustanverðu þar sem hún er hæst, um 1 m. Tóftin lækkar til vesturs þar sem mörk hennar eru vart greinanleg. Ofan á borgarrústinni eru torfhleðslur úr mjög illgreinilegri og útflattri tóft sem virðist ekki vera hluti af borginni og er því yngri en hún. Meint tóft er 8x7 m að stór og snýr NNV-SSA. Hleðslur í SSA-enda og á SSV-hlið eru mjög úr lagi gengnar. Til greina kemur að á borgartóftinni hafi verið útbúið heystæði í tengslum við fjárhús A. Borgartóftin og yngri minjar ofan á henni eru vaxnar mosa og sinu. Út frá borgatóft eða 2 m suðaustan við hana gengur hryggur í sveig fram á

háan bakka. Ekki er ljóst hvort hann er náttúrulegur eða manngerður. Hann liggur frá VNV til suðurs og vaxa birkitré á honum. Ofarlega á sumarhúsalóðinni er torfhlaðinn garður C. Hann afmarkar svæði sem er 31,5x16 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Líklegt er að hann hafi verið hluti af stærra gerði sem hlaðið var kringum fjárhús A. Sumarhúsið á lóðinni er innan norðurhorns á garðinum og ekki er útilokað að garðurinn sé hlaðinn af sumarhúsaeigendum. Garðurinn er 0,4-0,5 m á breidd og mjókkar upp á við. Hann er 0,5-0,6 m á hæð utanmáls og standa hleðslur grónar en rof er í norðurhorni. Lítil, niðurgrafin tóft D er sambyggð torfgarðinum á miðri norðvesturhlið. Hún virðist einnig mjög ung og innan hennar er búið að útbúa setbekki og koma fyrir litilli kamínu í eitt hornið. Tóftin er 1,5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar standa nánast ekkert upp úr jörðu nema á norðausturhlið þar sem hleðslur eru 0,3 m á hæð. Op er á tóftinni á þeirri hlið, upp við túngarðinn. Búið er að saga niður tré að mestu leyti sem hafa vaxið á norðvestur- og suðvesturveggjum. Sjá má grjót í innanverðum veggjum og undir setum meðfram langhliðum. Tóft E er um 40 m vestan við tóft A. Hún er á kafi í skógi. Tóftin er einföld og 2,5 x 2 m að stærð. Tóftin snýr norður-suður. Suðurveggur hennar er lægri en aðrir veggir en ekki sést eiginlegt op á henni. Þéttur gróður er allt í kringum tóftina og víðir og aspir vaxa upp úr veggjum hennar. Dæld F er vestan við garð C. Þarna má ætla að stungið hafi verið torf en ekki verið eiginleg tóft. Dældin er um 4 x 2 m stór en stórt grenitré vex í norðurenda hennar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**SF-178:037** tóft+garðlag kálgarður 525109 361490
Ungur torfhlaðinn túngarður er meðfram austurjaðri heimatúnsins. Afmarkaði hann þá hlið túnsins eftir að það var fært út til austurs en á túnakorti frá 1920 má sjá að heimatúnið var heldur minna á þeim tíma. Tvö gerði auk tóftar og stalls eru sambyggð garðinum í suðurenda. Minjarnar eru 120 m austan við bæ 002.



*Tveir angar túngarðs SF-178:037. Á mynd til hægri er horft til NNA en á mynd til hægri til SSA*

Stærsti hluti túngarðsins er á hálendu, sléttuðu svæði sem ekki virðist lengur slegið. Lítill hluti hans er innan skógræktargirðingar þar sem er mikil sina og trjágróður og sambyggðar minjar eru einnig innan þeirrar girðingar, í brekku til suðurs. Mikið af trjám vex á svæðinu og ofan í minjum. Svæðið sem minjarnar eru á er 220x48 m stórt og snýr NNV-SSA. Hver fornleif á svæðinu fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Túngarður A er um 190 m langur frá NNV-enda að gerði B í SSV-enda. Á honum er eitt gleitt horn. Innan skógræktargirðingar er garðurinn vel varðveittur, um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð en utan hennar er hann illa farinn vegna átroðnings holdanauta sem ganga laus á jörðinni. Aldur garðsins er ekki þekktur en hann




*Gerði B og C (SF-178:037). Á mynd til vinstri er horft til suðurs en á mynd til hægri til austurs*




*Tóft SF-178:037 D til vinstri (horft til norðausturs) og tóft E til hægri (horft til norðausturs)*

er á mörkum þess að vera nógu gamall til þess að teljast til fornleifa, líkt og sambyggðu minjarnar B-E. Gerði B er að öllum líkindum kálgarður eins og gerði C og er hann að hluta grafinn inn í brekku sem hallar til suðurs. Innan þess er mikill grenilundur. Gerðið virðist að mestu hlaðið úr torfi en líklega er einnig grjót í veggjahleðslum. Það afmarkar svæði sem er 15x16 m stórt og snýr

nánast austur-vestur en rof er á milli gerðis B og gerðis C og kann það að hafa náð lengra til suðurs. Ytri brún veggja í gerðinu er hæst 1,2 m en víða er hún lægri. Gerði C suðaustan við




*Uppmælingar af túngarði og sambyggðum minjum SF-178:037*

gerði B. Það virðist vera tvískipt torfhlaðið gerði á fremur flatlendu svæði neðan við brekku. Gerðið er 19,5x13 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustara hófið er heilt en innan þess vex mikið af trjám. Það er 10x12 m að innanmáli og snýr líka norðvestur-suðaustur. Suðaustur- og norðvesturhliðar þess eru hlaðnar en norðausturhliðin er grafin inn í lágan halla og lágur veggur er á suðvesturhlið. Norðvestara hólfið er ekki afmarkað til norðvesturs og virðist vera 10x4 m að innamáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ungleg tóft E er frammi á brekkubrún og er sambyggð túngarði A að suðaustanverðu, um 10 m NNA við gerði B. Líklegt er að hún sé af húsi þar sem kartöflur og annað rótargrænmeti var geymt sem ræktað var í kálgörðum B og C. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og vaxa tré innan hennar. Hún er einföld og um 7x7 m að stærð. Norður- og vesturhliðar tóftarinnar eru grafnar inn í brekkuna og á suður- og austurhliðum sést aðeins ytri brún veggja. Hæstir eru veggir 1 m á suðurhlið en þar sem tóftin er grafin inn í hallann er ytri brún veggja ekki nema 0,2-0,3 m á hæð. Niðurgröftur er í suðvesturhorni tóftarinnar. Bratt er fram af tóftinni til austurs og sunnan við hana er stallur D, í horni þar sem tóft A og gerði C mætast. Stallurinn er 5x3 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 1 m á hæð, flatur og hallar lítillega til suðurs. Suðausturhorn hans er rúnað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-178:038** *Hvammshús* heimild um býli 523991 360143

„Norðan við Garðmýrarrimann er Hvammhúsagil. Þar var áður fyrr bær sem hét Hvammhús en nú standa fjárhús [026] sunnan við ána á hálsi þeim, sem heitir Hvammhúsaháls," segir í örnefnaskrá. Umrætt svæði er vestan við Hvammsá. Páll Oddsteinsson heimildamaður taldi mögulegt að umrætt býli hafi verið fast neðan við þjóðveginn, um 1.4 km SSV við bæ 001. Þar fann hann nokkuð af hellum og grjóti við vegjaðarinn þegar vegagerðin var nýbúin að laga

veginn og hafið grjótið komið upp við raskið.

Grasi gróinn bakki neðan þjóðvegar en engar minjar eða ummerki sjást nú á þessum stað. Á bakkanum miðjum er stallur sem er 0,2-0,3 m hærri en umhverfið, Stallur þessi gengur í boga eftir bakkanum en ekki er ljóst hvort hann er náttúrulegur eða gæti verið mannaverk.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**SF-178:039** tóft útihús 520648 361109
Útihústóft er í Engidal um 130 m ofar og austar en bæjartóftin 017. Hún er á norðurbakka djúps skurðar eða gils sem slítur tún Engidals í sundur og er á merkjum á milli Grafar og Hvamms. Tóftin er neðan við allháar, stöllóttar brekkur, efst í aflíðandi sléttlendi sem hallar til vesturs. Á svæðinu er harður völlur vaxinn mosa og grasi, ekki þýfður. Mikil hætta steðjar að tóft vegna landbrots í gilinu.






*Tóft SF-178:039, horft til SSV*

Tóftin er 8x6 m að stærð, snýr ANA-VSV. Hún mjókkar lítillega til VSV þar sem op er á henni og kann að vera lítillega niðurgrafin í ANA-enda. Tóftin virðist að mestu torfhlaðin. Ytri brún veggja er 0,3 m á hæð. Í norðausturhorni er rof sem hefur gróið aftur. Framan við op er lítil þúst sem er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Mögulega er hún til komin vegna útmoksturs úr húsinu.
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SF-178:040** þúst hlutverk óþekkt 522438 360816

Nokkrar signar þústir eru um 2.6 km SSV við bæ 002. Þústirnar eru á holti sem er um 150 m norðaustan við merki við Gröf. Mosavaxið holt en sléttuð tún eru um 200 m suðaustar. Lélegur jeppaslóði liggur í gegnum svæði norðvestur-suðaustur.



*Uppmælingar þústa SF-178:040 A-G*

Svæðið er 85 x 50 m stórt og snýr austur-vestur. Á því eru 6-7 þústir og fær í lýsingu þessari hver tóft sinn bókstaf. Allar þústirnar eru einfaldar og ekki er greinilegt op á neinni þeirra. Þúst A er syðst á svæðinu. Hún er 8,5 x 7,5 m stór og snýr norður-suður. Veggir þústarinnar eru 0,2 m hærri en umhverfið og eru algrónir mosa. Greinileg dæld er í miðri þústinni og er hún ein af greinilegri þústum svæðisins. Bílslóði liggur yfir suðurhlið tóftarinnar. Þúst B er 7 m austan við A, fast norðan við jeppaslóðann. Þúst B er á mörkum þess að geta með vissu talist til fornleifa. Hún er í jaðri holts og er suðausturbrún hennar í raun holtsbrúnin. Þústin er á mörkum þess að teljast öruggt mannvirki en dæld er í henni miðri og var ákveðið að láta hana njóta vafans. Tóftin er hringlaga og um 7.5 m í þvermál. Hæð „veggja" er 0,1-0,2 m. Þúst C er um 18 m norðan við þúst B. Hún er nokkuð greinileg (þó aðeins 0,2 m á hæð) en er ríflega 10 m norður-suður en tæplega 10 m austur-vestur. Þústin er hringlaga að utan en innanmál hennar er ferningslaga og aðeins dýpra en margar af hinum þústunum. Hún er algróin og vaxinn mosa



*Þúst A til vinstri (horft til NV) og þúst B til hægri (horft til norðausturs)*

eins og hinar tóftirnar. Þúst D er 18 m vestan við þúst C. Hún fremur stór eða 11 x 9 m stór. Hún snýr austur-vestur. Þústin er 0,1-0,2 m hærri en umhverfið, hæst að norðvestan. Þústin er

vaxin mosa og grasi. Þúst E er 23 m vestan við þúst D. Hún er óljósari en margar hinna þústanna og verður mjög ólöguleg til SSV. Hún er um 0,1 m á hæð og á mörkum þess að teljast öruggt mannvirki en er látin njóta vafans. Hún er 9 x 7 m stór og snýr NNV-SSA. Erfitt er að greina innri lögun. Þústin er mosavaxin. Þúst F er aðeins um 2 m NNV við þúst E. Líkt og E er hún á




*Þúst SF-178:040 C til vinstri, horft til austurs en á mynd til hægri er þúst D, horft til suðausturs*




*Þúst SF-178:040 E til vinstri, horft til VN. Á mynd til vinstri er horft yfir þúst F norðurs*

mörkum þess að teljast öruggt mannvirki og gæti mögulega verið uppgróið rof þó hér sé hún látinn njóta vafans. Þústin er stærsta þúst svæðisins og gæti verið einhvers konar gerði. Hún er 18 x 15 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Utanmál hennar er víða óljóst, þó sérstaklega í suðvesturhorni. Þústin er slétt að innan. Hún stendur við lítinn poll og norðan hennar taka við mýrar. Þústin er mosagróin og 0,1-0,2 m á hæð. Þúst G er 8 m suðvestan við þúst E. Hún er aflöng og sporöskjulaga, er 8 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún



*Þúst SF-178:040 G, horft til VNV yfir þúst G*

er mosavaxin og 0,2 m á hæð. Þústin er í jaðri holtsins, nærri bílslóða og litlum vatnspolli sem þarna er. Fleiri hæðir eru á svæðinu og er mögulegt að mannvistarleifar leynist á fleiri stöðum

þótt ekki hafi það þótt nógu líklegt til að þær væru teknar á fornleifaskrá að þessu sinni.
**Hættumat:** engin hætta

**SF-178:041** tóftir óþekkt 522438 360816
Þrjár nokkuð óræðar tóftir eru á allstórri torfu um 230 m sunnan við býli 020 á Bæjartorfu. Torfan er í halla til SSA á milli gilja sem hafa myndast við vatnsrennsli. Torfan er að mestu mosagróin en einhver grasvöxtur er í henni líka. Brún er á u.þ.b. miðri torfunni og hallar fram af henni til suðvesturs.




*Þúst SF-178:041 A til vinstri, horft til suðausturs. Á mynd til hægri er horft til SSA yfir þúst B*



*Þúst SF-178:041C horft til SSA*




*Þúst SF-178:041C horft til SSA*

Minjarnar eru á svæði sem er 48x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Hver fornleif fær bókstaf til aðgreiningar í umfjöllun sem hefst austast, á tóft A. Hún er hringlaga og er 8 m í þvermál. Suðausturhlutinn er skýrt afmarkaður en verður ógreinilegri og nánast ósýnilegur í norðvesturjaðri. Tóftin er flöt að ofan en þó má greina óljóst innanmál. Veggir eru 0,3 m á hæð. Ekki sést op á tóftinni. Tóft B er 5 m suðvestan við tóft A. Hún er 13x8,5 m að stærð, snýr SSV-NNA. Tóftin er nokkuð skýr í SSV enda þar sem veggir hennar eru 0,5-0,6 m á hæð en ekki er hægt að greina skýr mörk til NNA. Innanmálið er óljóst en það má greina i SSV-enda. Mjög afgerandi stallur er neðan við mannvirki B og alls ekki ólíklegt að hann sé líka manngerður. Vestast á svæðinu er svo tóft C sem er nokkuð sannfærandi.

Hún er fremur hringlaga, 8,5x7,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Það hallar niður af henni til suðvesturs og er hún greinilegust á suðvesturhlið þar sem hún er 0,5 m á hæð. Tóftin er flöt að ofan en óljóst innanmál er greinanlegt. Minjarnar eru mosagrónar og líklega torfhlaðnar. Fleiri þústir og mögulegar minjar eru á þessari tungu en þær voru ekki nógu sannfærandi til þess að vera skráðar að þessu sinni. Ekkert er vitað um hlutverk meintra minja en af útliti þeirra virðist ljóst að þær eru fornar.
**Hættumat:** engin hætta

## *SF-187 Flaga*

Jörðin er einnig nefnd Fluga, sbr. DI IV, 237.

1340: Fyrst er getið um jörðina í íslensku fornbréfi frá 1340, í máldaga Þykkvabæjarklausturs í Álftaveri (DI II, 739), Vilchinsmáldögum 1397 (DI IV, 32), og Þykkvabæjarklausturs máldaga 1523 (DI IX, 189).

1367: Bænhús var á Flögu. Þess er fyrst getið 1367 (DI III, 235) og kemur seinast fyrir í




*Bæjarteikning Dana frá 1904. Öll mannvirki sem sýnd eru á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð, sjá minjakort aftast í skýrslu. Kortið er fengið af vef LMÍ*

sögulegum heimildum 1598 (AM 263 fol., 93). 1686: 28 hdr. 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.

1695/1697: 12 hdr., Þykkvabæjarsklausturseign [SF-194], skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.

1847: 12 hdr. Flögujörð. Konungseign (JJ, 12). 1756: Samkvæmt Ferðabók Eggerts og Bjarna (II. bindi útg. 1943, bls. 112) voru allir bæir í Skaftártungu vestan Kúðafljóts í eyði 1756 nema Ljótarstaðir, ári eftir Kötlugosið, þ.m.t. Flaga.

1861: 12. hdr. (forn), 17,5 hdr. (ný), skv. Nýrri Jarðabók fyrir Ísland, 8.




*Túnakort frá 1920 fyrir Flögu. Hluti minja í heimatúninu var skráður með litlu gps tæki og var þá ytri brún minja mæld upp (merkt með hvítri línu) en hluti minja var mældur með Trimble tæki (sjá grænnmerkt polygon)*

1888: „Skaftártunguhreppur var gerður að sérstakri manntalsþinghá með þingstað að Flögu með landshöfðingjabréfi, dagsettu 6. apríl 1888.“ Sbr. Lýður Björnsson 1979, 313



*Yfirlitsmynd af Flögu. Á myndinni er horft til norðurs yfir tún jarðarinnar og þær byggingar sem þar eru. Gamli bærinn var ofarlega (lengst til hægri á mynd) í húsaþyrpingunni.*

1957: „Árið 1957 var jörðinni skipt í tvær jafnar jarðir." (Sunnlenskar byggðir VI, 267).
1920 er túnið 7.3 ha og matjurtagarðar 1270 m2. (Túnakort frá 1920).
„Að útiheyskap er hún með þeim betri, útigangur líkur og á áðurnefndum jörðum, skógarlaus," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Skaftafellssýslu, 204.
„Flaga telst ekki landstór jörð. Slægjulönd hennar lágu meðfram Flögulóni og voru talin sérstaklega grasgefin. Í Kötlugosi 1918 tók þau alveg af. Aðalland Flögu er heiðarland og var það áður mikið skógi vaxið. Jörðin var alltaf talin góð bújörð, hagar skjólgóðir, en töluverður uppblástur er nú í landi jarðarinnar. Ræktanlegt land nægjanlegt," segir í Sunnlenskum byggðum VI, 267."Í Flöguvelli var löngum vinsæll áningarstaður ferðamanna. Árið 1929 reisti Guðmundur Einarsson rafstöð á Flögu..." (Sunnlenskar byggðir VI, 267). „...heyskaparjörð ein hin besta í sóknunum, góð skógar- og sauðjörð...," segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 205.

**SF-187:001** *Flaga* bæjarhóll bústaður 524408 351874

Undir þessu númeri er skráð það bæjarstæði á Flögu sem komið var í notkun 1920 þegar túnakort var gert fyrir jörðina en áður hafði bærinn líklega verið 40-50 m suðvestar (sjá 003). Ljósmynd af bænum á Flögu sem tekin var 1916 er að finna í bók Daniels Bruun, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár (II. bindi, bls. 519). Í texta segir: „Timburhúsið t.h. var byggt 1911. Torfhúsið lengst t.v. er fjós, þá er smiðja og loks útieldhús [sjá 039]. Þessi hús stóðu fram yfir miðja öldina.“ Ábúendur í Flögu benda á bæjarstæði Flögu I (það sem hér er skráð) sem upprunalega bæjarstæðið á jörðinni. Þar stóð a.m.k. bærinn 1911. Heimreiðin virðist þó hafa endað nærri því svæði sem Flaga II stendur á og þar eru merktir miklir kálgarðar og fimm hús á eldra korti frá




*Gróflega áætlað umfang bæjarhóls SF-187:001*





*Flögubærinn 1916 til vinstri. Á myndinni má sjá timburhúsið frá 1911 en einnig leifar af torfhúsum (til vinstri – sjá 033). Bæði hús hafa nú vikið og ný íbúðarhús byggð (sjá mynd til hægri – horft til norðvesturs). Svarthvíta myndin er úr bók Daniels Bruuns Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, bls. 519.*

1904 en aðeins kálgarðar á korti frá 1920 (sjá 003). Virðist sú uppsetning helst benda til að eldri bær kunni að hafa verið þar, en sé sú raunin, og eldra bæjarstæði (sem þá var hugsanlega í notkun allt fram á síðari hluta 19. aldar) þá er sú þekking nú glötuð. Það bæjarstæði sem nú er skráð er þar sem er Flaga I í dag. Þar stóð timburhús á tveimur hæðum frá 1911 en fyrir 1930 var eldra hús rifið og nýtt byggt. Árið 1930 varð mikill bruni og brann þá íbúðarhúsið á jörðinni alveg en 1931 var svo byggt nýtt hús, það sem nú stendur. Samkvæmt Sigurgeiri Gíslasyni heimildamanni sjást grjóthleðslur í kjallara þess húss sem nú stendur sem bera greinileg eldsmerki þannig að svo virðist sem yngra hús hafi verið byggt á grunni þess eldra. Í örnefnaskrá Flögu segir: „Austurbærinn í Flögu stendur nú undir Sandkinn. Frá gamla bænum var núverandi bæjarstæði nefnt „Upp í Sýslu"".

Íbúðarhúsið stendur innan afmarkaðrar lóðar eða skrúðgarðs þar sem gróðursett hafa verið margs konar trjáplöntur og blóm og þar sem einnig er lítill gosbrunnur. Garðurinn er afgirtur. Garðurinn er í aflíðandi halla til suðausturs. Suðvestan við lóðina er bæjarlækur sem rennur til ASA og markar af svæðið.

Aflíðandi hæð er þar sem íbúðarhúsið í Flögu I stendur nú og nær hún að mestu yfir húsagarðinn og er um 42 x 24 m stór og víða aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Mun greinilegri hæð er hins vegar allra vestast á umræddu svæði, fast vestan við íbúðarhúsið. Sú hæð er um 20 m í þvermál og allt að 0,3 m á hæð. Á þessari hæð er m.a. snúrustaurar. Íbúðarhúsið sem nú stendur á þessum stað er timburhús á steinsteyptum kjallara (sem er þó hlaðinn að hluta). Það er hæð og ris með kvisti. Ekki sjást merki um eiginlegan bæjarhól á þessum stað en örlítil uppsöfnun er þó í garðinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, II. bindi, 519, Ö-Flaga, 5

**SF-187:002** heimild um bænhús 524414 351881

[1367]: cxciv. Bænhused ä flogu a ku og eina ä; Hítardalsbók DI III 235

1397: a kv og eina A; Máld DI IV 237

{1598: Bænhús; AM 263 fol. bl. 93}. Ekkert er vitað um hvar bænhúsið í Flögu og hvorugur heimildamanna sem rætt var við kannaðist við að nokkur tíma hafi verið komið niður á bein eða þekkt örnefnið eða annað sem gæti aðstoðað við að staðsetja bænhúsið. Hnit var því tekið við 001 en rétt að benda á að allt eins er mögulegt að eldri bær hafi áður verið þar sem fornleif 003 var skráð og Flaga II stendur nú og bænhúsið þá nærri þeim stað. Líklegast hefur bænhúsið verið þar sem bæjarstæði Flögu I eða II eru nú. Þar er heimreið, bílastæði, tvö íbúðarhús og útihús.

Engin ummerki sjást um bænhúsið og er nákvæm staðsetning þess óþekkt.

**Heimildir:** Hítardalsbók DI III 235, Máld DI IV 237, AM 263 fol. bl. 93

**SF-187:003** heimild um útihús 524404 351818

Á túnakorti frá 1920 er sýndur stór kálgarður á flatlendi suðaustan við Bæjarlækinn, um 30 m sunnan við bæ 001. Á bæjarteikningu Dana frá 1904 eru sýnd fimm hús innan kálgarðs á sama stað. Traðir 028 enduðu við þessi hús en ekki við bæ 001. Mögulega gefur það til kynna að eldra bæjarstæði hafi verið á þessum stað en þá hefur vitneskja um það ekki varðveist. Minjasvæðið er á flatlendi í gömlu túni vestan við íbúðarhús á Flögu II.

Engin ummerki sjást lengur um þessi mannvirki vegna bygginga og rasks en stór og allgömul fjárhús standa á sama stað og eru þau byggð suðaustan undir jarðvegsstalli. Norðvestustu húsin í þessari húsasamstæðu, sem einnig virðast elst, eru úr blönduðu efni; torfi, grjóti, steypu, timbri og bárujárni.



*Fjárhúsin sem nú standa þar sem kálgarður og útihús 003 voru áður, horft til austurs*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

**SF-187:004** heimild um kálgarð 524413 351795

Á túnakorti frá 1920 er sýndur kálgarður sem var fast sunnan við kálgarð 003. Brotalína er notuð til þess að afmarka garðinn og því óljóst hvort hlaðið gerði hafi verið í kringum hann. Flatlent tún er þar sem kálgarðurinn var. Engin ummerki sjást um kálgarðinn á yfirborði og hefur verið sléttað yfir hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-187:005** heimild um útihús 524444 351885

Útihús var merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 25 m norðaustan við bæ 001. Öll ummerki um útihúsið eru horfin en stór útihúsasamstæða er nú á þessum stað. Steinsteypt útihúsasamstæða er þar sem eldri útihús stóðu áður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920 og Bæjarteikning Dana 1904

**SF-187:006** tóft útihús 524407 351988

Útihús er merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 og Túnakort frá 1920 um 90 m norðan við bæ 001. Tóft hússins sést enn. Hún er á brekkubrún hátt ofan við bæ og fast vestan við trjárækt í






*Útihústóft SF-187:006 horft til suðurs á ljósmynd*

hlíðinni en ofan við girðingu sem girðir af tún.

Tóftin er á aflíðandi kafla í brekkunni en brattlent er ofan og neðan hennar. Umhverfis er snöggvaxið gras blandað mosa. Hluti af svæðinu virðist hafa blásið upp en svo gróið aftur.

Tóftin er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 8 x 6 m stór og op er á miðjum suðaustur-langvegg. Brekkan hefur talsvert gengið inn í brekkuna og er tóftin 4 x 2 m að innanmáli. Tóftin er nær alveg yfirgróin en þó glittir í grjót hér og þar. Tóftin er grafin inn í tóftina. Veggir eru 1,2 m á breidd en 0,5 m á hæð. Suðvestan hennar er er dæld inn í brekkuna þar sem gæti hafa verið heystæði. Dældin er 6 x 3 m að stærð og snýr NNV-SSA.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-187:007** tóft útihús 524323 351827

Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús í norðvesturhorni túnsins, um 110 m VSV við bæ 001. Þar sést sigin og gróin tóft í brattri brekku. Tóftin er á nokkuð flötum stalli í brekkunni og hátt og bratt er fram af honum og tóft til suðausturs. Á þessu svæði er suðurhluti túnsins brattastur og hæstur og enn hærri hóll er litlu sunnar eða suðvestar en tóft en hann virðist ekki hafa verið innan túns eins og það er sýnt á kortum. Ofan við tekur við svæði þar sem jarðvegur hefur að miklu leyti sigið eða blásið burt og gróið svo aftur að miklu leyti.

Tóftin er einföld, um 10x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún mjókkar lítillega í suðausturenda og op virðist vera á henni í þeim enda eða í suðurhorni. Ekkert grjót sést í hleðslum en ætla má að tóftin sé hlaðin úr torfi og grjóti. Norðurhorn tóftar er skýrt afmarkað og þar eru veggir 0,5 m á hæð en lægri annarsstaðar.






*Útihústóft SF-187:007 horft til norðausturs. Til hægri er handteikning af tóftinni*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

**SF-187:008** heimild um útihús 524358 351770

Samkvæmt bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús í vesturhluta túnsins um 125 m suðvestan við bæ 001. Mögulega er um sama útihús að ræða og 010 sem sýnt er á túnakorti frá 1920 en kortunum ber ekki fyllilega saman og því eru útihúsin skráð í sitthvoru lagi. Um 15 m suðaustan við líklega staðsetningu útihússins er stór húsgrunnur þar sem yngri fjárhús stóðu en þau hafa verið rifin að mestu leyti (2018). Vesturhluti gamla heimatúnsins er kominn í órækt og er mjög mishæðóttur.

Ekki sjást skýr ummerki um úthúsið í túninu sem hefur líklega horfið vegna sléttunar eða í tengslum við byggingu yngri fjárhúsa á svipuðum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana frá 1904

**SF-187:009** heimild um útihús 524327 351770

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m suðvestan við bæ 001, fast suðaustan við útihús 010 og fáum metrum norðan við útihús 039. Um 10 m austan við líklega staðsetningu útihússins er stór húsgrunnur þar sem yngri fjárhús stóðu en þau hafa verið rifin að mestu leyti (2018). Vesturhluti gamla heimatúnsins er kominn í órækt og er mjög mishæðóttur.

Ekki sjást skýr ummerki um úthúsið í túninu sem hefur líklega horfið vegna sléttunar eða í tengslum við byggingu yngri fjárhúsa á svipuðum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-187:010** dæld útihús 524339 351765

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m suðvestan við bæ 001 og 60 m sunnan við útihús 007. Grunn lægð sést í túni þar sem útihúsið var. Ekki er útilokað að þetta útihús sé það sama og útihús 008 sem sýnt er litlu austar á bæjarteikningu Dana frá 1904 en það er ekki hægt




*Dæld eftir útihús SF-187:010 horft til austurs. Teikning til hægri er handgerð*

að slá því föstu.

Útihúsið var í gömlu túni í nokkrum halla til austurs undir hárri og brattri brekku. Grjót hefur hrunið úr henni á túnið. Túnið er komið í órækt og er mjög mishæðótt. Framan og austan við ummerki um útihúsið er stór húsgrunnur þar sem yngri fjárhús stóðu en þau hafa verið rifin að mestu leyti (2018). Ofan og vestan við ummerki um útihúsið er afgerandi kantur í túnjaðri, sjá 046.

Dældin sem enn sést í túni er 2,5x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Frá austurenda hennar liggur renna til suðausturs en hún var grafin til að veita vatni frá yngri fjárhúsum neðar í túninu. Mögulega náðu húsin lengra til austurs eða a.m.k. viðbygging við þau og má greina talsvert breiðari en óskýrari lægð austan við dældina sem að framan hefur verið lýst og nær fram á brún við yngri fjárhúsin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

**SF-187:011** kuml legstaður 524917 352478

Kuml hefur fundist á Flögu. Í bréfi dagsettu 30.8.1831 segir: „... Árið 1829, um byrjun Octobr. mánaðar, fann ég [Einar Einarsson í Skurðbæ í Meðallandi] [2 kúptar nælur] á svokölluðum Kálfárbakka í landnorður af og nálægt bæ þeim, í Skaftártungu, sem Flaga heitir, í eftirstöðvum af eldgömlu húsi, sem eg held af því mikla járnryði, sem þar er að sjá ofanjarðar, og sérlega rauðleitri moldu, að smiðja fyrrum verið hafi. Nefndar plötur voru ofanjarðar, og sannar sögur hefi eg af því haft, að fleiri þess konar fornaldarmenjar hafi fundizt í sama stað uppblásin, sem af hirðuleysi tapaðar eru. Auðsjáanlegt var, að þessar plötur höfðu á fati verið, því til þess sáust merki í öðru lokinu. Tölur nokkrar fann ég og í sama sinn og plöturnar, eins í lögun og þær, er nú gjörast, en nokkuð stærri og ekki eins skærar; þær komu í annars manns hendur, en ég skal til reyna að fá þær aftur eða einhverjar af þeim, ef til eru, til sýnis.“ Bréf Einars Einarsonar til Steingríms bps Jónssonar sem vitnað er í, í bókinni Kuml og haugfé. þar segir ennfremur. Árið 1832 voru sendar til Museet for nordiske Oldsager tvær kúptar nælur af gerðinni Rygh 652 og 654, afbrigði Smykker 51b. [...] Tölur þessar, sem eflaust hafa verið sörvistölur úr gleri, komu aldrei fram. Fundurinn allur og samsetning hans bendir til að þarna hafi verið kuml. Járnryðið, sem finnandinn taldi benda til að þarna hefði verið smiðja, getur alveg eins stafað frá járnhlutum í kumli, ellegar að smiðjurúst frá öðrum tíma hafi verið á sama stað" og í athugasemd um sama fund segir „Aths. Brynjúlfur Jónsson kom að Flögu og spurðist fyrir um rústina sem kvenskrautið átti að hafa fundist í. Var honum sagt að á seinni árum hefði ekkert fundist þar, enda rústin blásin burt að miklu leyti. Þó væru ekki mörg ár síðan að nálægt þeim stað hefði fundist axarblað svo ryðgað, að burt var fallinn allur munnurinn og hálft augað“ (Árbók 1910, bls. 42). Þessi fundur gæti staðið í sambandi við hinn, og hefði þá verið um kumlateig að ræða. Hvorugur þeirra heimildamanna sem rætt var við þegar minjar í Flögulandi voru skráðar höfðu heyrt á kumlfundinn minnst og ekki höfðu þeir heyrt talað um gripa- eða beinafundi á þeim slóðum sem kumlið hafði verið. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en líklega hefur kumlið verið við Kálfá, um 800 m NNA við bæ 001.



*Horft til SSV yfir það svæði þar sem kumlið fannst að öllum líkindum*

Þjóðvegurinn hefur legið á svipuðum slóðum og núverandi vegur og virðist líklegast að kumlið hafi verið „fast“ ofan við núverandi veg þar sem lágur rani gengur á tanga út í ána. Greinilegt er að hluti ranans hefur blásið en gróið aftur. Hann er gróinn mosa, grasi og lyngi. Neðan við tekur við flöt áreyri að Kálfá. Hugsanlegt er að kumlið hafi verið ofar en fáir staðir virðast koma þar til greina.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** KEKH, 188-89; Árb 1910, 42, Bréf Einars Einarsonar til Steingríms bps Jónssonar

**SF-187:012** *Flöguvöllur* heimild um áfangastað 524510 351428
„Sléttlendið upp af melunum er Flöguvöllur. Þar var áfangastaður, lögtekinn frá fornu fari," segir í örnefnalýsingu. Flöguvöllur er gríðarstórt, flatlent svæði austan við heimatúnið á Flögu. og hafa verið ræktuð tún á honum í seinni tíð. Nákvæm staðsetning áfangastaðarins er ekki þekkt og því ekki hægt að staðsetja hann með mikilli nákvæmni. Hann hefur verið við leið SF-611:011 sem lá frá Hemru að Hrífunesi. Engar minjar sjást á Flöguvelli en óvíst er að nokkrar minjar hafi verið á áfangastaðnum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Flaga, 1

**SF-187:013** *Gildrusteinn* örnefni fjársjóður 521720 352761
„Norðan við land jarðarinnar er þá fyrst á, sem heitir Kálfá. Hún ræður merkjum upp í Lambagljúfur. Þaðan er markið í stein, sem heitir Gildrusteinn og úr houm aftur í kjaftinn á Steingili," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað í sömu skrá: „Gildrusteinn stendur uppi á gljúfurbarmi. Hann er hár, ekki mikill ummáls og mjóstur að neðan", Gildrusteinn er 2.8 km



*Gildrusteinn SF-187:013 horft til norðurs á mynd til vinstri en til NNV á mynd til hægri*

VNV við bæ 001. Gildrusteinn sést vel langt að. Hann stendur á klettasillu við djúpt gil sem er upp af Lambárgljúfri. Allt umhverfis er blásið land.

„Gullkista átti að vera fólgin uppi á honum [steininum] og gætti hennar draugur (fédraugur). Allir sem reyndu að klífa dranginn og ná í kistuna, urðu brjálaðir og hlupu í gljúfrið. Einn reyndi uppgöngu en sneri við í tæka tíð, er hann sá ekkert nema eld." Gildrusteinn er merktur inn á Íslandskort frá 1905 og 1944. Hann er eins konar klettadrangi sem stendur upp úr klettasillu en umhverfis er örblásið land. Dranginn skagar talsvert út í nafnlaust gil upp af Lambárgljúfri. Sjálfur dranginn er um 7 m hár og er stampur með kletti ofan á.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Flaga 1, 5.

**SF-187:014** *Stekkatún* tóft stekkur 524646 352217

„Næst austan við hana er Stórabrekka, þá Miðbrekka, og austasta brekkan heitir Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er efst í gömlu túni um 420 m norðaustan við bæ 001, tæpum 50 m vestan við lítið íbúðarhús á lóð með trjágróðri. Tóftin er innan beitarhólfs fyrir hesta og hefur






*Stekkjartún SF-187:014 horft til austurs á ljósmynd. Til hægri er uppmæling af sömu tóft*

ágangur þeirra ekki góð áhrif á ástand tóftarinnar þó að ekki sé rof í henni.

Þetta gamla tún er í brattri brekku og hefur aldrei verið véltækt ef að líkum lætur. Í því eru miklar mishæðir. Fast norðvestan og ofan við tóft eru mörk gamals jarðvegsrofs og gróins lands. Á þeim mörkum myndast kverk sem vatn rennur eftir í leysingum og vatnsveðri, niður að tóft og í gegnum hana. Það vatnsrennsli hefur aflagað hluta veggjar á norðvesturhlið.

Tóftin er 14x9 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er nokkuð óvenjuleg að lögun, mjókkar og hækkar í NNA-enda þar sem hefur líklega verið lítil lambakró en ekki sést veggur sem skilur á milli hólfa. Tóftin er torfhlaðin og eru veggir 1-1,5 m á breidd og hæstir um 1 m. Op er á henni í suðausturhorni. Tóftin er vaxin mosa og grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Flaga, 1

**SF-187:015** *Efraklif* heimild um leið 524279 351950

„Norðvestur af bænum koma niður tvö gil... Milli þeirra er rani, sem heitir Efraklif. Þar liggur Gata upp heiðina," segir í örnefnaskrá. Götur sjást enn liggja upp ranann en þær verða ógreinilegri eftir því sem ofar dregur. Göturnar eru innan við 100 m norðvestan við bæ 001.

Fláki á milli tveggja gilja. Hann er vaxinn mosa, lyngi og grasi en gróðurhulan þynnist eftir því sem ofar dregur. Göturnar voru raktar á um 100 m löngum kafla en vel má vera að framhald þeirra sjáist á heiðinni.



*Efraklif SF-187:015 horft til VNV*

**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs

**Heimildir:** Ö-Flaga, 1

**SF-187:016** *Fríðuklettur* örnefni huldufólksbústaður 524289 352017



*Fríðuklettur SF-187:016 horft til norðurs*

Efst í Eystragili er klettur, Fríðuklettur, dregur nafn af huldukonu, sem þar bjó," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Sigurgeir Gíslasyni heimildamanni var umræddur klettur í austanverðu Eystragili. Hann er um 190 m NNV við bæ 001. Eystragil er lítið gil eða dalverpi fast austna við Vestragil sem er það stærra af giljunum tveimur. Klettar eru í gilinu ofarlega beggja vegna og er Fríðuklettur hálfgert klettabelti efst í gilinu að austan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Flaga

**SF-187:017** tóft fjárskýli/hlaða 522940 351694

Stór hellisskúti og heytóft ofan við hann eru um 1,2 km norðvestan við Grindarból 019 og 1,5 km vestan við bæ 001. Minjarnar eru norðan við foss í Brunnánni.



*Tóft SF-187:017 A á mynd til vinstri, horft til suðurs. Á mynd til hægri er hellisskúti B, horft til VNV*

Árgilið er alldjúpt og bratt en víða gróið með kjarrgróðri, grasi og mosa. Sitthvoru megin og neðan við fossinn eru víðir hellisskútar. Sá syðra megin nær frá gilbotni og upp að fossi, blautur og dimmur. Sá sem er norðan megin er hátt uppi í gilinu og að mestu ofar en fossinn. Þar hefur verið fjárskjól en ekki er að sjá að hlaðið hafi verið fyrir hann.

Heytóft A er ofan og norðan við hellinn, á flata í brekku, ofan á klettasnös. Ofan og norðan við tóftina hefur jarðvegur blásið burt en það svæði er tekið að gróa upp aftur. Svæðið næst tóftinni er gróið og vex gras og lyng á tóftinni og í kringum hana en eftir því sem lengra dregur frá tóft er einkum lynggróður. Alldjúp skörð eru í brekku beggja vegna við tóftina. Tóftin er niðurgrafin og allt innrabyrði er grjóhlaðið en líklega er eitthvað torf í veggjum líka. Hún er 4,5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Ógeinilegt op er í suðvesturhorni. Veggir utanmáls eru hæstir um 1 m á vesturvegg en víðast 0,3-0,4 m. Innanmáls eru veggir 1,3 m á hæð. Erfitt að greina fjölda umfara vegna gróðurs en þau eru líklega 5-6 talsins. Ofan og norðan við tóft eru ummerki um torfskurð eða efnistöku. Hellisskútinn B sem virðist hafa verið náttúrulegt fjárskýli

og er snarbrött, grasi vaxin brekka niður af honum að Brunnánni. Hellisloftið slútir yfir munnann en skútinn er um 10x5 m að grunnfleti og snýr nálega austur-vestur. Hellirinn er breiðastur í austurenda og mjókkar til vesturs. Gólfið í honum er nokkuð flatt í austurenda en í vesturenda hallar það lítillega til vesturs. Innst og austast gengur smá skot inn til austurs sem er 2-3 m á lengd og 1,5 m á breidd. Þurrt er inni í hellinum og í gólfi hans er sauðatað, sandur og stöku steinn sem hefur hrunið úr lofti.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Flaga, 2



*Handteikning af tóft SF-187:017A*

**SF-187:018** *Grettistak* náttúrumin manndómsraun 524196 350538
"Á Skögunesbrúninni er stór steinn, sem nefndur er Grettistak," segir í örnefnaskrá Flögu. Grettistakið er stór hraunklettur, rúma 300 m norðan við Fauskalæk. Lækurinn rennur í 15-20 m djúpu og bröttu gili á þessum slóðum. Kletturinn er náttúrulegur og hvergi sér til annarra steina nærri honum. Kindur liggja þó undir honum.

Grettistakið er í grónu mólendi, uppi á heiðarbrún. Þar vex m.a. mosi og lyng. Kletturinn er 2,5-3 m á hæð, 7 m í þvermál og má segja að hann sé þríhyrningslaga. Hliðar klettsins eru brattar, vaxnar hvítum skófum og mosa. Engar sagnir eru til um steininn sem aflaunastein og stærð hans útilokar það einnig. Hvergi er hraun í næsta nágrenni og kletturinn afar áberandi í umhverfi sínu.


*Grettistak SF-187:018 horft til vesturs*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Flaga, 2

**SF-187:019** *Grindaból* tóftir fjárskýli 523984 350988
„Á Skögunesbrúninni er stór steinn, sem er nefndur Grettistak [018], og norðan í brúninni er Grindaból," segir í örnefnalýsingu. Þar segir einnig: „Grindaból er allstór hellir. Sauðfé var gefið þar á vetrum. Tættur eftir heystæði eru þar upp af." Grindaból er í sunnanverðu Brunnárgljúfri, tæpum 1 km suðvestan við bæ 001 og 1,3 km suðaustan við hellisskúta og heytóft 017 sem eru í norðanverðu gljúfrinu. Ofan við hann, uppi á barmi gljúfursins er heytóft og fjárhústóft.

Minjarnar eru norðaustan undir allhárri brekku. Gras og lyng vex í kringum minjarnar en ekki var farið að grænka þegar skráning fór fram um miðjan maí 2018.

Grindaból og tóftirnar eru á svæði sem er 50x15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu sem hefst nyrst, á Grindabóli A. Grunnflötur hellisins er um 4x5 m og snýr hann norðaustur-suðvestur. Hellirinn er breiðastur innst, í suðvesturenda, en munni er í norðausturenda. Hann er um 2 m á breidd og 1,5 m á hæð. Veggur úr torfi og grjóti er hlaðinn fyrir munnann og op er á honum í norðvesturenda.




*Handteikning af minjum við Grindaból SF-187:019*

Veggurinn er 3 m á langur og 1,5 m breiður. Lítillega hefur hrunið úr honum inn í hellinn en gróið hefur yfir það. Hæð veggjarins virðist vera um 1 m en ekki sést fjöldi umfara fyrir gróðri. Gólfið í hellinum er slétt og er sauðatað og mold í því. Hellisloftið hækkar þegar komið er um 1 m inn í hann og er hann vel manngengur, líklega 4 m á hæð innst. Í suðurhorni eru bergflekar



*Grindaból SF-187:019. Á mynd til vinstri má sjá helli og hleðslu A, horft til SSA en á mynd til hægri er tóft B, horft til norðausturs*

sem standa út úr veggjum hellisins. Einn þeirra er nálægt hellisgólfi og kann að hafa verið

notaður sem jata. Flekinn er um 2 m á lengd og 1 m á breidd. Heytóft B er ofan við hellinn, um 10 m suðvestan við hellismunnann. Hún er vel greinileg, hringlaga og einföld. Tóftin er um 5 m í þvermál og er op á henni suðaustanverðri. Veggir virðast að miklu leyti grjóthlaðnir og sjást grjóthleðslur að stórum hluta í innra byrði veggja. Þar eru 2-3 umför greinileg en ekki virðist um mjög vandaða hleðslu að ræða. Veggir eru rétt rúmur 1 m á breidd og utanmáls eru þeir 0,8-0,9 m á hæð. Lægstir eru þeir við op inn í tóft. Um 15 m suðvestan við tóft B er svo tvískipt tóft C sem ætla má að sé leifar af beitarhúsum með hlöðu. Hún er 9,5x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hólf I er í SSA hluta. Það er 1,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því í VNV-horni. Þessi hluti tóftarinnar er uppi á stalli og brött brekka er fram af honum til norðausturs. Neðan og NNV við er niðurgrafið hólf II sem er grafið ofan á móberg eða höggvið ofan í það og grjóthlaðið að miklu leyti en grjót sést ekki í hólfi I. Hólf II er samansigið, 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr þvert á hólf I. Op er á þessu hólfi í VSV-enda og er gengið niður í það. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Veggir í tóftinni eru hæstir um 0,5-0,6 m en þeir eru talsvert signir og grónir mosa og grasi. Fast SSA við tóftina er grunn lægð þar sem gæti hafa verið heystæði, efnistaka eða rof.



*Tóft SF-187:019 C, horft til ANA*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Flaga 2, 5.

**SF-187:020** *Flögugötuhóll* örnefni leið 520109 351852

„Vestur af Valasetri er gil, sem heitir Dumbsgil. ... Innan við gilið er hóll, sem heitir Flögugötuhóll," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 4.3 km vestan við bæ 001. Girðing sem er ekki alveg á merkjum (en nærri því) liggur yfir hólinn og beygir á honum. Ávalur hóll. Hann er lyngi- og mosavaxinn en allt umhverfis eru gil. Engar götur sjást á þessum slóðum en mögulegt er að þær hafi ekki verið þarna heldur hafi þessi staður verið sá staður þar sem skipt var upp í göngum.



*Flögugötuhóll SF-187:020, horft til vesturs*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Flaga, 2

**SF-187:021** tóft óþekkt 524337 351459

Einföld tóft er í brekkubrún um 415 m sunnan við bæ 001. Tóftin er á einum af mörgum rönum sem þar ganga niður hlíðina, ofan við tún. Grasi grónar brekkur eru umhverfis, ofar er talsverður kjarrvöxtur. Úr fjarska virðist hóllinn þar sem tóftin er mjög stór en þegar nær er komið sést að hann er ekki mjög stór.






*Tóft SF-187:021 horft til suðurs. Til hægri er uppmæling af tóftinni*

Tóftin er einföld og 9 x 6,5 m stór. Hún snýr norðvestur-suðaustur og op er á miðjum suðaustur-langvegg. Innri brún veggja er nokkuð ógreinileg og hefur sigið fram að hluta og gróið yfir tóftina. Hæð veggja mæld innan frá er 1,5-1,7 m en er annars 0,5 m. Ekki er vitað hvaða hlutaverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Flaga, 3

**SF-187:022** garðlag áveita 524586 351258

Vatni var veitt úr Brunná með skurði og á tún suðvestan við bæ 001. Þar voru áveitugarðar. Áveitan er að mestu komin undir ræktuð tún en af loftmynd frá 2002 má sjá að hún var áður stærri.




*Áveita SF-187:022*

Áveitan er að mestu horfin í slétt, grasivaxin og framræst tún. Umhverfis túnin eru djúpir, vatnsmiklir skurðir blandaðir jökulvatni úr Tungufljóti. Þeir áveitugarðar sem sjást eru í grónu, smáþýfðu mýrlendi.

Samtals ná áveitumannvirkin yfir svæði sem er 730x630 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Verður hverju mannvirki gefinn bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Skurður A liggur til norðurs frá Brunná og hlykkjast meðfram brekkurótum Nónfjalls (Flöguvöllur). Hann beygir síðan til norðausturs yfir grasivaxið, slétt tún nýtt sem nýtt er til slátturs og beitar. Nyrsti hluti skurðarins er horfinn. Í túninu er sést skurðurinn aðeins sem lág í túninu og líklegt að hann hafi fallið saman eða fyllt hafi verið uppí hann. Skurðurinn var ekki rannsakaður á vettvangi enda er hann utan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Af loftmynd að dæma er hann þó greinilegur á tæplega 250 m löngum kafla. Áveitugarðarnir eru sex talsins en þeir hafa greinilega eitthvað verið sléttaðir á síðustu árum, a.m.k. sjást meiri ummerki á loftmynd frá árinu 2002 en hægt er að greina á jörðu niðri nú. Áveitugarður B er nyrstur. Hann snýr norðaustur-suðvestur og hefur verið tæplega 100 m að lengd af loftmyndinni að dæma en nú sjást einungis nyrstu 20 m - en annað verið sléttað í tún. Garðurinn er 0,3-0,4 m að hæð og 0,5 m á breidd. Áveitugarður C var 50 m sunnan við áveitugarð B. Hann er alveg horfinn í túnin en sést vel á loftmynd frá árinu 2002. Hann hefur verið um 70 m að lengd og snúið AVA-VSV. Áveitugarður D er 90 m suðaustan við áveitugarð A. Hann er tæplega 130 m langur og snýr norðaustur-suðvestur á loftmyndinni. Syðsti hluti hans er horfin í tún og sést hann á tæplega 100 m löngum kafla, er 0,4 m á hæð og grasivaxinn. Áveitugarður E er nú alveg horfin í tún en samkvæmt loftmynd var hann 170 m að lengd og snéri norður-suður. Nyrsti hluti hans lá þvert í gegnum áveitugarð D. Áveitugarður F er 120 m sunnan við áveitugarð D. Hann er 320 m að lengd, 0,4-0,6 m á hæð og grasivaxinn. Meðfram annarri hlið hans er renna, líklega eftir efnistöku við gerð hans. Áveitugarðurinn snýr norðustur-suðvestur en sveigir til SSA í framræstu túni. Hann er ennþá greinilegur í túninu. Líklega er hann óraskaður. Áveitugarður G liggur til suðausturs frá syðsta hluta áveitugarðs F. Hann er 20 m að lengd, 0,6 m að hæð og grasivaxinn. Hann náði líklega lengra til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:023** tóftir fjárhús 524466 350419
Tvær tóftir eru um 70 m norðan við Fauskalæk, 330 m vestan við veg að Flögu, og um 1450 m sunnan við bæ 001. Að sögn heimildarmanns, Gunnars Sveinssonar, voru þar fjárhús, og man hann eftir því að þau væru í notkun en hann minnti að þau hefðu fallið úr notkun um 1965. Hann vissi ekki hvenær húsin voru reist og hafði ekki heyrt um að fjárhúsin væru byggð á sama stað og eldri hús. Tóftirnar eru rétt ofan túns í brattri brekku.






*Fjárhústóft SF-187:023 horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftirnar eru á svæði sem er um 20x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Að sögn Gunnars Sveinssonar, heimildamanns, voru fjárhús og sambyggð hlaða í tóft A en hann vissi ekki hvert hlutverk tóftar B var og man ekki eftir því útihúsi í notkun. Tóft A er einföld, um 10x16 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er úr torfi og grjóti, bárujárnsleifar úr þaki sjást inni í tóftinni. Mesta hæð veggja er um 1,2 m og eru þeir grónir. 6 umför sjást í innanverðum veggjum. Norðvesturgafl tóftarinnar er að hluta til grafinn inn í brekkuna. Op er á tóftinni á suðausturgafli. Í miðju gólfi tóftarinnar fast norðvestan við inngang inn í tóftina er niðurgrafið svæði sem er um 2,5x7 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Það er um 0,2 m á dýpt. Tóft B er um 3 m norðaustan við tóft A. Hún er einföld, er um 6x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er líklega hlaðin úr torfi og grjóti en er mun grónari en tóft A og ekki sést í grjóthleðslur. Bárujárnsleifar sjást inni í tóftinni, líklega úr þaki. Mesta hæð veggja er um 1 m. Tóftirnar eru fremur unglegar og því ekki víst að þær séu fornleifar samkvæmt lögum. Tóftirnar munu að öllum líkindum raskast við byggingu stöðvarhúss og aðkomuganga að því.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SF-187:024** garðlag vörslugarður 524659 350374

Garðlag er í hvammi, eða laut við Fauskalæk, þar sem gil hans fer breikkandi til austurs. Garðlagið er tæpum 500 m ASA við Grettistak 018 og rúma 120 m vestan við þjóðveg að Flögu.

Garðlagið er í sléttu, grasivöxnu svæði í gili Fauskalækjar þar sem það breikkar eftir að hafa verið í mjóu og bröttu gili.



*Garðlag SF-187:024 horft til VSV*

Garðlagið liggur frá brattri brekku í halla til suðurs að Fauskalæk sem er á merkjum við Hrífunes SF-188. Það er á milli brekkunnar og læksins og var líklega ekki lengra. Brekkan er 10 m há með náttúrulegum pöldrum. Garðlagið er rofið í miðju en nýleg landamerkjagirðing liggur þvert yfir það. Upphaflega var það 20 m langt en er nú í tveimur hlutum, 9 og 6 m löngum. Það er torfhlaðið, algróið og 0,5 m hátt. Það er 1 m á breidd og hvergi sést glitta í hleðslur né virðist hafa verið girt ofan á það. Miðað við legu garðlagsins var þetta líklega vörslugarður til að halda fé frá gilinu sem er bratt, mjótt og óaðgengilegt bæði fyrir menn og skepnur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SF-187:025** varða hlutverk óþekkt 524116 350694

Stæðileg varða er um 440 m norðvestan við fjárhús 023 og um 180 m norðvestan við Grettistak 018. Varðan stendur hátt á uppblásnu holti.

Varðan er um 1,5 m í þvermál og er um 1,2 m á hæð. Hún virðist nokkuð gömul og gróin en grjóti hefur verið bætt í hana nýlega. Í henni sjást 6-7 umför hleðslu. Hlutverk vörðunnar er óljóst, mögulega hefur hún verið kennileiti á einhverri leið um svæðið. Heillegur timburstaur er fast norðvestan við vörðuna en tengist sennilega ekki hlutverki hennar.



*Varða SF-187:025 horft til suðausturs*

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SF-187:026** kantur hlutverk óþekkt 524326 351711

Nokkuð afgerandi kantar sjást neðarlega í aflíðandi halla í vesturjaðri heimatúnsins á Flögu. Mögulega tengjast þeir túngarði 031 sem sést litlu sunnar og/eða kanti 046 sem er litlu norðar. Minjarnar eru 160 m suðvestan við bæ 001 og 14 m vestan við úthús 039. Túnið er í nokkrum halla til austurs undir hárri og brattri brekku. Grjót hefur hrunið úr henni á túnið. Vesturhluti gamla heimatúnsins er komið í órækt og er nokkuð mishæðótt.



*Kantur SF-187:026 horft til SSV*

Tveir kantar eru á svæði sem er 11x18 m stórt og snýr NNV-SSA. Ofar og vestar er kantur A sem er 15 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,4 m á hæð, gróinn. Um 10 m neðar og austar er kantur B sem er 20 m langur og liggur í sveig frá vestri til SSA. Hann er allt að 0,8 m hár nyrst. Á milli kantanna er grunn lægð en ekki flatur stallur. Er því mögulegt að á þessum stað hafi verið einhvers konar gerði við túnjaðarinn, mögulega rétt. Grunn lægð eftir vatnsrennsli er fast norðvestan við kanta A og B.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:027** heimild um rétt 524545 351869



*Engin ummerki sjást lengur um rétt SF-187:027 á þessum stað, horft til suðurs*

Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt hringlaga mannvirki um 90 m frá bæ 001, fast fast sunnan við heimreiðina að Flögu. Réttin er ekki sýnd á Bæjarteikningu Dana frá 1904 heldur virðist þá túnið enda um sama leyti og er op á tröðunum til vesturs þar sem túngarður virðist hafa beygt til suðurs. Á túnakortinu frá 1920 hefur túnið verið stækkað nokkuð til austurs og þar byggð réttin inn í norðausturhorni "gamla túnsins". Á ljósmynd af fráfærum í Flögulandi árið 1916 sem er að finna á bls. 376 í II. bindi bókar Daniels Bruuns Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár má sjá rétt úr grjóti og timbri og er líklegt að það sé sama rétt. Í baksýn sést Hemrufjall og fjárhús frá Hemru. Á þessum stað eru nú sléttuð tún sunnan heimreiðar og sumarbústaður stendur nálægt þeim stað þar sem réttin var.

Fast ofan (vestan) við sumarbústað talsverðir hryggir í túninu sem báðir eru 4-5 m á breidd í sléttuðu túninu. Sá vestari gæti verið leifar af túngarði (sjá 038) eins og hann er sýndur á túnakorti frá 1920 en sá austari hugsanlega eldri garður 031, þótt það sé óljóst. Aðeins eru 10-15 m á milli hryggjanna og þeir hverfa í tún þegar sunnar dregur en hægt er að rekja þá á 60-80 m kafla til suðurs og svo einnig á 100-120 m kafla til suðvesturs. Þessir óljósu garðar sem kunna að hafa markað af hluta af réttinni, næst heimreið eru það sem næst verður komið að sjá ummerki um hana í sléttuðu túninu. Á þeim slóðum sem hún hefur staðið er grasi vaxin flöt sunnan við heimreið en trjálundur er að hluta til á þessu svæði líka. Svæðið er í mjög aflíðandi halla til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920, Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, II. bindi, 376

**SF-187:028** renna traðir 524472 351863

Traðir eru merktar inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og Túnakort frá 1920. Þær hafa verið á svipuðum slóðum og núverandi heimreið að bænum liggur. Fast suðvestan hennar er nú lækur eða skurður og beggja vegna hans eru hryggir. Hugsanlegt er að þarna séu gamla heimreiðin fundin og að vatni hafi einfaldlega verið veitt í gegnum hana á síðari árum. Dæld eða skurður þar sem nú rennur vatn til austurs en fast norðvestan hans er núverandi heimreið að Flögu.




*Traðir SF-187:028 horft til vesturs. Til hægri er uppmæling á börmum traðanna.*

Á þessum slóðum er niðurgröftur og veggir eða uppkast beggja vegna við og rennur bæjarlækurinn nú í þessum farvegi til austurs. Ekki er víst að þarna sé komin heimreiðin en ýmislegt bendir til þess, t.d. er „skurðurinn“ alveg flatur í botninn. Eins má nefna að á Bæjarteikningu Dana frá 1905 virðist bæjarlækurinn enda í tröðunum. Hinar meintu traðarleifar eru um 110 m langar en þá hverfur hryggurinn að mestu undir vegöxlina. Dældin er um 2-3 m á breidd

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-187:029** tóft útihús 524359 351682

Útihús er merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 um 190 m sunnan við bæ 001 og 40 m sunnan við útihús 039. Útihústóftin er byggð upp við túngarð 031 sunnarlega í túni. Tóftin er efst í kúptri, aflíðandi brekku í túninu. Ofan við hana er brött brekka og klettar þar ofan við.






*Tóft SF-187:021 horft til suðausturs. Til hægri er handteikning af tóftinni*

Skorningur hefur myndast á milli tóftar og gamla túngarðs annars vegar og hæðar sem yngri túngarðurinn liggur yfir. Rétt utan og austan við túngarð og tóft er sléttað grasi gróið tún sem ekki lengur slegið.

Tóftin virðist að hluta grafin inn í túngarðinn og að hluta hlaðin utan í hann. Hún er einföld og með túngarðinum er stærð hennar 5x4,5 m en innanmálið um 2,5x1,5 m. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru að miklu leyti nánast útflattir, eru 0,2-0,3 m á hæð. Grjót sést í norðaustur-langvegg en engar hleðslur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-187:030** heimild um kálgarð 524469 351652

Kálgarður er merktur inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904. Hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1920 en þá hafði túnið verið fært út til suðurs og lenti kálgarðurinn innan túnútfærslu, í norðausturhorni stórs afgirts gerðis. Kálgarðurinn var um 230 m sunnan við bæ 001. Flatlent og slétt tún er þar sem kálgarðurinn var, á mörkum gamla heimatúnsins sem ekki er lengur slegið og yngra túns sunnan við það sem er í rækt. Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

**SF-187:031** garðlag túngarður 524366 351670

Túngarður er merktur inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904. Sjá má leifar af gömlum túngarði í suðausturjaðri túnsins, innan við yngri garð 038, og í suðvesturhorni gamla heimatúnsins. Útihús 029 er byggt inn í garðinn suðvestast í túninu en sá hluti garðsins er ekki sýndur á bæjarteikningu. Kálgarður 030 er byggður við garðinn utanverðan að sunnan. Þar sem garðurinn sést á köflum meðfram suðausturhlið gamla túnsins eru sléttuð tún í rækt en þar sem hann sést í suðausturhorni túnsins er hann austan undir lágri brekku.

Túngarðurinn sem sýndur er á bæjarteikningu frá 1904 var 520 m langur og lá meðfram




*Túngarður SF-187:031 merktur inn á loftmynd. Lega túngarðsins birtist sem hryggur í túninu og var mæld með haldhægu GPS-tæki*

suðausturjaðri túnsins en garðurinn náði þó ekki að norðausturenda þess. Á kortinu er ekki sýndur garður undir hlíðum sem afmörkuðu túnið til norðvesturs og suðvesturs. Hægt var að rekja garðinn á um 400 m löngum kafla en hann er allsstaðar útflattur nema í suðvesturhorni túnsins. Þar er hann 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Ekkert grjót sést í garðinum og er hann að líkindum að mestu torfhlaðinn. Allstórt rof er í garðinum nærri tóft 029 og er ekkert grjót sjáanlegt þar heldur. Neðarlega í hlíðinni í austurjaðri túnsins eru stallar og kantar á tveimur stöðum, sjá 046-047. Ekki er ólíklegt að þeir tengist túngarðinum á einhvern hátt en þau tengsl eru rofin. Þar sem búið er að slétta garðinn í tún sést hann sem lágur hryggur sem er um 4 m á breidd og má fylgja honum eftir á tveimur köflum í sunnanverðu túninu austarlega, annars vegar á um 110 m kafla langleiðina að trjábelti sunnan við og samsíða heimreið og hins vegar norðan sama beltis á um 80 m kafla að nyrðri heimreið. Ummerkin eru óveruleg en koma vel og saman við mörk túnsins eins og þau eru sýnd á bæjarteikningunni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-187:032** tóft fjárhús 524627 352166
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana um 340-350 m norðaustan við bæ 001. Tóftir hússins sem hefur verið fjárhús eru um 90 m suðvestan við sumarbústað. Tóftin er á aflíðandi stalli eða sillu en fast neðan við er brött brekka sem nær niður að núverandi túnum.






*Fjárhústóft SF-187:032, horft til suðurs á ljósmynd*

Tóftin er tvískipt og 15 x 11 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er byggð inn í brekkuna að nokkru leyti. Nyrðra hólfið er 7.5 x 2,5 m að stærð og er op á því sunnarlega á austurgafli. Suðvestara hólfið er 6,5 x 3 m að stærð og gengur garði eftir því miðju. Op er á suðurhorni þess. Svolítið rof er í þeim veggjum hússins sem byggðir eru inn í brekkuna en annars standa veggir sæmilega þótt þeir séu svolítið úr lagi gengnir hér og þar. Örlítið grjót sést hér og þar í veggjum sem annars eru að mestu grónir. Grjót sést líka í garða. Ofan við tóftina er hrúga sem greinilega er „manngerð". Hún er 4-5 x 3 m að stærð en ekki er gott að átta sig á hlutverki hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-187:033** tóft fjós/smiðja (bæjarhús?) 524400 351886
Leifar af tóftum/húsum eru um 10 m ofan (norðvestan) við íbúðarhúsið í Flögu I, og er skammt ofan við vesturhluta lóðarinnar í Flögu. Minjarnar eru í brekkurótum um 30 m norðaustan við






*Fjóstóft SF-187:033, horft til suðvesturs á ljósmynd*

bæjarlækinn. Líklega eru þetta ummerki um þau hús sem sjást á mynd sem birtist í Íslensku þjóðlífi í þúsund ár en þar sjást þrjár burstir sem snúa stöfnum til suðausturs og í myndatexta kemur fram að norðaustasta húsið, þar sem var myndarlegur strompur hafi verið útieldhús, miðjuhúsið smiðja og húsið lengst til suðvesturs fjós. Fram kemur að húsin hafi staðið fram yfir miðja 20. öld. Ekkert er í sjálfu sér vitað um húsin annað en það sem þar kemur fram en ekki virðist ólíklegt að bæjarhúsin hafi verið í þessari burstaröð áður en timburhúsið var byggt. Minjarnar eru fast ofan við lóðamörk Flögu I, í brekkurótum. Svæðið er grasi gróið.

Á þessum slóðum eru ummerki eftir talsverð ummerki um mannvist á svæði sem er 29 x 16 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Öll eru ummerkin þó óljós og nokkuð úr lagi gengin og erfitt að draga ályktanir um nákvæma lögun þeirra mannvirkja sem þarna hafa verið. Hér verður hins vegar gerð tilraun til að lýsa þessum ummerkjum eftir bestu getu. Fyrst ber að nefna aflanga þúst A, sem er 18 x 5-7 m að stærð og snýr ANA-VSV samsíða brekkubrúninni. Suðvestasti hluti þústarinnar er aðeins breiðari en hinn hluti svæðisins líkt og það hús sem þar hafi staðið hafi náð lengra upp að brekkunni. Líklegast er að þarna hafi húsin þrjú sem sjást á gömlu ljósmyndinni staðið. Ekki er að sjá hólfaskiptingu eða annað slíkt en svæðið er um 0,3 m hærra en umhverfið. Hleðsluleifar sjást norðvestast, upp við brekkuna en þær eru óljósar og úr lagi gengnar og hefur líklega verið rutt úr þeim. Á svæðinu sjást járnleifar, timburrusl og einstaka bein. Ummerkin benda til að sá fasi húsanna sem nú sjást ummerki um á yfirborði sé ekki ýkja gamall. Frá þúst A má greina óverulegar garða eða gerðisleifar, Þær ná yfir svæði sem er 16 x 9,5 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur en ekki eru garðlögin samfelld. Sá hluti sem liggur frá tóftinni og til VSV er um 9 m langur en þar er 90° horn á garðlaginu og liggur það í um 5 m til NNV en þá kemur um 2 m eyða í gerðið. Ofan við það má hins vegar greina um 16 m langan garð, sem endar um 7 m ofan við vesturhluta tóftar A. Suðausturbrún garðlagsins er 0.5 m á hæð en sú hlið sem snýr upp í brekkuna er mun óljósari. Engar grjóthleðslur sjást í gerðishleðslunni. Líklega hefur verið kálgarður á þessum slóðum en ekki er það víst. Þar sem garðlagið endar til norðausturs og að þúst A er hæð eða þúst í brekkunni, D. Þústin gæti verið náttúruleg (þá einungis framskrið úr brekkunni) en er hér mæld upp ef ske kynni að þar leyndust mannvistarleifar undir sverði. Þústin er 6-7 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Í kverkinni sem myndast þar sem garðlagið B liggur frá þúst A (og beygir í 90°) er niðurgröftur eða dæld, C. Niðurgröfturinn er um 2 m á kant, þó ívið lengri norðaustur-suðvestur. Bárujárnsrusl er í dældinni og e.t.v. líklegast að þar hafi staðið lítill kofi sem þá er líklegast frá því um eða eftir miðja 20. öld.



*Flögubærinn 1916. Á myndinni má sjá timburhúsið frá 1911 (sjá 001) en einnig leifar af torfhúsum 033 til vinstri. Úr bók Daniels Bruuns Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár, bls. 519.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:034** *Haugatungur* heimild um þingstað 522393 352517

„Skamt frá Bænum Flögu er pláss eitt kallad Haugatúngur; þar eru Rústir margar, enn svo lágar og gamlar ad sjá, ad bágt er ad seigja hvad verid hefur. - Medal annars er þar ein stór Gÿrdíng, ei




*Uppmældar þústir í Haugatungu SF-187:034*

ólík því ad hafi getad verid Dómhríngur. - Ekki þikir mér ad öllu ólíklegt, ad hér hafi þad nafnfræga Skaptafells þíng verid. - Landnáma segir ad Hróar-Túngugodi, hafi búid hér í Asum, og Tungulönd hafi þá fjöl bÿgd verid, sÿnist því líklegt ad Þíng-Stadurinn hafi ei þadan langt í burtu verid [afmg.1: Um Haugatungur, sjá EÓlS, LnSk Rv, 1948, 175-6 og 197-8],“ segir í Frásögum af fornaldarleifum. „Vestur af Skrubbugili eru Haugatungur. Þar var þingstaður?,“ segir í örnefnaskrá. „Í Haugatungu hafa verið athugaðar tóttir, sem sumir hafa sett í samband við gamlan dómhring,“ segir í grein í Lögréttu frá 1930. Í umfjöllun eftir Jón Þorkelsson um bókina Upphaf allsherjarríkis á Íslandi og stjórnarskipunar þess eftir próf. Dr. Konrad Maurer segir: „Þótt þannig margar heimildir finnist fyrir nafninu Skaftafells þing; hygg eg þó, að þetta sé eigi hið rétta nafn, heldr Skaftárfells þing. Sú orðmynd finst i Járnsíðu (Hákonarbók), Þingfararbálki, 2. k. (Norges gamle Love, 1, 259,13 Járnsíða. Kh. 1847, 2u): Nú skal valldz maðr nefna .vi. menn ór Múla þingi, .vi. ór Skaptárfellz þinge. Svo sem kunnugt er, finst Járnsíða á hinni ágætu Staðarhóls bók, rituð með annari hendi eða öðrum höndum enn Grágás, að öllum líkindum á árunum 1273-80. Vitnisburðr Járnsíðu um nafh á þessu þingi er þvi hinn elzti, sem eg þekki, og töluvert eldri enn vitnisburðr hinna elztu handrita af Njáls sögu, er öll munu vera rituð eftir 1300. Það er til þingstaðarins kemr, þá er alls eigi vist, að hann hafi verið hjá bænum Skaftafelli í Bæjarhreppi, enda finnast þar nú engin merki til þingstaðar (Kalund. Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island, II 2gi); enn þar í mót finnast merki til margra búðartótta þar sem heita Haugatungur nálægt bænum Flögu í Leiðvallarhreppi (Kålund. II 323). Þar þykir mér líklegast að þingstaðrinn hafi verið. Mér þykir og líklegt, að nafnið á þinginu sé ritað rétt í Staðarhólsbók; enn Skaftárfell hafi síðan sökum ógreinilegs framburðar breytzt í Skaftafell (errinu var slept og á-hljóðið styttist í a-hljóð). Þótt eg hafi til nefnt þetta nafn sem efasamt, hefi eg engan veginn gert það til að finna að bókinni. Það var eðlilegt, að Maurer nefndi þingið með hinu venjulega nafni. Eg vildi að eins vekja athygli manna á nafni þingsins og þingstaðnum.

Síðari tíma rannsóknir munu leiða í ljós, hvað þingið hafi heitið, og hvar þingstaðrinn hafi verið.“ Á þessum stað eru ummerki sem minna í öllu á margar litlar rústir og eru um 70 slík mannvirki í Haugatungum og voru þau skráð 2018. Staðurinn er fast sunnan við Lambagljúfur á torfu sem þar er á milli gilja. Hann er um 1,8 km vestan við bæ 001 og tæpum 0,5 km suðaustan við Gildrustein 013. Kálfá rennur eftir Lambagljúfri og er á merkjum milli Flögu og Hemru.

Mosa- og grasivaxin torfa sem er fremur sléttlend vestast en hallar örlítið þegar austar dregur til austurs. Stór gil eru beggja vegna við hana, Lambagjúfur að norðan en ekki er ljóst



*Horft til austurs yfir Haugatungur SF-187:034 en "gerði X" er í forgrunni*

hvert nafn syðra gilsins er. Gildruklettur sem stendur hátt og er mjög áberandi sést frá Haugatungum ofan og vestan við Lambagljúfrið.

Á þessu svæði eru þústir sem mest líkjast afar signum tóftum. Þústirnar dreifast á svæði sem er um 500 x 260 m stórt og snýr austur-vestur. Samtals voru skráð 68 þústir á þessum stað, ýmist hringlaga eða aflangar. Sumar voru þústir þar sem engin merki um „innri brún veggja“ var merkjanleg en á öðrum mátti greina hana. Umfang þústanna var gríðarlegt. Áður hefur verið lagt til að staðurinn sé forn þingstaður og þótti við fyrstu sýn sem ummerkin gæti átt við mikinn fjölda þingbúða. Aftur var farið á staðinn vorið 2023 og þá teknir tveir skurðir í þústir og leiddi það í ljós að þrátt fyrir að útlit þústanna sé þess legt að eðlilegt sé að telja þær mannvirki þá virðist um sérstæða náttúruverkun að ræða og hafa þústirnar orðið til með allsérstæðu sambandi uppblásturs og áfoki á fyrstu öldum byggðar. Skráningin sem gerð var 2018 fylgir hins vegar með hér á eftir enda hefur staðurinn í gegnum aldirnar gjarnan verið álitin þingstaður eða manngerðir haugar og því mikilvægt að halda til haga lýsingu á staðnum og niðurstöðum rannsókna. Tvær

aðskildar þyrpingar eru í Haugatungum. Minni þyrpingin samanstendur af að minnsta kosti 16 þústum sem dreifast nokkuð óreglulega um svæði austan og suðaustan við meint gerði (X). Í stærri þyrpingunni eru 33 þústir sem mynda sex nokkuð reglulegar raðir suðvestan og sunnan við meint gerði (X) og hafa stefnuna norðvestur-suðaustur. Aðrar þústir (18 talsins) eru dreifðari og eru vestan, norðvestan og suðvestan við áðurnefndar þústir. Þústirnar eru nokkuð áþekkar og virðast einfaldar. Innanmál sést í sumum þeirra en algengara er að það sjáist ekki. Lægstu þústirnar eru 0,1 m á hæð og þær hæstu eru 0,4 m á hæð en algengast er að hæð þústa sé 0,2 m. Um helmingur þústanna er 3,4-7,5 x 3,4-7 m að stærð og um helmingur er 7,6-14 x 5,6-11,2 m að stærð. Auk áðurnefndra "mannvirkja" var skrá hryggur (meint garðlag) innan svæðis, allra nyrst sem í ljósi rannsókna má ætla að hafi orðið til með náttúrulegum hætti. "Gerði" X er norðaustarlega á minjasvæðinu, í aflíðandi halla til austurs. Ekki var að sjá að þústir væru norðan við hann. Um gríðarstórt, sporöskjulaga dæld er að ræða, það er 75 m langa og 50 m breiða og snýr hún norður-suður. Innanmál dældarinnar er nokkuð skýrt (72x28 m) en þó síst í norður- og suðurendum. Í norðausturhorni er rof og/eða niðurgrafin renna sem virðist hafa myndast við vatnsrennsli. Nokkuð miðsvæðis á austurhrygg er breiður flati og á honum er grunn lægð, 15,5 m löng og 2,5-3,2 m breið, breiðast í suðurenda þar sem hún sveigir lítillega til suðvesturs. Tvær stórar dældir eru einnig norðvestast á dældarveggjunum. Sú nyrðri er 10x8,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þess ber að geta að mörk til austurs eru ekki greinanleg. Syðri dældin er áþekk hinni, 10 m löng og 6,5 m breið. Hún snýr einnig norður-suður og mörk til austurs sjást ekki. Dældin í heild sinni stendur lítið upp úr umhverfinu og virðist nokkuð niðurgrafin. Mesta hæð er 0,5 m en ekki gott að átta sig á hæðinni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** FF, 97: Ö-Flaga, 3, Íslenskir þingstaðir að fornu og nýju: Lögrétta 25. árgangur 1930, 7; Bókafregn: Upphaf allsherjarríkis á Íslandi og stjórnarskipunar þess. (Dr. Konrad Maurer) Tímar. h. ísl. bókmenntafélags, 3. árg 1882, 129

**SF-187:035** *Hestaþingstaðir* heimild
„Hestaþingstaðir heitir pláss einhvers staðar í Skaptártungu, nærri Flögu," segir í Safni til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju. Ekki er nú örnefnið Hestaþingstaðir þekkt í landi Flögu en austan við bæinn er Flöguvöllur. Umhverfið austan við bæ tók miklum breytingum í Kötlugosi 1918. Slægjulönd jarðarinnar voru áður meðfram Flögulóni en gosið tók þau alveg af. Ekki var hægt að staðsetja umrætt örnefni.
**Heimildir:** Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II, 25

**SF-187:036** *Borgartorfa* tóft fjárskýli 524563 352458
„Uppi á brún upp af Stekkatúni er Stekkjatúnsske r. Þar austur af er Borgartorfa," segir í örnefnaskrá. Stök tóft er á þessum stað um 600 m norðan við bæ 001 um 60 m suðaustan við Kálfá. Hún er innan sumarbústaðalóðar sem er við Kálfá, um 7 m frá sjálfum bústaðnum. Samkvæmt Sigurgeir Gíslasyni heimildamanni „lagfærðu" sumarbústaðaeigendur borgina og hellulögðu botninn.

Borgin er innan sumarbústaðalóðar. Þar hefur landslagi nokkuð verið raskað og talsverður trjágróður er allt í kring.

Sú tóft sem er nú á þessum stað virðist að stærstum hluta vera endurgerð eða lagfæring á því sem þarna var fyrir en hugsanlegt er að ytra byrði sé minna raskað. Tóftin er 6-7 m í þvermál






*Fjárskýli SF-187:036, horft til NNV á ljósmynd*

og op er á henni til suðurs. Greinilegt er að tóftin hefur alveg verið „tekin í gegn“ að innan, líklega hefur verið mokað út úr eldri tóft og innra byrði því næst endurhlaðið úr grjóti. Tóftin er um 3 x 3 m að innanmáli. Botn tóftarinnar er nú hellulagður og er hann nokkuð niðurgrafinn. Hæð veggja að innanverðu er allt að 1 m en að utan eru veggir grónir og um 0,3 m hærri en umhverfið. Í dag er tóftin notuð sem skjól og þar eru t.d. geymdir sólstólar og fleira dót.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Flaga, 3

**SF-187:037** gerði kálgarður 524339 351667
Leifar af garðlögum eru í brekku norðaustan við bæjarlækinn og um 40 m norðvestan við bæ 001.
Í grasi gróinni brekku sem hallar til suðvesturs, svæðið er mjög skjólsælt. Á þessum stað eru a.m.k. tvö garðlög sem liggja þvert á brekkuna eða norður-suður í raun má segja að garðlag 033B






*Kálgarður SF-187:037, horft til norðurs á ljósmynd*

gæti tilheyrt þessu svæði. Það svæði þar sem líklegast má telja að kálgarðar hafi verið er samtals 40 x 18 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sjást eiginleg garðlög að norðan og sunnan en á báðum stöðum sjást greinilegar brúnir í brekkunni. Svo virðist sem nokkur garðlög hafi verið á þessum slóðum og má ætla að þarna hafi verið kálgarðar sem náð hafa alveg að 033. Norðvestasta garðlagið hefur greinilega verið hlaðið undir girðingu og ekki víst að það tengist meintum kálgörðum beint. Það garðlag snýr norður-suður og er 30 m á lengd um 1m á breidd og 0,4 m á hæð. Garðlögin eru fremur óveruleg, stungið hefur verið úr brekkunni og hlaðið garðlag.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:038** garðlag túngarður 524339 351667
Á túnakorti frá 1920 m á sjá að túngarður afmarkaði suðaustanvert túnið á Flögu sunnan við traðir 028. Er sá garður utan við eldri garð 031 sem er á bæjarteikningu danskra mælingamanna




*Túngarður SF-187:038 merktur inn á loftmynd. Lega túngarðsins var mæld með haldhægu GPS-tæki.*





*Túngarður SF-187:038. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til ANA á mynd til hægri*

frá 1904. Túngarðurinn hefur að mestu verið jafnaður við jörðu en sést þó á köflum við suðvestur- og norðausturmörk heimatúnsins. Einnig sjást útflattir hryggir á tveimur stöðum. Túngarðurinn er að mestu leyti á sléttum velli suðaustan við bæinn en suðaustast í túnunum liggur garðurinn upp í brekku þar sem ekki hefur verið endurræktað.

Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er 360x170 m stórt en leifar af honum sjást á svæði sem er 340x100 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er að sjá annað en að túngarðurinn

hafi verið torfhlaðinn að mestu leyti. Hver hluti garðsins fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu sem hefst suðvestast, á garðhluta A. Hann er í brekku suðvestast í túninu, að hluta innan núverandi túngirðingar og að hluta utan hennar. Garðhlutinn sést á 72 m löngum kafla og liggur til suðausturs frá klettum í brekkunni. Garðurinn er 0,6-1 m breiður, ytri brún hans sést varla en innri brún er 0,2-0,4 m há. Víða er komið rof í garðinn. Næsti garðhluti B sést 180 m norðaustar en þar sést útflattur hryggur í túni sem er 5 m á breidd og 60 m langur. Greinilegasti hluti túngarðins á þessum slóðum, C er norðaustast. Þar er gróinn torfgarður sem afmarkar svæði sem er 87,5x12 m stórt. Í innanverðu horni á garðinum er lítil hólf, 3 x 2 m að innanmáli og opið til norðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-187:039** dæld útihús 524348 351723

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakorti frá 1920 er sýnt stórt útihús ofarlega í túni, mitt á milli 008 og 029. Þar eru óræð ummerki um útihúsið í sléttuðu túni sem ekki er lengur slegið. Meintar minjar eru í aflíðandi halla til austurs neðan við tvo stalla í túninu, sjá 047. Ofar er brött brekka og klettar.



*Útihúsdæld SF-187:039, horft til ANA*

Brekkan sem útihúsið var í er lítillega kúpt og má greina mjög grunna og óljósa lægð þar sem ætla má að það hafi verið. Er hún um 3x2 m að innanmáli, snýr norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

**SF-187:040** tóft útihús 524562 352127

Tóft af litlu útihúsi er í brekkubrún ofan túna og um 360 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er á milli húsa 006 og 032 sem sýnd eru á túnakortum frá 1904 og 1920 en á hvorugu kortinu er sýnt hús á þessum stað. Það er rétt austan við gil sem gengur inn í brekkuna á þessum slóðum. Ekki er ljóst hvers vegna húsið er ekki sýnd á kortunum frá upphafi 20. aldar en hugsanlegt er að það hafi verið löngu fallið úr notkun þá. Tóftin er ofarlega í brattri og grasi gróinni brekku.






*Útihús SF-187:040, horft til austurs á ljósmynd*

Tóftin er 7 x 5,6 m að stærð en ofan við hana eru ummerki sem gætu bent til þess að þar hafi verið heystæði en sé það mælt með er svæðið 12 x 6 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Greinilegri hluti tóftarinnar er 2,5 x 1,5 m að innanmáli og ekki er greinlegt op á honum. Hæð veggja er mest 0,5 m. Tóftin er gróin og hvergi sjást grjóthleðslur. Hún er fagurgræn og byggð í nokkrum halla og inn í brekkuna að norðvestan. Sem fyrr segir virðist hafa verið stungið út úr brekkunni ofan tóftar og ekki er ólíklegt að þar hafi verið heytóft. Húsið hefur líklega verið útihús af einhverri gerð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:041** tóft útihús 524374 351838
Talsverður rústahóll eða tóft er í túni sunnan við Bæjarlækinn um 35 m suðvestan við bæ 001. Þegar bæjarteikning danskra mælingamanna frá 1904 og túnakort frá 1920 eru rétt upp og lögð ofan á loftmynd má sjá að tóftin lendir að hluta innan þess svæðis sem kálgarður og útihús 003 náðu yfir og ekki útilokað að hún tilheyri í raun þeirri minjaheild. Ungur reykkofi er byggður utan í norðaustanverða tóftina.






*Útihústóft SF-187:041, horft til veturs á ljósmynd – teikning til hægri er handteikning*

Minjarnar eru í gömlu túni norðvestan við fjárhús úr blönduðu efni. Há og brött brekka er upp af rústahól til VSV en efst í þeirri brekku er útihús 007.

Tóftin kann að vera á náttúrulegri hæð en hún er 2 m há og brött að NNV-verðu en meira aflíðandi halli er niður af henni til SSA. Tóftin er 22x20 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ef reykkofatóftin er talin með er heildarstærðin 27x20 m. Í aðaltóftinni (A) má greina þrjú grunn hólf. Stærsta hólfið er suðaustast í tóftinni, ílangt og nokkuð ferkantað. Það er 9x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Upp af suðvesturhluta þess er nokkuð skýrt hólf sem er 5x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það virðist að mestu niðurgrafið og op er inn í það í suðausturenda. Lítið hólf er upp af norðausturenda stærsta hólfsins og er það um 2x2 m að innanmáli. Hólfið er grunnt og ekki sést veggur á suðvesturhlið þess. Nákvæmt hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að hún sé af útihúsi. Tóft af reykkofa (B) sem var byggður utan í norðaustanverða tóftina er 5x4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni á suðausturgafli en hrunið hefur ofan í það. Suðvesturhlið reykkofatóftar er grafin inn í útihústóftina en torf- og grjóthlaðinn veggur er á norðausturhlið. Ekki sést fjöldi umfara en veggurinn er 0,4-0,5 m á hæð. Rof er í honum og hrunið hefur úr honum til norðausturs. Blikk úr þaki er ofan í kofatóftinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:042** tóft útihús 524594 352155
Tóft af litlu útihúsi er í brekkubrún ofan túna og um 340 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er hvorki sýnd eru á túnakortum frá 1904 og 1920 og er hugsanlegt er að húsið hafi verið löngu fallið úr notkun þá. Á þessum stað eru raunar tvær tóftir og aðeins um 2 m á milli, sjá einnig 044.






*Útihús SF-187:042, horft til SSA á ljósmynd*

Tóftin er á stalli í brekkunni en neðar tekur við brött brekka að túni. Sjálf tóftin er í nokkrum halla. Tóftin er 5 x 3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Svo virðist sem op hafi verið bæði á suðausturgafli og norðarlega á vesturhlið. Um miðbik tóftarinnar er eins og vegghleðslur dragist saman og þannig sé henni skipt í tvö hólf en hún virðist eiginlega of lítil til að slík skipting gæti gengið upp með góðu móti og tóftin er raunar öll lítil og fíngerð. Tóftin er algróin og 0,2 m á hæð. Líklegast er tóftin af e.k. útihúskofa.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:043** mannvirki heimarafstöð 524374 351838

Heimarafstöð var á Flögu og var hún gerð 1929 í gili við Kálfá ofan Borgartorfu 036. Mannvirkin eru beggja vegna Kálfár og því að hluta í landi Hemru en eru hér skráð saman undir einu númeri í Flögulandi. Rafstöðin var um 360 m norðan við bæ 001 í Flögu í beinni loftlínu.





*Rafstöð SF-187:043. Á mynd til vinstri er horft til norðurs, á rafstöðvarhúsið A, en á mynd til hægri er horft til SA á stíflu B*

Sumarbústaður er nú til móts við rafstöðina (A) í litlum hvammi. Ofar tekur við nokkuð þröngt gil markað af klettum og þar er sjálf stíflan og stórt hjól sem hleypti af vatni (B).




*Rafstöðvarmannvirki SF-187:043*

Rafstöðvarmannvirkin eru á svæði sem er um 45 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur og eru mannvirkin sem fyrr segir bæði sunnan og norðan Kálfár. Neðar eða austar eru leifar af sjálfu rafstöðvarhúsinu, A. Það hefur verið steinsteypt og stendur norður- og austurveggur best í 1,6 m hæð. Greinileg för eftir bárujárn eru í steinsteypunni. Húsið er um 4,5 x 3,8 m að stærð.

Engin merki sjást um þak lengur en leifar af vélabúnaði sjást innan húss og utan. Stífla B er í Kálfánni þar sem árgljúfrið opnast til austurs. Þar er gilið mjög þröngt og í því er gríðarstórt bjarg sem fyllir nánast upp í gilið en áin rennur undir það. Mannvirki tengd stíflunni (B) eru á svæði sem er um 10x10 m stórt. Fyrst er að nefna stífluna sjálfa en hún er steypt neðan á bjargið sem fyllir nánast gilið. Þar er farvegurinn (gljúfrið) um 5 m breiður. Stíflan virðist vera um 2 m há. Næst suðurbakkanum er op á stíflunni en lok var á því sem hægt var að opna og loka með hjóli uppi á bjarginu. Hjólið er í viðarstokki sem er um 1 m á kant og standa tveir járnstaurar upp úr honum. Um 8 m eru frá hjóli niður að stíflu og frá neðri brún stíflu eru um 2 m niður í vatnsyfirborð í ánni. Sunnan við stokkinn með hjólinu er steyptur veggur sem fyllir upp í skarð á milli suðurbakka árinnar og bjargsins í farveginum. Á norðurbakka árinnar, austan við bjargið í farveginum eru undirstöður mannvirkis sem var steypt og hlaðið. Er innanmál þess 5x2 m og snýr það austur-vestur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það hefur gegnt.

**SF-187:044** tóft útihús 524600 352154

Tóft af litlu útihúsi er í brekkubrún ofan túna og um 340 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er hvorki sýnd eru á túnakortum frá 1904 og 1920 og er hugsanlegt er að húsið hafi verið löngu fallið úr notkun þá. Á þessum stað eru raunar tvær tóftir og aðeins um 2 m á milli, sjá einnig 042.






*Útihús SF-187:044, horft til suðurs á ljósmynd*

Tóftin er á stalli í brekkunni en neðar tekur við brött brekka að túni. Sjálf tóftin er í nokkrum halla. Tóft 044 er sú norðaustari af tóftunum tveimur sem þarna eru í brekkubrúninni. Hún er 4,5 x 3,7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á suðausturgafli. Tóftin er einföld og algróin. Veggir eru um 0,2 m á hæð. Hún er í nokkrum halla til suðausturs. Líklega hefur hún verið útihús af einhverri gerð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-187:045** tóft hlutverk óþekkt 524300 350919

Tóft er 6-8 m sunnan við Brunná og um 275 m vestan við sumarbústað sem stendur við Brunnána.

Tóftin er á flata í gili við Brunná og talsverðir klettar eru beggja vegna gilsins. Tóftin er á grasi grónum flata við ána en umhverfis vex nokkuð kjarr.






*Útihús SF-187:045, horft til norðausturs á ljósmynd*

Tóftin er einföld og 7 x 4 m stór. Hún snýr austur-vestur og op er á suðurvegg hennar vestast. Veggir eru 1,2-1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð. Innanmál tóftar er 1-1,2 x 5 m. Hún er gróinn en grjóthleðslur sjást þó víða í veggjum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en hún gæti hafa verið einhvers konar fjárhús.

**Hættumat:** engin hætta

**SF-187:046** kantur hlutverk óþekkt 524315 351762

Afgerandi kantur er í vesturjaðri gamla heimatúnsins um 60 m sunnan við útihús 007 og 140 m suðvestan við bæ 001.

Túnið er í nokkrum halla til austurs undir hárri og brattri brekku. Grjót hefur hrunið úr henni á túnið. Vesturhluti gamla heimatúnsins er komið í órækt og er nokkuð mishæðótt.



*Kantur SF-187:046, horft til SSV*

Kanturinn er 24 m langur og liggur norður-suður en sveigir lítillega til austurs, undan halla. Kanturinn er að nokkru leyti torfhlaðinn en einnig er grjót í honum. Það gæti þó verið hrun úr brekkunni fyrir ofan. Allstór steinn er hér austan við og neðar í brekkunni. Kanturinn er hæstur nærri norðurenda og er þar 0,5 m hár. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann hefur gegnt en líklegt er að hann tengist afmörkun túnsins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

# SF-188 Hrífunes (Hrísnes)




*Túnakort frá 1920 fyrir Hrífunes. Minjar í Hrífunesi voru skráðar með einföldu GPS-tæki og eru hvítu línurnar ystu mörk þeirra minja sem skráðar voru. Leiðir eru sýndar með rauðri brotalínu.*

Jörðin er einnig nefnd Hrísnes, sbr. JJ, 12.1686: 28 hdr. 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.
1340: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1340 (DI II, 739), Vilchinsbók 1396 (DI IV, 237), og Þykkvabæjarklausturs máldaga 1523 (DI IX, 189).
1367: Bænhús var á jörðinni. Þess er fyrst getið árið 1367 í Hítardalsbók (DI III, 235), og kemur seinast fyrir í sögulegum heimildum 1598 ( AM 263 fol., 93).1695/1697: 12 hdr., Þykkvabæjarklausturseign [SF-194], skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.




*Bæjarteikning Dana frá 1904. Öll mannvirki sem sýnd eru á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð, sjá minjakort aftast í skýrslu. Kortið er fengið af vef LMÍ*

1756: Samkvæmt Ferðabók Eggerts og Bjarna (II. bindi útg. 1943, bls. 112) voru allir bæir í Skaftártungu vestan Kúðafljóts í eyði 1756 nema Ljótarstaðir, ári eftir Kötlugosið, þ.m.t. Hrífunes.
1847: 12 hdr., Þykkvabæjarklausturseign, skv. Jarðatali Johnsen, 12. 1769 er landskuld sett 1 h. en í JJ er landskuld 12 hdr. 1861: 12 hdr. (forn), 16.9 hdr. (ný), skv. Nýrri jarðabók fyrir Ísland, 8.
Jarðaítök: „Ketilstaðarjarðir voru eign klaustursins í Þykkvabæ og voru taldar eiga eldiviðarítak í landi Hrífuness í Skaftártungu,“ segir í Sunnlenskum byggðum VI, 576.
1920 er túnið 3,8 ha. Matjurtagarðar 1155 m2. (Túnakort frá 1920).



*Yfirlitsmynd af gömlu túnunum í Hrífunesi, horft til vesturs. Bærinn var á bæjarhólnum sem sést lengst til vinstri á nesinu þar sem tveir ljósari blettir eru í túninu en yngstu íbúðarhúsin á þessum stað (sem stóðu 1904) voru þó ofar, til hægri við bílsóðan sem sést í túninu. Mynd: Minjastofnun Íslands*

„[...] einkar góð sauðjörð, hrosshagalítil á vetrum, skógarjörð besta, en heyskaparlaus nema að túnum, sem þó brjótast upp af áðurnefndri á [Hólsá],“ segir í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellsýslu, 204. „Jörðin er landstór og landið að meiri hluta kjarri vaxið. [...] Sagnir eru um það að Hrífunes muni hafa verið með stærstu skógarjörðum Íslands. Jörðin var talin góð bújörð, sérstaklega fyrir góða vetrarbeit fyrir sauðfé á meðan hún var notuð. Kötluhlaupið 1918 tók af allar útengjar Hrífuness,“ segir í Sunnlenskum byggðum VI, 265. Hafa klaustrin haft frítt skógarhögg í Hrífunesskógi JÁM XIII, 477.

**SF-188:001** *Hrífunes* bæjarhóll bústaður 524863 348307

„Gamla túnið í Hrífunesi var í svonefndum Bæjardal, sem liggur á móti suðri og nær neðan frá Hólmsá og nálega upp undir veg. Áin hefur brotið af því, svo að þurft hefur að flytja bæinn ofar. Það var gert 1938. Gamli bærinn, sem byggður var 1904, stendur enn,“ segir í örnefnaskrá en





*Bæjarhóll Hrífuness SF-188: 001. Mynd til vinstri sýnir yngstu íbúðarhúsin sem síðar voru rifin. Hún er tekin 1981 af Þór Magnússyni (Sarpur, Skg-5237) mynd til hægri var tekin í skráningu. Á báðum myndum er horft til austurs.*

umrætt hús hefur síðar vikið. Í sömu lýsingu segir: „Eldhúskinn heitir austan við gamla bæinn," og einnig: „Áður stóð hann [bærinn] enn nær ánni [en 004]. Komið hafa fram bæði manna- og skepnubein [sjá kuml 029], þar sem áin hefur brotið land." Elsta þekkta bæjarstæði í Hrífunesi, „gamla bærinn" í Hrífunesi er neðst í gamla túninu í s.k. Bæjardal, á norðurbakka Hólmsár. Gamli bærinn er um 530 m SSA frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og er austast bæjarhúsanna í Hrífunesi. Elsta bæjarstæðið, það sem hér er skráð, var alveg fram á brún Hólmsár og er til teikning að túninu frá 1904 þar sem elsta bæjarstæðið er teiknað inn. Sama ár (1904) var það flutt aðeins ofar í túnið (sjá 004). Íbúðarhúsið sem byggt var 1904 og sagt er frá í örnefnalýsingu er nú horfið. Greinilegur bæjarhóll er þar sem bærinn stóð upphaflega.

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er í mikilli hættu vegna ágangs Hólmsár sem brýtur af suðurhlið hans. Bæjarhóllinn er mjög stór eða samtals um 80 x 40 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þar sem mest er nær bæjarhóllinn 2,5 m hæð en víðast um 0,8 m. Norðan við bæjarhólinn er dæld eða lág og þar norðan við er bæjarstæði þess bæjar sem stóð á þessum slóðum um 1904 en þangað var bærinn fluttur til að forða honum frá ánni og því stóð hann áður sunnar, á sjálfum bæjarhólnum. Ekki er vitað nákvæmlega hvar á bæjarhólnum gamli bærinn var. Þrátt fyrir að búið sé að slétta yfir bæjarhólinn eru víða dældir og hæðir í honum, þótt ekki sé hægt að greina nákvæma lögun einstakra bygginga, a.m.k. ekki í þeirri sinu sem var yfir svæðinu þegar það var skráð í septembermánuði. Staðsetningarhnit var tekið örlítið austan við miðjan hól þar sem nokkuð greinilegar dældir eru í honum. Hólmsá hefur smátt og smátt verið að éta úr bakkanum og er einsýnt að þær fornleifar sem í bæjarhólnum kunna að leynast eru í talsverðri hættu af þeim sökum. Þegar svæðið var skráð í september 2017 hafði Hólmsá nýlega nartað í hólinn og mátti sjá ummerki eftir öskuhaug, leirkersbrot, járn og dýrabein í sárinu sem virtust merki um yngstu lög búsetu á svæðinu en Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands hafði þá skoðað sárið einhverju fyrr. Samkvæmt bæjarteikningu frá 1904 var bærinn þá löng röð af húsum sem sneri ANA-VSV og var austasta húsið mögulega stakstætt. Að húsabaki virðist hafa verið garðlag en fyrir framan bæinn, til suðurs að Hólmsá, stór og mikill kálgarður. Sem fyrr segir sjást nú lítil yfirborðsummerki þótt sjálfur bæjarhóllinn feli án efa í sér mikla sögu undir sverði. Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands kom í Hrífunes í ágúst 2017 og kannaði þá rof neðan við bæjarhólinn. Þar fundust leifar af grjóthleðslu, móaska og fleira nokkru ofan við gjóskulag úr Eldgjá 939. Ekki var fleira gert að sinni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904, Ö-Hrífunes, 1, Uggi Ævarsson munnleg frásögn 09.03.2018

**SF-188:002** heimild um bænhús 524890 348304

Bænhús var á fyrri öldum í Hrífunesi. [1367]: cxcii. „Bænhusinu j hrijfunese fylgia xij ær" Hítardalsbók DI III 235, 1397: „aa xij ær" Máld DI IV 237 og 1598: Bænhús; AM 263 fol. bl. 93. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar bænhúsið í Hrífunesi stóð en líklega var það á bæjarhólnum 001.

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum.

Bænhúsið var gróflega staðsett, á austanverðum bæjarhólnum en sem fyrr segir er nákvæm staðsetning ekki þekkt og heldur ekki frásagnir um mannabeinafundi eða annað það sem gæti gefið vísbendingar um staðsetningu hússins.
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Hítardalsbók DI III 235, Máld DI IV 237, AM 263 fol. bl. 93

**SF-188:003** heimild um kálgarð 524762 348354
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1920 um 110 m norðvestan við bæ 001 og 10 m vestan við traðir 050. Kálgarðurinn var í slakka í suðvestanverðum bakka Bæjargils. Smáþýft, grösugt og sléttað tún er þar sem kálgarðurinn var. Túnið er ekki lengur heyjað.

Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til norðausturs. Engin ummerki sjást um kálgarðinn eða hlaðið gerði umhverfis hann.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-188:004** heimild um bústað 524839 348344
„Gamli bærinn, sem byggður var 1904, stendur enn [1985 þegar Sunnlenskar byggðir eru ritaðar]. Áður stóð hann enn nær ánni [sjá 001],“ segir í örnefnaskrá. Takmörkuð verksummerki sjást nú um það bæjarstæði sem byggt var upp í Hrífunesi árið 1904 enda var aðeins búið þar á tímabilinu 1904-1938 þegar nýtt íbúðarhús var byggt talsvert ofar og við þjóðveg. Bærinn frá 1904 hefur þó verið þar sem hæð er ofan (norðan) við bæjarhól 001. Húsið frá 1904 má staðsetja út frá ljósmyndum og túnakorti sem gert var af jörðinni árið 1920 en öllum ummerkjum um það hefur verið rutt út. Grasi gróin hæð neðarlega í gamla túninu í Hrífunesi.

 

*Yngsta íbúðarhúsið niður á bakka Eldvatnsins. Báðar myndir eru úr Sarpi. Mynd til vinstri er tekin 1981 af Þór Magnússyni (Sapur, Skg-5237) en mynd til hægri af Kristjáni Eldjárn (A-KE-17) tekin á árabilinu 1978-1981.*

Íbúðarhúsið frá 1904 var steinsteypt. Af ljósmyndum (sem m.a. er að finna í Sarpi, menningarsögulegum gagnagrunni) að dæma virðist það hafa verið hæð og lágt ris með kvisti á suðurhlið og skúrbyggingu að norðan (norðaustan). Svo virðist sem lítið hús hafi staðið fram eftir öldinni að húsabaki. Ekki eru greinileg ummerki um húsið enda hefur ummerkjum um það verið rutt út. Af gróðurfari að dæma gæti það hafa staðið vestarlega á svæðinu en þar eru óljós ummerki í gróðurfari á svæði sem er 26 x 14 m stórt og snýr ANA-VSV.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Hrífunes, 1 og 6 Túnakort 1920,
http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=684773

**SF-188:005** þúst útihús 524900 348476

Stallur eða þúst er í stakstæðu túni í Smærnaenni þar sem túnakort frá 1920 og Bæjarteikning Dana frá 1904 sýna útihús. Minjarnar eru norðaustast í túninu, um 165 m norðan við bæ 001 og 60 m norðaustan við þúst 055.

Túnið er lítið og í talsverðum halla til suðurs. Hátt og bratt er fram af jöðrum þess niður í Bæjargil en aflíðandi halli er suðaustast í því þar sem stuttur og mjór tangi gengur lengst til suðurs. Túnið er nokkuð slétt og grasi gróið. Bæjargilið er breitt og djúpt á milli bæjar og túns í






*Útihúsþúst SF-188:005, horft til austurs*

Smærnaenni.

Þar sem útihúsið var má greina innanmál mannvirkis sem er um 6x8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það hefur verið grafið lítillega inn í brekkuna til NNV og hlaðið undir það að SSA-verðu. Þar er greinileg brún sem er um 1 m á hæð. Mannvirkið er í heild um 10x10 m að stærð. Ætla má að úthúsið hafi verið rifið og jafnað um leifarnar af því að mestu leyti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

**SF-188:006** heimild um útihús 524705 348274

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 160 m vestan við bæ 001. Þar er nokkuð afgerandi hæð í túninu á milli kálgarðs 046 og útihúss 007. Meintar traðir 044 liggja yfir sunnanverða hæðina að bæjarstæði 004. Fremur flatlent, sléttað tún er þar sem útihúsið var. Þessi flatlendi hluti túnsins hefur verið plægður fyrir fáum árum. Kafgras vex á honum.

Útihúsið hefur verið sléttað í tún en leifar af því eru að öllum líkindum enn undir sverði þar sem hæð er í túninu. Hún er um 16x12 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hæðin er ekki skýrt afmörkuð á vesturhlið þar sem hún hefur samlagast halla í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904

**SF-188:007** þúst útihús 524758 348296

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920, 70-80 m vestan við mitt bæjarstæði 004 á túnakort frá 1920. Húsið virðist einnig merkt inn á bæjarteikningu frá 1907. Óljós þúst sést á þessum slóðum ríflega 80 m vestan við bæ 004.



*Útihúsþúst SF-188:007, horft til norðvesturs*

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum. Hæð er í sinuvöxnum túnunum um það bil sem ætla má að útihúsin hafi staðið.

Á þessum stað er hæð í túninu. Hún er 15 x 10 m stór og snýr norður-suður þótt syðsti hluti hennar (10 x 10 m) séu skýrastir. Hæðin er um 0,3 m hærri en umhverfið og gætu mannvistarleifar leynst undir sverði í henni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920 og Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:008** þúst hlutverk óþekkt 524679 348650

Í miðri brekku sunnan við Lambhúshól virðist vera útflatt mannvirki, mögulega útihús, um 390 m norðvestan við bæ 001 og 50 m VNV við götur á leið 661:032. Ummerkin eru ógreinileg og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sá að ræða svo sem jarðsig. Fjöldi fjárgatna liggur um brekkuna og yfir meintar minjar.



*Þúst SF-188:008, horft til norðvesturs*

Brekkan sem minjarnar eru í eru í talsverðum halla til suðurs, í smáþýfðu túni sem ekki er lengur slegið.

Þústin er um 18x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Grunn lægð er í hana miðja sem

gefur til kynna innanmál og lágur kantur er neðan við hana sem er 0,3 m á hæð. Mannvirkið virðist hafa verið grafið inn í brekkuna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:009** tóft fjárskýli 524602 349691
„Norður af Borgargili neðst er Þrætutunga...Gilið, sem er í áframhaldi af Borgargili og liggur milli stóra Hrísdals og Þrætutungu, mun hafa verið kallað Þrætutungugil. [Þrætutungugil og Borgargil liggja samsíða á um 300 m löngum kafla til austurs frá þjóðveginum en sameinast þá, skammt fyrir vestan tjaldstæðið í Borgargili]...Norðaustur af Stórutorfu, upp af Þrætutungu, er Smalahnúksskker, lítið gróið. Þar eru rústir eftir fjárhús, sem húsmaður í Hrífunesi átti. Smalahnúkur er klettahaus austur af Smalahnúksskeri og upp af Fremri-Áshól. Til að sjá er Smalahnúkur líkur hússtafni," segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin/fjárskýlið eru í aflíðandi brekku, um 50 m vestan við þjóðveg, nánast beint upp af vestari enda Þrætutungugils. Tóftin er um 140 m suðvestur frá Smalahnúk og um 1 km norður frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og er austast






*Tóft af fjárskýli SF-188:009, horft til suðausturs á ljósmynd. Til hægri er handteikning af fjárskýlinu*

bæjarhúsa í Hrífunesi. Í kjarri vaxinni brekku.

Tóftin sem er einföld er um 6 x 5 m að stærð, og snýr suðaustur-norðvestur með dyr á suðausturvegg. Tóftin er grjóthlaðin og er hleðsluhæð mest um 1 m. Veggirnir eru bogadregnir svo tóftin er næstum hringlaga. Hleðslurnar eru grónar kjarri mosa og lyngi.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 2

**SF-188:010** *Kötlugilsból* hleðsla fjárskýli 523708 348208
„Suður af Silungagili er Staðarmannatorfa, sem í daglegu tali var nefnd Staðmannatorfa. Syðst í henni er Staðmannatorfuhaus, sem ber þar hæst. Sunnan við hana er gil, og þar sunnan við er Bóltorfa. Niður af henni er Kötlugilsból, hellisskúti, sem reft var yfir, um það bil á móts við, þar sem Krákugil kemur í Kötlugil. Þetta var fjárból, sem nú er hrunið, en sjá má, hvar það var," segir í örnefnaskrá. Skútinn er fast norðvestan við gamlan akveg sem liggur úr norðaustri ofaní Kráku- og Kötlugil þar sem þau koma saman. Skútinn er í Kötlugili, á vesturbakka Kötlugilsgilslækjar. Gömul timburbrú er þar en örskammt norðvestan við hana er bólið. Gróin lægð á á mótum tveggja gilja. Lækur rennur úr Kötlugili úr norðnorðvestri. Krákugil liggur úr austnorðaustri. Saman liggja svo gilin til suðvesturs og svo suðurs.

Klettur gengur fram, til norðausturs, út úr hól. Undir klettinum er grunnur og lágur skúti, 4 m djúpur þar sem hann er dýpstur og 2 m hár fremst en snarlækkar inn. Breiddin er um 7 m norður-suður. Við norðurmörk klettsins hefur verið hlaðinn veggstubbur úr torfi og grjóti, 3 m langur austur-vestur. Veggurinn er hlaðinn inn í landið. Ekki er að sjá hleðslur að sunnan en






*Fjárskýli SF-188:010, horft til norðvesturs á ljósmynd. Til hægri er handteikning af svæðinu*

þar liggur gamli vegurinn sem líklega hefur raskað bólinu.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 3

**SF-188:011** tóft hlutverk óþekkt 524237 348402
Við skráningu 2003 voru skráð óljós ummerki til móts við hlöðu frá Hrífunesi og um 350 m suðvestan við eldra bæjarhúsið á Hrífunesi sem byggt var 1938. Þústin var um 20 m NNV við sambyggða hlöðu og fjárhús (steypt) eru tóftarbrot, fast norðan malarvegar sem liggur frá þjóðvegi og heim að Hrífunesi. Malarvegurinn var áður þjóðvegur 1 en er það ekki lengur. Sléttað svæði er hallar frá vegi (áður þjóðvegi 1) til vesturs.

Ekki sáust greinileg ummerki við skráningu 2017 og ekki víst að ummerkin sem skráð voru á sínum tíma hafi í raun verið forn mannvistarlög. Í skráningu frá 2003 segir: „Ógreinilegt mannvirki. Suðausturveggur er greinilegastur. Hann er 5 m langur en 0,4 m hár. Suðvesturveggur er greinilegur um 4 m en umbreytist þar eftir, til norðurs, í garð sem hefur að öllum líkindum






*Tóft SF-188:011, horft til norðausturs á ljósmynd. Til hægri er handteikning af sama svæði*

verið undir girðingu. Innra byrði norðausturveggjar er greinilegt er ytra birgðið deyr út í landið sem hækkar allt örlítið. Ekkert grjót er sjáanlegt í tóftinni. Op er í suðurhorni; suðaustast í suðvesturvegg þar sem kindastígur liggur um tóftina.“
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 4, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. 2003, 9

**SF-188:012** *Borgartorfa* heimild hlutverk óþekkt 521276 349402
„Sunnan við skerhrygginn eru Fauskalækjarbotnar þar sem Fauskalækur á upptök sín. Norðan við Gluggasteinsgil er Borgartorfa niður að Hrútá. Þar voru tvær hringlaga hleðslur, aðallega úr hnausum eða torfi. Hin efri er að mestu upp blásin,“ segir í örnefnalýsingu. Borgartorfa var fyrst skráð 2004 en þá rataðist skrásetjara ekki á réttan stað og hún var því skráð aftur 2017. Talsvert rof hefur nú étið sig í gegnum stórann hluta Borgartorfu. Borgin hefur verið um 3,74 km vestan við bæ 001. Borgartorfa er að hluta til blásin en þar sem gróður er óraskaður er torfan vaxin birki og kjarri. Bílslóði liggur í gegnum rofið.

Engar greinilegar leifar sjást á þessu svæði og eru þær án efa horfnar í rof. Suðvestarlega á svæðinu má sjá hvar land hækkar og áður hefur verið hæð, sem nú er að mestu blásin. Í hæðinni vestanverðri er hryggur um 10 m langur og snýr norður-suður. Líklega eru þetta bara uppgróin rofbrún en ekki mannvistarleifar og ekki fundust önnur ummerki á svæðinu þannig að greinilegt virðist að borgirnar séu horfnar í uppblástur.
**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 4

**SF-188:013** *Borgargil* tóft hlutverk óþekkt 524948 349558
„Austan og norðan við gamla bæinn [001] er Bæjargil. Austan við það er talsverð hæð sem heitir Nes. Þar eru nokkur örnefni. Næst Bæjargili er hæðartangi, sem gengur út að Hólmsá og heitir Litlanes. Norðvestan við það er gil, sem heitir Kusugróf. Hún liggur út að Bæjargili. Norður með henni er Langarof, sem er nokkuð stór torfa. Meðfram því að vestan var rofbakki, sem nú er að mestu upp gróinn. Norðaustan við Litlanesið er gil, sem liggur til suðausturs og heitir Hamragil...Þá er Miðtorfugil og þar næst Miðtorfa. Í framhaldi af Hamragili, vestur af Miðtorfu, eru moldarrof, sem heita Sjónarhólsrof. Í norðvestur af þeim er hóll með tveimur smáþúfum á. Hann heitir Sjónarhóll...Norðaustan við Miðtorfu er Setagil og þar næst Setatorfa, nokkuð stór






*Tóft SF-188:013, horft til austurs, til hægri er handteikning af tóftinni*

torfa...Ofan við Miðtorfu og Setatorfu er svæði sem heitir Seti. Milli Setans og Sjónarhóls er lág, sem heitir Helgalág... Hún gengur upp úr Borgargili, sem er norðaustur af Setalág og norður af Seta. Þangað nær Nesið. Eftir gilinu fellur smálækur sem nefnist Borgargilslækur. Norður af Borgargili neðst er Þrætutunga...Gilið, sem er í áframhaldi af Borgargili og liggur milli stóra Hrísdals og Þrætutungu, mun hafa verið kallað Þrætutungugil [Þrætutungugil og Borgargil liggja samsíða á um 300 m löngum kafla til austurs frá þjóðveginum en sameinast þá, skammt fyrir vestan tjaldstæðið í Borgargili]," segir í örnefnaskrá. Þrætutungugil sameinast Borgargili að norðanverðu skammt vestur af tjaldstæði sem þar er. Þar við er dálítil torfa og á henni er myndarleg tóft sem er um 1 km norðaustan við íbúðarhúsið sem byggt var árið 1938. Tóftin er á dálítilli torfu í lækjargili sem er vaxið birkikjarri.

Tóftin var skráð 2004 en í skráningu segir: „Tóftin sem er tvískipt er um 11x13 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Norðausturhólf tóftarinnar er um 11x8 m að utanmáli og liggur það því sem næst ASA-VNV. Á því er ekki að sjá op. Suðvesturhólfið er um 5x4 m að utanmáli og opið í suðvesturenda. Tóftin er öll vaxin þéttu birki og því er erfitt að koma auga á hana úr fjarlægð en þó verður hún nokkuð greinileg þegar uppá torfuna er komið. Einnig er erfitt að segja til um það úr hvaða byggingarefni (torf eða grjót) þetta mannvirki er þar sem alveg er gróið yfir hleðslur. Ekki fundust aðrar fornleifar í Borgargili en mögulegt er að tóftin sé leifar borgar þeirrar sem gilið heitir eftir."

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 1-2

**SF-188:014** *Hrossafosshellir* náttúrumin fjárskýli 522017 347489

„Nokkru sunnar en Hvítholtin fellur Hrútá í Hólmsá. Rétt austan við ármótin er foss í Hólmsá, nefndur Hrossafoss. Við hann er hellir, sem heitir Hrossafosshellir. Hann var lengi notaður fyrir fjárskýli," segir í örnefnaskrá. Hrossafosshellir er skammt vestan við Hrossafoss í mynni dalverpis þar sem Hrútá rennur í Hólmsá. Hellirinn er tæpa 3 km vestur frá bæ 001. Hellirinn er neðst í hvammi sem er vaxinn birki, við Hrútá.





*Hraunfosshellir SF-188:014. Á báðum myndum er horft til ANA*

Hellirinn er í klöpp sem í raun skagar út í Hólmsá en tveir skútar eru í klöppinni en Hólmsáin rennur inn í þann vestari. Sá austari er þurr og sjálfsagt allt að 5 m hár þar sem mest er og á.a.g. 3-5 m djúpur. Engar greinilegar hleðslur sjást á þessu svæði nú. Áin flæðir vafalítið inn í austari hellinn stundum.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 5

**SF-188:015** tóft beitarhús 522348 347681

„Austan við Hesthól er smágil, nafnlaust, og nokkru austar er Skallagil grunnt gil. Jóhann Pálsson heldur, að nafnið sé til komið af því, að þar hafi sauðum verið gefið á skalla. Í gilinu er mjög veðursælt. Beitarhús var skammt frá því. Þar er nú mikið upp blásið," segir í örnefnaskrá. Fast sunnan við Hrafnshól, sem er sunnan við Hrafnshólssker, eru beitarhús í hlíðarrótum hólsins, u.þ.b. 2,5 km vestsuðvestur af gamla Hrífunesbænum 004. Mjög þétt kjarr og hrís. Breið brekka sem vísar mót suðri. Sér vel yfir Hólmsána í suðri og flatlendið þar suður af.






*Beitarhús SF-188:015. Á ljósmynd er horft til norðurs, til hægri er handteikning af beitarhúsunum*

Tóftin er vel varðveitt og falleg. Um er að ræða garðahús með heygryfju (hlöðu) við norðurenda. Tóftin er 15 x 6 m stór og snýr norður-suður. Fjárhúsið er hlaðið úr grjóti - stóru grjóti og köntuðu. Veggir að jafnaði um 1,1 m á hæð og 0,7 m þykkir. Hlaðið er yfir dyrnar á suðurgafli og er sú hleðsla hærri en hinar. Garði er fyrir miðju, 0,3 m hár og algróinn grasi og mosa. Veggur milli fjárhúss og hlöðu er ekki til staðið nema stubbar sitt hvoru megin (en hugsanlega hefur þar verið timburþil). Hlaða er heldur dýpri en fjárhús og eru grjótveggir hennar töluvert hrundir. Hlaðan er byggð inn í hlíð hólsins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 6

**SF-188:016** heimild um rétt 524750 348327

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er teiknuð stakstæð rétt í túni um 100 m norðvestan við bæ 001 og 30 m norðan við útihús 007. Sléttað og nokkuð flatlent tún er þar sem réttin var. Þessi flatlendi hluti túnsins hefur verið plægður fyrir fáum árum. Kafgras var á því þegar skráningarmenn voru á vettvangi en túnið virðist ekki lengur slegið.

Búið er að slétta yfir réttina en greinanlega er minni grasvöxtur í túninu þar sem hún var og þar er ekki jafnmikið af punti og annarsstaðar. Er það vísbending um að grjót eða annað byggingarefni sé undir sverði. Á þessum stað er örlítil hólmyndun eða náttúruleg brún í túninu sem hallar niður af til norðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:017** *Háatorfa* heimild um kolagröf 523180 349622

Í ritgerðinni „Úr sögu skóganna" er að finna úttekt á kolagerð í Hrífuneslandi 1817. Þar segir um Háutorfu: „Háatorfa áföst til vesturs undan Stórapotti, liggur á mót landsuðri [...]. Hennar vesturpartur líka skógi vaxinn, mikið meiri að víðáttu. Þar hefur skógur á undanfarandi árum töluvert unninn verið, þó ekki óreglulega að öðru leyti en því, að þar er lim yngra og eldra, stórar og ókvistaðar hríslur, ósamanborið með óbyrgðum gröfum. Það sem eptir stendur, er meira part nýgræða. Má missa árlega á 6 hesta." Háatorfa er um 2 km norðvestan við bæ 001, ofan/norðan við Sighvatstorfu þar sem einnig eru heimildir um kolagrafir, sjá 025. Efst í Háutorfu er stakt sumarhús. Liggur vegur að því og áfram upp með Fauskagili og til vesturs. Háatorfa er há og brött brekka, vaxin birki- og víðikjarri. Kjarrið verður þéttara eftir því sem neðar dregur í torfunni og ná trén 1,5-2 m hæð þar sem þau eru hæst.

Talsvert svæði var gengið ofarlega í Háutorfu þar sem það var hægt fyrir trjágróðri. Engar kolagrafir sáust á því svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Úr sögu skóganna, 267-8

**SF-188:018** *Stekkatún* heimild um stekk 524753 348461

„Við neðri enda Bæjargils, norðan við það, heitir Smærnaenni, mjög grösugt. Þar óx mikill smári. Vestan við það og upp með Bæjargilinu að austan er Stekkatún. Þar voru áður tóftir," segir í örnefnaskrá. Sléttað tún er í Stekkatúni sem er 170 m norðvestan við bæ 001 og sjást engar minjar eða ummerki um tóftir í því. Ekki er heldur augljóst hvar í túninu þær gætu hafa verið.



*Horft yfir Stekkatún SF-188:018*

Næst Bæjargilinu austanverðu er nokkuð flatlendur og sléttur bakki en svo hækkar land til austurs þar sem eru háar brekkur. Austan við brekkurnar tekur við gamalt uppblástursssvæði sem er orðið gróið og lyngi vaxið.

Nafn túnsins, Stekkatún, gefur til kynna að þar hafi verið stekkur. Ekki er vitað hvort tóftirnar sem nefndar eru í tilvísun séu leifar af stekk eða öðrum mannvirkjum en þær hafa að öllum líkindum verið sléttaðar í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 6

**SF-188:019** *Lambhúshóll* heimild um lambhús 524682 348737
„Upp eða norður af því [Stekkatúni 018] er Lambhúshóll, brattur hóll. Uppi á honum sést móta fyrir tóftum. Hóllinn var grasgefinn, en nú hefur mikið gengið á hann vegna uppblásturs," segir í örnefnaskrá. Í grein Kristjáns Eldjárns í Árbók segir: „Austan við Bæjargilið, sem er fyrir austan Hrífunesbæinn, rís áberandi og brattur hóll, Lambhúshóll kallaður," Lambhúshóll er á eystri barmi Bæjargils um 220 m austur frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og er austast af bæjarhúsunum í Hrífunesi. Hringlaga tóft var efst á hólnum en hún var sléttuð um eða uppúr 1950. Hár og mikill grasi vaxinn hóll á gilbarmi.

„En þess ber að minnast að á áðurnefndum Lambhúshóli var nokkurn veginn kringlótt tóft, miklu minni en hringurinn í Langarofi. Árni í Hrífunesi segir að þau systkin hafi furðað sig á að tóft skyldi vera þarna uppi á hólnum, en eftir að hann fann Langarofstóftirnar þótti honum því líkast sem Lambhúshólstóftin hefði tilheyrt þeim. Veggir þeirrar tóftar voru máðir út við jarðabótavinnu, en trúlegt að neðri lög hennar, t.d. gólf sé þar enn undir sverði," segir ennfremur í grein Kristjáns Eldjárns.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 6 og KE. 1983, 20-21

**SF-188:020** garðlag túngarður 524458 348689
Túngarður var umhverfis tún í Hrífunesi. Leifar hans má sjá um 25 m norður af íbúðarhúsinu sem byggt var árið 1938. Garðurinn liggur austnorðaustur-vestsuðvestur. Í túnjaðri.



*Túngarður SF-188:020, á báðum myndum er horft til norðvesturs*

Túngarðurinn er um 90 m langur og er austnorðaustur-endi hans út við Bæjargil en vestsuðvestur-endinn er skammt vestan við trjálund sem er norðan við íbúðarhúsið frá 1938. Breidd garðsins að neðanverðu er um 1 m en að ofan er hún um 0,5 m. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Garðurinn er sem er hlaðinn úr torfi og grjóti lítur ekki út fyrir að mjög gamall og sést hann ekki annarsstaðar meðfram túninu í Hrífunesi.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SF-188:021** *Hádegisvarða* örnefni eyktamark 524912 347455

„Norðan við það [Hádegisgljúfur] voru tvær torfur með rofum. Kjartan var vanur því, að eystri torfan væri kölluð Hádegisvarða. Jóhann Pálsson segir, að þær hafi báðar verið kallaðar Hádegishnúkar, en í eldri örnefnaskrá er talað um Hádegisrof (et.). Þessi staður var í hádegisstað frá gamla bænum í Hrífunesi, en báðar torfurnar eru nú að mestu horfnar,“ segir í örnefnaskrá. Torfurnar sem um ræðir eru suðaustarlega í Hrífuneshólma, óbrunnu svæði sunnan við Hólmsá og 850 m sunnan við bæ 001. Báðar þessar torfur eru tiltölulega litlar og er mjög lítið eftir af eystri torfunni, Hádegisvörðu, sem er að fjúka burt en virkt rof er í henni. Vestari torfan er stærri og grónari. Vestan við torfurnar eru Holtin, grónar hæðir. Í kringum Hádegisvörðu eru uppblástursvæði sem er að gróa upp að hluta. Fjær eru smáþýfðar og grónar torfur en til suðurs er mosavaxið hraun.


*Hádegisvarða SF-188:021, horft til suðausturs*

Ólíklegt verður að teljast að hlaðin varða hafi verið á torfunni sem heitir Hádegisvarða þó að ekki sé hægt að fullyrða neitt um það. Engin ummerki um vörðu sjást á svæðinu en þess má geta að mjög hár fuglastapi er á hraunhól sunnan við rofabarðið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 7

**SF-188:022** *Nónvörðuklettur* náttúrumin eyktamark 524226 347744

„Nónvörðugljúfur, sem gengur niður að Hólmsá. Á tanga norðan við það er klettur, sem heitir Nónvarða, eyktamark frá gamla bænum,“ segir í örnefnaskrá. Nónvörðugljúfur er líklega nokkuð djúpt en stutt gljúfur fast norðvestan við malarveg sem liggur að gamalli sand- og malarnámu niður við suðurbakka Hólmsár. Nónvörðuklettur er 50 m norðvestan við gljúfrið og 850 m suðaustan við bæ 001. Ofan við klettinn til suðvesturs er mosagróið hraun en neðan við


*Nónvörðuklettur SF-188:022, horft til NNA*

hann lækkar land talsvert til norðausturs og þar er lyngi vaxinn hraunmói.

Nónvörðuklettur er mjög afgerandi, mjór og hár. Hann er vaxinn mosa og grasi. Frá honum sést vel heim að gamla bænum í Hrífunesi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 7

**SF-188:023** frásögn af tóftum 525116 348450

Samkvæmt Garðari Bergendal, heimildamanni, sást móta fyrir rústum í Litlanesi við Kusugróf. Við skráningu 2017 var nesið gengið í leit af rústum án árangurs. Á háhólnum er svolítil hundþúfa og hæð í kring sem með góðum vilja má kalla þúst. Umhverfis er nesið gróið snöggu grasi en stakir runnar eru víða á því.

Hæðin er 16 x 14 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,1-0,2 m á hæð. Umrædd hæð gæti allt eins verið náttúruleg en ekki fundust aðrir líklegri staðir á Litlanesi.

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 7

**SF-188:024** heimild um ferju 524557 347760

Í bókinni Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar segir: „Einu sinni sem oftar, komum við margir saman úr lestaferð til Víkur. Var Hólmsá þá í tæpum meðalvexti, en lá illa. Róðrarferja var á ánni hjá Hrífunesi.“ Ekki er vitað hvar ferjan var nákvæmlega en ætla má að hún hafi verið þar sem leið SF-661:027 liggur úr suðvestri um Holtin í Hrífuneshólma að Hólmsá. Hólmsá liggur sunnarlega (2017) í farvegi sínum og brýtur mikið af Hrífuneshólma. Landbrot af völdum árinnar hefur breytt ásynd landsins mikið.

Þar sem leið SF-661:027 kemur niður að suðurbakka árinnar er nokkuð aflíðandi halli til norðurs. Næst landi eru stórar sandeyrar. Engin ummerki um ferjustaðinn sjást á þessu svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar, 90

**SF-188:025** *Sighvatstorfa* heimild um kolagröf 523030 349356

„Sighvatstorfa vestur af hinni [Háutorfu 017] [...] Hvað skógarins brúkun áhrærir feilar ekki, utan grafir eru óbyrgðar,“ segir í greininni Úr sögu skóganna. Sighvatstorfa er vestan við Grásteinsgil um 2 km norðvestan við bæ 001, neðan/sunnan við Háutorfu þar sem einnig eru heimildir um kolagrafir, sjá 017. Sumarhúsabyggð er að rísa í hlíðunum austan við Sighvatstorfu. Sighvatstorfa er í aflíðandi halla til suðurs og er grunnt gil sem skiptir henni í tvennt eftir endilöngu. Þétt birki- og víðikjarr vex á henni.

Ekki reyndist unnt að ganga um Sighvatstorfu í leit að ummerkjum um kolagerð vegna þess hve þétt kjarr vex þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Úr sögu skóganna, 268

**SF-188:026** þúst hlutverk óþekkt 524263 348303

Fagurgrænn, smáþýfður hóll er í túninu um 550 m vestan við Hrífunesbæ 001 og um 65 m neðan við núverandi malarveg að Hrífunesi. Raflína liggur um túnið um 30 m ofar. Í kring eru rennislétt og slegin tún í halla til suðurs

Hóllinn er nokkuð áberandi í rennisléttu túninu, fagurgrænn og smáþýfður. Af ummerkjunum að dæma virðast mannvirki á þessum stað ekki vera ýkja gömul. Svæðið er um 17 x 13 m stórt og snýr NNV-SSA. Hóllinn er um 0,8 m hærri en umhverfið. Í honum miðjum er nokkuð regluleg dæld og er mögulegt að lítill timburkofi hafi staðið þar. Dældin er um 2-2,5 m á




*Þúst SF-188:026. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til NNV á mynd til hægri*

kant og nú er deiglent innan hennar. Líklegast er umrótið frá 20. öld.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:027** tóftir hlutverk óþekkt 524818 348781
„Austan við Bæjargilið, sem er fyrir austan Hrífunesbæinn, rís áberandi og brattur hóll, Lambhúshóll [019] kallaður. Austan frá honum er aflíðandi brekka, en ekki brött, vaxin grasi og




*Tóftir SF-188:027. Á mynd til vinstri er horft til vesturs yfir tóft A en á mynd til hægri til SSV yfir tóft B*

lyngi og smáhrís hér og hvar, gróðurfar sem er algengt hér um slóðir. Þarna heitir Langarof og má komast þannig að orði að tóftirnar séu nyrst á Langarofi, á að giska um 500-600 m fyrir austan austari Hrífunesbæinn, þann sem byggður var fyrst á þessum stað 1938," segir Kristján Eldjárn í Árbók hins íslenzka fornleifafélags,1965. Tóftirnar eru friðlýstar og segir um þær segir í Friðlýsingaskrá: „Grónar tóftir af aflöngu húsi (skála?) og stórum hring nyrzt á svokölluðu Langarofi, beint austur af háum hól, Lambhúshóli sem aftur er beint austur af Hrífunesbæjum þar sem þeir eru nú (1981)." Tóftirnar eru um 360 m austnorðaustur frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og 480 m norðan við bæ 001.

Minjarnar eru í aflíðandi brekku sem hallar til vesturs og vaxin er grasi, lyngi og kjarri. Kristján Eldjárn fjallar um tóftirnar í grein í Árbók 1983. Þar segir hann: „Nú er spurt hvort Hrífunesbærinn hafi verið einhversstaðar annarsstaðar í öndverðu. Og svo vill til, að nú höfum við svar á reiðum höndum - ekki fullgilt svar, en gjaldgenga tilraun til svars. Þegar ég var í Hrífunesi dagana 28.-29. september 1981, sagði Árni Jónsson mér frá tóftum sem hann hefði fyrst komið auga á fyrir 6-8 árum. Hann er fæddur í Hrífunesi og foreldrar hans bjuggu þar á undan honum. Hann þekkir þar landið allt eins og hendurnar á sér. Hann furðaði sig mjög á að hvorki hann né neinn annar úr fjölskyldunni skyldi fyrr hafa tekið eftir þessum minjum. Ástæðan var vitanlega sú að veggir tóftanna voru mjög útflattir og skáru sig að gróðurfari alls ekki frá umhverfinu. Bæði af því og að lögun tóftanna réð Árni að minjarnar hlytu að vera mjög gamlar.




*Teikning eftir mælingum Kristjáns Eldjárns af tóftunum í Langarofi í október 1981 sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1981 (bls. 19) til vinstri en til hægri er uppmæling Minjastofnunar Íslands af sömu tóftum*

Ég skoðaði minjarnar strax 28. september og aftur 4. okt., mældi þær svona nokkurn veginn og gerði meðfylgjandi yfirborðslýsingu:..[...]. Ekki er ofsögum sagt af því að veggir tóftanna séu mjög útflattir og því hægðarleikur að ganga yfir þær án þess að taka eftir þeim. Aftur á móti forklárast þær fyrir augum manns þegar einu sinni er búið að beina sjónum að þeim. bæði hin aflanga tóft og hringurinn stóri. Ekki er unnt að mæla tóftirnar nákvæmlega, þar sem veggir renna út í umhverfi sitt. Aflanga tóftin er um 15 m löng út á miðja veggi og um 6 m breið um miðju en mjókkar greinilega til beggja enda, er sem sagt sporöskjulöguð, snýr A-V. Dyr hafa verið á suðurhlið, að því er virðist nær vesturenda, en óskýrt er það. Kringlótta tóftin, eða hringurinn, er frá 9 og upp í ríflega 10 m í þvermál, einnig mælt nokkurn veginn á miðja veggi, sýnist í fljótu bragði nær reglulega kringlóttur, dyr sjást ekki með vissu. Þessi tóft er norðvestur af vesturgafli aflöngu tóftarinnar og aðeins um 9 m á milli þeirra. Engar fleiri tóftir eru sýnilegar þarna í kring, þótt jafnan beri að hafa í huga hina miklu jarðvegsmyndun, sem þó er hvergi nærri eins hröð þarna upp frá eins og niðri við kumlateiginn. En þess ber að minnast að á áðurnefndum Lambhúshóli [019] var nokkurn veginn kringlótt tóft, miklu minni en hringurinn í Langarofi. Árni í Hrífunesi segir að þau systkin hafi furðað sig á að tóft skyldi vera þarna uppi á hólnum, en eftir að hann fann Langarofstóftirnar þótti honum því líkast sem Lambhúshólstóftin hefði tilheyrt þeim. Veggir þeirrar tóftar voru máðir út við jarðabótavinnu, en trúlegt að neðri lög hennar, t.d. gólf sé þar enn undir sverði. Geta ber þess að þjóðminjavörður sá Langarofstóftir 4. okt. 1981. Voru tóftirnar síðan friðlýstar og friðlýsingamerki sett upp. Áður hafði Árni í Hrífunesi merkt þær og friðlýst á sinn hátt með því að leggja steinaröð ofan á veggina til þess að þeir sæjust betur og minni hætta væri á að neitt ófyrirsjáanlegt raski yrði þeim að grandi. Alls engin rannsókn hefur verið gerð á þessum nýfundnu minjum. En enginn sem sér þær getur varist þeirri hugsun að þarna hljóti að vera skáli frá fornöld. Til hvers hringurinn er skal ósagt látið. Ef

til vill er hann fjárrétt, en svona tilgátur út í bláinn stoða lítið. Aðalatriði málsins er það, að mér finnst líklegt að þarna á Langarofi, sem nú heitir, hafi menn í upphafi reist bæ, búið þar í einhvern tiltölulega skamman tíma, síðan flutt bæjarstæðið af einhverjum ástæðum (vatnsburður er t.d. nokkuð langur og erfiður).“ Tóftirnar eru mikið signar og er líklegt að þær væru alveg horfnar hefði Árni bóndi í Hrífunesi ekki tekið sig til og raðað steinum ofan á veggina. Friðlýsingamerkið sem þjóðminjavörður lét setja upp árið 1981 er nú horfið ásamt því að tekið er að gróa yfir steinana sem Árni lagði. Því er mikilvægt að merkja þessar rústir vel og það sem fyrst svo staðsetning þeirra gleymist ekki. Heildarstærð svæðisins sem rústirnar ná yfir er líklega um 34 x 18 m og snýr norðvestur-suðaustur.

Minjarnar voru skráðar árið 2004 og sú skráning endurskoðuð árið 2017. Meintur skáli (tóft A) er suðaustast á svæðinu. Hún er 15x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún virðist nokkuð ferköntuð en mjókkar lítillega til beggja enda. Ekki er hægt að taka undir þá lýsingu Kristjáns Eldjárns að tóftin sé sporöskjulaga eða skálalaga því langveggir hennar eru ekki bogadregnir. Veggir eru signir en vel greinanlegir, 0,3 m á hæð og 2,5-3 m á breidd. Ekki sést skýrt op inn í tóftina. Lágur hryggur gengur þvert yfir miðja tóftina og skiptir henni í tvo hluta en þessi skipting er óljós. Lyng vex á veggjum tóftar en ekki inni í henni. Hringlaga tóft B er 10 m norðvestan við tóft A. Hún er um 10 m í þvermál og eru veggir skýrastir austast í tóftinni. Þar eru þeir rúmir 2 m á breidd og 0,2 m á hæð. Lynggróður vex á veggjum en síður eða ekki inni í tóftinni. Kjarr er farið að vaxa við tóftina. Hringlaga tóft B gæti verið gjafahringur eða stórt heystæði/heytóft. Hlutverk minjastaðarins er ekki þekkt en ólíklegt virðist að um eldra bæjarstæði Hrífuness sé að ræða, líkt og Kristján Eldjárn lætur liggja að.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** KE, 1983, 19-21 og Friðlýsingarskrá, 63.

**SF-188:028** tóft sæluhús 525055 347674

Á bloggsíðu Gissurar Þórðar Jóhannssonar, bónda á Herjólfsstöðum í Álftaveri stendur: „Árni



*Tóftir SF-188:028, horft til norðurs*




Jónsson f 1916 í Hrífunesi átti þar heima alla æfi sagði mér að gömul hústóft í Hrífunesi hafi verið hlaðin úr hraungrjóti. Hraungrjót er ekki til norðan við Hólmsá í Hrífuneslandi, hinsvegar er nóg til af því í hrauntanganum á milli Baugadeildargilsins og Hádegisgljúfursins þar sem tóftin af gamla ferðamannahúsinu er sunnan við Hólmsá, beint suður af gamla Hrífunesbænum Ótrúlegt er að grjótið í tóftina hafi verið sótt suður yfir Hólmsá hafi hún runnið þar þá,“

Við skráningu 2017 var leitað að sæluhúsinu á hrauntanganum milli Baugadeildargils og Hádegisgljúfurs og fundust leifar hans að lokum. Kofinn er um nálega til móts við gamla

Hrífunesbæinn 001 og eru um 660 m á milli sæluhússins og bæjar. Sæluhúsið er norðvestarlega á hraunblendisbungu sem tekur við austan við Hádegisgljúfur og er dálítil vík á milli.

Kofinn er 4,5 X 6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Kofatóftin er einföld og op er á henni í suðvesturhorni. Veggir kofans eru í hraungrýti og sjást mest 4 umför af hleðslu þar sem þeir standa best en þeir eru þó hrundir á kafla. Þak kofans virðist hafa hrunið inn í tóftina, a.m.k. er botn hans 0,2-0,3 m hærri en umhverfið. Hleðslur eru á kafi í lyngi og mosa en þó sérstaklega að utanverðu þar sem næstum ekkert sést í grjóthleðslur og kofinn að hverfa inn í landið. Dálítið hrun er frá tóftinni til norðausturs, mosagróið. Grunn renna, yfirgróin er vestan við tóftina og má vera að þar hafi einhvern tíma runnið lækjarspræna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Leirá, http://gissurjoh.blog.is/blog/gissurjoh/

**SF-188:029** kuml legstaður 524947 348369

„Gamli bærinn, sem byggður var 1904, stendur enn [sjá 004]. Áður stóð hann enn nær ánni [001]. Komið hafa fram bæði manna- og skepnubein, þar sem áin hefur brotið land," segir í örnefnaskrá. Umrædd mannabein eru a.m.k. 7 kuml sem fundist hafa á bakka Hólmsár suðaustan við gamla bæinn 001 á árabilinu 1957-2011. Staðsetning kumla 6 og 7 og líklega kumls 4 er þekkt og þar var hnit tekið fyrir kumlateiginn, innan við 100 m austan við gamla bæinn 001.

Kumlin hafa komið í ljós þegar Hólmsá hefur brotið af árbakkanum neðan og austan við Hrífunes. Árbakkinn er grösugur en víða er þverhnípt niður af honum og ofan í ána. Kumlin sem fundust á svæðinu 2011 voru á horni túnhalans, þar sem túnið teygir sig út í hólmsánna. Eldri kuml voru líklega sunnar og suðaustar. Kumlunum er lýst í bókinni Kuml og haugfé: „Í Hrífunesi hafa á síðustu áratugum fundist leifar kumlateigs sem rannsakaðar voru í áföngum, fyrst árið 1958, síðan 1981 og 1982. [...] Austan við gamla bæjarstæðið, frammi á bakkanum, er djúpt og allbreitt gil, sem kallað er Bæjargilið og takmarkar túnið að austan. Hornið milli árbakkans og gilsins er kallaður Túnhali, enda er það réttnefni, en túnspildan frá bæjarstæðinu og austur á Túnhalann, en þarna hefur áin á síðustu árum eða áratugum brotið allmikið af túni. Samkvæmt fyrirliggjandi heimildum komu kuml í Hrífunesi fyrst í ljós árið 1957, er í ljós kom einkennileg steinlagning undan bakkanum austur á Túnhalanum. Þar fann ábúandinn hrossbein, járnmél, og hringju. Í nóvember 1958 gerðu Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson þar rannsókn. Fundu þeir aflanga steinlögn sem sneri VSV-ANA og hafði áin skemmt suðurhlið hennar



*Kumlin sem síðast voru grafin í Hrífunesi 2011 voru allra nyrst á túnhalanum í Hrífunesi þar sem hann teygir sig út í Hólmsáana. Líklega var kuml 4 einnig á svipuðum stað en önnur kuml á þessum slóðum hafa verið sunnar á bakkanum. Mynd til vinstri tók Uggi Ævarsson á meðan á uppgreftri stóð 2011 (horft til VSV) en mynd til hægri var tekin við skráningu (horft til NV)*

töluvert. Steinlögnin var gerð úr litlum steinum sem var snoturlega raðað saman umhverfis

afmarkaðan reit, 4,75 m langan og 0,90 – 1,25 m breiðan. Í miðju leiðinu var óreglulega kringlótt eða sporöskjulaga gröf, um 1,50 l. og 1,0 m. br. og á grafarbotninum var beinagrind úr hesti. Lá hún í eðlilegum stellingum, með hrygg við suðurhlið, háls hringaðan við vesturenda og hausinn á réttum stað, við norðurhlið. Í miðri gröf, ofan á beinunum, voru járnmél úr beisli, venjuleg að gerð. Beggja vegna grafarinnar var jarðvegur óhreyfður og sýnilegt var að enginn maður hafði verið jarðaður með þessum hesti. Yfir gröfinni voru nokkur gjóskulög, hið elsta þeirra var svart og um 10 sm þykkt en eins og dregið í skafl norðan við leiðið. Ekki var aldur þess eða uppruni ákvarðaður er rannsóknin fór fram, en í ljósi jarðfræðirannsókna sem gerðar voru á svæðinu síðar er líklegt þessi gjóska E-1, þ.e. úr Eldgjárgosi 939. Árið 1978 fannst annað kuml í Túnhalanum í Hrífunesi. Þá fann ábúandinn á staðnum stein sem stóð út úr árbakkanum og undir honum beinahraflkanum um 30-40 m vestar en hrossgröfin. Ekki er til frekari vitneskja um fundarstaðinn, en beinin voru send Þjóðminjasafni og samkvæmt athugun Jóns Steffensens reyndust þau vera hluti af hausbeinum barns á 1. ári. Sumarið 1980 varð enn vart fornleifa í bakkanum, nú um 50 m vestur frá hrosskumlinu, en 10-20 m vestur frá barnskumli. Árið 1981 gerði Kristján þar á ný rannsókn, að þessu sinni ásamt Sigurði Þórarinssyni og Guðrúnu Larsen. Gröfin sneri A-V, 1,70 m l. og um 75 sm breið um miðju, en syðri langhlið var sködduð. Hafði gröfin verið tekin í gegnum 30-40 sm þykkt gjóskulag og 20-30 sm niður fyrir það. Leiðið virtist lítið upphækkað og lágu nokkrir steinar enn óhreyfðir yfir gröfinni. Í gröfinni fundust mjög illa varðveitt mannabein og ekki var unnt að segja til um í hvorum enda höfuðið hefur legið. Taldi Jón Steffensen að beinin væru úr fullorðnum einstaklingi, en kyn óvíst.[...]. Vorið 1982 fann Árni Jónsson bóndi ummerki tveggja kumla. Þór Magnússon, Gísli Gestsson, Guðrún Larsen, Sigurður Þórarinsson og Þórarinn Eldjárn gerðu þar rannsókn í október 1982. Fremst í nefinu á Túnhalanum fannst hestskuml og er eftirfarandi lýsing fengin úr skýrslu Þórs Magnússonar um fundinn: Yfir því lá gjóskulagi sem talið er vera frá Eldgjá 934. Neðst í því var hrúga af steinum og þar undir mold. Gröfin var því sem næst sporbaugótt, lá u.þ.b. N-S, um 2,20 m l., um 1,10 m br., og dýpst var hún um 70-80 sm. Á botni grafinnar lágu hrossbein, talsvert fúin, en sjá mátti að hesturinn hafi verið felldur á bakið, framhluti vissi til norðurs, fætur voru vestanmegin. Hausinn hafði verið höggvinn af hestinum og lá á hvolfi aftan við makkann. Hringamél, mjög ryðbrunnin, með tvær sviptir úr járni á hvorum hring, fundust upp í kjaftinum og ryðkekkir nokkrir um miðja gröf, sem gætu hafa verið leifar af söðli. Engin ummerki um mannsgröf fundust þarna hjá. Athugun á afstöðu gjóskulaga sýndi að gröfin er yngri en landnámslagið en eldri en E-1, þ.e. Eldgjá 934 (± 2 ár). Um 40 m SSV frá þessu kumli sást í nokkra steina sem stóðu út úr árbakkanum, á um 1,50 m dýpi. Samkvæmt uppgraftarskýrslu Gísla Gestssonar fannst þarna samfellt lag af steinum og undir þeim gröf, sem sneri NV-SA, um 90 sm djúp, 1,4 m löng og 80 sm breið. Í gröfinni lágu illa varðveitt mannsbein á vinstri hlið, höfuð sneri til NV, handleggir niður með síðum, krepptir um olnboga, fætur krepptir um hné. Telur Jón Steffensen þau var úr fullvaxinni konu. [...]. Athugun á gjóskulögum sýndi að gröfin er yngri en landnámslagið, en svo virðist sem hún hafi verið tekin um það leyti sem Eldgjáargjóskan féll 934 (± 2 ár)," segir í nýrri útgáfu á Kuml og haugfé. Aftast í bókinni er svo fjallað um þau kuml sem fundust 2011. „6. kuml var mjög skemmt af ánni. Fátt var annað eftir en litlar leifar af haugi. Hefur hann mögulega legið NA-SV, en einungis vesturendi hans var enn óskemmdur, um 3,1 m langur stúfur. [...] Ofan á hleðslunni lá gjóska (E1) úr gosinu í Eldgjá 934 +/-2 óhreyfð. Svo virðist sem lítið hafi verið eftir af gröfinni sjálfri. Undir torfinu var uppmokstursjarðvegur og undir honum þrjár stoðarholur syðst og vestast en nyrst undir grjótinu var gryfja [...] engin bein fundust í kumlinu og ekkert haugfé, en við hreinsun á stáli árbakkans fannst brýni og ílangur blágrýtissteinn sem gætu hafa tilheyrt kumlinu. 7. kuml. Um 2 m norðar fannst haugur úr torfi og grjóti er sneri A-V, en áin hafði hrifsað til sín austurendann. Utan um hauginn var einföld

grjóthleðsla 2,8x1,7 m, en torfhleðslan var um 30 sm þykk. Hefur haugurinn verið rofinn áður en gjóskan úr Eldgjá féll. Undir haugnum var gröf [...] með sömu stefnu og haugurinn. Í gröfinni fundust illa varðveitt bein úr manni, sennilega konu eldri en 46 ára. Við vesturenda grafar voru fjórar holur, mögulega stoðarholur, og mjög illa varðveittar viðarleifar lágu við norðurbrúnina. Gætu það verið leifar af einhvers konar mannvirki.“
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Ö-Hrífunes og AF & KE, bls. 244-247 og bls. 512-513

**SF-188:030** heimild um brú 523722 348216
Þjóðvegurinn SF-661:033 lá áður frá Hrífunesi ofan í Kötlugil af Hestatorfu á brú sem þar er og svo áfram á brú 057 á Hólmsá. Ætla má að brú hafi verið lengi á Kötlugili, jafnvel eins lengi og á Hólmsá, eða frá því fyrir 1918. Vegurinn sést enn vel þar sem hann liggur eftir sneiðingi ofan í gilið (en sést verr vestan við það). Brú er enn á Kötlugili en hæpið er að hún sé frá því fyrir árið 1918 og telst hún þá ekki til fornminja. Það ár flæddi úr Hólmsá inn í gilið þegar Katla gaus og brúna á Hólmsá tók af.

Brúin er yfir Kötlugilslæk ofan í grónu og kjarri vöxnu gili þar sem Kötlugil og Krákugil sameinast. Gilið er alldjúpt en ekki þröngt og lækurinn er vatnslítill og straumlítill. Frá brúnni liggur Kötlugil til suðurs og suðvesturs þar sem lækurinn rennur út í Hólmsá.




*Brúin yfir Kötlugil SF-188:030. Á mynd til vinstri er horft NNA en til vesturs á mynd til hægri*

Brúin sem enn sést yfir lækinn er timburfleki sem er um 4,5-5 m á lengd og 3 m á breidd, snýr SSV-NNA. Flekinn er á stálbitum sem sitja á timburröftum. Brúin er nokkuð heilleg en timbur í henni orðið fúið og er hún mosavaxin. Lítið gat er á miðri brúnni. Engin ummerki sjást um eldri brýr á svæðinu.
**Hættumat:** engin hætta

**0**

**SF-188:031** *[Heimarafstöð]* mannvirki 523679 348230

Á vesturbakka Kötlugilslækjar er lítið steypt mannvirki 10-30 m frá fjárskýli 010 og brú 030. Í Kötlugili, rétt norðan við þar sem Krákugilið kemur samanvið. Lítil grund vestan við læk.

Suðvesturgafl er burstalaga, 0,9 m hár, steyptur og 2 m langur. Norðaustur frá honum ganga 2 langveggir, steyptir, 3 m langir og ná út í læk - hæð um 0,4 m. Húsið er opið til norðausturs (í lækinn). Ekki er fullvíst að tiltekið mannvirki sé nógu gamalt til að teljast til löggiltra fornleifa.



*Heimarafstöð SF-188:031, horft til norðurs*

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SF-188:032** *[Heimarafstöð]* mannvirki 523639 348332

Upp með Kötlugilslæk er önnur rafstöð (en 031) og er hún um 120 m norðvestar. Rafstöðin er á norðaustur lækjarbakkanum. Lítil gróin grund á norðausturbakka Kötlugilslækjar. Norðar og austar er brött brekka Kötlugils hrísivaxin. Rafstöðina lét Jón Pálsson gera árið 1931 og hafði



*Heimarafstöð SF-188:032, horft til norðurs*




Bjarni í Hólmi umsjón með smíðinni.

Húsið hangir uppi, hlaðið úr torfi og grjóti með bárujárni undir torflagi á þekju. Húsið er 4 x 3 m stórt og snýr NA-SV. Hæð upp á mænisás 1,3 m. Dyr eru á norðurgafli sem eru úr timbri. Gömul járndæla er í húsinu og timburtafla með tveimur postulínsinnstungum. Nyrst á vesturhlið gengur járnrör (stokkur) út úr húsinu og út í læk. Húsið stendur á blábakkanum og hefur safnast vatn norðan við húsið, sennilega manngert lón þannig að vatn umlykur húsið á alla kanta nema að austan, en þar er þurrlendisræma. Ekki er fullvíst að tiltekið mannvirki sé nógu gamalt til að teljast til löggiltra fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Heima er bezt, 376

**SF-188:033** garðlag hlutverk óþekkt 523454 348057

Um 240 m vestan við Kötlugil, uppi á gilbakkanum, er garðlag. Það liggur til VSV frá gilinu í um 440 m en beygir þá lítillega og liggur áfram til SSV í um 200 m áður en hann verður ógreinilegur. Þétt birkikjarr; hrísivaxið land.

Garðurinn er um 640 m langur. Hann hefst í litlum gilskorningi vestan við Kötlugil og liggur til VSV frá gilinu í um 440 m en beygir þá lítillega og liggur áfram til SSV í um 200 m áður en hann verður ógreinilegur suðvestanverðu við töluvert stóran gilskorning. Garðurinn er ekki



*Garðlag SF-188:033. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til norðvesturs á mynd til hægri*

breiður, breiðastur 0,5-1m, og hæstur 0,6 m en 0,4 m að jafnaði. Ekki er vitað hvaða hlutverki hann þjónaði.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SF-188:034** garðlag áveita 522886 348314

Áveitugarðar eru í Austur-Hrafnshólsmýri og Vestur-Hrafnshólsmýri, þó fleiri í þeirri fyrrnefndu. Mýrarnar eru innarlega (norðnorðvestarlega) og vestan við Kötlugil, rétt rúmlega 1,5 km vestan við gamla Hrífunesbæinn 001. Garðarnir eru hér skráðir saman undir númerinu 034 og 035. Svæðið er 320 x 310 m stórt (norður-suður).

Marflöt og deiglend mýri sem er skipti í tvennt, í Vestari- og Austari-Hrafnhólsmýri, af hrístungu sem teygir sig úr suðri til norðurs.

Svæðið er um 320 x 310 m stórt. Á því eru þrír garðar með stefnu norður-suður (A, A2 og D) og þrír garðar með stefnu austur-vestur (B, C og E). Hér verður hverjum garði lýst lítillega.






*Áveitugarðar SF-188:034, horft til austurs*

Þeir liggja beggja vegna við holt sem skiptir mýrinni í Austur- og Vestur-Hrafnhólsmýri. Austan við mýrina er langur skurður (norður-suður). Lýsingin hefst vestast á svæðinu á garði A sem nýr nálega norður-suður. Suðurhluti garðsins er um 165 m langur og endar í þvergarði 034B en framhald garðsins er örlítið vestar, norðan við þvergarð. Sá hluti A er um 100 m langur áður en hann beygir í 90°horn. Þvergarður B er sem fyrr segir á milli tveggja garða (A og A2) og er 170 m langur og snýr h.u.b. austur-vestur. Hann nær frá skurði í austurjaðri mýrar og að því holti sem skiptir mýrinni í tvennt. Garður A endar sem fyrr segir í 90°beygju og tekur þá við garður C sem liggur í um 80 m til vesturs áður en hann fjarar út. Garður 035 liggur hins vegar um 80 m vestan við 034 C. Tvö garðlög til viðbótar eru í mýrinni, bæði í Vestur-Hrafnhólsmýri. Norðurendi garðlags D er um 130 m VSV við garðlag. Hann liggur til suðurs og er um 200 m langur. Garðlag D endar í garðlagi E miðju. Garðlag E er um 200 m langt og liggur ANA-VSV. Flestir Áveitugarðarnir eru svo gott sem beinir, 0,5-1m á breidd en 0,3-0,6 m á hæð. Ekkert grjót er sjáanlegt í görðunum. Samanlögð lengd áveitugarðanna eru rétt tæpir 900 m og eru á svæði sem er 320 x 310 m stórt.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SF-188:035** garðlag hlutverk óþekkt 522718 348383

Stakt garðlag sem talsvert sker sig úr kerfi áveitugarða 034 í Hrafnhólamýrum er á milli Austari- og Vestari-Hrafnshólsmýra, og snýr NNV-SSA. Marflöt og deigland mýri sem er skipti í tvennt, í Vestari- og Austari-Hrafnhólsmýri, af hrístungu sem teygir sig úr suðri til norðurs.



*Garðlag SF-188:035 horft til norðurs*

Garðlagið liggur á milli mýranna, NNV-SSA, og gæti hafa gegnt einhverju öðru hlutverki en áveitugarðarnir því garðurinn er ólíkur hinum görðunum að lögun og legu. Hann er töluvert hærri og er mestanpart á þurrlendi, NNV frá hrístungunni að sunnan sem skiptir mýrarsvæðinu í tvennt, og nær NNV út fyrir mýrina, að hrísivaxinni brekku. Garðurinn er rétt um 80 m langur og breiddin að jafnaði um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SF-188:036** gata leið 522128 348889

Gata er uppi á hálendisbrúninni ofan (norðan) við svæðið umhverfis Kötlugil, sem er aflíðandi hvammur, enda kallað Hvammur í örnefnaskrá. Fremur flatt heiðaland: mosi, grjót og lyngblettir.

Jeppavegur liggur NV-SA á þessum slóðum en meðfram honum á kafla má greina reiðgötur, fimm paldra mest. Önnur gata, tveir paldrar, sker téðan slóða og liggur hún austur-vestur. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Leið SF-188:036, horft til NNV*

**SF-188:037** *Borgin* þúst fjárskýli 523783 348170

Rústir á Hestatorfu eru friðlýstar sbr. Friðlýsingaskrá: „Allar rústir á svonefndri Hestatorfu, sem er á tanganum milli Krákugils og Kötlugils,“ segir í örnefnaskrá. Hestatorfa er á tanga á milli Krákugils og Kötlugils um 80 m austan við Hrífunesveg. Þar er stór fjárborg eða fjárskýli og garðlag rúmum 1 km vestan við gamla Hrífunesbæinn 001. Hestatorfa er nokkuð öldótt og vaxin kjarri, mosa og grasi.

Austasti hluti Hestatorfu er afmarkaður með garðlagi. Það sést enn á um 70 m kafla en fjarar út til bæði norðurs og suðurs en ætla má að það hafi náð 20-30 m lengra til norðurs, að Krákugili, og 30-40 m lengra til suðurs eða SSV, að Kötlugili. Garðurinn er greinilegastur í SSV-enda. Þar er hann um 2,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Innan þess svæðis sem garðlagið hefur afmarkað er ein greinileg tóft. Hún er í raun myndarlegur hóll sem er um 18 m í þvermál. Geil eða dæld er í miðjum hólnum. Hann er 1,5 m á hæð. Dældin í miðjum hólnum er um 7 m í þvermál að innanmáli og um 1 m að dýpt í miðju og opnast hún í suðvestur. Þessi rúst er í




*Borgin SF-188:037 horft til NNV á ljósmynd. Til hægri er uppmæling Minjastofnunar Íslands en eins og kemur fram í texta var rústin sem sýnd er vestar (lengra til vinstri) ekki talið sannfærandi mannvirki við skráningu 2017*

daglegu tali nefnd „Borgin“ og má því ætla að um að ræða leifar gamallar fjárborgar sé að ræða.

Garðurinn sem afmarkar svæðið er mjóstur og lægstur (2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð) beint austur af Borginni og þar gæti hafa verið op á honum. Minjastofnun Íslands mældi upp svæðið 2009 og var önnur rúst skráð um 5 m vestan við borgina. Samkvæmt uppmælingunni er hún 11 x 12 m stór og snýr NNA-SSV. Var svæðið skoðað aftur við skráningu 2017, þótti sú rúst ekki sannfærandi og var ekki skráð.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Friðlýsingaskrá, 63

**SF-188:038** *Koltungur* örnefni kolagröf 519270 351515
„Vestur af Dumbsgili er Koltungnafjall, talsvert fjall, ekki mikið gróið að ofan, mest norðan í því, þar heita Koltungur. Þær eru að mestu kjarri vaxnar. Austan við þær er Koltungnasker í Flögulandi," segir í örnefnaskrá. Koltungufjall er um 5,5 km VNV við bæinn í Hrífunesi og Koltungur voru norðan við fjallið. Þær eru merktar inn á örnefnasjá Landmælinga Íslands um 6,5 km NV við bæ í Hrífunesi. Tungurnar voru 500-700 m austan við Hólmsá en á milli var s.k. Moldarrani. Samkvæmt þeim upplýsingum sem þar er að finna má ætla að þær hafi verið hluti af Hrísnesheiði.

Á þessum slóðum eru tungur, sundurskornar af djúpum giljum. Tungurnar eru vaxnar kjarri/runnagróðri (og birki).

Tungurnar voru ekki gengnar við skráningu 2017 og því ekki ljóst hvort enn má greina kolagrafir á þessum slóðum. Það er þó e.t.v. ólíklegt í ljósi þess að slík ummerki fundust hvergi á öðrum þeim stöðum í landi Hrífunes þar sem vísbendingar voru um að gert hafi verið til kola.

**SF-188:039** heimild um brú 523062 347411
„Næsta torfa með Hólmsá er Melabætur. Gil liggur upp í þær, sem kemur saman við Lindtorfugil. Þá er Melabótagil austan við Melabætur. Þar næst austur af er Sauðhóll. Austur af honum eru tvær torfur, sem heita Ytri- og Eystri-Kinnatorfa," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir um staðinn í neðanmálsgrein: „Þar fóru menn oft yfir Hólmsá á haldi. Jóhann Pálsson hljóp þar einu sinni yfir gljúfrið fyrir Kötlu. Allt benti til þess að þar hefði einu sinni verið brú. Var bilið aðeins góðlega metri," Umræddur staður er um 2 km VSV við gamla bæinn í Hrífunesi 001. Suðvestan ár er gróið hraunlendi en birki og kjarrivaxið skóglendi norðaustan ár.

Haldið var líklega þar sem hraunið liggur í tanga að Hólmsá og lítill tangi er til móts við það norðan ár. Staðurinn var gróflega staðsettur af loftmynd en ekki var unnt að heimsækja hann 2017.
**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 6 og Örnefnaskrá AG, 5

**SF-188:040** heimild um vað 524641 347834

Leið SF-661:027 lá að Hólmsá sunnan við Hrífunes og þeir sem áttu leið heim að bænum hafa líklega farið á vaði yfir hana eða með róðraferju 024. Ekki er vitað nákvæmlega hvar farið var yfir ána en ætla má að það hafi verið þar sem leiðin kemur úr suðvestri um Holtin í Hrífuneshólma á móts við gamla bæinn 001.



*Vað SF-188:042 var á þessum slóðum, horft til norðvesturs*

Hólmsá liggur sunnarlega (2017) í farvegi sínum og brýtur mikið af Hrífuneshólma. Landbrot af völdum árinnar hefur breytt ásynd landsins mikið. Engin ummerki um vað sjást í Hrífuneshólma vegna landbrots. Öruggt má telja að það hafi verið síbreytilegt eftir því hversu vatnsmikil áin var og hvernig hún rann um farveg sinn.

**Hættumat:** engin hætta

**SF-188:041** heimild um leið 521963 347423

Í bókinni Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar segir: „Þegar mjög drífur til heiða og síðan hvessir með frosti á nýfallna lausamjöll, verður oft mikill snjóburður í Hólmsá, svo að hún verður af þeim sökum ófær. Foss er í ánni í gljúfri nokkuð fyrir vestan Hrífunes og heitir Hrossafoss. Þegar fossinn rýkur fyrir stormi, svellar í kringum hann, ef frost er. Af vatnsdrifi þessu og úða fossins myndast oft skarir beggja vegna og geta náð að breikka svo út á ána, að ísspöng myndist. Kom þesskonar spöng oft að góðu liði ferðamönnum á vetrum, ef áin annars var ófær." Hrossafoss er á Hólmsá um 3 km VSV við bæ 001.

Gróið hraun er að fossinum vestan Hólmsár en birki vaxið er við mynni Hrútalækjar að austan. Rétt neðan við fossinn er Hrossahellir. Hrossafoss er lágur en kröftugur foss í Hólmsá. Aðeins eru 10-15 m á milli bakka á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar, 92-93

**SF-188:042** vegur leið 524446 348167

Vegur hefur legið frá túnjaðri/heimreið í Hrífunes og í boga til SSV og svo norðvesturs, langleiðina upp að núverandi vegi (Hrífunesvegi). Umræddur vegur er ekki sýndur á bæjarteikningu Dana frá 1904 og er því yngri en það, en virðist vera kominn þegar túnakort er gert 1920 og er mögulegt að hann hafi verið lagður eftir



*Vegur SF-188:042 horft til ANA*

Kötlugosið 1918.

Austast liggur vegurinn á bakka Hólmsár í um 200 m en beygir þvínæst upp hlíðina (til NNV) og liggur í um 200 m áður en göturnar hverfa í sléttuð tún, um 150 m neðan (SSA) við Hrífunesveg. Svæðið er grasi gróið og víða runnagróður syðst. Á einum stað liggur girðing þvert yfir hann.

Vegurinn sést þar sem hann tekur við af heimreið 044 og er vel greinilegur alla leið þar til hann hverfur í túnið um 150 m neðan við Hrífunesveg. Vegurinn er 2-3 m breiður og er ýmist stallur í landið eða ruðningur í hlíðinni. Hann er algróinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort 1920

**SF-188:043** heimild um útihús 524890 348333

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920. Á þeim tíma sem túnakortið var gert var búið að færa gamla bæinn af elsta bæjarstæðinu 001 og ofar í brekkuna 004. Samkvæmt var þá enn hús vestarlega á gamla bæjarstæðinu og kálgarður sambyggður við það að sunnan (sjá 001) en útihúskofi var þá innan við 15 m norðaustan við norðausturhorn kálgarðsins sem var framan við gamla bæinn 001.

Vel er hugsanlegt að hús 043 hafi tilheyrt bæjarþyrpingu 001 áður en húsin voru flutt en ekki er hægt að fullyrða um það.

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum. Engin ummerki um útihúsið, sem samkvæmt túnakorti hefur verið langt og mjótt og snúið norðaustur-suðvestur, fundust við skráningu enda hefur allt svæðið verið sléttað og var á kafi í sinu þegar það var skráð í september 2017.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-188:044** heimild um traðir 524704 348267

„Niður af Hólnum var kallað Nýjatún norðan við heimreiðina að gamla bænum," segir í örnefnaskrá. Traðir heim að Hrífunesi eru merktar inn á túnakort frá 1920. Þær hafa legið frá bæ 004 og beint til VSV út úr túnunum.

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum. Túnin, þar sem traðirnar hafa legið hafa verið sléttuð og voru á kafi í sinu þegar svæðið var skráð. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs.

Hægt er að rekja línu í túninu á þeim slóðum sem heimreiðin hefur verið í um 160 m til VSV, fram hjá þúst 006 og 007 og endar hún í túnjaðri, ekki alveg til móts við þar sem yngri vegur 042 kemur inn í túnið. Ekki er víst hvort þessi óljósu ummerki eru um traðirnar eða hvort mögulegt sé að þær hafi verið aðeins neðar í túninu en stefna og staðsetning línunnar gæti passað við legu heimreiðarinnar samkvæmt kortinu. Umrædd lína er fyrst og fremst að merkja af gróðurbreytingum í túninu og vex hærra gras á þeim kafla þar sem ætla má að heimreiðin hafi verið. Á kafla virðist mögulega lágur hryggur í túninu á línunni en hann er vart merkjanlegur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920, Ö-Hrífunes, 6

**SF-188:045** heimild um kálgarð 524721 348236

Kálgarður er merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og Túnakort frá 1920. Samkvæmt þessum heimildum var umræddur kálgarður um 150 m vestan við bæ 001 og 60 m neðan við kálgarð 046. Kálgarðurinn var sambyggður túngarði að innanverðu en sléttað hefur verið úr hvoru tveggja á þessum slóðum.

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum. Túnin, þar sem traðirnar hafa legið hafa verið sléttuð og voru á kafi í sinu þegar svæðið var skráð. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn er frá er talið að ræktarlega er á því svæði þar sem líklegast er að hann hafi verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

**SF-188:046** heimild um kálgarð 524676 348267

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður í vesturjaðri túnsins um 180 m vestan við bæjarhól 001 og 50 m norðvestan við kálgarð 045. Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til norðausturs í sléttuðu túni og grösugu en búið er að planta trjám í þennan hluta túnsins. Litlu norðar er talsvert rask vegna vatnsveitu og rotþrór við lítinn sumarbústað. Engin ummerki sjást um kálgarðinn á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**SF-188:047** heimild um útihús 524791 348309

Á Bæjarteikningu Dana frá 1904 er útihús á milli bæjarhóls 001 og útihúss 007, fast vestan við traðir 050. Að líkindum var það í norðausturhorni gerðis 078. Á svæðinu vestan við bæjarhólinn er sléttað, nokkuð flatlent tún sem hefur verið plægt fyrir fáum árum. Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:048** heimild um útihús 524826 348349

Á Bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt útihús um 50 m norðan við bæjarhól 001, á sama stað og bærinn í Hrífunesi stóð frá 1904-1938, sjá 004. Líklegt er að þetta útihús hafi verið nýtt áfram eftir að bærinn var fluttur. Útihúsið var á hæsta hluta heimatúnsins á túnhala sunnan við Bæjarlæk.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:049** gerði rétt 524478 348530

Gerði er um 115 m sunnan við Hrífunesbæinn sem byggður var 1938 en um 440 m NNV við gamla Hrífunesbæinn 001. Nýr malarvegur liggur frá íbúðarhúsunum efst í túninu og að nýlegum kofa neðarlega í túninu, við brekkukverkina. Slóðinn er um 10 m vestan við réttina. Réttin er í sléttuðu túni sem hallar til suðurs.






*Rétt SF-188:049, horft til ANA á ljósmynd*

Réttin er ferhyrnd og fallega hlaðin. Hún er 19 x 16 m stór og snýr NNV-SSA. Veggir gerðisins eru 1,4 m á hæð en 1,2 m á breidd. Í þeim eru víða 5-6 umför. Að norðan er réttin byggð inn í brekkuna. Op er á miðjum vesturvegg hennar og einnig á miðjum norðurvegg. Hleðslur eru yfirgrónar. Nú er lítill dúkkukofi nálægt norðvesturhorni. Lítil tóft, 062, er fast ofan við (norðan) við tóftina og er aðeins gangvegur á milli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:050** renna traðir 524809 348310

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er teiknuð heimreið eða traðir að elsta þekkta bæjarstæði Hrífuness 001. Samkvæmt kortinu lágu traðirnar frá norðvesturhorni bæjarþyrpingar og beint til NNV og niður í Bæjargilið og áfram til norðurs og vesturs. Þegar túnakort var gert fyrir Hrífunes 1920 var búið að færa traðirnar (og bæinn).



*Traðir SF-188:050, horft til NNV*

Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan. Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum. Túnin, þar sem traðirnar hafa legið hafa verið sléttuð og voru á kafi í sinu þegar svæðið var skráð. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs.

Dæld er merkjanleg í sléttuðu og sinuvöxnu túninu þar sem traðirnar hafa legið. Um er að ræða

grunna og ómerkilega dæld en hún er akkúrat á þeim stað sem ætla má að traðirnar hafi verið og er því líklega til merkis um þær. Dældin er samtals greinanleg á um 60 m löngum kafla. Hún er 0,2-0,3 m á dýpt en aðeins 0,3 m á breidd þar sem minnst er en sum staðar er hún allt að 1 m á breidd. Breiðust er dældin þar sem hún liggur í sveig meðfram hæð 004 og beygir niður í gilið. Á þeim stað er hún allt að 1-1,5 m á breidd en aðeins 0,2 m á dýpt. Þegar komið er ofan í gilið hverfur rennan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:051** þúst útihús 524863 348447
Manngerður stallur er efst í stakstæðu túni norðan í Smærnaenni við Bæjarlæk, um 15 m norðaustan við þúst 055 og um 50 m suðaustan við þúst 005 en 130 m norðan við bæ 001. Ætla má að úthús hafi staðið á þessum stað.






*Útihúsþúst SF-188:051, horft til suðurs á ljósmynd, til hægri er handgerð teikning af þústinni*

Túnið er í talsverðum halla til suðurs og er hátt og bratt fram af brúnum þess niður í Bæjargil en aflíðandi halli er suðaustast í því þar sem tangi eða nes gengur til suðurs. Túnið er nokkuð slétt og grasi gróið en langt er síðan hætt var að slá það.

Stallurinn er um 10x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er lítillega kúptur og hallar til suðurs. Fram af honum til suðurs er ógreinilegur kantur sem nær 3 m til suðurs í aflíðandi halla en er ekki hærri en 1 m. Í heild er því mannvirkið 7x10 m að stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:052** gata leið 524915 348507

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er sýnd leið sem liggur af leið 661:032 númer norðan við Bæjargil og beygir til norðausturs og yfir efsta hluta stakstæðs túns í Smærnaenni. Leiðin sést á kafla á grónu svæði norðaustan við Kusugróf að Hamragili, um 190 m norðan við bæ 001. Við Hamragil sameinaðist hún leið 053 sem lá eftir suðaustanverðri Kusugróf. Kjarr og gras vex á svæðinu.



*Gata SF-188:052, horft til norðausturs*

Leiðin sést á 130 m löngum kafla og hefst lýsingin norðaustast, við Hamragil. Frá Hamragili sést fyrst fjölfarin fjárgata en eftir því sem nær dregur túni í Smærnaenni sjást fleiri grónar götur. Næst þvergili sem afmarkar túnið til austurs er leiðin í alldjúpri en gróinni rennu sem er 1 m á breidd og rúmlega 1 m á dýpt þar sem hún er dýpst. Leiðin hættir að sjást litlu suðvestan við þvergilið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:053** gata leið 524986 348502

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er sýnd leið sem liggur frá Bæjargili upp með suðaustanverðri Kusugróf til norðurs þar sem hún sameinast leið 052 vestan við Hamragil. Leiðinni var fylgt frá Bæjargili til norðausturs. Þar sjást götur og skorningar eftir umferð.



*Gata SF-188:053, horft til suðvesturs*

Leiðin liggur í brattri brekku meðfram Kusugróf. Hún er gróin og þar er talsvert kjarr, gisið þó. Leiðinni var fylgt frá Bæjargili til norðausturs í Kusugróf þar sem hún sést á 130 m löngum kafla. Um 50 m norðaustar sést leiðin aftur á 40 m löngum kafla rétt áður en hún kemur að Hamragili. Í Kusugróf eru miklir skorningar og götur á 10 m breiðu svæði. Talsverður kjarrgróður er neðst í grófinni og upp í miðjar hlíðar. Svo virðist sem að göturnar hafi færst ofar í brekkuna eftir því sem trjágróðurinn jókst og eru unglegar fjárgötur efst á svæðinu en djúpir og grónir skorningar neðar sem eru farnir að sjást illa vegna trjágróðurs. Þeir eru 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Þar sem leiðin sést aftur nærri Hamragili eru hún svipuð og í Kusugróf en þar ná göturnar yfir mjórra svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

**SF-188:054** heimild um vað 524756 348400

Vað var á leið SF-661:032 yfir Bæjargil um 100 m norðvestan við bæ 001. Bæjargilið er allbreitt þar sem vaðið var yfir það og myndast lón á þeim stað því sandur úr farvegi Hólmsár hefur að miklu leyti stíflað farveg lækjarins í Bæjargili þar sem hann kemur út í Hólmsá.

Um 50 m eru á milli bakka Bæjargilsins þar sem farið var yfir það á vaði. Að norðurbakka þess liggja götur á leið SF-661:032 og ruddur sneiðingur 067 samsíða þeim að austanverðu. Að suðurbakka Bæjargilsins liggur skorningur, traðir 050. Leirbotn er í gilinu þar sem farið var yfir það á vaði. Vatnið sem stendur í því er ekki grunnt.

**Hættumat:** engin hætta

**SF-188:055** þúst útihús 524853 348433

Á Bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt útihús í stakstæðu túni í Smærnaenni um 150 m norðan við bæ 001 og 60 m suðvestan við útihús 005. Þar sem útihúsið var er nú (2017) útflött þúst suðaustast í túni norðan við Bæjargilið. Túnið er í talsverðum halla til suðurs og er hátt og bratt fram af brúnum þess niður í Bæjargil en aflíðandi halli er suðaustast þar sem tangi eða nes






*Útihúsþúst SF-188:055 horft til SSV á ljósmynd*

gengur til suðurs. Túnið er slétt og grasi gróið en langt er síðan hætt var að slá það.

Þústin er um 9x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fremur flöt að ofan og er hæst á norðausturhlið þar sem hún er 0,3 m á hæð. Norðvesturendinn er í dálítilli hvilft en útihúsið hefur að líkindum verið byggt inn í brekkuna að litlum hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:056** garðlag túngarður 524555 348355

Túngarður um túnið í Hrífunesi er sýndur á bæjarteikningu Dana frá 1904 og hefur hann þá, samkvæmt teikningunni markað af vesturhlið túna frá Hólmsá og hálfa leið upp brekkuna en nyrsti hluti túnanna ekki verið afgirtur með garði, eða hann mögulega í byggingu þegar bæjarteikningin er gerð. Ekki virðast aðrar hliðar túnsins hafa verið markaðar með túngarði 1904





*Túngarður SF-188:056. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en á mynd til hægri til suðvesturs*

skv. teikningunni. Neðsti (syðsti) hluti túngarðsins er nú sléttaður í tún en framhald hans upp brekkuna sést enn vel um 100 m ofan við Hólmsá. Túngarðurinn liggur upp nokkurn bratta, frá neðsta hluta gömlu túnanna að stóru gili sem gengur þvert yfir brekkuna austur-vestur ofarlega í henni.

Nú er efsti hluti túngarðsins greinilegastur þótt skörð séu í hann á nokkrum stöðum m.a. þar sem bílslóði liggur í gegn. Garðurinn endar við nokkuð djúpt gil í túninu efst í því túni sem hann hefur markað en stakstæður túnskiki ofar virðist aldrei hafa verið markaður af með garði. Túngarðurinn er stæðilegur á köflum, uppmjór og víða um 1,2 m á breidd neðst en 0,6 m efst. Hann er allt að 1,5 m á hæð þar sem mest er og virðist alfarið torfhlaðinn. Neðst má fyrst greina garðinn í um 50 m til norðvesturs en þá er beygja á honum og eftir það liggur hann nokkuð beint til norðurs (NNV) og er sá hluti hans um 150 m langur og garðurinn því samtals merkjanlegur á um 200 m kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:057** hleðsla brú 523785 347947
„Búskapur þeirra hjóna [Jóns Pálssonar og Elínar Árnadóttur] dafnaði vel og var búið orðið eitt af þeim beztu í Tungunni, þegar Katla gaus 1918, en þá tók af allar engjar í Hrífunesi og nokkuð af túninu. Brún fór af Hólmsá og ný brú kom ekki til fullra nota fyrr en tveimur árum síðar," segir í Heima er bezt. Talsverð ummerki um eldri brú sjást nú við Hólmsá, við hlið þeirrar brúar sem er á veginum nú (2017). Eldri brú hefur verið um 2 m vestan við þá yngri. Lítil merki um eldri þjóðveg 661:033 sjást á þessum lóðum en hann má greina betur þar sem leiðin lá yfir



*Brúin yfir Hólmsá SF-188:057. Myndin til vinstri birtist á Facebook síðunni "Gamlar myndir"og eru teknar í maí 1962 en myndin til hægri var tekin við skráningu og á henni er horft til ANA*

Kötlugil, í námunda við 030.

Talsvert gljúfur er á þessum slóðum sunnan og suðaustan við á og liggur það í sveig h.u.b. Þar sem brúin er á ánni. Norðan ár eru einnig lágt gljúfur þar sem brúin er en umhverfis það eru árbakkarnir að norðanverðu víða meira aflíðandi og grónir birki.

Ummerki um brúarstólpa sjást beggja vegna árinnar. Sunnan ár er hleðslan allt að 10 m löng og 3 m á breidd. norðan við miðja á er miðjustólpi sem er um 6 x 3 m að stærð. Við norðurbakkann er svo hleðsla eftir þriðja brúarstólpann sem er um 3-4 m löng en 3 m á breið. Allir stólparnir eru gerðir úr hleðslugrjóti með steypu/steinlími á milli en hluti undirstöðunnar er steypt.. Brúin hefur verið ríflega 30 m löng.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Heima er bezt, 375

**SF-188:058** heimild um kvíar
Í grein í Heima er bezt er fjallað um búskapartíð Jóns Pálssonar og Elínar Árnadóttur í Hrífunesi en Jón kom í Hrífunes 1890, þá fjögurra ára). Í greininni segir: „Ám þess [vinnufólks Jóns] fékk Jón að færa frá og hafa í kvíum. Taldi hann sér það góðar tekjur á frumbýlingsárum, enda takmarkaði hann ekki fjáreign hjúa sinna og munu slíks fá dæmi," Ekki er vitað hvar kvíar árna voru og ekki eru þekktar eiginlega kvíar á jörðinni þótt vera megi að einhver þeirra tófta sem skráðar voru hafi verið kvíar og má í því samhengi nefna rétt 049.
**Heimildir:** Heima er bezt, 375

**SF-188:059** tóft útihús 524901 348428

Lítil hringlaga tóft er neðarlega í stakstæðu túni í Smærnaenni norðan við Bæjargil. Hún er um 50 m sunnan við útihús 005 og 120 m norðan við bæ 001. Neðar í túninu eru svo leifar af útihúsi




*Tóft SF-188:059, horft til austurs á ljósmynd. Til hægri er handteikning af sama stað*

061. Ætla má að hún hafi gegnt hlutverki útihúss eins og önnur mannvirki og tóftir í túninu en ekkert er vitað um nánara hlutverk. Túnið er í talsverðum halla til suðurs en suðaustan við tóftina er meira aflíðandi halli og tangi eða nes sem gengur til suðurs. Túnið er slétt og grasi gróið en langt er síðan hætt var að slá það.

Tóftin er nánast hringlaga, um 6x5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og er óljóst op inn í hana úr vestri. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og víðast 0,5 m á hæð en hæstir á austurhlið þar sem þeir eru 0,6 m. Ekki sést grjót í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:060** þúst útihús 524553 348394

Óljós þúst er í Hrífunestúni, um 320 m VNV við gamla bæinn 001. Túnin í Hrífunesi eru í halla til suðurs, að Hólmsá. Neðsti hluti þeirra er aflíðandi en nokkur bratti tekur við þegar ofar dregur. Svæðið er í raun í hálfgerðum dal, Bæjardal, milli tveggja hæða að austan og vestan.




*Útihúsþúst SF-188:060, horft til austurs á ljósmynd. Til hægri er handgerð teikning*

Gömlu heimatúnin eru nú á kafi í grasi. Hólmsá brýtur af túnunum og bæjarhólnum en þústin sem hér er skráð er ofarlega í túninu á eins konar tungu á milli tveggja gilja. Hún er í nokkrum halla til suðausturs. Túngarðsbrot 056 endar tæpum 10 m ofan (norðvestan) hennar.

Þústin er 7 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Í hana eru tvær dældir, líklega tvö hólf í sama húsi. Neðra hólfið (það sem er austar) er 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr það þvert á brekkuna. Það er mun dýpra (um 1 m frá botni hólfs og upp á „vegg“). Efra hólfið er örlítið minna eða 3 x 1,3 m og snýr eins. Það er aðeins 0,1-0,2 m á dýpt og er næstum eins og stallur. Ekkert op er greinanlegt í þústinni og ekkert grjót heldur. Ytri brún veggja er í raun óljós og eru það helst dældirnar tvær sem sýna, svo ekki verður um villst að þarna stóð einhver kofi. Dýpt dældanna er um 0,3 m. Ekki er merkt inn hús á þessum stað á bæjarteikningu Dana frá 1904 eða Túnakort frá 1920.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:061** tóft útihús 524915 348408

Útflött tóft er um 15 m suðaustan við tóft 059 og 110 m norðaustan við bæ 001. Hún er neðst á tanga sem gengur til suðurs út í Bæjargil og er hluti af stakstæðu túni í Smærnaenni. Túnið er að mestu leyti í talsverðum halla til suðurs en tanginn er í mjög aflíðandi halla. Fremur sléttlent er í túninu sem er grasi vaxið en langt er síðan það var slegið.

Heildarstærð tóftarinnar er 11x5 m og snýr það nálega norður-suður. Norðurhluti hennar






*Útihústóft SF-188:061, horft til suðausturs á ljósmynd. Til hægri er handgerð teikning*

er útflattur en suðurhlutinn er nokkuð greinilegur þar sem sést móta fyrir innanmáli hólfs. Dálítil hólmyndun er einnig í suðurhluta tóftarinnar. Hólfið í suðurhluta tóftarinnar er 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir þess eru 1 m á breidd og 0,6-0,7 m á hæð þar sem þeir eru hæstir í suðurenda. Óljóst op er á hólfinu í norðurenda. Norðan við það er mögulega óljóst hólf sem virðist vera lítillega niðurgrafið en gæti hafa myndast vegna rofs eða efnistöku.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:062** tóft fjárhús 524462 348546

Útihús er um 450 m ofan (norðvestan) við bæ 001 en fast ofan (norðvestan) við gerði 049. Tóftin er ofan við (norðan við) réttina og eru um 3 m á milli. Nýr malarvegur liggur frá íbúðarhúsunum efst í túninu og að nýlegum kofa neðarlega í túninu, við brekkukverkina. Slóðinn er um 10 m vestan við rétt 049. Tóftin er fast ofan við réttina, í sléttuðu túni sem hallar til suðurs. Talsvert umrót hefur verið í kringum hana. Nokkur birkitré hafa verið gróðursett fast






*Fjárhústóft SF-188:062, horft til NNA á ljósmynd. Til hægri er handgerð teikning af fjárhúsunum*

ofan við tóftina og þar ofan við er niðurgröftur.

Tóftin er á hæð ofarlega í túninu og niður af henni hallar til vesturs og suðurs. Tóftin er af fjárhúsi, hún er einföld og 8 x 5 m að stærð. Hún snýr h.u.b. norður-suður og op er á miðjum suðurgafli. Op tóftar stenst á við op gerðis 049 sem er beint neðan við. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og sjást mest 7-8 umför af hleðslu. Hleðslurnar eru grónar að utan. Garði gengur eftir miðri tóft.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:063** þúst útihús 524884 348458

Efst í miðju stakstæðu túni í Smærnaenni norðan við Bæjargil er nokkuð afgerandi hryggur eða tunga sem gengur til SSA frá túnjaðri og er á milli minja um útihús 005 og útihús 051 en 150 m norðan við bæ 001. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða en sé um mannvirkjaleifar að ræða má ætla að þær séu af útihúsi.

Túnið í Smærnaenni er í talsverðum halla til suðurs en aflíðandi halli er suðaustast þar sem tangi eða nes gengur til suðurs.



*Útihúsþúst SF-188:063, horft til SSA*

Túnið er slétt og grasi gróið en langt er síðan hætt var að slá það.
Þústin er um 6x6,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Norðvesturmörk hennar sjást ekki. Þústin er lítt afgerandi en hún er kúpt og 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:064** tóft+garðlag hlutverk óþekkt 524624 348356
Garðlag og sambyggð mannvirki eru í túninu 200-250 m norðvestan við bæ 001. Mannvirkin eru án efa fremur ung en þó er um að ræða torfbyggðan garð og tóft og eru þau því höfð með á fornleifaskrá. Á sama stað hefur nú verið byggður kofi og einhver ræktun er í kringum hann en allt er svæðið í hvarfi frá núverandi húsum efst í hlíðinni.

Nokkuð raskað svæði í brekkurótum. Svæðið er grasi gróið en runnum og trjám hefur verið gróðursett hér og þar á svæðinu. Talsvert hækkar upp frá svæðinu og þar hefur einnig verið gróðursett nokkuð. Túnið er nú sinuvaxið.




*Garðlag og tóft SF-188:064, horft til ANA á ljósmynd. Til hægri er handteikning af sama stað*

Ólöguleg mannvirki eru á þessum slóðum á svæði sem samtals er um 50 x 30 m stórt. Mannvirkin hafa án efa verið byggð á 20. öld en e.t.v. er líklegra að þau hafi verið gerð á meðan búið var í gamla bænum í Hrífunesi 004 en úr honum var flutt 1938. Annars vegar er um að ræða torfgarð sem liggur niður hlíðina til ASA en beygir svo til suðurs og þar virðist e.k. tóft eða kofi hafa verið byggð við hann. Garðurinn er 20-30 m langur en efsti (vestasti) hluti hans er nú að mestu undir malarvegi sem gerður hefur verið niður brekkuna. Þegar neðar dregur sveigir hann frá veginum. Garðurinn er víða um 1,2 m á breidd en um 1 m á hæð. Op er á garðinn 10-15 m neðan við þar sem efst má greina hann en síðan heldur hann áfram til ASA þar til hann beygir til suðurs, en þar er tóft byggð upp við hann að austanverðu. Tóftin er um 8 x 5 m stór og snýr norður-suður. Hún er 4 x 2 m að innanmáli. Op er á henni vestarlega á suðurgafli. Veggir mest 1,4 m á breidd en víða 0,8-1 m. Vesturveggur er nokkuð raskaður, víða eins og gróinn hryggur en verður greinilegri þegar komið er sunnar, í framhaldi af tóftinni. Þaðan liggur garðlag í um 4 m til suðurs en beygir þá til vesturs í 6 m áður en það beygir aftur til suðurs og liggur í um 30 m að nýlegum kofa sem byggður hefur verið í brekkukverkinni. Umhverfis hann er margvíslegt rask honum tengt. Þar eru ræktaðir runnar ásamt fleiru og hefur verið hrúgað upp nýlegur hrygg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:065** vegur samgöngubót 524697 348498

Í Bæjargili er upphlaðinn og ruddur vegur sem sést í norðaustanverðu gilinu. Líklega lá þessi leið á milli Stekkatúns (sjá 018) og yngsta bæjarins sem byggður var 1938 en einnig kann hún að hafa legið á leið 052 litlu austar. Leiðin liggur ofan í grösugu og mýrlendu gilinu og upp bratta brekku á bakka þess.

Vegurinn sést á 45 m löngum kafla þar sem hann liggur úr norðvestri eftir gilinu og beygir svo upp úr því til austurs á Stekkatún. Ruddi hluti vegarins er ofan í gilinu og í sneiðingi upp í lítið þvergil á 33 m löngum kafla. Hann er um 1 m á breidd. Í þvergilinu sem gengur til NNA úr Bæjargili tekur svo við upphlaðinn vegur á 12 m löngum kafla og er hann einnig um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð þar sem gilið er dýpst. Mjó kindagata heldur áfram frá báðum endum vegarins, annars vegar eftir Stekkatúni með stefnu á tún í Smærnaenni og leið 052, hins vegar upp úr Bæjargili suðvestanverðu.



*Vegur SF-188:065, horft til norðvesturs*

**Hættumat:** engin hætta

**SF-188:066** garðlag túngarður 524613 348390

Garðlag er efst í aflíðandi túni um 260 m norðvestan við bæ 001. Aflíðandi og sinuvaxin tún eru fyrir neðan garðlagið en talsvert brött brekka ofan við, einnig grasi vaxin.

Garðlagið er hlaðið í brekkukverkina, snýr norður-suður og er um 60 m langt. Það er úr torfi og og austurbrún þess (neðri brúnin) er mjög skýr eða allt að 0,8-1 m á hæð en vesturbrúnin fellur saman við brekkuna og er mest 0,2 m á hæð. Garðurinn er grasi gróinn og um 1 m á breidd. Garðurinn sést skammt norðan við vegarslóða sem liggur niður brekkuna (um 20 m) en sunnan hans eru tóftir og garðlög 064 og má vera að svæðin hafi upphaflega verið tengd. Garðurinn liggur að gili í túninu og enda skammt frá því. Garðurinn hefur án efa gengt hlutverki túngarðs. Hann er í sömu stefnu og túngarður/túnjaðar á korti Dana af Hrífunesi frá 1904 en virðist aðeins of vestarlega til að passa fullkomlega við þá legu. Hugsanlegt er að fjarlægð á bæjarteikningu sé vanmetin en einnig er mögulegt að túna hafi verið færð út á fyrri hluta 20. aldar og má vera að bæði þessi



*Túngarður SF-188:066, horft til VSV*

garður og garðlag 056 sé vitnisburður um stækkun túna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**SF-188:067** vegur samgöngubót 524751 348405

Ruddur vegur er á stuttum kafla á leið SF-661:032 þar sem hún liggur ofan í Bæjargil af Stekkatúni 018 að vaði 054. Vegurinn liggur niður aflíðandi og grösuga brekku niður af norðurbakka Bæjargils.

Vegurinn er sneiðingur sem er um 50 m á lengd og liggur nálega norður-suður en sveigir lítillega til austurs í suðurenda. Hann er 2 m á breidd og er gróinn. Hjólför eftir bíla eða tvær samsíða götur liggja eftir veginum.
**Hættumat:** engin hætta



*Vegur SF-188:067, horft til NNA*

**SF-188:068** *Utasta torfa* heimild um kolagröf 523544 349576

Í ritinu „Úr sögu skóganna" er að finna úttekt á kolagerð í Hrífuneslandi 1817. Í úttektinni kemur fram að svæðið Stóripottur skiptist í 3 afdeildar torfur sem allar horfi á móts norðri og um utustu torfuna segir: „Utasta torfa í sama plázi, lítið minni að stærð, en hefir eins og hinar öll verið skógin vaxin, en má nú kallast fyrir óreglulega brúkun skógarmanna skóglaus. Þar stendur efir lítill strjálingur af fornviði. Stofnar sjást berir víða hvar fyrir ofan grasrót með víðsvegar útdreifðu gömlu limi, fúnu ofan í jarðveginn; moldin liggur í kringum grafirnar, en þökunum einasta snarað ofan í þær, en þar ofan á er kol og aska til samans í hrúgum, sem sér út til að hafa verið hér um bil 1/2 tunna við eina gröfina."

Utasta torfa er norðaustan við vegslóða sem liggur frá Hrífunesi, framhjá sumarbústaðabyggð og upp á hæðina þar fyrir ofan. Svæðið er markað af giljum að norðaustan en norðvestast enda það í lægð. Allra syðst nær torfan upp á holt en lækkar til norðurs. Ofan á holtinu eru mosagróið og víða einstaka runnar en þéttari birkigróður tekur við norðar. Syðsti hlutinn er e.t.v. það svæði sem er líklegast að kolagrafir hafi verið þótt þær hafi vissulega geta verið víðar um svæðið.

Engar kolagrafir fundust við skráningu. Mögulegt er að hringlaga runnagróður gæti gefið vísbendingar um staðsetningu grafanna, þ.e. að slíkur gróður hafi að einhverju leyti vaxið upp úr gröfunum, en ekkert er hægt að fullyrða um það án könnunarskurða.
**Heimildir:** Úr sögu skóganna, 267

**SF-188:069** tóft beitarhús 521476 347689

Beitarhús voru um 3,4 km suðvestan við bæ 001. Beitarhúsin eru suðvestan við syðra Hvítholtið. Húsin eru byggð undir kletti. Garðar Bergendal heimildamaður var með í endurbyggingu á húsunum á unga aldri. Svæðið er á kafi í birki og víði og vex það bæði umhverfis tóft og inni í henni og gerir hana því ógreinilega úr fjarska. Talsvert mikið rof er hins vegar í holtinu sjálfu (nema alveg í toppinn) og er rofið aðeins 2 m frá tóftinni. Tóftin er í halla til suðvesturs og suður af hallanum tekur við mikill bratti ofan í Hrútá.




*Beitarhúsatóft SF-188:069, horft suðvestursl á ljósmynd. Til hægri er handteikning af tóftinni*

Tóftin er 10 x 4,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Op er á þeim á suðurgafli. Innanmál hússins er 8 x 2,5 m og eru veggir víða 1,2-1,5 m háir. Mest sést í 5 umför af hleðslu í veggjunum að innanverðu. Að utan er tóftin á kafi í gróðri. Inni í tóftinni er stöku timburleifar og bárujárn. Tóftin er í skjóli að norðaustan og sjálfsagt hefur fé verið haft á beit á sjálfum hólnum.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**SF-188:070** *Núpstorfa* heimild um kolagröf 522856 349101

Í ritinu „Úr sögu skóganna“ er að finna úttekt á kolagerð í Hrífuneslandi 1817. Þar segir: "Núpstorfa vestur af hinum. Þar hefur mikill skógur á næstliðnum árum höggvinn verið; gamalt lim er þar víða ósamanborið, en grafir tilbærilega byrgðar. Skógur lágur, en nokkurn veginn sumstaðar þéttur; meiri partur hans er nýgræða, því sá eldri er mikið burtuhöggvinn. Má missa 6 hesta." Núpstorfa er nokkuð stórt svæði á milli Geiratorfu og Skjóðutorfu norðvestur af Kötlugilsbotnum. Torfunni hallar til suðausturs niður að Kötlugili. Hún er 200 m suðvestan við Sighvatstorfu 025 og 2,1 km norðvestan við bæ 001.

Núpstorfa er vaxin þéttu birki- og víðikjarri en mikill uppblástur hefur eytt gróðri og jarðvegi ofan við torfuna í Hvammabrúm til norðvesturs. Ekki reyndist unnt að leita að ummerkjum um kolagerð í Núpstorfu vegna þess hversu þétt skógarkjarrið er.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Úr sögu skóganna, 268

**SF-188:071** *Hrútadalir fremri* heimild um kolagröf 521728 348303

Í ritinu „Úr sögu skóganna“ er að finna úttekt á kolagerð í Hrífuneslandi 1817. Þar segir: „Hrútadalir fremri, austanmegin Hrútár. Þar hefir skógur mjög höggvinn verið frá eldri og yngri tíðum, og það er svo, að álitið er, að þar sé lítill höggskógur eptir standandi fyrir utan eina torfu í þeim miðsvegar, sem skóg hefir enn vel brúkanlegan. Norðan við þessa, í næstu torfu, hefur á

næstliðnu voru skógur með þeim umgangsmáta verið, að fyrst hefir hann rjóðurhöggvinn og upprættur verið að öllu leyti, stofnar standa víða hvar eptir berir fyrir ofan grasrót, en limskefli og ókvistaður viður í samhræringi um alla torfuna, brandar, kol og aska samblandað við moldina kringum illa byrgðar grafir. Allt þetta víðlenda síðastnefnda pláz álíst geta mist árlega hrís að skaðlausu á 8 hesta.“ Í Hrútadölum fremri eru kjarri vaxnar og grónar brekkur upp frá dal sem nokkuð vatnsmikill lækur rennur eftir í hlykkjum til suðurs í Hólmsá. Mörg þvergil ganga upp frá dalnum og skilja á milli skógartorfa. Svæðið er nokkuð víðfeðmt og er 3 km vestan við gamla Hrífunesbæinn 001 og beitarhús 069 eru vestan við syðsta hluta þess.

Dalirnir eru vel grónir; gras er næst læknum neðst í honum en þétt birki- og víðikjarr er í aflíðandi brekkum upp frá læknum. Uppblásin svæði eru allt í kringum Hrútadali fremri. Ekki reyndist unnt að leita að ummerkjum um kolagerð í Hrútadölum fremri vegna þess hversu þétt skógarkjarrið er þar.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Úr sögu skóganna, 270-71

**SF-188:072** gata leið 524932 348646

Allmiklar en fornlegar götur liggja um gróið svæði á milli Langarofs og Sjónarhólsrofs um 270 m NNA við gamla Hrífunesbæinn 001 og 70 m norðvestan við götur á leið 052. Vegarslóði liggur yfir göturnar sunnan við Hamragil. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru.

Þar sem göturnar sjást er jafnlent og slétt svæði sem hallar til suðausturs. Þar vex gras, mosi og stöku víðirunni en svo þéttist kjarrið þegar nær dregur Sjónarhólsrofi og þar hættir leiðin að sjást. Leiðinni var fylgt á 140 m löngum kafla þar sem hún liggur nálega norður-suður. Götur sjást á 15-20 m breiðu svæði og má greina 15-20 götur. Tvær þeirra eru alldjúpar; 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Aðrar götur eru grynnri og mjórri. Litlu sunnan við vegarslóða sem liggur yfir göturnar hafa götur grafist niður í rennu á stuttum kafla sem er rúmlega 1 m á breidd og 0,5 m á dýpt.



*Leið SF-188:072, horft til austurs*

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**SF-188:073** gata leið 5522547 349832

Norðan við Hátungur, um 2,7 km norðvestan við gamla bæinn í Hrífunesi 001, sjást allmiklar götur á kafla þar sem þær liggja yfir mýri. Vegarslóði lá hér áður á sömu slóðum en nú vel akfær vegur fast suðvestan við göturnar. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en þær gætu verið á engjavegi í Lómamýri sem er á merkjum milli Hrífuness og Flögu. Leiðin liggur um mosagróna heiði þar sem grasvöxtur er gisinn.



*Leið SF-188:073, horft til suðausturs*

Göturnar sjást á um 230 m löngum kafla þar sem þær voru raktar á vettvangi. Þar eru allt að 14 götur saman á svæði sem er um 10 m á breidd. Göturnar eru grónar og eru flestar 0,2 m djúpar og 0,15-0,2 m á breidd. Vegurinn sem er á sömu slóðum virðist liggja yfir göturnar á köflum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**SF-188:074** varða hlutverk óþekkt 522221 348665

Stæðileg varða er tæpum 2,7 km vestan við bæ 001 og liggur jeppaslóði um 20 m vestar. Rafmagnslína er um 20 m austan við vörðuna. Varðan er á holti sem er fremur gróðurrýrt en að hluta þó vaxið mosa. Af holtinu er geysifagurt útsýni til Mýrdalsjökuls og Vatnajökuls og einnig til suðurs.



*Varða SF-188:074, horft til NNA*

Varðan er á jarðfastri klöpp. Varðan virðist fremur nýleg eða a.m.k. viðhaldið en mosi vex þó neðst í henni. Önnur varða er á lægri hól um 170 m austan við vörðuna (sjá 175). Varðan er um 1,5 m í þvermál en 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**SF-188:075** varða hlutverk óþekkt 522378 348671

Varða er hlaðin úr móbergi ofan á klett austan í Hvammhólssker, um 150 m austan við vörðu 074 og 2,5 km VNV við gamla Hrífunesbæinn 001. Í/ofan við kjarri vaxna torfu. Varðan er í rofi ofan og vestan grónar og kjarri vaxnar torfur. Rofsvæðið er að gróa upp og er mosagróður á því sumstaðar.



*Varða SF-188:075, horft til norðurs*

Varðan sjálf er um 0,6 m á hæð en ef kletturinn er tekinn með stendur hún 2 m upp úr umhverfinu. Varðan er um 0,7x0,5 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Í henni sjást 3 umför grjóts. Í henni eru annars vegar nokkuð stórir steinar og hins vegar smærri steinar inn á milli þeirra stóru. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Aldur hennar er óljós, hún virðist ekki forn en er ekki nýlega hlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**SF-188:076** tóft fjárskýli 523689 348171

Fornleg tóft, mögulega fjárborg, er um 1,2 km vestan við bæ 001. Tóftin er á gilbarmi, nálega þar sem Kötlugil og Krákugil koma saman. Gamli þjóðvegurinn 030 lá áður. Tóftin er um 80 m vestan við friðlýstar minjar 027.

Gamli þjóðvegurinn liggur niður í gilið skammt austan við tóftina. Tóftin er byggð austan í gilbarminn efst. Víði- og birkirunnar eru allt í kring og ofan í tóftinni og hún er því illgreinanleg þótt hún skeri sig nokkuð úr hlíðinni í kring þar sem grasvöxtur er í hluta hennar. Tóftin er um 5-6 m í þvermál og er örlítið aflöng (lengri norður-suður). Mikill víðigróður er






*Tóft SF-188:072 horft til NNA á ljósmynd. Til hægri er handteikning af sömu tóft*

innan í tóftinni og hún er um 2 x 1,5 m að innanmáli en 0,8 m að dýpt. Engar grjóthleðslur sjást og er tóftin alveg á kafi í gróðri. Beint ofan við tóftina gengur grasi gróin geil eða hæð út frá brúninni sem í fjarska virðist geta verið mun stærri fjárborg en við nánari athugun virðist næsta víst að hún sé náttúrulegt jarðsig.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**SF-188:077** gata leið 525182 348537
Margfaldir götuslóðar eru greinilegir í Litlanesi um 390 m norðaustan við bæ 001. Göturnar sjást nú aðeins á stuttum kafla en hverfa í runnagróður í austanverðu nesinu til suðurs og í rof á sama nesi nyrst. Sökum þessa er ekki ljóst á hvaða leið göturnar voru. Hugsanlegt að þær hafi áður legið niður á sandinum en farið upp í landið á þessum slóðum en Hólmsá hefur nú vaðið yfir umrætt svæði og ekki greinileg ummerki um götur. Ekki er hægt að útiloka að þær hafi sameinast götum 072 eða 042 norðvestar.


*Leið SF-188:077, horft til suðurs*

Göturnar liggja um grasi gróið nes og er talsverður runnagróður í vesturjaðri þess (við Hólmsá) en bratt niður að ánni. Talsvert rof er út frá gili norðan við nesið en það er að mestu uppgróið.

Götuslóðarnir eru fyrst greinilegir þar sem þeir liggja út úr runnagróðri á svæðinu en þaðan má rekja þá í um 80 m kafla þar til þeir hverfa í rof norðar. Göturnar snúa NNV-SSA. Á svæðinu sjást allt að 10 slóðar (á um 20 m breiðu svæði) sem liggja samsíða í talsverðum halla.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SF-188:078** gerði kálgarður/akur 524783 348278
Stórt gerði og fornlegt er fast VSV við bæ 001. Stutt er frá gerðinu fram á rofbakka við Hólmsá. Útihús 007 var á eða við norðvesturhorn þess. Gerðið er í gamla heimatúni Hrífuness, flatlendu en mishæðóttu. Það er sléttað og er búið að plægja yfir stóran hluta þess og endurrækta. Túnið er ekki lengur slegið.


*Gerði SF-188:078, horft til vesturs*

Gerðið afmarkar svæði sem er um 50x32 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það er ferkantað en ekki jafn ferningur og er suðausturhorn þess hvassara en önnur horn. Veggir gerðisins eru breiðir og mynda hryggi í túninu. SSA-veggur er greinilegastur en hann er utan þess

svæðis sem hefur verið plægt. Hann er 3 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð utanmáls en aflíðandi halli er frá honum til SSA. Jaðrarnir á ytri brún SSA-veggjarins eru ójafnir. Afgerandi op er vestan við miðju veggjarins sem er um 1 m breidd. VSV-hliðin er afgerandi hryggur. NNV-hliðin er mjög ógreinileg og sömuleiðis ANA-hliðin en hún er þó greinilegri. Rof virðist hafa komið í suðausturhornið en gróið aftur. Hlutverk gerðisins er ekki þekkt en líklegt er að það hafi verið kálgarður eða akurgerði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SF-188:079** heimild um útihús 524559 348650
Inn bæjarteikningu Dana frá 1904 eru merkt útihús og sambyggð rétt efst í túni og 450-460 m ofan við bæ 001. Tóftin er á vesturbrún Bæjargilsins. Húsið hefur verið efst í túni í talsverðum halla til ASA. Túnin eru nú í órækt og sinu. Á stalli efst í túninu.

Á þessum stað er greinilegt að hús hafa staðið eða mannaverk er á. Svæðið er fagurgrænt og vaxið annars konar gróðri en í kring. Ekki er hægt að sjá nein ummerki um tóftir eða húsalag en svæðið er um 20 x 12 m að stærð og snýr norður-suður. Samkvæmt bæjarteikningu Dana var þarna útihús og rétt norðaustar (nær gilinu) og mætti ætla að þær minjar sem þar voru í upphafi 20. aldar hafi snúið austur-vestur eða þvert á svæðið sem nú er greinilegt á svæðinu. Vel má vera að yngri hús hafi síðar staðið á sama stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikning Dana 1904

## *SF-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð*

Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Leiðvallahreppi.

**SF-661:001** *Fjallabaksvegur nyrðri* gata leið 520887 371860

„Fjallabaksveg nyrðri eða Landmannaleið, er liggur norðan Heklu og Torfajökuls. [...] Þaðan [frá Landmannalaugum] er hæg tveggja daga ferð í Skaftártungur, [...]“ segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1935 og þar segir á öðrum stað: „Á allri leiðinni eru vörður og staurar til vegarbeina [...] Leiðarmerkin eru tölusett frá austri til vesturs. Þau voru upphaflega 800, en nú eru sum fallin [...]“. Í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1940 segir: „Nyrðri Fjallabaksleiðin liggur um Svartanúp, [...] og er tekin stefna í norðurátt upp heiðina, og nokkru síðar beygt til norðvesturs, um Kálfasléttur. Þá er tekin hánorður stefna, og farið vestan við Þorvaldstungur, og sömu stefnu haldið yfir Ófæru. Þaðan liggur liggur svo leiðin áfram upp Herðubreiðarháls, svo norðvestan Tindfjalla, þá norður Dalöldur, unz komið er í Jökuldali, [...] Þá er farið um sandfláka og yfir Námakvísl, og svo haldið eftir sléttum aurum, og komið á Landmannaafrétt,“ „Fjallabaksleið liggur um Þorvaldstungur austast, síðan um Tólfhringasker að Hánípugili [...] Fjallabaksleið liggur yfir Ófæru neðan við hólana,“ segir í örnefnaskrá. „Allt að 39 samhliða götur á um 250 m bili, s. sunnan við Syðri-Ófæru og eru skornar af henni. Handan árinnar (norðan) er Skaftáreldahraun. Göturnar eru vestan við þar sem Fjallabaksvegur fer yfir Syðri Ófæru“, segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags frá 1989. Bílvegurinn (Fjallabaksleið nyrðri) liggur á svipuðum slóðum og eldri leiðin gerði en þó nokkur ummerki sjást þó enn um eldri götur. Hluti af gömlu Fjallabaksleiðinni var skráður við úttekt fornleifa vegna fyrirhugaðrar virkjunar, Búlandsvirkjunar, í september 2012. Fyrirhugað var þá að endurbæta bílveginn á Fjallabaksleið nyrðri frá byggð við Búland og sem leið liggur yfir Slóðamýri og Réttarmýri, um Núpsheiði og




*Leið SF-661:001. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en á mynd til hægri til austurs*

Þorvaldsaura að Skaftá/Syðri Ófæru, alls um 15,5 km leið. Alls var tekið út 50 m belti beggja vegna við núverandi veg. Einnig voru hlutar af leiðinni skráðir við aðalskráningu fornleifa í landi Búlands og í landi Svartanúps vorið 2013 og eldri skráning endurskoðuð að hluta.

Í skráningunni sem gerð var 2012 var hin forna Fjallabaksleið nyrðri skoðuð þar sem hún liggur frá byggð við Búland, vestan við Hjartarfell, yfir Slóðamýri og Réttarmýri, um Núpsheiði, Kálfasléttur og áfram til norðurs, langleiðina að Syðri-Ófæru en gamla leiðin beygir upp á Bleikálusker og lá ekki yfir Syðri-Ófæru þar sem bílvegurinn liggur nú. Á svæðinu sem tekið var út 2012 liggur leiðin yfir mosaþembur, mýrlendi og svæði þar sem gróður og jarðvegur hefur horfið vegna rofs. Leiðin var upphaflega skráð með minjum á Skaftártunguafrétti SF-641:004 (sjá

skýrslu FS502-12071) en sá hluti leiðarinnar sem var skráður í Skaftártungu 2012 og 2013 er innan gamla Leiðvallahrepps og voru því minjarnar færðar undir nýtt númer fyrir fornleifar á fleiri en einni jörð í Leiðvallahreppi SF-661:001.

Sigurður Vigfússon fór Fjallabaksveg 1885 og segir að þar sjáist "22 fornar götur að vestan þvert austur að Eldvatninu [þ.e. Syðri Ófæru] ... Skilorður maðr hefir sagt mér, að aðrar götur liggi þvert austr frá því [þ.e. Skaftá]." Jón Jónsson kannaði staðinn 1985: "Götur þær, sem Sigurður Vigfússon getur um, eru enn mjög greinilegar. Þær liggja út frá Fjallabaksvegi nyrðra, og enda frammi á snarbröttum, 6-8 m háum bakka Syðri-Ófæru. Þær stefna sem næst beint í norður [eða



*Leið SF-661:001, vörður B (horft til suðvestur), D (horft til norðausturs) og E (horft til norðvesturs)*



*Leið SF-661:001, vörður F (horft til SSV), G (horft til SV), H (horft til SSV) og I (horft til suðurs)*

aðeins austan við norður]. Okkur tókst að telja þar mest 39 götur. Ekki fer neitt milli mála að þessar götur eru eldri en gosið 1783, því þær liggja fram á það, sem nú eru algerar ógöngur og engin slóð er í hrauninu hinum megin árinnar." Jón Jónsson kannaði þversnið þar sem göturnar liggja fram á rofbakka og fjallar um niðurstöðurnar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags árið 1989. Yfir þeim var gjóska úr Öræfajökli (Ö-1362) og grátt gjóskulag sem talið er vera frá miðri 13. öld (úr Sólheimajökli?) en C14 greining á þessu lagi gaf 870 +/- 80 BP eða 1170-1250 (UtC

527). Enn neðar en þó yfir götunum er svarta lagið sem Jón Jónsson telur vera úr Leiðólfsfelli frá fyrri hl. 12. aldar. Jón telur að göturnar hafi legið til byggðarinnar á Tólfahringum sem farið



*Leið SF-661:001, vörður J (horft til norðvesturs), L (horft til norðvesturs) og M (horft til suðausturs)*



*Leið SF-661:001, vörður N (horft til NNV), P (horft til norðausturs) og R (horft til austurs)*

hafi í eyði við gosið í Leiðólfsfelli á fyrri hl. 12 aldar. Á móti því mælir a) að engar minjar hafa fundist um þessa byggð og því óvíst hversu mikil hún hefur verið eða hvar nákvæmlega hún hefur verið b) að göturnar eru harla norðarlega á því svæði sem nú er kallað Tólfahringar og því jafnmikið á leið úr henni eins og til hennar c) þó göturnar hafi verið byrjaðar að verða til á fyrri hluta 12. aldar og yfir þær hafi lagst gjóskulag þá þýðir það ekki að þær hafi ekki verið notaðar síðar d) göturnar liggja samhliða Fjallabaksvegi og hafa sömu stefnu og er því eðlilegast að tengja þær við þá leið eins og hún var fyrir 1783 þegar Skaftárhraun breytti öllum aðstæðum í dalnum.



*Leið SF-661:001, vörður T (horft til NNA), U (horft til norðurs), V (horft til austurs) og X (horft til suðausturs)*

Sá hluti leiðarinnar sem skoðaður var haustið 2012 nær frá suðurenda Núpsheiðar, yfir Kálfasléttur og að Bleikáluskeri, um 5 km á lengd. Enn sjást reiðgötur á köflum og fjöldi varða á leiðinni. Alls voru skráðar 19 vörður árið 2012. Víðast eru vörðurnar hlaðnar úr móbergi, eru 1,5-2 m í þvermál eða 1,5-2x1,5-2 m að grunnfleti. Þær eru flestar 0,4-0,8 m á hæð en hæsta varðan er 1,3 m á hæð og er líklegt að hún hafi verið endurhlaðin að hluta. Mest sjást 6 umför hleðslu í vörðunum. Lýsing á leiðinni hefst næst byggð. Fyrstu sýnilegu ummerki um reiðleiðina við akveginn eru um 2,9 km norðvestan við Búland SF-179. Þar sjást greinilegar götur á um 50 m löngum kafla en ógreinilegri götur liggja áfram til suðurs á um 105 m löngum kafla. Ein varða (Z4) er um 1,7 km norðvestan við göturnar en hún er fast austan við hluta leiðarinnar sem hefur verið ruddur og vestan við hana er um 3 m breið gróf þar sem reiðleiðin eða eldri ruddur vegur lá. Önnur varða (Z6) á þessum hluta leiðarinnar var utan úttektarsvæðis 2012. Hún er suðaustan



*Leið SF-661:001, vörður Z4 (horft til austurs) og Z6 (horft til austurs)*

Réttarmýrar og rúmum 800 m suðaustan við áðurnefnda vörðu (Z4). Þessi fyrsti hluti leiðarinnar sem lýst var árið 2012 er líklega yngri útgáfa af leiðinni því eldri hluti hennar sem lá frá Búlandi og upp hjá Svartanúpi var skráð árið 2013 (sjá hér neðar). Ekki sjást fleiri minjar um gömlu Fjallabaksleið við núverandi bílveg fyrr en á u.þ.b. miðri Núpsheiði en þá fara vörður og götur að sjást meðfram veginum. Þar sjást götur aðallega vestan við veginn en vörðurnar eru ýmist austan eða vestan við hann. Reiðgötur sjást á köflum uppi á heiðinni vestan við veginn en þær eru mjög skýrar þar sem leiðin liggur norður af Núpsheiði, niður á Kálfasléttur. Uppi á Núpsheiði er fremur stutt á milli varða, eða 100-160 m. Þegar komið er niður af heiðinni á Kálfasléttur sjást nánast engar vörður en þar er deiglent og langt að sækja grjót. Þar var þó skráð ein torfvarða.

Hugsanlega gæti hér verið um náttúrumyndun að ræða en þar sem hrúgan sem enn sést er nokkuð reglulega ferköntuð og um 2x2 m að flatarmáli þá var hún skráð sem varða. Hleðslur eru signar og hæð vörðu nú <0,5 m. Daufar leifar af um 6 götuslóðum sjást á þessu svæði fast norðvestan við vörðuna en þær eru að hverfa í mýri. Ógreinilegar götur sjást víðar á Kálfasléttum. Þegar komið er norður fyrir þær fjölgar vörðunum og eru þær með nokkuð reglulegu millibili á svæði sem er um 1,2 km á lengd. Á því svæði eru 100-250 m á milli varða og eru þær allar vestan við bílveg. Við norðvesturenda þess svæðis sem kannað var eru reiðgötur á leiðinni einna skýrastar þar sem þær liggja niður af hæðarbrún eftir mosavaxinni tungu á annars uppblásnu svæði suðaustan við Bleikálusker. Þar sjást 10 götur saman á um 12 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar, eru 0,2-0,5 m á breidd og 0,1-0,4 m á dýpt. Á þessum stað sjást göturnar á um 90 m löngum kafla en hverfa vegna jarðvegsrofs. Götur þær sem Jón Jónsson rannsakaði og fjallaði um í grein í Árbók Hins íslenzka forleifafélags 1989 sjást enn en þær eru að öllum líkindum hluti af Fjallabaksleiði nyrðri og sýna þær hvar leiðin lá fyrir eldsumbrotin 1783. Göturnar eru um 285 m norðaustan við vörðu B sem er nyrsta skráða varðan á úttektarsvæðinu. Á þessum slóðum var hægt að fylgja götunum á um 95 m löngum kafla sem liggur nálega norður-suður. Göturnar halda áfram til norðurs. Um 20 götur sjást saman á svæði sem er um 20 m á breidd. Göturnar eru grónar og grunnar, um 0,1 m á dýpt og breidd innanmáls. Við aðalskráningu á nyrsta hluta Skaftártungu vorið 2013 var Fjallabaksleið nyrðri skráð á stuttum kafla í landi Búlandsness þar sem hún liggur til norðvesturs frá Granagili og stefnir á Svartanúp (661:001_BL_A). Hluti gatnanna þar var rakinn af loftmynd. Það sama ár var leiðinni fylgt á nokkrum köflum frá rétt SF-181:003 að túninu á Svartanúpi og upp hlíðina ofan og norðvestan



*Leið SF-661:001, vörður SVN_B (horft til NNV), SVN_C (horft til suðausturs), SVN_D (horft til norðurs) og SVN_E (horft til suðurs).*

við bæinn. Ofan við bæinn voru skráðar fjórar vörður (661:001_SVN_B-E) sem allar eru hlaðnar úr köntuðu basaltgrjóti. Þrjár þeirra standa nokkuð vel en ein (SVN_C) er hrunin. Vörðurnar virðast ekki mjög fornar en kunna að hafa verið endurhlaðnar. Grjótið í þeim er þó nokkuð mosavaxið. Varðan sem er næst bæ (SVN_B) stendur hæst af þessum fjórum og er 1,3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** ÁFÍ 1935, 5; Ö-Búlandsheiði og Skaftártunguafréttur, 2; Ár, 1892, 69; Árb1940, 48; Árb 1989, 123-27

**SF-661:002** *Bjarnagata* gata leið 520995 360596

Í Ferðabók Þorvalds Thoroddsen segir: „[...] og beint austur til Hólmsár, en frá henni liggur Bjarnagata niður að Búlandsseli.“ „...eftir gilinu [Tjaldgili] rennur Tjaldgilslækur í Tungufljót, norðan Bjarnagötu,“ segir í örnefnalýsingu Búlandsheiðar. Í örnefnaskrá Búlandssels segir ennfremur „Norður af Réttarfelli heitir Bjarnagötuháls,“. Minjar um Bjarnagötu sjást á tveimur stöðum á fyrirhuguðu lónstæði Búlandsvirkjunar. Annars vegar sjást götur á Bjarnagötuhálsi í landi Búlandssels SF-180 og hins vegar sjást götur og varða norðvestan við Þorvaldsá á Þorvaldstungum í landi Búlands SF-179. Göturnar á Bjarnagötuhálsi eru um 255 m sunnan við rétt 022.

Göturnar sjást norðvestan og suðaustan við Þorvaldsáraura, í mosavöxnu heiðarlendi.



*Bjarnagata SF-661:002 til vinstri (horft til norðvesturs). Á mynd til hægri er varðan, horft til SA*

Á Bjarnagötuhálsi sést leiðin á um 115 m löngum kafla og liggur hún norðvestur-suðaustur. Alls sjást 10 götur saman á svæði sem er 8-10 m á breidd. Þær eru grónar, um 0,2 m á breidd og dýpt. Til norðvesturs hverfa þær þegar komið er inn á svæði þar sem mikið vatnsrof hefur átt sér stað og til suðausturs hverfa þær skammt frá núverandi Fjallabaksleið nyrðri. Um 2,7 km norðvestan við þennan hluta leiðarinnar sjást götur norðvestan við Þorvalsdsáraura og var leiðinni þar fylgt á um 670 m löngum kafla en hún heldur lengra áfram til norðvesturs. Þar sjást 10-15 götur saman á 10-15 m breiðu svæði. Þær eru grónar og eru flestar 0,2 m á breidd og um 0,1 m á dýpt að innanmáli. Lítil varða er við leiðina, um 680 m norðvestan við Þorvaldsá. Hún er hrunin, er um 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara en í henni er móberg og grágrýti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen, 242; Ö-Búlandsheiði og Skaftártunguafréttur, 1 og Ö-Búlandssel, 2

**SF-661:003** gata leið 528142 356621

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1905 lá þá gata frá Svínadal, að ferju í Stórahvammi SF-177:014 og áfram austan við Eldvatnið þar sem er vörðuð leið til austurs í átt að Skál samkvæmt kortinu. Göturnar eru hér skráðar vestan Eldvatns, í landi Svínadals. Þar hafa þær á talsverðum kafla legið á svipuðum slóðum og núverandi vegur að Svínadal gerir. Þó sjást víða slóðar beggja vegna við veginn, t.d. í brekku fast austan við bílveginn um 1,4 km suðaustan við bæ SF-177:001.



*Leið SF-661:003. Á báðum myndum er horft til suðurs*

Malarvegur liggur nú (2015) að stóru leyti þar sem eldri götur voru. Þær sjást þó víða í námunda við yngri veg. Þar sem eldri götur sjást eru víða 5-8 samsíða slóðar en þá er ekki hægt að rekja á löngum köflum heldur hverfa þeir vanalega undir malarveginn. Í brekkunni 1,4 km suðaustan við bæ 001 voru göturnar raktar á um 60 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:004** gata leið 526627 358493

Leið sem lá frá Svínadal til norðvesturs að Hvammi og Búlandi er sýnd á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 og að hluta til á bæjarteikningu Dana af Svínadal frá 1904. Þar er leiðin sýnd liggja til norðurs frá bæ í Svínadal SF-177:001 rétt vestan við útihús SF-177:009. Þaðan lá leiðin í



*Leið SF-661:004, á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til austurs á mynd til hægri*

hlykkjum upp brattar hlíðar til vesturs og áfram um heiðarlendi norðan við Smáfjöll. Leiðin var skráð í landi Svínadals frá útihúsi SF-177:009 og vestur fyrir Smáfjöll.

Leiðin liggur að mestu leyti um þurrar heiðar og sumstaðar um blautar mýrar. Víðast er svæðið sem leiðin liggur um gróið og einkennist gróðurfar af mosa og grasi.

Leiðinni var fylgt á um 1,2 km löngum kafla þar sem hún liggur norðvestur-suðaustur. Ógreinileg gata sést sunnan við vörðu SF-177:050 á stuttum kafla. Um 50 m norðvestan við hana sést leiðin nokkuð skýrt á 180 m löngum kafla. Þar skiptist hún í tvær greinar sem báðar tilheyra henni. Ógreinilegri leiðin heldur áfram til norðvesturs á 70 m löngum kafla en hverfur þar í miklum bratta. Greinilegri leiðin beygir nokkuð skarpt til norðurs upp bratta brekku og liggur svo í sveig til vesturs og skiptist svo aftur í tvær greinar þar sem hún liggur upp brekku. Þar sem leiðin greinist eru 14 götur saman á 16 m breiðu svæði. Göturnar eru 0,1-0,2 má breidd og dýpt. Í syðri greininni eru 6 götur á 5-7 m breiðu svæði og eru göturnar 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Í nyrðri greininni eru 6 götur á 3-4 m breiðu svæði, þar eru göturnar litlu dýpri en í syðri greininni. Ekki er útilokað að syðri greinin tilheyri í raun leið 014. Um 100 m norðvestan við þessar tvær greinar heldur leiðin áfram á 330 m löngum kafla. Lengra var leiðinni ekki fylgt en á loftmynd sést óljóst framhald af henni á um 900 m löngum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA; Bæjarteikning Dana 1904

**SF-661:005** gata leið 526762 355451

Á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd leið sem liggur frá Hlíð SF-176 að Svínadal SF-177. Leiðin liggur af leið 009 og á leið 013. Leiðin sést allvel þar sem hún var skoðuð í landi Hlíðar frá tóftum og görðum SF-176:071 og SF-176:056 til austurs, suður undir Stökutorfu að Grófará, þar sem tóftir og garðlag SF-176:055 eru. Leiðin liggur um nokkuð jafnlendan móa í landi Hlíðar



*Leið SF-661:005. Á báðum myndum er horft til austurs*

sem er mosa og grasi vaxinn.

Leiðinni var fylgt á um 740 m löngum kafla þar sem hún liggur austur-vestur. Þar sjást nokkuð samfelldar götur, 6 saman á svæði sem er um 6 m á breidd. Göturnar eru grónar og eru 0,1-0,2 m á dýpt og breidd. Göturnar hætta að sjást við Grófará til austurs og við djúpt gil til vesturs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:006** gata leið 525974 356328

Samkvæmt Vali Oddsteinssyni, heimildamanni, lá áður leið milli Hlíðabæjanna SF-176 og Svínadals SF-177 upp frá Hlíð (til NNA) upp á hlíðarbrúnina fyrir ofan bæina og þá áfram til NNA, norður fyrir Svarthamar og um Þjófabotnaskarð og svo áfram til norðurs og norðausturs að Svínadal.

Á grasi gróinni og sum staðar mýrlendri heiði milli bæjanna tveggja.

Leitað var að götunum við Svarthamar þar sem þær fundust þar og voru raktar á um 200 m kafla til NNA í átt að Þjófabotnum. Á þessum kafla sjást óljósir götuslóðar, oft 4-5 samsíða. Leiðin hefur verið 3-4 km löng.



*Leið SF-661:006, horft til SSV*

**Hættumat:** engin hætta

**SF-661:007** gata leið 525726 354075

Götur milli Ytri-Ása SF-174 og Eystri-Ása SF-175 annars vegar og Hlíðar SF-176 hins vegar lágu um Hesthóla. Þær voru að talsverðu leyti á svipuðum slóðum og bílvegurinn liggur nú (2015). Göturnar sjást þó greinilega þar sem þær liggja af flatanum við Tungufljót og upp Hesthóla. Sumarbústaður hefur nú verið byggður undir Hesthólum og sjást göturnar vel í brekkunni austan



*Leið SF-661:007. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til suðausturs á mynd til hægri*

við bústaðinn. Göturnar eru best merkjanlegar í grasi gróinni brekku uppi á Hesthólum.

Göturnar eru vel greinilegar frá sumarbústaðnum og upp brekkuna. Þar liggja þær svo í sveig en svo áfram til suðausturs í átt að bílveginum en verða ógreinilegar þegar komið er að honum. Göturnar voru raktar á þessum slóðum, á um 350 m löngum kafla. Slóðarnir eru grunnir en á kafla sjást allt að 10 þeirra samhliða. Um 700 m suðvestar sjást göturnar aftur neðan við bílveginn þar sem þær voru raktar á 80 m löngum kafla að landamerkjagarði SF-176:023. Leiðin heldur áfram yfir garðinn til suðausturs. Á þessum kafla eru 14-16 götur saman á um 25 m

breiðu svæði og eru göturnar 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**SF-661:008** gata leið 524689 354633

Á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd leið sem lá milli Hemru SF-186 og Hlíðar SF-176 um Hlíðarvað SF-176:035 yfir Tungufljót. Á milli bæjanna eru 2,3 km í beinni loftlínu. Leiðin sést á stuttum kafla þar sem hún liggur í norðvestanverðum Hemruhól í landi Hemru, niður að ánni.



*Leið SF-661:008, horft til NNA*

Frá Hemru að Tungufljóti er flatlent og búið er að rækta tún á öllu svæðinu sem er milli bæjarins og Hemruhóls. Í landi Hlíðar lá leiðin um flatlendar engjar en þegar þeim sleppir taka við sléttuð tún í halla mót suðri.

Ætla má að leiðin hafi legið þar sem myndast hefur alldjúpt og breitt skarð norðaustast í Hemruhól. Það er um 110 m að lengd og snýr NNA-SSV. Skarðið endar við háan árbakkann og virðist líklegt að aðstæður við ána hafi breyst talsvert af völdum landbrots.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:009** *Hlíðargötur* gata leið 526218 355346

Á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd leið sem lá milli Hlíðar SF-176 og Eystri-Ása SF-175. Leiðin var skoðuð í landi beggja jarða og sést fyrst um 700 m ANA við Hlíðarbæinn SF-176:001. Í landi Hlíðar liggur leiðin um nokkuð jafnlent svæði sem áður var nær eingöngu mólendi en tún hafa verið ræktuð á stórum hluta þess. Í landi Eystri-Ása liggur leiðin um mólendi og mosagróin svæði.





*Leið SF-661:009. Á mynd til vinstri er horft til norðurs. Á mynd til hægri er horft til norðvesturs*

Á milli bæjanna eru um 5 km og var hægt að rekja leiðina á nokkrum stöðum á um 1700 m löngum kafla. Í landi Hlíðar sést leiðin á 110 m kafla þar sem hún kemur upp úr Torfgili SF-176:028 og liggur til ASA yfir mýrlendi. Skurðir hafa verið grafnir eftir mýrinni endilangri til framræslu og sést leiðin ekki þar. Á þessu svæði eru 7-10 kræklóttar götur saman á 15 m breiðu

svæði. Leiðin sést aftur 150 m suðaustar þar sem hún krækir fyrir lágt holt á 100 m löngum kafla. Þá taka við sléttuð tún til austurs en leiðin sést aftur þar sem hún liggur yfir landamerkjagarð SF-176:023. Þar sjást miklar götur a 540 m löngum kafla sem halda áfram í átt að Krossfelli til suðausturs. Götunum var áfram fylgt á kafla í landi Ytri-Ása norðan og vestan í Krossfelli og í átt að nýlegum túnum í landi Ytri-Ása. Göturnar voru raktar á um 460 m kafla meðfram fellinu og langleiðina að nýjum túnum. Síðustu 200-300 m að túninu urðu þó göturnar nokkuð ógreinilegar og virtust dreifast í margar áttir áður en þær hverfa í tún. Göturnar voru raktar úr norðvestri þar sem þær koma undan stóru holti. Þær voru ekki greinilegar í suðurjaðri holtsins en ekki var farið lengra til norðurs til að leita þær uppi. Þess í stað var þeim fylgt til suðurs, meðfram Krossfelli. Þar sjást víða í hlíð Krossfells og Vörðugil eru samsíða leiðinni á stórum kafla, norðaustan við slóðana. Göturnar eru víða allt að 10-14 slóðar samsíða, mjög greinilegir.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:010** gata leið 526637 353581
Miklar götur sjást norðvestan og samsíða landamerkjagarði SF-176:023 milli Hlíðar SF-176 og Eystri-Ása SF-175 neðan við veg 208. Aftur sjást götur meðfram garðinum nokkru norðaustar, nærri malarvegi sem liggur að Múla og Svínadal SF-177. Leiðin virðist stefna frá Svínadal SF-177 að Nýjavaði SF-186:022 á Tungufljóti. Leiðin liggur um mólendi sem er mosa og grasi vaxið. Tún hafa verið ræktuð á svæðinu í landi Hlíðar, norðvestan við landamerkjagarð.


*Leið SF-661:010, horft norðausturs*

Leiðinni var fylgt þar sem hún er samsíða landamerkjagarði neðan við Hrífunesveg (208). Þar sjást götur á 220 m löngum kafla og stefna þær norðaustur-suðvestur. 15 götur sjást saman á 12 m breiðu svæði. Þær eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Um 800 m NNA við þessar götur er hægt að rekja leiðina áfram á loftmynd til NNA á 740 m löngum kafla upp með landamerkjagarðinum og í gegnum hann þar til hann hverfur við malarveg inn á Múla og Svínadal við Grófará.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**SF-661:011** gata leið 524691 353740



*Leið SF-661:011. Mynd til vinstri er tekin við Tungusel í landi Hemru, horft til suðausturs en á mynd til hægri sem tekin var í landi Flögu er horft til suðurs*

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 og á Herforingjaráðskorti frá 1905 er sýnd leið sem liggur frá bæ í Hemru SF-186:001, til austurs út túnin og beygir síðan skarpt til suðurs, áleiðis að Flögu SF-187 og Hrífunesi SF-188 og áfram yfir Hólmsá en sunnan við hreppamörk hélt leiðin áfram til suðurs að Laufskálavörðu og er þar skráð undir númerinu SF-665:001. Leiðin var skráð að hluta í landi Hemru og að hluta í landi Flögu.

Svæðið sem leiðin lá um er nú talsvert breytt frá því sem áður var og eru sléttuð tún á stórum hluta þess svæðis sem hún lá eftir í landi Hemru. Í landi Flögu liggur leiðin um Flöguvöll, flatlendi sem allt er komið í tún.

Ummerki gatnanna fundust á stuttum kafla (A) austan við Stekkatún í landi Hemru (sem eru sléttuð) við og innan afgirts reits umhverfis félagsheimilið Tungusel. Þar mátti rekja göturnar á um 100 m kafla en ummerki um þau má e.t.v. einnig finna sunnar, sunnan við Tungusel. Við Tungusel sjást allt að 10 samsíða slóðar. Á Flöguvelli sést nokkuð afgerandi en grunn renna (C) á köflum innan svæðis sem er um 730x160 m að stærð og snýr norður-suður. Rennan er 3-4 m breið. Sigurgeir Gíslason, heimildamaður, sagði að möl hefði verið í botni rennunnar sem leiðin lá eftir áður en ræktuð voru tún á Flöguvelli. Leiðin liggur meðfram austanverðu túni Flögu en einnig virðist leið liggja af henni til norðvesturs í átt að bæ. Sést hún sem grunn renna á 100 m kafla (B) en hverfur í gamla heimatúninu. Þessi hluti leiðarinnar er hvorki sýndur á herforingjaráðskorti né bæjarteikningu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA, Bæjarteikning Dana 1904

**SF-661:012** *Vallarrof* heimild um leið 524537 354601

„Miklar götur voru um Hemruvöll, norður um Vallarrof og lágu inn með Mörkinni að Grafarvaði [SF-176:034],“ segir í örnefnalýsingu Hemru. Þessi leið er sýnd á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905. Hún lá á leið 016 að Gröf og bæjunum þar innan við og einnig var hægt að fara á Austurbæina eftir leið 015.

Leiðin lá um flatlendan Hemruvöll þar sem búið er að rækta mikil tún. Norðan við túnið er svæði sem hefur blásið upp að hluta en er að gróa aftur.

Engin ummerki um leiðina sjást lengur og eru göturnar á Hemruvelli horfnar í tún.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hemra 6; Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:013** *Messutorfa* gata leið 527876 356137

Samkvæmt herforingjaráðskorti 68 frá 1905 lágu götur frá Svínadal, af leið SF-661:003 sem lá frá bæ SF-177:001 að ferju í Stórahvammi SF-177:014 og upp á heiðina, til suðvesturs yfir hana og þá niður af henni, fram hjá Krossfelli austanverðu og sameinast þar götum 661:009 að Eystri-Ásum.



*Leið SF-661:013, horft til vesturs*

Leiðin lá að öllum líkindum um Messutorfu sem nefnd er í örnefnalýsingu Svínadals: „Vestan við Illaskurð er stærsta torfan, Messutorfa. [...] Um Messutorfu var m.a. kirkjugata og skógargata frá Svínadal.“ Það er áhugavert að kirkjugata Svínadals liggi til Eystri-Ása en í Íslensku fornbréfasafni (1570 og síðar) var Svínadalur talinn með jörðum sem áttu kirkjusókn í Búlandskirkju. Ekki er vitað hvenær það breyttist. Greinilegar götur eru á heiðinni ofan við (eða suðvestan við) Svínadal, nánar tiltekið við Syðri-Lág og um 800 m norðan við nýbýlið Múla. Göturnar voru skráðar á kafla ofan Syðri-Lágar en lágu bæði lengra til austurs og suðurs.

Leiðin liggur yfir gróna heiði, ása og tún.

Á því svæði sem göturnar voru raktar sáust allt að 10 samsíða slóðar en á kafla verða þeir að einum djúpum slóða eða skorningi. Gatan var rakin á um 250 m löngum kafla. Samtals hefur leiðin, þaðan sem hún greinist frá 003 og að Eystri-Ásum verið um 5 km löng. Hún sést greinilega á köflum hér og þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA; Ö-Svínadalur 2, 7; DI XV, 705

**SF-661:014** *Svínadalsgötur* gata leið 523751 358214



*Leið SF-661:014. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til ASA á mynd til hægri*

"Neðan við þá [Þórðarbotnar] er gata yfir Sláttugil. Hún heitir Svínadalsgata," segir í örnefnalýsingu Grafar. Leiðin er merkt inn á Herforingjaráðskort 68 frá 1905 og liggur hún á leið SF-661:004 en sú leið lá frá Svínadal að Hvammi og Búlandi. Hún var skoðuð á Hálsagörðum austan við Sláttugil í landi Grafar og vestan við Smáfjöll í landi Svínadals. Leiðin liggur yfir mosa og lyngi vaxin holt og hálsa.

Í landi Grafar var leiðinni fylgt frá Sláttugili og upp á Hálsagarða á 320 m löngum kafla þar sem hún stefnir norðaustur-suðvestur. 8-10 greinilegar götur sjást saman á 7 m breiðu svæði. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Norðvestast í götunum er djúpur skorningur sem er 0,2-0,5 m á dýpt og 0,2-1 m á breidd. Hann er breiðastur og dýpstur þar sem þessi leið og leið 015 á Austurbæina mætast. Framhald Svínadalsgatna var skráð austan við Sláttugil og rúmum 100 m norðan við þar sem mest áberandi götuslóðarnir liggja. Þeir slóðar sem skráðir voru nyrst voru víða 5-10 samsíða en göturnar verða óskýrar þegar kemur nær Bakkamýrartorfu innri. Frá slóðunum liggja miklar götur á leið 015 til suðurs en þær eru óljósari þegar komið er norðan við leið 014. Í landi Svínadals var leiðin skoðuð á stuttum kafla sunnan við vörðu SF-177:042 vestan við Smáfjöll en hægt er að fylgja leiðinni á loftmynd frá vörðu SF-177:062 á 1,6 km löngum kafla að leið 004. Á þessum kafla sjást 10-12 greinilegar götur á 5 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gröf, 2; Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:015** *Hálsagarðar* gata leið 523909 358305

Í landi Grafar voru skráðar miklar götur sem liggja norður-suður eftir Hálsagörðum SF-185:028, sléttum milli Sláttugils og Bakkamýrargils. Þær eru fyrst vel greinilegar að norðan þar sem efstu götuslóðar sem líklega hafa tilheyrt Svínadalsgötum 014 liggja yfir þær og liggja svo til suðurs á suðurbakka Sláttugils, framhjá Grænuborg SF1-185:027 og langleiðina niður að Miðá. Leiðin lá að Austurbæjum, Búlandi og Hvammi, frá bæjum sunnar í tungunni, Borgarfelli, Gröf, Hemru, Hlíð og svo framvegis. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905.


*Leið SF-661:015, horft til SSV*

Leiðin var skoðuð þar sem hún liggur um þurran, smáþýfðan hrygg. Hún liggur um gróið svæði og einkennist gróður af mosa, grasi og lyngi.

Leiðinni var fylgt á 1,3 km löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Gríðarmiklar götur, allt að 40 talsins, eru á 50 m breiðu svæði. Austast í þeim er djúpur skorningur og verða þeir fleiri eftir því sem sunnar dregur. Víðast eru göturnar 0,2 m á breidd og dýpt og eru þær grónar. Að sögn Ólafs Björnssonar, heimildamanns, var þessi leið stundum farin á bílum eftir að nýji vegurinn kom ef mjög snjóþungt var.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:016** *Slóðamýri* gata leið 522976 357729

„Suður af þessu holti er allmikið mýrarsvæði, sem heitir Slóðamýri. ... Milli þeirra [Stórugarnar og Litlugarnar] eru Garnatangar. Um þá liggur vegurinn frá Miðá upp í Slóðamýri," segir í örnefnalýsingu Grafar. Leið þessi er sýnd á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 og lá hún frá Gröf að Hlíð og að Grafarvaði SF-176:034 þar sem hún tengist leið 012 að Hemru. Leiðin var skoðuð í landi Grafar og eru miklar götur norðaustan í Kirkjuholti SF-185:003/Stekkjartúnsholti SF-185:014 sem liggja úr Slóðamýri. Göturnar liggja yfir mýri og gróin holt.


*Leið SF-661:016, horft til suðausturs*

Austan og norðaustan við Grafarkirkju SF-185:003 sjást götur greinilega á um 440 m

löngum kafla þar sem þær stefna norðvestur-suðaustur. Þar eru allt að 30 götur á 35 m breiðu svæði. Á suðvesturhluta svæðisins eru mjög skýrar og reglulegar götur sem eru 0,2 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Þær verða ógreinilegri eftir því sem lengra dregur til norðausturs. Norðaustast á svæðinu er svo djúpur skorningur sem er um 0,5 m á dýpt og 0,3-1 m á breidd. Aftur sjást götur um 315 m suðaustar, á lágri hæð sunnan við Slóðamýri. Þar eru þær sýnilegar á um 70 m löngum kafla. Göturnar eru á tveimur stöðum á hæðinni og eru 40 m á milli þeirra en þær hafa sömu stefnu og virðast tilheyra sömu leið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gröf, 1; Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:017** *Gatnatorfa* gata leið 522013 359795

„[Torfurnar] eru ofan eða norðan við Hraunfellsmýrina og eru þrjú gil milli torfanna... Aðaltorfurnar eru þrjár: Austastatorfa, Gatnatorfa. Um hana liggja hestagötur til eyðibýlanna Búlandssels [SF-180] og Svartanúps [SF-181]. Í Gatnatorfu var áður beitarhús [SF-185:018], og sjást tætturnar enn. Þriðja torfan er Vestasta-Kvíslartorfa," segir í örnefnalýsingu Grafar. Leiðin um Gatnatorfu er sýnd á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905. Miklar götur liggja eftir endilangri Gatnatorfu vestan við beitarhús SF-185:018 og sjást fyrst 1,6 km norðvestan við bæ í Gröf SF-185:001. Þær stefna á gamla skilarétt SF-185:028 á merkjum milli Hvamms og Grafar. Göturnar sameinast annarri götu (661:020) norðar og enn norðar liggja þær götur og leið 179:043 saman. Göturnar liggja eftir sléttlendri, gróinni tungu sem er flöt neðst en hækkar til norðurs.


*Leið SF-661:017, horft til suðurs*

Götunum var fylgt á 650 m löngum kafla þar sem þær liggja norður-suður eftir Gatnatorfu. Sunnan við torfuna er árgil Grafarár og norðan við hana er heiðarlendi, mest mosavaxið. Götur sjást á 15-20 m breiðu svæði og er hægt að greina allt að 20 götur. Allar eru þær grónar en misgreinilegar. Þær eru 0,1-0,2 m á dýpt og flestar eru 0,2 m á breidd.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gröf, 3;Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:018** varða leið 529445 352117

Vörðuð leið liggur frá brú SF-175:041 yfir Eldvatn í landi Eystri-Ása og að þjóðvegi 1 þar sem vörðurnar hætta að sjást. Ætla má að þessi leið hafi ekki verið farin fyrr en eftir að teppt var í kvíslarnar ofar með ánni, móts við Grófará og ofan við hana. Það var gert 1962 svo að þessar minjar eru ekki nógu gamlar til að teljast til fornminja en þær eru merkilegar samgönguminjar sem vert er skrá og varðveita sem hluta af samgöngukerfi svæðisins sem breyttist mikið samhliða breytingum á landslaginu. Þessi hluti leiðarinnar liggur yfir land Eystri-Ása og Svínadals. Leiðin er ekki teiknuð á gamalt kort af svæðinu sem kom út 1944. Þá lá akvegurinn frá brú í Stórahvammi (þar var áður ferja SF-177:014) í landi Svínadals yfir kvíslarfarvegi í hrauninu til suðausturs og tók svo skarpa beygju til norðausturs og lá áfram í þá átt á sama stað og þjóðvegur 1 liggur enn.




*Leið SF-661:018 – Varða A til vinstri (horft til suðurs) og varða B til hægri (horft til ANA)*




*Leið SF-661:018 – Varða C til vinstri (horft til ANA) og varða D til hægri (horft til SSA)*



*Leið SF-661:018 – Varða E horft til ANA*

Leiðin liggur um gamalt hraun,

fast norðvestan við þjóðveg 1. Vörðurnar standa allar svolítið hærra en umhverfið og virðist hafa verið efnistaka í kringum þær fyrir vegagerð sem hefur gróið aftur og er allt svæðið mosavaxið en þar er einnig gras, lúpína og annar gróður.

Leiðinni var fylgt á 550 m löngum kafla og er fyrsta varðan 230 m norðaustan við brú yfir Eldvatn og sú síðasta er 40 m VSV við þjóðveg 1 sem heldur svo áfram til norðausturs á sama eða svipuðum stað og þessi leið. Á þessu svæði eru fimm stæðilegar vörður sem fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Á þeim vex mosi og/eða skófir. Varða A er suðvestast á leiðinni. Hún er 1,2-1,3 m í þvermál að grunnfleti. Hún er hringhlaðin og mjókkar lítillega upp. Varðan er 1,2 m á hæð og í henni sjást 6 umför hleðslu. Varða B er um 100 m norðaustan við vörðu A. Hún er 1,2-1,3 m í þvermál að grunnfleti og mjókkar lítillega upp. Varðan er 1,6 m á hæð og í henni sjást 10 umför. Hún stendur óhögguð. Varða C er 115 m norðaustan við vörðu B. Hún virðist litlu stærri að grunnfleti en vörður A og B, er 1,3 m í þvermál að grunnfleti og 1,8-1,9 m á hæð. Í henni sjást 10 umför. Varða D er 210 m norðaustan við vörðu C. Hún er hrunin og er 2x1,3 m að stærð með hruninu og snýr ANA-VSV. Varðan er 1,2 m á hæð og í henni má greina 5-6 umför. Varða E er um 95 m norðaustan við vörðu D. Hún er 1,2-1,3 m í þvermál að grunnfleti og 1,4 m á hæð. Varðan stendur vel og í henni sjást 7-8 umför. Ekki er útilokað að varða C hafi verið endurhlaðin og mögulega einnig varða B. Norðaustasta varðan, E er um 90 m ANA en um 10 m ofan (norðan) við þjóðveg. Varðan er vel hlaðin (endurhlaðin) og um 1,2 m í þvermál en um 1,4 m á hæð. Líklegt er að vegagerð hafi útmáð framhald af vörðuröð til norðausturs en það þyrfti að kanna betur á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Uppdráttur Íslands 68, 1944

**SF-661:019** gata leið 522011 358362

Á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd leið sem liggur frá Gröf að Borgarfelli og áfram að Ljótarstöðum og Snæbýli. Af miðri þessari leið liggur leið 021 að Snæbýli, önnur en sú sem sýnd er á Herforingjaráðskortinu. Á bæjarteikningu Dana frá 1904 af Borgarfelli sést hvernig leiðin liggur frá tröðum SF-182:012 til vesturs. Göturnar eru greinilegar frá (á milli) Gröf og Borgarfelli og áfram í átt að Ljótarstöðum og Snæbýli. Leiðin liggur því næst inn á Fjallabaksleið syðri. Á köflum liggja göturnar á svipuðum slóðum og núverandi þjóðvegur gerir og sjást víða margfaldir slóðar undan og beggja vegna þjóðvegarins. Göturnar voru skráðar af jörðu niðri á nokkrum stöðum og raktar af loftmyndum inn á milli.

Göturnar liggja í margvíslegu landslagi og gróðurfari en víða liggja þær þó um mosa- og grasivaxin holt og sléttur.



*Leið SF-661:019, horft til norðurs*

Næst bæ á Borgarfelli lá leiðin líklega í gilinu sunnan við Hrútakofatorfu (sjá SF-182:021). Þar sjást ekki skýrar götur en ummerki um ruddan slóða eru í gilinu. Götur á leiðinni sjást svo greinilega 1,5 km norðvestan við Borgarfell þar sem leiðin var skoðuð á stuttum kafla. Göturnar

þar stefna norðvestur-suðaustur og sjást 10-12 götur saman á 10 m breiðu svæði. Aðrar götur á sömu leið eru 70 m norðaustan við þessar götur og eru færri og ógreinilegri, mögulega eldri götur á leiðinni. Göturnar eru mjög mis greinilegar eftir því hvar þær eru skoðaðar. Undan þjóðvegi í landi Borgarfells sjást víða allt að 20 slóðar sem þó sameinast fljótlega í 1-2 djúpa slóða. Austar og allra suðaustast í landi Borgarfells sést aftur talsverður fjöldi samsíða slóða.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**SF-661:020** *Gatnatorfa* gata leið 522110 360380
„[...] Smágil. Þau liggja austur í Langagil. Suður af þeim, syðst upp í Fellið, liggur svo Gatnatorfa," segir í örnefnalýsingu. Gatnatorfa er líklega um 3 km VSV við bæinn í Hvammi 002, nærri því á merkjum Hvamms og Grafar. Enn sjást talsverð ummerki um götur í Gatnatorfu en ekki er ljóst hvert þær liggja eða hvaðan þær koma. Torfan er um 600 m norðaustan við óvenjulegar rústir í landi Grafar (SF-185:059 og 062). Gatnatorfa er lyngi- og mosavaxin slétta í halla til suðausturs. Beggja vegna við hana eru gilskorningar.



*Leið SF-661:020 í Gatnatorfu í landi Hvamms, horft til VNV*

Göturnar voru raktar á um 1 km kafla á torfunni og lágu þar NNV-SSA. Þar sjást fjölmargir paldrar saman og voru taldir 32 slóðar samsíða á um 30 m svæði þar sem mest var. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar voru. Þær hafa legið talsvert lengra til norðurs og a.m.k. legið að götum 661:002, hugsanlega sameinast þeim og þá legið áfram til norðurs yfir í Búland og hugsanlega lengra. Hins vegar gætu göturnar hafa legið meira til norðvesturs og þá hugsanlega að Búlandsseli. Til suðurs má ætla að framhald þeirra hafi annað hvort legið til suðurs að Gröf og Borgarfelli eða að þær hafa legið meðfram Hvammsá sunnanverðri og svo hugsanlega heim að Hvammi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hvammur 3

**SF-661:021** gata leið 520399 358976

Allmiklar götur liggja til vesturs að Snæbýli frá Borgarfelli af leið 019 og krækir fyrir Breiðumýri í landi Borgarfells. Leiðin liggur um grónar heiðar

Leiðinni var fylgt á 240 m löngum kafla í landi Borgarfells þar sem hún liggur austur-vestur. Þar sjást 12-14 götur saman á 10 m á breiðu svæði. Göturnar eru grónar og eru 0,1-0,2 m að breidd og dýpt. Þrjú vöð voru á Tungufljót yfir í landi Snæbýlis á þessum slóðum, sjá SF-183:008-010 og var misjafnt hvert þeirra þótti best að fara.

**Hættumat:** engin hætta



*Leið SF-661:021, horft til vesturs*

**SF-661:022** *Kirkjugötur* heimild um leið 525240 353825

„Svonefndar Kirkjugötur lágu frá bænum [Hemru SF-186:001] austur að Hellisnesi,“ segir í örnefnalýsingu Hemru. Leiðin lá á milli Hemru SF-186 og Eystri-Ása SF-175 en austan við Tungufljót er hún sameinuð 007. Hún lá um vað SF-176:029 á Hellisnesi á Tungufljóti nálega þar sem brú er yfir fljótið nú (2015) en það er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1905 ásamt leiðinni.

Sendinn og flatur árbakki er við Tungufljót þar sem vaðið var. Brúin og uppbyggður vegur hefur hins vegar breytt umhverfi á þessum slóðum mikið.

Götur 022 hafa legið af götum 007 sem m.a. hafa legið á milli Ásabæjanna og Hlíðar. Leið 022 hefur legið af þeirri leið þegar komið var vestur fyrir Harðskafa og Stórahest og legið þar beint yfir Tungufljót og að Hemru. Ekki sáust greinileg ummerki þessarar götu við Tungufljót að austanverðu en sem fyrr segir liggur nú bílvegur á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hemra, 6; Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:023** varða leið 529089 351756

Á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd vörðuð leið sem lá frá Leiðvelli SF-146 til norðurs að vetrarferju SF-175:015 annars vegar og sumarferju SF-174:005 hins vegar (sjá leið 024). Hluti leiðarinnar var skráður haustið 2016 vegna smíði nýrrar brúar yfir Eldvatn á Skaftártunguvegi (208) og fyrirhugaðra vegtenginga við hana. Tvær vörður voru skráðar nærri bakka Eldvatnsins og er austari varðan um 110 m SSV við tóft SF-175:022. Hvorug þeirra er innan áhrifasvæðis



*Leið SF-661:023. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til SSV á mynd til hægri*



*Vörður SF-661:023 A (til vinstri) og B (til hægri). Á mynd til vinstri er horft til VNV en til NNV á mynd til hægri*



*Vörður SF-661:023 C (til vinstri) og D (til hægri). Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til VNV á mynd til hægri*

vegarins en leiðin liggur í gegnum það. Leiðin er því skilgreind í stórhættu vegna framkvæmda þó að engar sýnilegar minjar um hana séu innan áhrifasvæðis vegarins. Leiðin liggur um mosagróið Eldhraunið og stöku bletti þar sem er lyngmói.





*Vörður SF-661:023 E (til vinstri) og F (til hægri). Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til NV á mynd til hægri*



*Varða SF-661:023 G horft til suðurs*

Vörðurnar eru hlaðnar úr hraungrýti, standa vel og eru mosa- og skófum vaxnar. Á þessum slóðum var ein varða við Eldgjá (varða A) og því næst sex vörður í þéttri röð til suðurs (vörður B-G). Varða A er um 1,2x0,9 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1,2 m á hæð og í henni sjást 9-10 umför. Varða B er 70 m VSV við vörðu A. Hún er um 1 m í þvermál og 1,1 m á hæð. Í henni sjást mest 8 umför og er stór flöt hraunhella efst í henni. Varða C er tæpum 20 m sunnan við vörðu B. Hún er um 0,7 m á  hæð en 0,8 m í þvermál, svolítið uppmjó. Varða D er um 20 m sunnan við vörðu C. Hún er óveruleg og 1 x 0,6 m að stærð (norður-suður)en 0,6 m að stærð. Varða E er um 6 m VSV við vörðu D. Hún er um 1,2 m á hæð og um 1 m í þvermál. Varða F er um 16 m SSA við vörðu E. Hún er ríflega 1 m á hæð og um 1 m í þvermál. Varða G er um 15 m ASA við vörðu F. Hún er um 1,2 m í þvermál en um 0,4 m á hæð úr hraungrýti. Varðan er sú síðasta í þéttri röð varða nálægt Eldvatni og sást ekki önnur varða í nánasta nágrenni hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:024** varða leið 527437 351134

Á Herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd vörðuð leið sem lá frá sumarferju SF-174:005 á Ásum niður í Meðalland. Kannað var ástand leiðarinnar á tveimur stöðum við skráningu í Skaftártungu. Annars var leitað að leiðinni við sumarferjuna en hins vegar þar sem hún liggur áfram til suðvesturs niður hraunið. Samkvæmt herforingjaráðskorti lá leiðin frá sumarferjunni um 1 km til vesturs en beygði þá til suðurs og lá yfir hraunið. Komið var inn á leiðina um 750 m sunnan við þar sem hún beygði suður hraunið og var hún rakin á um 750 m kafla, langleiðina að Hestalandshólum og voru 26 vörður skráðar á þeim kafla. Annar hluti leiðarinnar var skoðaður um 2,6 km sunnar, um 300 m suðaustan við þjóðveg 1 og 400 m norðaustan við veg 204 niður í Meðalland. Þar var leiðin rakin á 1 km kafla og um 25 vörður hnitsettar. Leiðin liggur yfir mosavaxið hraunlendi sem er nokkuð úfið á kafla.

Allar vörðurnar sem skráðar voru eru hlaðnar úr hraungrýti enda í Skaftáreldahrauni. Á stórum hluta leiðarinnar eru vörðurnar samsíða nokkuð greinilegri götu sem sumstaðar er



*Leið SF-661:024. Frá vinstri varða 01, 02, 03 og 04. Í öllum tilfellum er horft til suðurs*

reyndar aðeins óljós lægð eða dæld en er víða nokkuð greinilegur ruddur vegur, allt að 3 m á breidd og 0,3 m á dýpt. Flestar vörðurnar eru vestan við slóðann en stundum, einkum þar sem gatan beygir, eru vörður samsíða, beggja vegna hennar. Staðsetning varðanna hefur þó auðvitað ráðist af landsháttum. Fyrsta varðan sem var skráð nyrst á svæðinu er varða 01. Ekki sást greinileg varða norðan hennar en svæðið norðan við var ekki gengið í leit að frekari vörðum og hefst því lýsingin á umræddri vörðu.

Varða 01 er úr hraungrýti um 1 m í þvermál neðst en mjókkar upp. Hún er um 0,3 m á hæð og í henni sjást 7 umför. Hún er sæmilega hlaðin.

Um 25 m suðaustan við vörðu 01 er varða 02. Hún er í raun bara botn af vörðu um 1 m í þvermál en 0,3 m á hæð, Þrjú umför af hleðslu sjást. Úr vörðunni er hrunið í allar áttir.

Varða 03 er um 60 m suðaustan við vörðu 02 og má vera að einhvern tíma hafi verið varða á milli. Varðan er 1,3 m á hæð og veglegri en 01-02 þó aðeins um 1 m í þvermál í botninn. Hún er mosagróin.

Frá vörðu 03 eru um 22 m til suðausturs að vörðu 04 og 05. Þær eru samsíða og stutt á milli og sú er einnig raunin með vörður 06 og 07 en í báðum tilfellum liggur vegurinn á milli varðanna. Svo virðist að þetta hafi stundum verið gert þar sem vegurinn beygði, þ.e. að þá hafi verið hlaðnar tvær samsíða vörður og vegurinn legið á milli. Varða 04 er fremur stæðileg, svolítið köntuð um 1 m á kant og 1,4 m á hæð.

Varða 05 er lítil og óveruleg og er um 5 m ANA við vörðu 04. Hún er aðeins um 5 umför

en er hlaðin á svolitla hæð þannig að samanlagt rís hún um 1 m hærra en umhverfið. Hún er um 0,8 m á breidd. Varðan er mosagróin.

Varða 06 er um 22 m beint sunnan við vörðu 05. Hún er byggð á lága hæð. Varðan er uppmjó og ekki nema 60-80 cm í þvermál en rúmur 1 m á hæð. Frá vörðu 06 eru aðeins 5 m til austurs yfir að vörðu 07 sem er samsíða henni og mun veglegri.

Varða 07 er um 1 m í þvermál og um 1 m á hæð.



*Leið SF-661:024. Frá vinstri varða 05, 06, 07 og 08, í öllum tilfellum er horft til suðurs*



*Leið SF-661:024. Frá vinstri varða 09, 10, 11 og 12, í öllum tilfellum er horft til suðurs*

Varða 08 er um 40 m suðaustan við vörðu 07. Hún er byggð ofan á lágan hraunhól og er fremur óveruleg. Varðan tæpur 1 m í þvermál en 0,8 m á hæð ef ekki er talin hæðin.

Varða 09 er um 25 m suðaustan við vörðu 08. Hún er frekar óveruleg eða 0,8 m á hæð en tæpur 1 m í þvermál.

Varða 10 er um 32 m ASA við vörðu 09. Hún er fremur vel hlaðin og er uppmjó. Varðan er rúmur 1 m í þvermál í botninn, hringlaga og mjókkar upp. Hún er um 1,2 á hæð.

Varða 11 er um 32 m austan við vörðu 10. Varða 11 er lægri en 10. Hún er breið í botninn, aðeins ílöng suðvestur norðaustur og um 1 m á breidd þar sem hún er breiðust. Varðan

er um  0,6 m á hæð.

Varða 12 er 63 m ASA við vörðu 11. Varðan er svolítið hrunin en virðist hafa verið ágætlega hlaðin. Hún er aðeins ílöng norðvestur-suðaustur og er ríflega 1 m á breidd þar sem mest er. Varðan er um 0,4 m á hæð.

Varða 13 er 47 m SSA við vörðu 12.  Hún er mjög stæðileg og samsíða henni er önnur varða minni 14. Varða 13 er vel hlaðin og uppmjó. Varðan er 1,2 m í þvermál og 1,4-1,5 á hæð.

Varða 14 er 5 m austan við vörðu 13 og er vegurinn  mjög greinilegur á milli þeirra. Varðan er 0,8 m í þvermál og aðeins gerð úr nokkrum steinum, óverulegri en flestar hinna



*Leið SF-661:024. Frá vinstri varða 13, 14, 15 og 16, í öllum tilfellum er horft til suðurs*



*Leið SF-661:024. Frá vinstri varða 17, 18, 19 og 20, í öllum tilfellum er horft til suðurs*

varðanna og 0,3 m á hæð. Sunnan við vörðu 13 og 14 tekur við svæði þar sem vörðurnar eru byggðar nokkuð þétt.

Varða 15 er um 33 m SSA við vörðu 14. Varðan er  1,4 m á hæð og um 1 m í þvermál, vel hlaðin og jöfn. Ofarlega í henni er flatur steinn og annar ofan á.

Varða 16 er um 40 m SSA við vörðu 15. Hún er 1,4 m á hæð en og aðeins ílöng suðaustur-norðvestur og er um 1,5 m í þvermál þar sem mest er. Á þessum slóðum sést vegurinn

mjög greinilega fast austan við vörðuna. Skammt SSA við vörðu 16 beygir leiðin til austurs og eru þar tvær vörður samsíða á henni , varða 17 og 18. Á milli þeirra er vegurinn sérstaklega skýr og allt að 4 m breiður.

Varða 17 er um 21 m suðaustan við vörðu 16. Varða 17 er 1,5 m á hæð og 1,2 m í þvermál en er aðeins uppmjó. Varðan er jöfn og vel hlaðin.

Varða 18 er um 6 m NNA við vörðu 17. Varðan er aflöng norður-suður og er 1,4 m í þvermál þar sem hún er breiðust og 1,4 m á hæð.

Varða 19 er um 47 m suðaustan við vörðu 18. Hún er alveg hrunin en er 0,3 m á hæð en aðeins ílöng norðaustur-suðvestur og 1,5 m í þvermál. Varðan er alveg yfirgróin.

Varða 20 er 38 m suðaustan við vörðu 19. Varðan er aðeins köntuð og mjó og mjókkar einnig upp. Varðan er 0,9 m í þvermál og 1,7 m á hæð.

Varða 21 er 55 m ASA við vörðu 20. Hún er 1,4 m á hæð og um 1 m í þvermál.

Varða 22 er 33 m austan við vörðu 21. Hún er um 1 m á hæð og um 1 m í þvermál og aðeins lengri norðaustur-suðvestur. Örlítið op er í vörðuna miðja.

Varða 23 er um 32 m suðaustan við vöru 22. Varða 23 er samsíða vörðu 24. Varða 23 er sú stærri af vörðunum tveimur. Hún er vel hlaðin og uppmjó um 1 m á kant neðst og 1,5 m á hæð. Varðan er aðeins köntuð.

Varða 24 er um 9 m NNA við vörðu 23 og er mun signari. Varðan er 0,6 m á hæð og um 1 m á kant, yfirgróin mosa.

Varða 25 er 32 m suðaustan við vörðu 24. Hún er 0,9 m á hæð og 0,8 m í þvermál, hún er óverulegri en vörðurnar norðar.



*Leið SF-61:024. Frá vinstri varða 25, 26 og 28 (ekki tekin mynd af vörðu 27), í öllum tilfellum er horft til suðurs*

Varða 26 og 27 eru samsíða og beygja göturnar enn á þessum stað. Varða 28 m beint austan við 025. Hún er aflöng norður-suður og er þar sem mest er um 1 m í þvermál. Varðan er 0,8 m á hæð.

Varða 27 er 4-5 m NNA við vörðu 26. Hún er óverulegri en áðurnefnd varða og 0,6 m á hæð og 0,8 m í þvermál. Ekki sást varða í næsta nágrenni vörðu 27 en hún er nálægt dæld eða gjá í hrauninu og suðaustan hennar eru Hestalandshólar. Í Hestalandshólum komu götur 023 og 024 saman og lágu svo áfram til suðurs og suðausturs niður í Meðalland. Ekki var farið um það svæði í leit að vörðum en þjóðvegur 1 liggur suðaustan hólanna og um 1 km austan við vörðu 27. Frá þjóðvegi má sjá vörður í hólunum nokkru suðaustar en varða 27 þannig að eitthvert

framhald er að finna á þessum slóðum. Ekki gafst tími til að rekja göturnar alla leið en þess í stað var ákveðið að fylgja þeim á öðrum kafla. um 2,6 km SSA við vörðu 27, þar sem göturnar liggja niður af hraunjaðrinum og áfram í hrauninu til suðurs og suðausturs, á um 1 km kafla og voru 25 vörður til viðbótar staðsettar á þessum kafla en fyrstu 14 vörðunum lýst en látið nægja að taka hnit af vörðum 42-53.

Varða 28 er í mosagrónu hrauni. Hún er óregluleg að lögun, er 0,6 m í þvermál að grunnfleti. Varðan er um 1 m á hæð og í henni sjást 5-6 umför.

Varða 29 er við ógreinilega götu á leiðinni í hraunjaðri. Hún er 37 m sunnan við vörðu 028. Varðan er 0,6 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Í henni sjást 4 umför.

Varða 30 er hlaðin á lítinn klett úr stórgrýti og er 106 m suðaustan við vörðu 029 á flatlendi sunnan við hraunið. Hún er 1,6 m á hæð og 0,6 m í þvermál að grunnfleti ef kletturinn sem hún stendur á er ekki talinn með. Í henni sjást 6 umför.

Varða 31 er um 70 m suðaustan við vörðu 030. Hún mjög óveruleg, er hlaðin á litlum hraunhól en sjálf varðan er aðeins 0,3 m á hæð, 0,8 m í þvermál og aðeins samsett úr nokkrum steinum og nú alveg yfirgróin.

Varða 32 er um 28 m SSA við vörðu 031. Hún á lágum hól, en er stæðileg, tæpur 1 m í þvermál og ríflega 1 m á hæð. Varðan er köntuð, vel hlaðin og greinileg.



*Leið SF-61:024. Frá vinstri varða 29, 30, 31 og 32.*

Varða 33  er um 66 m suðaustan við vörðu 032. Varðan er frekar ræfilslega 0,8 m á hæð og 0,8 m í þvermál, aðeins samsett úr nokkrum steinum.

Varða 34 er um 25 m suðaustan við vörðu 33. Hún er á hæð er ferköntuð og 0,8 á hæð en tæpur 1 m í þvermál.

Varða 35 er um 36 m SSA við vörðu 34. Hún er um 0,4 á hæð, snýr skáhalt á götu (austur-vestur) 1,2 x 0,7 m.

Varða 36 er um 33 m suðaustan við vörður 35. Hún er vel hlaðin. Er á litlum hól er um 1,2 m í þvermál og tæpur 1 m á hæð.

Varða 37 er um 31 m suðaustan við vörðu 36. Hún ágætlega hlaðin og vegarslóðinn sést vel við hlið hennar. Hún er á  hól og það er gat í henni neðst þannig að það sést í gegnum hana. Hún er löng þvert á götuna og er 1,2 x 0,8 m að stærð. Varðan er 0,7 m að stærð.

Varða 39 og 38 eru samsíða og er vegurinn á milli þeirra.

Varða 38 er um 8 m norðan við vörðu 37 og um 30 m austan við vörðu 37. Varðan er frekar óveruleg eða um  0,8 m á hæð og 0,8 m í þvermál, 3-4 umför af hleðslu. Á hæð.

Varða 39 er enn óverulegri en varða 38. Hún er á hraunhól, er aðeins samsett úr 4-5 steinum. Varðan er aðeins ílöng austur-vestur og er tæplega 1 m á lengd en 0,7 m á breidd og 0,6 m á hæð.



*Leið SF-61:024. Frá vinstri varða 33, 35, 36 og 37 (mynd af vörðu 34 tókst ekki).*



*Leið SF-61:024. Frá vinstri varða 38, 39, 40 og 41.*

Varða 40 er um 56 m austan við vörðu 38. Varða 40 og 41 eru samsíða og er gatan á milli. Á þessum stað er gatan um 2-3 m á breidd en 0,3 m á dýpt. Varða 40 er einkennileg og hlaðið er upp við stóran stein. Hún er aðeins samsett úr nokkrum steinum og er 0,8 m á hæð en 1,2 m á breidd aðeins lengri norður-suður.

Varða 41 er um 7 m sunnan við vörðu 40. Varðan er um 1,5 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Tekin voru hnit á næstu 11 vörðum (vörðu 42-53) en þeim ekki lýst sérstaklega en leiðinni ekki fylgt lengra til suðausturs að sinni þótt greinilegar vörður væru í framhaldi. Hér verður því aðeins gerð grein fyrir staðsetningu varða 42-53 en þeim ekki lýst sérstaklega. Allar eiga þær það sammerkt að vera áþekkar, hlaðnar úr hraungrjóti en nokkuð misstæðilegar.

Varða 42 er um 55 m beint austan við vörðu 41.
Varða 43 er um 22 m ANA við vörðu 42.
Varða 44 er um 37 m austan við vörðu 43.
Varða 45 er um 20 m ASA við vörðu 44.
Varða 46 er um 52 m ASA við vörðu 45.
Varða 47 er um 44 m ASA við vörðu 46.
Varða 48 er um 54 m ASA við vörðu 47.
Varða 49 er um 29 m ASA við vörðu 48.
Varða 50 er um 33 m SSA við vörðu 49.
Varða 51 er um 52 m SSA við vörðu 50.
Varða 52 er um 84 m SSA við vörðu 51.
Varða 53 er 88 m suðaustan við vörðu 052.
Fleiri vörður liggja áfram til suðausturs.

**SF-661:025** *Búlandskirkjugötur* gata leið 523096 359658

Búlandskirkjugötur lágu frá Borgarfelli (og Gröf) og að kirkju í Búlandi. Göturnar eru merktar inn á Herforingjaráðskort frá 1905 og 1940 (að hluta). Þær hafa legið frá veginum framhjá Gröf/Borgafelli (sjá 017) og til norðurs yfir Grafará og þá sveigt til norðausturs og legið að Hvammi og þaðan á svipuðum slóðum og bílvegur liggur nú, að Búlandi. Í örnefnaskrá Borgarfells segir um þessar götur: „Austan þess er hryggur, sem heitir Búlandstangi. Þar lágu gamlar götur til Búlandskirkju.“ Leiðin var skoðuð á vettvangi á lágu holti á merkjum milli Grafar og Hvamms, 60 m suðaustan við minjar SF-178:040.Leiðin liggur yfir sléttlent, mosagróið svæði sem er mishæðótt.



*Leið SF-661:025, horft til NNA*

Leiðinni var fylgt á um 200 m löngum kafla þar sem hún liggur norðaustur-suðvestur. Af loftmynd er hægt að rekja leiðina lengra til norðausturs á um 900 m löngum kafla. Allt að 23 götur sjást á 18 m breiðu svæði. Þær eru grónar, 0,1 m á dýpt og 0,1-0,2 m á breidd. Sá hluti sem lá frá Borgarfelli á leiðina var skráður á númerið SF-182:008.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA; Ö-Borgarfell,1

**SF-661:026** *Fjallabaksleið Syðri* heimild um leið 518110 361671

„Syðri Fjallabaksleiðin. Sú leið liggur milli Skaftártungu og Rangárvallasýslu og er mun styttri. Að austan er farið frá Ljótarstöðum eða Búlandsseli til norðvesturs yfir ásótt láglendi, sem nú er mikið blásið upp, um Seljadal og upp Ljótarstaðaheiði, norðan við fjallsöxl, sem er rani af Skorufjalli. Þegar komið er upp á heiðina, er haldið í norðvesturátt; [...] og er þá komið í Tjaldgil [SF-184:028], um Tjaldgilsháls og síðar Tjaldgilsfitjar. Úr því er haldin norðlægari stefna og komið að Hólmsá, og þar farið yfir hana, [...],“ segir í Árbók hins íslenzka fornleifafélags frá 1940. Leiðin er að hluta skráð á þetta númer í Leiðvallahreppi, að hluta innan Skaftártunguafréttar (SF-663:015) og að hluta á Rangárvallaafrétti (RA-661:021). Leiðin liggur um land Ljótarstaða og var ekki skoðuð á vettvangi þegar aðalskráning var unnin í Skaftártungu á árunum 2013-2018. Þó má nefna að



*Leið SF-661:026, horft til SSA*

Miðvegur SF-184:025 sem liggur um Lestarsker í landi Ljótarstaða er í raun hluti af eða ein útgáfa af hluta af Syðri-Fjallabaksleið (í skýrslu FS636-13024 er reyndar misritað að Miðvegur sé á Nyrðri-Fjallabaksleið SF-661:001).

Leiðin lá um heiðarlandslag sem er víða illa farið af uppblæstri og landeyðingu en þar sem enn er gróður einkennist hann af mosa og mólendisgróðri. Á loftmyndum frá Loftmyndum ehf. má sjá allmiklar götur í Illagilsmoldum upp með sunnanverðu Illagili um 600 m norðan við Miðveg SF-184:025. Hægt er að rekja þær slitrótt á um 660 m löngum kafla þar sem þær liggja norðvestur-suðaustur. Göturnar eru á svæði sem er um 60 m breitt og eru líklega ekki færri en 40 samsíða götur þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Árb. 1940, 49

**SF-661:027** gata leið 524376 347502

Vörðuð leið liggur um hraunið sunnan við Hólmsá út suðvestri og um vestanverðan Hrífuneshólma á ferju SF-188:024 og vað SF-188:083. Er líklegt að þessi leið sé sú sama og Kristján Eldjárn nefnir í grein í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1965: „Voru fyrrum reiðgötur neðan af aurunum við Hólmsá og heim að gamla bæjarstæðinu [í Hrífunesi].“ Leiðin



*Leið SF-661:027. Til vinstri má sjá slóðana, horft til NNV en til hægri er varða B, horft til norðurs*

var skráð í Hrífuneshólma haustið 2017. Leið þessi er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1905 og er þar sýnd liggja frá Hafursey til norðausturs að Hrífunesi. Á kortinu sveigir hún reyndar framhjá Hrífunesi og á leið 011 sem heldur áfram inn Skaftártungu. Leiðin liggur að mestu leyti um úfið en mosavaxið hraun en þar sem hún liggur yfir Hrífuneshólma er gróinn og smáþýfður mói.

Leiðinni var fylgt á 320 m löngum kafla þar sem hún liggur úr suðri til norðurs en sveigir lítillega til norðausturs áður en hún hættir að sjást frammi á bakka Hólmsár. Lýsingin hefst syðst þar sem grjóthlaðin varða B stendur á brún Hádegisgljúfurs. Hún er rúmur 1 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Varðan er vaxin skófum og mosa og í henni sjást 3-4 umför. Leiðin liggur í skarði vestan við vörðuna ofan í Hádegisgljúfur og þegar því sleppir er komið á gróið óbrunnið svæði í Hrífuneshólma. Þar sést fjöldi reiðgatna, allt að 20 saman á 20 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og 0,1 m á breidd og dýpt. Um 100 m norðan við vörðu B er torfhlaðin varða C í Hrífuneshólma. Hún er sigin og úr lagi gengin, er 1,5 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð. Leitað var að fleiri vörðum og ummerkjum um götur í hrauninu sunnan og suðvestan við vörðu B en án árangurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA; KE 1965, 60

**SF-661:028** gata leið 526739 352901

Á Herforingjaráðskort frá 1905 er merkt leið sem liggur frá Flögu SF-187:001 um Nýjavað [186:022] að Ytri- Ásum SF-174:001 og Eystri-Ásum SF-175:001. Leiðin liggur af leið 661:011 og yfir Flögulón um Nýjavað en austan lóns sameinast hún leið 661:007. Leiðin liggur um gróin svæði en er í túni og undir Skaftártunguvegi (208) á löngum kafla.

Leiðinni var fylgt í landi Ytri-Ása frá norðvesturenda jarðbrúar SF-174:009 í Lambafellsmýri. Áður en brúin var gerð hefur leiðin legið meðfram mýrinni sunnan við brúna. Þar eru ekki mjög greinilegar götur en þar er fjárgötur í hlíðinni sunnan við brúna. Greinilegar reiðgötur sjást um 100 m ANA við suðausturenda jarðbrúar í Lambafellsmýri. Þær eru ekki mjög reglulegar eða skýrar en þar eru allt að 20 götur saman á um 25 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar, 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Hægt er að fylgja götunum á um 560 m löngum kafla að túni en á þeim kafla hverfa þær á köflum. Á sömu leið er einnig ruddur slóði sem liggur á jarðbrúna.



*Leið SF-661:028, horft til suðvesturs*

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

**SF-661:029** gata leið 520995 360596

Miklar götur liggja nálega norður-suður í landi jarðanna Grafar og Hvamms og framhald af þeim liggur raunar lengra til norðurs innan Búlands en þar voru þær skráðar undir númerinu 179:043. Göturnar liggja um heiðarland sem er að hluta til blásið.

Göturnar sjást víða sem margir samhliða slóðar en hverfa á köflum í uppblástur. Víðast sjást 2-4 slóðar samsíða en á köflum verða þeir fleiri og dreifast yfir stærra svæði. Göturnar má rekja slitrótt í um 4 km kafla ef sá leggur sem er í Búlandi er talinn með.



*Leið SF-661:029, horft til SSV*

**Hættumat:** hætta, vegna uppblásturs

**SF-661:030** *Tangaleið* varða leið 530892 351455

Tangaleið lá niður í Meðalland og var leiðin vörðuð. Aðeins lítill hluti leiðarinnar var skoðaður sumarið 2017 en þá voru skráðar fjórar vörður á leiðinni um 2,3 km suðaustan við bæ, nálægt þeim stað þar sem kvíslar Hálsavatns voru áður. Vörðurnar eru í grónu, en á kafla úfnu hrauni, Nýja Eldhrauni. Það er mosavaxið að hluta en þar hefur nú einnig talsvert verið grætt upp og vex bæði lúpína á svæðinu sem og margvíslegur skógar- og runnagróður.

Á þessum slóðum var leiðin rakin á um 300 m kafla þar sem hún liggur NNA-SSV.



*Leið SF-661:030, varða A og B. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs að vörðu A en til norðurs yfir vörðu B á mynd til hægri*

Varða A er nyrst. Hún er hlaðin úr hraungrýti, orðin mosavaxin og hefur hrunið lítillega úr henni til norðvesturs. Hún er um 1,5 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Í henni sjást enn 6 umför.

Varða B var um 200 m SSA við vörðu A. Varða B er hlaðin úr hraungrýti hún er um 0,8 m á hæð en 1 m í þvermál. Varðan er algróin mosa. Hún er fremur illa hlaðin.

Varða C er 62 m suðaustan við vörðu B. Hún er á hólrana í hrauninu (þeim sama og varða B er á). Varðan er fremur vel hlaðin, 1,3 m á hæð og 1,1 m í þvermál.



*Leið SF-661:030 varða C og D. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til VSV á mynd til hægri*

Varða D er 54 m suðaustan við vörðu C. Varða D er 1,2 m breið í botninn en mjókkar mikið upp. Hún er 1,6 m á hæð. Varðan er nú í miðri lúpínudreif. Austan við D er búið að plægja og planta mikið í hraunlendinu. Ekki var gengið langt til suðausturs frá vörðunni en ekki var

greinileg varða sýnileg frá vörðu D. Austan við vörðu D er búið að panta og plægja þannig að svæðið er talsvert umturnað.
**Hættumat:** engin hætta

**SF-661:031** *Botnaleið* varða leið 530064 352464
Botnaleið lá að bænum Botnum SF-173 við Fljótsbotn frá þjóðvegi 018. Leiðin var vörðuð en ekki er ljóst hversu gömul hún er, hún er ekki sýnd á herforingjaráðskortinu frá 1905. Sumarið 2017 var nyrsti hluti leiðarinnar skráður, þ.e. þar sem hún greinist frá gamla varðaða þjóðveginum og liggur til suðausturs. Vestasta varðan sem skráð var (varða A) var um 1,4 km ANA við bæ á Eystri-Ásum SF-175:001. Leiðin hefur legið um gróið svæði að mestu en á köflum um hraunlendi (Nýja-Eldhraun). Nokkur uppgræðsla og skógrækt er á hluta svæðis.

Skráðar voru þrjár vörður þar sem Botnaleið greinist frá leið 018 til suðausturs en fjölmargar vörður eru á leiðinni áfram til suðausturs Einnig sáust ummerki umferðar á leiðinni í



*Leið SF-661:031 – varða A (til vinstri, horft til norðvesturs) og varða B (til hægri horft til suðausturs)*

djúpum skorningi. Allar þessar minjar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu og eru þær á svæði sem er 225x10 m stórt og snýr austur-vestur. Sú vestasta varðan (A) sem var skráð er um 20 m neðan við núverandi þjóðveg 1. Varðan er 1,8 m í þvermál en 1,4 m á hæð. Hún er vel hlaðin og stæðileg en nokkuð mosavaxin. Hún er á fremur flötu og lyngivöxnu svæði. Varða B er 120 m austan við vörðu A. Hún er stór og stæðileg og er á grónu svæði í móa í skógrækt litlu neðan við þjóðveg 1, suðvestan við djúpan skorning D eftir umferð á leiðinni. Varðan er rétt rúmur 1 m í þvermál að grunnfleti, hringhlaðin. Hún er 1,3 m á hæð og sjást 8-9 umför í henni. Hún er skófum vaxin og mjókkar lítið upp. Einn stakur vatnsnúinn steinn er efst í vörðunni. Varða C er um 100 m suðaustan við vörðu B. Hún er um 0,5 m á hæð en 1 m í þvermál. Hún er algróin mosa. Um 10 m austan við vörðuna tekur við mikil uppgræðslubreiða þar sem nú er lúpína og skógrækt. Ekki sást í næstu vörðu á þeim kafla og var leiðinni ekki fylgt lengra. Skorningur D er norðan og austan við vörðu B. Hann er 42 m langur og liggur VNV-ASA. Er skorningurinn rúmur 1 m á breidd og um 0,5 m djúpur. Hann er mosavaxinn og búið er að planta trjám í hann og á svæðið í kring.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**SF-661:032** gata leið 524732 348442

Á Herforingjaráðskorti frá 1905 er merkt leið sem lá á milli Hrífuness SF-188 og Flögu SF-187. Leiðin liggur á leið 011 og er á sama stað og hún á alllöngum kafla að Flögu. Um leiðina segir í örnefnaskrá Hrífuness: „Efsti hluti Borgargils [SF-188:013] er sunnan við hana, en smágil milli hennar og Stóra-Hrísdals var ekki nefnt sérstöku nafni. Vegurinn liggur yfir neðsta hluta hennar. Talið var, að Stóratorfa næði sem næst upp að gamla bílveginum. Þar lá hestavegurinn líka áður.“ Leiðin var skoðuð á stuttum kafla í landi Hrífuness haustið 2017 norðan við Bæjargil. Leiðin liggur um tún, gróin uppblástursssvæði og skóglendi.

Lýsingin á leiðinni hefst syðst, þar sem hún liggur frá Bæjargili móts við traðir SF-188:050 heim að Hrífunesi. Þar sést hún á 38 m löngum kafla þar sem hún liggur upp úr gilinu á Stekkatún SF-188:018 þar sem hún hverfur. Ruddur vegur SF-188:067 liggur samhliða og austan við leiðina ofan í gilið og er samgöngubót á þessari leið. Þegar komið er norður fyrir Stekkatún tekur við Langarof, uppblásið svæði sem er orðið mosagróið. Þar sést leiðin aftur á 280 m löngum kafla þar sem hún liggur til norðurs yfir Langarof og áfram inn á gróið svæði fast norðvestan við fornlegar tóftir SF-188:027. Lengra var leiðinni ekki fylgt á vettvangi og skýrt áframhald sést ekki á loftmyndum.



*Leið SF-661:032, horft til SSA*

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA; Ö-Hrífunes, 2

**SF-661:033** vegur leið 523871 348254

Þjóðvegurinn lá áður frá Hrífunesi ofan í Kötlugil af Hestatorfu á brú SF-188:030 sem þar er og svo áfram á brú SF-188:057 á Hólmsá. Ætla má að brú hafi verið lengi á Kötlugili, jafnvel eins lengi og á Hólmsá, eða frá því fyrir 1918. Gamli vegurinn sést enn vel þar sem hann liggur eftir sneiðingi ofan í Kötlugil að austanverðu (en sést verr vestan við það). Vegurinn er merktur inn á Íslandskort (1:100.000) frá 1944 og sést þar hvernig hann hefur á kafla legið á sama stað og núverandi vegur en á kafla í landareign Hrífuness hefur hann verið talsvert ofar/norðar en núverandi vegur.

Leiðin var skráð á um 500 m kafla á milli brúnna tveggja þar sem vegurinn sést liggja í sveig og áfram til austurs uns hann sameinast núverandi Hrífunesvegi (209). Án efa sjást frekari ummerki um hann víða en þeirra var ekki leitað á vettvangi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Uppdráttur Íslands 68, 1944

**SF-661:034** heimild um leið 528757 356177

Á herforingjaráðskorti 68 frá 1905 er sýnd leið sem liggur frá bæ í Svínadal SF-177:001 í sveig til austurs að ferju SF-177:038 syðst í Nesi. Sá hluti leiðarinnar var skráður á númer SF-177:043 með öðrum fornleifum í landi Svínadals. Leiðin hélt hins vegar áfram meðfram austanverðu Eldvatni og lá á leið 003 þar sem hún stefnir til austurs í átt að Skál. Leiðin lá eftir bakka

Eldvatnsins, í jaðri mosavaxins hrauns.

Engin ummerki sáust á þeim hluta leiðarinnar sem lá frá Svínadal að ferju SF-177:038 (sjá SF-177:043) og sá hluti leiðarinnar sem lá meðfram austurbakka Eldvatns var ekki kannaður á vettvangi. Þar er líklegt að engin ummerki sjáist á vettvangi vegna mikils landbrots af völdum flóða í ánni.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 68 SA

## 5. Upphaf og þróun byggðar í Skaftártungu

Skýrsla þessi einskorðast að mestu við fjórða og síðasta áfanga fornleifaskráningar í Skaftártungu sem unnin var sumarið 2018 og náði til jarðanna Hvamms, Flögu og Hrífuness. Undantekningin frá þeirri reglu er að finna í kafla þeim sem hér fylgir og snýr að kenningum um upphaf byggðar og þróun hennar í Tungunni allri enda er nauðsynlegt að horfa heildstætt á sveitir þegar rýnt er í byggðasögu þeirra.[5]

### *5.1 Landslag, gróðurfar og náttúruvá í tímans rás*

Skaftártunga er nú hluti af Skaftárhreppi en tilheyrði áður Leiðvallahreppi.[6] Tungan er austan Mýrdalsjökuls og Mýrdalssands. Hún er land mikilla fljóta, afmörkuð af Hólmsá að vestanverðu og Eldvatni að austan en Tungufljót klýfur hana í tvennt. Þar sem þessi vatnsföll koma saman er Flögulón og úr því rennur Kúðafljót áfram til suðurs. Mörg bæjarstæði eru nærri jaðri hinnar eiginlegu tungu.

Við landnám hefur Skaftártunga líklega verið skógi vaxin en þegar komið var fram á 18. öld eimdi aðallega eftir af skóginum vestan Tungufljóts, í landi Hrífuness, Flögu, Hemru og Snæbýlis (sjá nánar kafla 6 um minjar í úthögum).

Skaftártunga hafði orð á sér fyrir að vera góð fjársveit og komust bændur þar gjarnan af með lítið fóður. Þótt sveitin sé hálend og hafi stundum þótt seingróin á vorin var hún sögð „kjarnmest“ allra sveita í Vestur-Skaftafellssýslu.[7] Ofan við heimatún jarða í Skaftártungu tekur við mikið heiðarland þar sem víða er þurrlendisgróður en sum staðar mosaþemba. Uppblástur herjar þó á svæðið og er hluti þess því gróðurrýr á köflum. Að auki má nefna að ýmsar vísbendingar eru um að afleiðingar eldsumbrota hafi hækkað grunnvatnsstöðu sums staðar á svæðinu og breytt þurrlendum högum í mýrar.[8]

Byggðarþróun og búskaparhættir í Tungunni hafa án efa markast af nálægðinni við virkar eldstöðvar. Gosið úr Eldgjá 939 hlýtur að hafa haft gríðarleg áhrif á landslag, gróður og búsetuskilyrði, Kötlugos hafa mörg hver komið hart niður á sveitinni og ekki má gleyma Skaftárhlaupum sem sett hafa mark sitt á landið. Hraunrennsli, gjóskufall og jökulhlaup hafa umbreytt landslagi og landsháttum í meira mæli á þessu svæði en víðast annars staðar. Mörg dæmi eru um að tún og engjar bæja hafi tekið af eða þau skaðast auk þess sem færa hefur þurft

[5] Áður hefur þó lítillega verið fjallað um byggðarsögu á svæðinu, sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2020b og einnig Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014, 2016 og 2020a.
[6] Í millitíðinni, milli 1888-1990 var Tungan hins vegar sjálfstætt sveitarfélag, Skaftártunguhreppur sbr. Lýður Björnsson. 1979, bls. 130-131.
[7] Heima er bezt, bls. 372 og Árni G. Pétursson og Hjalti Gestsson. 1964, bls. 364
[8] Jón Jónsson. 1985.

einhver bæjarstæði vegna breyttra landkosta og nokkrir bæir hafa hreinlega horfið í jökulhlaup. Þótt að heimildir sem greina frá slíkum landskaða og flutningi bæja séu fæstar eldri en frá 18. öld má gera ráð fyrir að slíkir flutningar og aðlögun að breyttum búsetuskilyrðum hafi átt sér stað allt frá upphafi byggðar á svæðinu, þótt ekki hafi varðveist um það heimildir. Í ljósi nálægðar jarðanna í Skaftártungu við margvíslega náttúruvá má gera ráð fyrir að þær hafi flestar eða jafnvel allar fallið í eyði tímabundið á einhverju skeiði. Það er t.d. vitað að árið 1756, ári eftir Kötlugos, voru allir bæir í Skaftártungu vestan Kúðafljóts/Tungufljóts í eyði nema Ljótarstaðir[9] og eftir Skaftárelda 1783-84 lagðist búskapur tímabundið af á nokkrum bæjum og ekki var aftur byggt á sama stað í Nesi og Hvammi. Algengast virðist hins vegar (eins langt aftur og ritaðar heimildir ná) að búseta á jörðum í Skaftártungu hafi aðeins lagst af tímabundið og bændur snúið aftur á jarðirnar, aðlagað sig breyttum veruleika, ræktað ný tún eða flutt bæjarstæði ef þurfti, og haldið áfram búskap.

Eitt af því sem setur mark sitt á landslag í Skaftártungu er mikil jarðvegsuppsöfnun. Þar hafa safnast upp þykk gjóskulög og áfokslög á milli þeirra. Því má segja að landið sé klætt þykkri kápu jarðvegs sem hylur að nokkru leyti það landslag og minjar sem þarna má ætla að hafi verið frá fyrstu tíð. En áhrif eldgosa á svæðið eru víðtækari og hafa mótað gróðurfar jafnt sem landslag. Hátt hlutfall gjósku í jarðveginum gerir það að verkum að hann er gljúpur og vatn sígur auðveldlega í gegnum hann og grefur úr honum. Í Skaftártungu hafa því vatnsrásir, sem í upphafi voru grunnar og sakleysislegar, víða grafið út stórkarlaleg gil og skorninga. Greinilegt er að sumar þeirra hafa grafist niður á sögulegum tíma. Það má m.a. greina af staðsetningu minja á svæðinu en sums staðar má sjá minjaheildir sundurgrafnar af djúpum giljum.

Að samanlögðu má segja að meira sé á huldu um minjar og landshætti fyrstu alda í Skaftártungu heldur en víða annars staðar. Hér verður ekki gerð tilraun til að rekja breytingar á landslagi og gróðurfari kerfisbundið enda þyrfti mun umfangsmeiri rannsóknir á annálum, öðrum sögulegum heimildum ásamt frekari fornvist- og fornleifafræðilegum rannsóknum til að hægt væri að gera það með sannfærandi hætti. Engu að síður er hér gerð tilraun til að lesa í sögu byggðar eins framarlega og hægt er út frá þeim forsendum sem greint er frá í kafla 5.2.

[9] Ferðabók Eggerts og Bjarna II. bindi útg. 1943, bls. 112

### *5.2 Fyrstu drættir í byggðarsögu Skaftártungu*

Til þess að setja fram kenningar um upphaf byggðar og þróun hennar verður rýnt í fornar heimildir og þær vísbendingar sem felast í stærðum, gæðum og dýrleika jarða, staðsetningu kirkna og bænhúsa, fornleifum, örnefnum o.s.frv.

**Elstu heimildir**

Í Landnámabók er getið um tvo landnámsmenn í Skaftártungu en fyrstur til að nema land var samkvæmt bókinni Vilbaldur Dufþaksson. Í Landnámu segir: „Vilbaldr hét maðr, bróðir Áskels hnokkans; hann fór af Írlandi til Íslands ok hafði skip þat, er hann kallaði Kúða, ok kom í Kúðafljótsós; hann nam Tunguland á milli Skaptár ok Hólmsár ok bjó á Búlandi.“[10] Samkvæmt Landnámu kom Ísólfur nokkur til landsins síðla landnámstíðar og skoraði á Vilbaldur til landa eða hólmgöngu en Vilbaldur vildi ekki berjast „ok fór brott af Búlandi; hann átti þá land milli Hólmsár ok Kúðafljóts. En Ísólfr fór á Búland og átti þá land milli Kúðafljóts [Tungufljóts] ok Skaptár.“[11] Samkvæmt þessu eru Borgarfell, Gröf, Hvammur, Hlíð, Svínadalur, Ásabæirnir og Nes innan landnáms Ísólfs sem tók sér bólstað á Búlandi en Flaga, Hrífunes, Hemra, Snæbýli og Ljótarstaðir innan landnáms þess sem Vilbaldur þurfti að sætta sig við eftir að Ísólfur kom út. Í Landnámu er hins vegar einnig getið um Hróar Tungugoða, son Þórunnar Leiðólfsdóttur, sem átti Arngunni Hámundardóttur (systur Gunnars frá Hlíðarenda) og bjuggu þau á Ásum (en fluttu sig svo reyndar að Lómagnúpi).[12]

Samkvæmt Landnámu mætti því ætla að fyrstu jarðirnar til að komast í byggð á svæðinu hefðu verið Búland og Ásar austan Tungufljóts og þá líklega í Hrífunes (fremur en Flaga) vestan Fljóts þótt bæjarins sé raunar ekki getið í Landnámu. En lítum til annarra jarða á svæðinu og hvenær þeirra er fyrst getið í rituðum heimildum.

Svínadals er fyrst getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200 (en þar er Ása einnig getið). Annarra lögbýla á svæðinu er flestra fyrst getið í kirkjumáldögum á 14. öld (Hlíð, Hemra, Hrífunes, Flaga, Hvammur, Borgarfell – og Búland – sem er þó eins og fyrr segir einnig getið í Landnámu) eða í sambærilegum máldögum frá 15.-16. öld (Gröf, Nes og Ljótarstaðir). Búlandssels og Svartanúps er hins vegar ekki getið fyrr en á 18.-19. öld (sjá töflu 1). Ljóst er þó að flestar jarðanna eiga sér mun lengri sögu en þá sem kemur fram í heimildum.

---

[10] ÍF I, 326.
[11] ÍF I, 328-29.
[12] ÍF I, 326.

**Dýrleiki og landgæði**

Í umfjöllun þessari er miðað við að lögbýlin í Skaftártungu séu 16 eins og þau voru á 19. öld. Þegar horft er til dýrleika jarða í Tungunni kemur í ljós að þrjár jarðir bera höfuð og herðar yfir aðrar á svæðinu þ.e. Búland (24 hdr), Svínadalur (24 hdr) og Ásabæirnir (samtals 28 hdr – Eystri Ásar 16 hdr en Ytri 12). Allar eiga þessar jarðir það sameiginlegt að vera landmiklar og góðar bújarðir og á þeim öllum risu kirkjur (sjá umfjöllun aftar). Meirihluti jarðanna í Skaftártungu (meira en helmingur) voru metnar að sama verðleika, eða 12 hundruð (Ytri-Ásar, Hlíð, Nes, Hvammur, Borgarfell, Gröf, Hemra, Flaga og Hrífunes). Margt er áþekkt í landgæðum og stærð umræddra jarða og mætti ætla að nokkurt jafnræði hafi verið meðal þeirra þótt færa megi rök fyrir því að hugsanlega hafi þær jarðir þar sem bænhús risu (Ytri-Ásar, Hlíð, Flaga, Hrífunes) átt meira undir sér (á þeim tíma) en þær jarðir þar sem slíkum húsum var ekki komið upp (sjá aftar). Út frá almennum líkum má færa rök fyrir því að flestar þeirra jarða sem metnar voru á 12 hdr. eða meira hafi verið komnar í byggð á 10. öld. Þær eru margar fremur stórar og allar eru þær metnar að sama dýrleika. Bæjarheitin Nes, Ásar, Hlíð, Hvammur, Gröf og Hemra má kalla einkvæð náttúrunöfn en það eru bæir sem bera einföld náttúrunöfn og virðast oft þær jarðir sem fyrst byggjast á hverju svæði.[13] Önnur nöfn eru óræðari.

Önnur lögbýli í tungunni teljast hálfdrættingar á við meðaljarðirnar að dýrleika eða 5-6 hdr. (Ljótarstaðir, Snæbýli, Svartinúpur og Búlandssel). Líklegt verður að teljast að Ljótarstaðir (Fljótastaðir) og Snæbýli hafi byggst eitthvað seinna en betra jarðnæði neðar í Tungunni þótt hreinsun á sniði í bæjarhól Ljótarstaða hafi sýnt mannvist þar skammt ofan við Eldgjárgosið. Það bendir til búsetu strax á 10.-11. öld þótt ekki sé hægt að útiloka að sú búseta hafi verið árstíðabundin. Svartinúpur og Búlandssel verða ekki eiginleg býli fyrr en á 19. öld.[14]

**Kirkjur, bænhús og sóknir**

Tilvist kirkna og bænhúsa á bæjum má túlka sem vísbendingu um að þeir hafi verið komnir í byggð snemma. Hlunnindi kirkna og saga kirkjuhalds og -sókna eru líka mikilvægur vitnisburður um valdamiðstöðvar, tengsl bæja og þróun byggðar. Ef horft er yfir Skaftártungu má sjá að kirkjur risu snemma á þremur jörðum og bænhús á fjórum til viðbótar. Staðsetning kirknanna er áhugaverð en þær raðast í línu norður-suður í austurhluta Tungunnar og voru á Ásum (Eystri), í Svínadal og á Búlandi.

[13] Varðandi Hemru er talið líklegt að orðið sé úr skosku og merki hamar skv. Orðsifjabók
[14] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2014.

| Jörð | Númer | Kuml? | Kirkja Bænhús | Dýrleiki (hdr) | Fyrst getið | Sókn fyrir Skaftárelda |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Búland | SF-179 | Já | Kirkja | 24 | Landáma/Máldagi Þykkvabæjarklausturs 1340, DI II, 740 | Búlandssókn |
| Eystri-Ásar | SF-175 | Já? | Kirkja | 16 | Landáma/1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 5 | Ásasókn |
| Ytri-Ásar | SF-174 | Nei | Bænhús | 12 | Landáma/Máldagi Þykkvabæjarklausturs 1340, DI II, 740 | Ásasókn |
| Svínadalur | SF-177 | Nei | Kirkja | 24 | 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 5 | Búlandssókn |
| Hrífunes | SF-188 | Já | Bænhús | 12 | 1340: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI II, 739 | Ásasókn |
| Flaga | SF-188 | Já | Bænhús | 12 | 1340: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI II, 739 | Ásasókn |
| Hlíð | SF-176 | Nei | Bænhús | 12 | 1340: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI II, 740 | Ásasókn |
| Nes | SF-175b | ? | Nei | 12 | 1523: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI IX, 189 | Ásasókn |
| Hemra | SF-186 | Nei | Nei | 12 | 1340: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI II, 740 | Ásasókn |
| Hvammur | SF-178 | Nei | Nei | 12 | 1340: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs, DI II, 739 | Búlandssókn |
| Gröf | SF-185 | Nei | Nei* | 12 | 1523: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI IX, 189. | Ásasókn |
| Borgarfell | SF-182 | Nei | Nei | 12 | 1340: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, DI II, 740 | Búlandssókn |
| Snæbýli | SF-183 | Nei | Nei | 5 | 18. öld, ýmsar heimildir | Búlandssókn |
| Ljótarstaðir | SF-184 | Nei | Nei | 6 | 1570 í Gíslamáldaga, DI XV, 705 | Búlandssókn |
| Búlandssel | SF-180 | Nei | Nei | 6 | 1801: Manntal | Búlandssókn |
| Svartinúpur | SF-181 | Nei | Nei | 6 | 1782-1791: Ævisaga Jóns Steingrímssonar | Búlandssókn |

*Tafla 1: Yfirlit yfir dýrleika, staðsetningu kumla, kirkna/bænhúsa og elstu heimildir um jarðir í Skaftártungu*

Nokkra athygli vekur raunar að ekki var kirkja vestan Tungufljóts en ætla má að fljótið hafi verið nokkur farartálmi á fyrri öldum og er ljóst að kirkjuvegur hefur verið langur fyrir fólk sem bjó vestan fljóts, ekki síst fyrir ábúendur á Hrífunesjörðinni. Skipting sókna var með þeim hætti að allar jarðir í sunnanverðri Tungunni, bæði austan og vestan Tungufljóts áttu sókn til Ásakirkju en jarðirnar í Tungunni norðanverðri til Búlandskirkju, allt þar til sóknirnar tvær voru sameinaðar

rétt fyrir aldamótin 1900 og ein ný kirkja var byggð á Gröf.[15] Þegar nánar er rýnt í bænhúsin (sem voru í Hrífunesi, á Flögu, í Hlíð og Ytri-Ásum) má sjá að þau lágu öll undir Ásakirkju. Engin bænhús lágu undir Búlandskirkju ef frá er talin hálfkirkjan á Svínafelli sem upphaflega var kirkja án sóknar (utan við jörðina sjálfa) en varð síðar hálfkirkja undir Búlandi. Ekki er ljóst hverju þetta sætir.

Staðsetning kirkjujarðanna þriggja í austurjaðri Tungunnar, sem og dýrleiki þeirra bendir eindregið til að beitilönd og engjar þeirra austan og sunnan við bæina hafi verið mikil að stærð og verðmæt á fyrri öldum. Allar urðu jarðirnar hins vegar illa úti í Skaftáreldum en við hamfarirnar sem þeim fylgdu tók af austur- og/eða suðurhaga jarðanna allra (þótt eitthvað af þeim kunni líka að hafa horfið undir Eldgjárhraunið). Allar voru jarðirnar góðar bújarðir og allar áttu þær (kirkjurnar) nokkur ítök, t.d. áttu þær allar fjörurétt í Meðallandsfjöru en engar aðrar jarðir í Tungunni áttu slík réttindi.[16] Eignir Ásakirkju voru þó margfalt meiri en hinna kirknanna tveggja.

Ásajarðirnar hljóta samanlagt að hafa myndað ákveðna þungamiðju valds á svæðinu. Hugsanlegt er að Nes og jafnvel Hlíð hafi verið hluti af þessum byggðakjarna suðaustast í Tungunni í upphafi. Allar fyrrgreindar jarðir draga nöfn af einföldum náttúrufyrirbærum sem styrkir hugmyndir um að þær hafi byggst snemma.

[15] Eftir Skaftárelda urðu reyndar nokkrar breytingar á sóknarfyrirkomulagi en þá leggst búskapur á Nesi af (þótt um skeið hafi verið reynt að búa á nýjum stað) en bærinn hafði áður átt sókn til Ása en á móti kemur að Svínadalur, sem áður hafði átt sókn til Búlands er fært yfir í Ásasókn. Ekki er víst hvort tengsl eru á milli þessa atburða. Heimild um sóknarfyrirkomulag: Björk Ingimundardóttir. 2019, bls. 243-245

[16] Gunnar Magnússon. 1972, bls. 40-42. Var Búlandsfjara 406 faðmar, Ásafjara 102 faðmar og Svínadalsfjara 505 faðmar.




*Yfirlitskort sem sýnir skiptingu jarða og dýrleika auk þess sem merkt eru inn kirkjur, bænhús, kuml og staðfest eyðibyggð*

Ef horft er til hinna höfuðbýlanna, í Svínadal og á Búlandi verður myndin aðeins óljósari.

Þrátt fyrir að bæjarheitið Búland bendi ekki eitt og sér til fornrar búsetu[17] þá hníga mörg rök að því að jörðin sé eitt af frumbýlum Tungunnar. Áður hefur verið nefnt að hennar er getið í Landnámu en þyngra vegur þó e.t.v. sú staðreynd að jörðin er landstór og væn sem endurspeglast í dýrleika hennar, þar reis sóknarkirkja og síðast en alls ekki síst: að þar hefur fundist kuml (sjá nánar umfjöllun aftar í kaflanum). Við þetta má svo bæta að við skráningu fannst tóft skálalaga byggingar nokkurn spöl frá bænum. Könnunarskurður í tóftina sýndi að hún var byggð fljótlega eftir að Eldgjárgjóskan fellur og komin úr notkun 1104. Ekki er vitað hvort skálinn var í byggð á sama tíma og núverandi bæjarstæði eða hvort þar var búið á tímabili þegar ekki var búið á núverandi bæjarstæði.[18] Í öllu falli er ljóst að búseta hefst snemma á Búlandi og jörðin hefur líklega frá upphafi verið ein stærsta og besta jörð svæðisins. Í sókn Búlandskirkju voru jarðirnar Hvammur, sem líklegt má telja að hafi byggst snemma (en til þess benda bæði landgæði, dýrleiki og jarðarheitið), Borgarfell (12 hdr sem einnig er líklegt að hafi byggst fremur snemma, hugsanlega með Gröf í upphafi), Ljótarstaðir og Snæbýli (5-6 hdr), og svo á seinni öldum Svartinúpur og Búlandssel (6 hdr hvor). Færri jarðir voru því í Búlandssókn en Ásasókn og aðeins tvær stöndugar jarðir ásamt samsafni af lægra metnum jörðum svæðisins. Nokkra athygli vekur að jarðirnar Gröf og Borgarfell, sem telja má líklegt að byggst hafi upp sem sameiginlegur byggðakjarni, falla í sitthvora sóknina en ekki er ljóst hvað hefur valdið því.

Reikna má með að þau býli sem virðist hafa risið á heiðinni ofan við Búland á 10. öld og voru fallin í eyði á 12.-13. öld (sjá nánar kafla 5.4) hafi tilheyrt Búlandssókn og gæti byggðin hafa styrkt hana á fyrstu öldum kristni. Athygli vekur að ekkert bænhús tilheyrði Búlandssókn á fyrstu öldum svo vitað sé. Svínadalur bættist þó við sóknina þegar kirkjan þar er gerð að hálfkirkju á 14. öld.[19] Ekkert bendir til að Búlandskirkja hafi nokkurn tíma komist nærri því að standa Ásakirkju á sporði varðandi ríkidæmi, sóknarstærð eða vald. Kirkjan var tiltölulega fátæk (og presturinn illa launaður samkvæmt elsta máldaganum frá 1343)[20] ólíkt Ásakirkju sem var ágætlega stæð og átti m.a. hálft Borgarfell og þannig ítök í Búlandssókn.

Víkur þá sögunni að Svínadal, þriðju jörðinni sem virðist hafa verið skör hærra sett en aðrar jarðir í tungunni. Jörðin er sem fyrr segir ein hæst metna jörð Skaftártungu og þar reis kirkja snemma líkt og bæði á Ásum og Búlandi. Saga kirkjunnar í Svínadal varð hins vegar ólík hinum kirkjunum tveimur. Svínadalskirkja hafði prestskyldu samkvæmt kirknatali Páls Jónssonar frá því um 1200 og var í þeim skilningi sóknarkirkja en þó áttu ekki aðrar jarðir en heimajörðin sókn til kirkjunnar. Orri Vésteinsson hefur nokkuð ritað um slíkar kirkjur og í skrifum hans

---

[17] Jarðir með endinguna -land voru óvíða frumbýli svæðis og færa má rök fyrir því að jarðir með slíkt heiti hafi verið óbyggt land þegar þær fengu nafnið
[18] Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl.. 2014.
[19] Björk Ingimundardóttir. 2019, bls. 243-245
[20] Máldagi 1343 DI II, bls. 783

kemur fram að í tilfelli Svínadals virðist kirkjan enn prestskyld í kringum aldamótin 1300. Líklegast verður hún þó að hálfkirkju fljótlega eftir það (er talin upp sem hálfkirkja í máldaga frá 1343).[21] Áhugavert er að velta fyrir sér hvað olli því að kirkja á einni bestu jörð svæðisins nær ekki að þróast sem eiginleg sóknarkirkja, fellur að lokum í tign og endar sem hálfkirkja (og er loks aflögð). Orri færir rök fyrir því að þar hafi líklegast spilað saman nálægðin við sóknarkirkjur sem náðu að byggja sig upp sem miðstöðvar á undan/voru betur efnum búnar og léleg heimanfylgja.[22] Nokkra athygli vekur að þegar prestskyld fellur niður í Svínadal fellur jörðin undir Búlandssókn fremur en Ásasókn þótt kirkjuvegurinn þangað sé líklega aðeins styttri. Getur margt komið þar til og hugsanlega hefur sú staðreynd spilað inn í ákvörðunina að Ásasókn var þá fjölmennari og stærri en fremur fámenn Búlandssókn. Athyglisvert er hins vegar að eftir Skaftárelda, þegar Nes fell úr sóknartölu Ásakirkju, er Svínadalsjörðin færð undir Ásasókn.

### *5.3 Vitnisburður fornleifa, forn eyðibyggð og kuml*

Ekki er hægt að skilja við vangaveltur um upphaf búsetu og þróun byggðar í Skaftártungu án þess að fjalla stuttlega um þær vísbendingar sem nýlegar fornleifarannsóknir hafa veitt um jarðlög og mannvist á svæðinu. Kumlafundir eru sjálfstæð vísbending um forna ábúð á jörð. Þar sem slík ummerki finnast má því gera ráð fyrir að búseta hafi verið komin á fyrir kristnitöku. Í Skaftártungu hafa fundist kuml á fjórum stöðum, í landi Hrífuness, Flögu, Búlands og að auki minjar sem benda til kumla í landi Ása (eða Ness). Þessir fundir staðfesta það sem áður hefur verið haldið fram, þ.e. að búseta hafi verið hafin á umræddum jörðum fyrir kristnitöku. Mjög misjafnt er þó hversu miklar upplýsingar eru um aldur kumlanna og umbúnað. Kumlin í landi Flögu og Búlands fundust mjög snemma í uppblæstri og voru ekki rannsökuð af fornleifafræðingum. Litlar upplýsingar hafa því varðveist um umbúnað og engar um gjóskulög sem gætu gefið nánari upplýsingar um aldur þeirra. Kumlið í Flögu var um 800 m frá bæ, á bakka Kálfár og á merkjum, sem telst að mörgu leyti dæmigerð staðsetning kumla. Kumlið á Búlandi um 1,4 km frá bæ en ekki nærri þekktum jarða- eða túnmörkum. Þess má þó geta að kumlið var aðeins um 400 m frá skála frá 10.-11. öld sem fannst við skráningu í Búlandi við svokallað Mosholt og gæti allt eins tengst honum. Um kumlin á Flögu og Búlandi er lítið hægt að segja annað en að þau séu legstaðir úr heiðnum sið. Á Eystri-Ásum er vitneskjan í raun enn brotakenndari. Þar komu gripir í ljós eftir Skaftárhlaup haustið 2015 sem þóttu eindregið benda til þess að væru úr kumli. Þeir voru hins vegar úr lagi færðir þegar þeir fundust og því ekkert hægt að segja um upprunalegan kumlaumbúnað. Í raun er ekki fullljóst hvort kumlið var frá Ásabæjunum eða jafnvel Nesi en fundurinn var um 900 m frá Eystri-Ásum en um 400 m frá

[21] Orri Vésteinsson. 2012, bls. 117-118 og Orri Vésteinsson. 2017.
[22] Orri Vésteinsson hefur þó ritað um slíkar kirkjur og orsakir þeirrar þróunar sem þær lutu, sjá nmgr. 20

Nesi.[23] Mestar upplýsingar veitir kumlateigurinn í Hrífunesi. Kumlin í Hrífunesi fundust fyrir tilviljun þegar Hólmsá braut af bökkum sínum um miðbik 20. aldar og síðan hafa gripir og bein komið í ljós nokkrum sinnum á svipuðum slóðum og ýmsar rannsóknir farið þar fram. Í heild hafa fundist sjö kuml manneskja og dýra á þessum slóðum og margvíslegt haugfé. Staðsetning gjóskulaga sýna að þau voru gerð eftir að landnámslagið fellur 877 en áður en Eldgjárgos hefst (þó hugsanlega á meðan á því stóð í einu tilfelli).[24]

Fleiri fornleifarannsóknir hafa verið unnar í Skaftártungu. Samhliða skráningu voru teknir valdir prufuskurðir í Tungunni árin 2013-14.[25] Samtals voru 11 staðir kannaðir með borkjarnasýnum, könnunarskurðum og/eða rofsnið voru hreinsuð. Á fjórum stöðum (Gröf, Ljótarstöðum, Svartanúpi og Búlandsseli) voru yngri minjar kannaðar í leit að öskuhaugum.[26] Á hinum stöðunum sjö (Hróðnýjarstöðum, Erlendsstöðum, skálanum við Mosholt í landi Búlands, Stekkjarholti í landi Grafar, nafnlausum stað skammt frá Svartanúpi, öðrum nafnlausum stað við Kóragil og enn einum nafnlausum stað við Syðri Ófæru), voru kannaðar minjaþyrpingar sem talið var líklegt að væru bústaðir (þó hugsanlega hafi einhverjir þeirra verið árstíðabundnir) – í þeim tilgangi að skera úr um aldur þeirra.

Á sex af stöðunum sjö var grafið í fornlegar tóftir eða snið hreinsuð, á sjöunda staðnum voru aðeins tekin borkjarnar sem ekki gáfu ótvíræða niðurstöðu.[27] Á öllum stöðunum sex fundust mannvistarleifar fast ofan á gjósku frá Eldgjá 939 og í öllum tilfellum höfðu staðirnir verið yfirgefnir fyrir 1104/1206.[28] Hvergi var að finna nokkra mannvist milli landnámslags og 939. Niðurstöður könnunarskurða og borkjarnasýna benda til talsverðrar byggðar á svæðinu strax eftir 939 (þ.e. mannvirkin eru reist fast ofan á gjósku úr Eldgjárgosinu).

Nokkrir af stöðunum sem voru rannsakaðir eru í Búlandi, norðan byggðar. Hluti af svæðinu er nefnt *Tólfahringar* og tengist frægri þjóðsögu sem hermir að á þessu svæði hafi áður

---

[23] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2020a, bls. 106-107

[24] Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson. 2000 og Hildur Gestsdóttir og fleiri. 2015.

[25] Auk ofangreindra rannsókna voru teknir nokkrir könnunarskurðir í landi Eystri-Ásar 2016 vegna vegar- og brúargerð á svæðinu. Við rannsóknina fundust m.a. ummerki um búsetu frá 10. öld þegar grafið var í garðlag í heimatúninu vegna vegagerðar um svæðið. Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2017, bls. 11-14

[26] Fljótlega varð hins vegar ljóst að ekki var auðvelt að finna forna öskuhauga í Skaftártungu enda eru þar ekki góðar aðstæður til borkjarnarannsókna, vegna þess að eldri mannvistarlög liggja mjög djúpt og dýpra en svo að venjulegur jarðvegsbor nái til þeirra. Enn fremur er gjóskan í jarðveginum víða svo þykk að það reyndist mjög erfitt að bora í gegnum hana.

[27] Við Syðri Ófæru voru aðeins tekin borkjarnasýni 2013 en niðurstöður þeirra voru þóttu ekki öruggar þótt líklegast sé að þar hafi aðeins verið byggt eftir 1477. Á einum stað, Hróðnýjarstöðum var hvorki grafið né snið hreinsuð í þeim rannsóknum sem gerðar voru 2013-2018 en þar hafði verið grafið áður og byggir tímasetning staðarins á endurtúlkun á gömlum uppgraftargögnum.

[28] Stekkjarholt: var byggður strax eftir að gjóska úr Eldgjá fellur 939. Garðurinn virðist hafa fallið úr notkun fljótlega en ljóst er að hann var endurbyggður a.m.k. einu sinni á tímabilinu eftir 12./13. öld en fyrir 1410. Eftir það er ekki að sjá á ummerkjum í sniði að garðinum hafi verið haldið við.

verið sveit með tólf bæjum og kirkju að Réttarfelli sem hafi eyðst í eldgosi árið 1112.[29] Engar sögulegar heimildir eru fyrir svo blómlegri byggð á þessum slóðum og ekki virðist líklegt að sagan standi á traustum fótum, í besta falli er hún líklega stórlega ýkt.[30] Sögunni fylgdi sú sögn að á einu eyðibýlanna, Hróðnýjarstöðum, hafi verið „18 dyr á hjörum" og hafa menn getið sér þess til að bærinn hafi verið höfuðbýli og jafnvel að þar hafi verið sóknarkirkja þessa svæðis. [31] Enn önnur kenning er sú að bærinn hafi verið hið upprunalega landnámsbýli alls svæðisins sem hafi síðar verið fært að Búlandi. Sú kenning verður reyndar að teljast ólíkleg þar sem bæjarstæði Búlands er að flestu leyti ákjósanlegra auk þess sem kumlin sem þar fundust eru sjálfstæður vitnisburður um að þar hafi verið komin byggð mjög snemma. Á Hróðnýjarstöðum eru engu að síður umfangsmiklar tóftir sem vitna um stórt fornbýli.[32] Ekki fékkst leyfi til að grafa í minjarnar við rannsóknirnar í Skaftártungu þar sem þær eru friðlýstar, en jarðfræðingurinn Jón Jónsson hafði áður grafið í minjarnar og voru niðurstöður hans endurtúlkaðar í rannsóknunum frá 2013-14 í ljósi nýrra rannsókna á gjóskulögum.[33] Niðurstöður þeirra túlkunar bentu til að túngarður býlisins hafi verið byggður eftir að Eldgjárgjóskan fellur en honum hafi ekki verið haldið við eftir 1206 og fellur það vel saman við aldurstímabil annarra fornbýla á svæðinu sem rannsökuð voru.

Niðurstöður þeirra fornleifarannsókna sem fram hafa farið í Skaftártungu eru áhugaverðar. Þær benda til þess að talsverð byggð rísi á slóðum þar sem áður hafði ekki verið byggt, fljótlega eftir að Eldgjárgosinu lýkur. Enn hefur ekki verið grafið í bæjarstæði helstu lögbýla á svæðinu og því ekki vitað hvort þau hafa verið á svipuðum slóðum fyrir Eldgjá. Í raun er eina staðfesta dæmið um mannvist í Skaftártungu fyrir Eldgjá kumlin í Hrífunesi. Tengsl eyðibýlanna í Skaftártungu og lögbýlanna neðar í Tungunni eru því enn óræð en líklegast verður að telja að byggð í tungunni norðanverðri hljóti að hafa verið síðari kynslóð nýbýla sem stofnuð voru eftir að betri landrými voru frátekin. Hvort sem byggðin er til marks um útþennslu byggðar á þessu skeiði (þ.e. hefur verið viðbót við eldri byggð), eða hvort hún hafi verið beintengd gosinu (er mögulega tilraun til að byggja á nýjum svæðum á tímabili sem illmögulegt var að búa á sumum af aðal bæjarstæðunum í Tungunni) verður ekki ákvarðað nema með talsvert umfangsmeiri rannsóknum.

### *5.4 Byggðasaga Skaftártungu: samantekt*

Allt bendir til að byggðin í Skaftártungu, a.m.k. á betri jörðunum, hafi hafist snemma. Það sannar

[29] Brynjúlfur Jónsson. 1909, bls. 15-16
[30] Sjá t.d. Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen. 1959, bls. 132
[31] Sveinn Pálsson. 1945, bls. 159-160, 259-60 og 549. Slíkar sagnir um fjölda dyra á hjörum á eyðibýlum virðast reyndar hafa verið algengar og til þess fallnar að reyna að lýsa glæsileika og ríkidæmi umfangsmikilla bæjarrústa sem fallið höfðu í eyði á öldum áður.
[32] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2013.
[33] Jón Jónsson. 1985.

kumlateigurinn í Hrífunesi og önnur kuml á svæðinu má túlka sem vísbendingar um það sama. Þrjár bestu og hæst metnu jarðirnar voru austast í Tungunni. Á þeim byggjast líklega kirkjur fljótlega eftir kristnitöku og verða tvær þeirra sóknarkirkjur svæðisins. Þessar þrjár jarðir virðast skör hærra settar en aðrar jarðir í Tungunni, þó sérstaklega jörðin Ásar sem líklega hefur lengst af haft mestu undirtökin í Tungunni. Flestar af hinum jörðunum í Skaftártungu voru fremur áþekkar að gæðum og má ætla að nokkurt jafnræði hafi verið á milli þeirra lengst af. Lægst metnar eru svo jarðir sem flokka má á jaðrinum, bæði landfræðilega og samfélagslega og voru þær aðeins hálfdrættingar í dýrleika miðað við meðaljörð í Skaftártungu og byggð á þeim líklega stopulli en á öðrum jörðum á svæðinu.

Þrátt fyrir að sveitin hafi í gegnum tíðina verið hart leikin af margvíslegri náttúruvá virðist byggðin þar þrautseig. Margt bendir því til að búskapur á öllum stærri jörðunum á svæðinu hafi aðeins fallið niður tímabundið þegar áföllin dundu yfir en hafist aftur að nýju um leið og aðstæður leyfðu. Þetta er til marks um mikla aðlögunarhæfni og þrautseigju bænda á svæðinu. Í ljósi þessa má efast um að náttúruvá sé beinn orsakavaldur í eyðingu þeirrar byggðar sem rannsökuð var með prufuskurðum í Tungunni 2013-14 og fallin var í eyði í upphafi 13. aldar eða fyrr.

Þær vísbendingar sem rannsókn á fornbýlum í Skaftártungu norðanverðri gefa eru áhugaverðar ekki síst í ljósi rannsókna í öðrum landshlutum sem hafa á undanförnum árum staðfest að landnám hefst mjög snemma, jafnvel á stöðum sem eru langt inn í landi eða fjarri þeim svæðum sem líklegi eru til að hafa byggst fyrst. Þetta bendir til þess að landnám á Íslandi hafi gengið hratt fyrir sig og að líklegast sé að straumurinn hafi verið mestur til landsins á um tveggja áratuga skeiði á seinni hluta 9. aldar og mögulega fram á þá 10.[34] Í ljósi annarra rannsókna á upphafi byggðar hér á landi verður að teljast ólíklegt að landnám í Skaftártungu (annars staðar en í Hrífunesi) hafi ekki verið hafið að ráði sex áratugum eftir að landnámsgjóskan féll. Líklegra er að byggð í Skaftártungu hafi hafist fljótlega eftir fyrsta landnám á þeim jörðum sem hér hafa verið færð rök fyrir að séu bestu bújarðirnar. Mannvistarleifar sem vitnað gætu um þessa elstu byggð geta í einhverjum tilfellum verið varðveittar undir sverði í bæjarhólum þessara jarða. Engu að síður virðist nokkuð algengt að flytja hafi þurft bæjarstæði undan náttúruvá á svæðinu og því víða óvíst hvort elstu bæjarstæði jarða hafi verið á sömu slóðum og núverandi bæjarstæði. Þegar við bætist hin mikla þykkt gjóskulaga og áfoks á svæðinu er ljóst að ekki er auðvelt að hafa upp á og rannsaka bólstaði sem kunna að hafa verið í Skaftártungu fyrir gosið í Eldgjá 939.

[34] Orri Vésteinsson og Thomas McGovern. 2012.

Önnur áhugaverð niðurstaða er sú að nokkur eyðing (eða tilfærsla) hefur orðið á byggðinni á svæðinu á 11.-13. öld. Enn er erfitt að fullyrða nokkuð um hverju þetta sætir en ýmislegt bendir til að svipuð þróun hafi átt sér stað víðar á landinu. Í nýlegum rannsóknum á Norðausturlandi (á svæðum eins og í Mývatnssveit og Reykjahverfi) hefur verið sýnt fram á að orðið hafi allt að 30% fækkun á bæjum í byggð á 12.-13. öld, sem ekki er hægt að skýra með einföldum umhverfisþáttum.[35] Fyrstu vísbendingar úr Skaftártungu benda því til að svipað ferli hafi átt sér stað þar þótt mun umfangsmeiri rannsóknir þurfi til að fullyrða þetta af öryggi.

[35] Sjá Birna Lárusdóttir. 2007 og Orri Vésteinsson. 2008. Orri Vésteinsson og Thomas McGovern. 2012, 214.

## 6. Vettvangsskráning

Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var safnað heimildum um minjar á svæðinu. Við slíka yfirferð er farið í gegnum ýmsar ritaðar heimildir s.s. fornbréfasafn, örnefnaskrár, kort, ferðabækur, fornleifaskýrslur o.s.frv. og leiddi sú heimildaleit í ljós ríflega 100 þekkta minjastaði á svæðinu. Við vettvangsvinnu fjölgaði fornleifum umtalsvert og á endanum urðu skráðar minjar 200 talsins og tvöfaldaðist því minjafjöldi við vettvangsskráningu. Sumir minjastaðanna eru í raun minjaþyrpingar s.s. sel- og býlisrústir með fjölda tófta og garða eða varðaðar leiðir og því eru skráðar minjaeiningar á þessu svæði mun fleiri eða í kringum 450 einingar. Fyrri ár voru skráðar 639 fornleifar í Skaftártungu og hafa því nú samanlagt verið skráðar 839 minjar og um 1350 minjaeiningar. Fornleifarnar sem skráðar voru eru friðaðar samkvæmt lögum en á svæðinu sem skráð var 2018 voru að auki tveir friðlýstir staðir, báðir í landi Hrífuness. Það voru annars vegar rústir af fjárborg/fjárskýli (SF-188:037) á svokallaðri Hestatorfu og hins vegar tóftir af alllöngu húsi og hringlaga mannvirki (SF-188:027). Hlutverk minjastaðarins er ekki þekkt en ólíklegt virðist að um eldra bæjarstæði Hrífuness sé að ræða, líkt og Kristján Eldjárn hefur látið liggja að. [36] Erfitt hefur reynst að fá leyfi til að kanna friðlýstar tóftir með könnunarskurðum en slíkur skurður gæti dugað til þess að skera úr um hvort líklegt megi teljast að mannvirkið sé manna- eða skepnuhús. Þangað til er það niðurstaða skráningar á staðnum að hann sé ólíklegur landnámsskáli og líklegra sé að þarna sé fundið fornt fjárhús og heystæði eða gjafahringur.

Á því svæði sem skráð var sumarið 2018 voru þrjú lögbýli um miðja 20. öld og er enn búið á þeim öllum og búskapur stundaður í Hvammi og Flögu. Þótt enginn búskapur sé lengur í Hrífunesi er þar búið og rekin gistiheimili fyrir ferðamenn.

Varðveisla minja á svæðinu verður að teljast yfir meðallagi. Um 28% minjastaða var þó alveg horfinn, en á öðrum stöðum sáust einhverjar leifar. Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem steðjaði að hverjum minjastað og reyndist ástandið í þessum hluta Skaftártungu örlítið skárra en víða annars staðar í tungunni þar sem allt að 90% minjastaða hafði reynst í hættu eða stórhættu af ýmsum sökum. Á skráningarsvæðinu 2018 reyndust þó þrír fjórðu minjastaða (eða 73%) í hættu eða stórhættu (þar af 9% í stórhættu).

Algengast var að minjar væru í hættu vegna ábúnaðar og ræktunar (um 60% af þeim stöðum sem töldust í hættu) en önnur algengasta hætta sem steðjaði að minjum á svæðinu var rof/uppblástur sem ógnaði um 13% staða á því svæði sem skráð var 2018. Um 12% staða voru flokkaðir í hættu vegna ýmissa framkvæmda og nokkrir staðir voru einnig í hættu vegna trjáræktar (6 staðir) og vegagerðar (10 staðir).

[36] KE: Kristján Eldjárn.1983, 19-21




*Yfirlitskort sem sýnir alla minjastaði sem skráðir hafa verið í Skaftártungu. Rauðir punktar eru staðir sem fjallað er um í þessari skýrslu en svartir punktar eru þeir staðir sem fjallað hefur verið um í fyrri skýrslum.*

Ef litið er á þá 18 minjastaði sem töldust í stórhættu, voru flestir (eða helmingur staða, níu staðir) í stórhættu vegna uppblásturs/rofs, þrír töldust í bráðri og yfirvofandi hættu vegna




*Skífurit 1: Ástand minja á skráningarsvæðinu*

skógræktar og sex staðir í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda (t.d. vegagerð).

Minjastaðirnir sem skráðir voru 2018 reyndust fjölbreyttir. Auk útihúsa var algengasti minjaflokkurinn samgönguminjar en slíkar minjar eru t.d. leiðir og traðir en einnig vörður og vöð. Þessi flokkur vegur óvenjuþungt í skýrslunni þar sem hún geymir yfirlit yfir alla þá staði sem ná yfir meira en eina jörð og eru þeir í langflestum tilfellum leiðir. Hlutverk 11% staða sem skráð var reyndist óþekkt, þ.e. hvergi var getið um hlutverk þeirra í heimildum og vettvangsúttekt og viðtöl við heimildamenn leiddu ekki til þess að hægt væri að skera úr um það með óyggjandi hætti. Hér verður fjallað um helstu minjastaði sem skráðir voru 2018.

### *Bæir og býli*

Samtals voru skráðir fimm bústaðir lögbýla og fimm önnur býli á þeim þremur jörðum sem skráðar voru 2018. Í tilfelli bæði Hvamms og Hrífuness eru eldri bæjarstæði frammi á árbökkum en voru síðar færð ofar í landið. Er þetta svipuð saga og hjá fleiri bæjum í Tungunni, s.s Ytri- og Eystri-Ásum. Í tilfelli Hvamms var bæjarstæðið mun neðar í landinu en það er nú. Í Skaftáreldum 1783-84 gekk Eldvatnið nærri bænum (SF-178:001) og var hann í kjölfarið fluttur. Telja menn að eldra bæjarstæðið hafi verið þar sem enn sjást óljósar tóftir á bakka Eldvatnsins. Ekkert í útliti tóftanna staðfestir í sjálfu sér að þar séu fundnar bæjarrústirnar og ekki er greinilegur bæjarhóll undir þeim. Að því sögðu má ítreka að ekki er ástæða til að efast um að bærinn hafi verið á þessu svæði á fyrri öldum en hvort tóftirnar tilheyra bæjarrústunum eða öðrum húsum sem hugsanlega voru í túni eldri bæjar skal ósagt látið. Áhugavert gæti verið að kanna aldur og einkenni tóftanna með könnunarskurði til að freista þess að staðfesta eða hrekja þá tilgátu að þarna séu leifar af

fornu bæjarstæði Hvammsbæjarins enda ljóst að staðurinn er í stórhættu þar sem Eldvatnið brýtur jafnt og þétt af bakkanum. Eftir að byggð á gamla bæjarstæðinu leggst af í lok 18. aldar var nýr bær byggður þar sem enn er búið (SF-178:002). Var búið í torfbæ þar allt fram til 1980 þegar nýtt hús var byggt örstutt frá gamla bænum.

Bærinn í Hrífunesi (SF-188:001) var áður í svokölluðum Bæjardal á Bakka Hólmsár. Upphaflega var bærinn alveg frammi á árbakkanum (SF-188:001) þar sem enn er greinilegur bæjarhóll en árið 1904 var byggt steinsteypt íbúðarhús (SF-188:004) spottakorn ofar (40-50 m) og var búið þar allt til 1938 þegar bærinn var færður 500-600 m ofar í landið og eru bæjarhúsin enn á þeim slóðum. Elstu bæjarhúsin á árbakkanum stóðu enn þegar örnefnaskrá var rituð á seinni hluta 20. aldar en hafa síðar vikið. Sömu sögu er að segja um steinsteypta húsið frá 1904, sem stóð allt fram á 9. áratug 20. aldar en hefur síðar verið rifið. Í Hrífunesi er greinilegur bæjarhóll (80 x 40 m stór) og er víða tæpur 1 m á hæð en er þó mest á þriðja metra á hæð. Hólmsá hefur smátt og smátt verið að éta úr bakkanum og er ljóst að þær fornleifar sem í bæjarhólnum leynast eru í talsverðri hættu af þeim sökum. Þegar svæðið var skráð hafði Hólmsá nýlega nartað í hólinn og mátti þar sjá ummerki um öskuhaug, leirkersbrot, járn og dýrabein í sárinu sem líklega eru frá yngstu skeiðum búsetu á svæðinu. Samkvæmt bæjarteikningu frá 1904 var bærinn þá löng röð af húsum sem sneru ANA-VSV og var austasta húsið mögulega stakstætt. Að húsabaki virðist hafa verið garðlag en fyrir framan bæinn, til suðurs að Hólmsá, var stór og mikill kálgarður. Sem fyrr segir sjást nú lítil yfirborðsummerki þótt sjálfur bæjarhóllinn feli án efa í sér mikla sögu undir sverði. Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands kom í Hrífunes í ágúst 2017 og kannaði þá rof neðan við bæjarhólinn. Þar fundust leifar af grjóthleðslu, móaska og fleira nokkru ofan við gjóskulag úr Eldgjá 939. Ljóst er að á þessum stað eru mikilvægar minjar í mikilli hættu en skammt frá hólnum, á bakkanum, hefur einnig komið fram merkilegur kumlateigur (sjá næsta undirkafla).

Þótt að bærinn í Hrífunesi hafi verið á áðurgreindum slóðum á síðustu öldum er líklegt að elsta bæjarstæði jarðarinnar hafi verið enn sunnar, þar sem Hólmsáin breiðir nú úr sér. Áin rann áður í öðrum farvegi og ekki er ólíklegt að Hrífuneshólmi sem er sunnan Hólmsár í dag hafi áður verið hluti af samfelldu landi Hrífuness. Eitt af því sem styrkir þessa tilgátu eru kumlin sem komið hafa í ljós í rofi Hólmsár, svo til beint í jaðri bæjarstæðisins frá síðari öldum. Slík staðsetning er óvenjuleg og bendir til þess að bærinn hafi áður verið annars staðar. Að samanlögðu má því telja líklegast að hafi bæjarstæði Hrífuness verið talsvert sunnar á fyrri öldum en það var í upphafi 20. aldar. Ekkert er vitað um hvenær slíkt bæjarstæði kann að hafa verið yfirgefið, en ætla má að það hafi verið fært ofar og fjær ánni eftir því sem hún varð ágengari,

mögulega strax eftir gosið í Eldgjá. Þetta virðist raunar vera mynstur víðar í Skaftártungu, þ.e. að bæir hafi á seinni öldum verið færðir ofar í landið, frá beljandi. stórfljótum

Bærinn í Flögu (SF-187:001) er eina bæjarstæðið á svæðinu sem ekki er vitað til að hafi færst til. Þó er hugsanlegt að bæjarstæðið hafi áður verið eilítið vestar, í beinu framhaldi af tröðum en engar beinar sannanir eru þó fyrir því. Við lok 19. aldar stóð bærinn á svipuðum slóðum og hann gerir enn. Til er ljósmynd sem sýnir timburhúsið sem byggt var á Flögu 1911 og má þar sjá röð af burstum (smiðju, eldhús og fleira) að húsabaki. Líklegt er að yngsti torfbærinn hafi verið hluti af húsaröðinni áður en íbúðarhúsið var byggt 1911. Húsið frá 1911 var timburhús á tveimur hæðum. Það brann 1930 eftir að eldingu laust niður í það og voru leifar þess þá rifnar og nýtt, steinsteypt hús byggt 1931 og stendur það enn. Samkvæmt Sigurgeiri Gíslasyni heimildamanni sjást grjóthleðslur í kjallara hússins sem bera greinileg eldsmerki þannig að svo virðist sem yngra hús hafi verið byggt á grunni þess eldra. Ekki er að sjá veruleg ummerki um uppsöfnun bæjarhóls í Flögu.

Auk ofangreindra bæjarstæða voru skráðir fimm staðir árið 2018 sem flokkast sem býli eða möguleg býli, öll í landi Hvamms. Nokkra athygli vekur að hvorki voru skráð býli innan landamerkja Hrífuness né Flögu, sem þó eru báðar fornar jarðir með talsvert landnæði. Ekki er ljóst hverju þetta sætir en þó má taka fram að af víðáttumiklu landi beggja jarða er aðeins lítill hluti sem kemur til greina fyrir búskap og að engjar og láglendi hafa að talsverðu leyti skemmst í náttúruhamförum fyrri alda.

Býlið Engidalur (SF-178:017) var á mörkum Hvamms og Grafar, til móts við Ljótarstaði. Samkvæmt örnefnaskrá bjó Vigfús geysir þar á árunum 1848-1855 og samkvæmt skránni var hann sá eini sem þar hefur búið.[37] Í Sunnlenskum byggðum er hins vegar talað um að búið hafi verið á staðnum 1784-1855, þó þar hafi ekki verið samfelld búseta.[38] Í Engidal er að finna nokkuð snotra minjaþyrpingu og vísi að litlum bæjarhól með vel varðveittri bæjar- og útihúsatóft. Fleiri tóftir eru í túninu en það er skorið í sundur af Engidalsskurði, þverhníptu og djúpu gili á merkjum milli Hvamms og Grafar sem greinilega hefur myndast eða margfaldast að stærð eftir að búsetu lýkur á svæðinu. Það má m.a. sjá af því að tvær tóftir eru Grafar megin við skurðinn og brotnar af þeim ofan í hann. Vel er hugsanlegt að aldrei hafi verið búið í Engidal fyrr en seint á 18. öld en tóftir og uppsöfnun á svæðinu gætu bent til lengri búsetusögu þótt hún hafi vafalaust verið óstöðug.

Nyrst í Engidal er Byrgutóftamýri og norðan hennar er að finna annað meint býli,

[37] Ö-Hvammur, 3
[38] Sunnlenskar byggðir VI, 252-253.

Byrgutóft (SF-178:018), sem er innan við 500 m norðan við Engidalsbýlið. Engar heimildir eru um búsetu í Byrgutóft en útlit tóftar bendir til að þar gæti verið fundið lítið býli. Engin útihús fundust þó í kring og ekkert sem bendir til langvarandi eða umsvifamikillar búsetu. Hafi verið búið á þessum stað var það án efa í skamma hríð eða ártíðabundin búseta. Nokkru austar en Engidalur, en þó meira en 2,5 km vestan við Hvammsbæ, er bæjarstæði í svokallaðri Bæjartorfu (SF-178:020) sem er yst (vestust) af Grastorfunum niður af Hraunfelli. Bæjartorfa dregur nafn af bæ sem þar var en er ekki nefndur með nafni í örnefnaskrá. Líklegt virðist þó að bærinn hafi verið Hraunfell en þar var búið 1857-1864 samkvæmt Sunnlenskum byggðum.[39] Bæjarrústirnar eru efst í torfunni og við þær myndarlegir kálgarðar. Neðan við bæ er ekki hægt að tala um tún en þar er sléttur völlur í halla til suðurs. Bærinn er á vesturbakka rofskurðar eða -gils en handan við gilið og rúmum 50 austar er tóft (SF-178:021) í Hesthústorfu. Hún er líklega af hesthúsi sem tilheyrt hefur bænum. Ekki fundust önnur hús eða garðar í námunda við bæjartóftina en neðarlega í torfunni eru óljósar tóftir (SF-178:041) sem ólíklegt er að tilheyri bænum og virðast mun eldri.

Skammt frá Hraunfelli voru skráðar aðrar bæjarrústir (SF-178:022) í Mýrartorfu. Líklegt verður að teljast að þar sé fundinn bærinn Fagriflötur sem nefndur er í Sunnlenskum byggðum en þar var byggð um tveggja ára skeið 1832-34.[40] Þar er að finna stæðilega bæjarrúst, kálgarð/gerði og tvær stakstæðar útihúsatóftir ásamt mögulegum öskuhaugi.

Engar leifar fundust um fimmta býlið í landi Hvamms, Hvammshús (SF-178:038), og hafa leifar þess líklega horfið í vegagerð eða við byggingu fjárhúss á svipuðum slóðum.

Nokkra athygli vekur að hvergi á skráningarsvæðinu fundust ummerki um forna bústaði eða býlisrústir sem líklegt gæti talist að væru frá fyrstu öldum. Þótt ekki sé hægt að fullyrða um að saga Engidals nái ekki lengra aftur en ritheimildir gefa til kynna þá virðast þau býli sem skráð voru á svæðinu almennt vera frá síðustu öldum.

### *Kirkjur, legstaðir og samkomustaðir*

Á jörðunum þremur sem skráðar voru að þessu sinni eru þekkt tvö bænhús, annars vegar á Flögu (SF-187:002) og hins vegar í Hrífunesi (SF-187:002). Bæði eiga húsin það sameiginlegt að vera fyrst getið í heimildum á 14. öld og að staðsetning þeirra er löngu týnd. Líklegt verður að teljast að húsin hafi verið nærri bæjunum. Í Hrífunesi er ekki ólíklegt að bænhúsið kunni þegar að vera horfið í Hólmsá en í tilfelli Flögu mætti ætla að bænhúsið hefði verið nærri núverandi bæjarstæði. Engar frásagnir eru um að menn hafi komið niður á mannabein sem gætu verið í tengslum við bænhús á þessum jörðum og því lítið hægt um þau að segja.

[39] Sunnlenskar byggðir VI, 252-253.
[40] Sunnlenskar byggðir VI, 252-253

Bænhús vitna ein og sér um forna búsetu en í tilfelli bæði Flögu og Hrífuness höfum við þó annan og enn betri vitnisburð um búsetu frá fyrstu öldum því á báðum jörðum hafa fundist kuml. Í tilfelli Flögu fannst kumlið (SF-187:011) á bakka Kálfár nærri Hrífunesvegi 209. Samkvæmt lýsingu voru þar „eftirstöðvar af eldgömlu húsi" í uppblæstri, ryð og ýmsir gripir s.s. tvær kúptar nælur og glerperlur. Seinna var leitt líkum að því að ryðið í jarðveginum væri líklegast ummerki eftir járngripi úr kumli fremur en hús enda virðast gripirnir eindregið benda til að þar hafi blásið upp kuml, þótt lítið sé hægt að segja um það frekar sökum þess hversu brotakennd lýsingin af fundinum er og sökum þess að aðeins kúptu nælurnar skiluðu sér á söfn. Þegar Brynjúlfur Jónsson heimsótti staðinn um 1910 sögðu heimamenn að á seinni árum hefði ekkert fundist þar nema axarblað. Samanlagt virðist líklegt að fleira en eitt kuml hafi verið á þessum slóðum.

Talsvert betri upplýsingar eru um kumlin í Hrífunesi og tilheyra þau einum af merkari kumlateigum landsins. Fyrsta kumlið þar kom í ljós á bakka Hólmsár sumarið 1957 og var fjallað um fundinn í grein í *Árbók Hins íslenska fornleifafélagsins* 1965.[41] Í kjölfarið komu í ljós fleiri kuml á næstu árum og nokkrar ítarlegar greinar voru birtar um kumlateiginn í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1983. Fyrsta kumlið (kuml 1) sem kom í ljós 1957 reyndist veglegt hrosskuml, en ólíkt því sem algengast var hér á landi með hrosskuml hafði haus hrossins ekki verið höggvinn af áður hrossið var lagt í gröfina. Þótti kumlið nokkuð sérstakt vegna þessa og vegna þess hversu mikið var viðhaft við gröft hrossins. Árið 1978 fundust aftur beinaleifar í rofsári við Hólmsá, skammt frá fyrri fundi (kuml 2). Beinin reyndust úr barni á fyrsta aldursári en áður en komist var í rannsókn á kumlinu hafði áin brotið bakkann á þessum slóðum. Sumarið 1980 fundust svo enn bein á svipuðum slóðum og rannsakaði Kristján Eldjárn þau 1981 (kuml 3). Reyndist það kuml karlmanns. Varðveisla beina var slæm en nokkrir gripir fundust þó í kumlinu. Ári síðar komu svo enn ný kuml í ljós í árbakkanum og voru þau rannsökuð haustið 1982. Þá fundust tvö kuml, hrosskuml (kuml 4) og konukuml (kuml 5). Hausinn hafði verið höggvinn af hestinum áður en hann var settur í gröfina og með kvenbeinunum fundust nokkrar perlur og hnífur. Í rannsóknarhópnum á þessum árum voru ásamt Kristjáni Eldjárn Gísli Gestsson, Þór Magnússon, Sigurður Þórarinsson og Guðrún Larsen en þau síðastnefndu sáu um greiningu gjóskulaga.[42] Niðurstöður gjóskulagagreiningar voru þær að öll kumlin (fyrir utan barnskumlið sem ekki var rannsakað) hefðu verið grafin eftir að landnámsgjóskan féll en áður en Eldgjárgjóskan fellur (s.s. á tímabilinu 877-939). Eitt þeirra, kuml 5, virðist jafnvel hafa verið tekið þegar gosið í Eldgjá var hafið.

---

[41] Kristján Eldjárn. 1965, 59-62

[42] Kristján Eldjárn. 1983, Gísli Gestsson. 1983, Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinsson. 1983 og Þór Magnússon. 1983

Sumarið 2011 vakti Gísli Halldór Magnússon, ábúandi á Ytri-Ásum, athygli minjayfirvalda á því að frekari minjar væru að koma í ljós á kumlaslóðum í Hrífunesi. Í kjölfarið voru tvö kuml til viðbótar (kuml 6 og kuml 7) rannsökuð sama sumar. Kuml 6 reyndist afar illa farið og að mestu brotið í Hólmsá. Aðeins fundust örfáir gripir í því og engin bein. Kuml 7 var kvenkuml. Í því fundust bein og nokkrir gripir auk þess sem einhvers konar umbúnaður úr timbri virtist hafa verið í kumlinu. Líkt og eldri kuml á þessum slóðum voru bæði kumlin tekin eftir að landnámsgjóskan féll en áður en gjóskan úr Eldgjá fellur og er athyglisvert að kuml 7 virðist hafa verið opnað eftir að gengið var frá gröfinni, en áður en Eldgjárgjóskan fellur.[43]

Í Hrífunesi hefur því komið í ljós stór kumlateigur og er ljóst að kumlin hafa verið á árbakkanum á a.m.k. 50 m kafla. Í ljósi sögunnar má telja líklegt að einhver kuml hafi horfið í Hólmsá án nokkurrar athugana en það er líka mögulegt að enn séu fleiri kuml ófundin á þessum slóðum. Kumlin í Hrífunesi eru elsti vitnisburður um búsetu í Skaftártungu og eina staðfesta dæmið um búsetu þar fyrir Eldgjárgosið 939. Sem fyrr segir er þó líklegt að byggð hafi verið komin víða í Skaftártungu á þessu tímabili og ekki ólíklegt að önnur kuml s.s. í Búlandi, Flögu og Ásum hafi verið grafin fyrir Eldgjárgos.

Á því svæði sem skráð var 2018 voru tveir staðir sem skráðir voru og flokka mætti sem samkomustaði af einhverri tegund. Í Haugatungum (SF-187:034) í landi Flögu eru ummerki sem hafa vakið forvitni manna í gegnum tíðina og í Frásögum um fornaldarleifar er líkum leitt að því að þarna hafi jafnvel verið vorþingstaður og að stórt gerði á svæðinu kunni að vera dómhringur.[44] Á þessum stað voru skráð hátt í 70 mannvirki, allt litlar þústir eða tóftir, auk gríðarstórs gerðis með því sem virtist sambyggðar þústir. Minjarnar eru í um 200 m hæð yfir sjávarmáli og rúma 2 km VNV við bæinn í Flögu. Staðsetningin er því heldur óvanaleg fyrir þingstað (út frá því sem þekkt er annarsstaðar) en í ljósi þess að miklar umhverfisbreytingar hafa átt sér stað í Tungunni virtist staðurinn geta komið til greina sem vorþingstaður. Sumarið 2023 fór fram rannsókn í Haugatungum[45] þar sem könnunarskurðir voru grafnir í eina þúst og eina meinta tóft. Í ljós kom að um náttúruleg fyrirbæri er að ræða sem myndast hafa við rof og uppsöfnun jarðvegs og gjósku á fyrstu öldum byggðar. Þarna hefur því ekki verið vorþingstaður Skaftafellssýslu. Líklegast er því að hann hafi verið í grennd við Skaftafell og að öll ummerki um hann séu horfin vegna flóða í Skeiðá. Þess má geta að sumarið 2023 var einnig grafinn könnunarskurður í meintar þingminjar við Þinggil (SF-185:062) í landi Grafar en þar reyndist einnig um samspil uppblásturs og uppsöfnunar að ræða.

[43] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir og Uggi Ævarsson. 2015 og Adolf Friðriksson og Kristján Eldjárn. 2016.
[44] Bls. 97.
[45] Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir, væntanlegt.

Að lokum má nefna annan samkomustað sem er allt annars eðlis og frá öðru tímabili en hinn meinti þingstaður. Þessi staður er gamla sundlaugin í landi Hvamms sem gerð var 1937 og var í notkun í hartnær 40 ár. Þrátt fyrir að sundlaugin sé ekki fornleif í laganna skilningi telst hún til merkra minjastaða á svæðinu og var því skráð. Ungmennafélagið Bláfell/Bláfjall í Skaftártungu beitti sér eins og mörg ungmennafélög fyrir gerð sundlauga snemma á 20. öld. Fyrst stóð það fyrir gerð torflaugar í Hlíð (eftir 1916) en síðar, árið 1937, gerði það steinsteypta sundlaug í Laugargili í landi Hvamms.[46] Í skýrslu um atvinnulíf og byggðaþróun í sýslunni er þess getið að í Laugargili sé að finna eina staðinn í Skaftártungu þar sem jarðhiti hafi verið nýttur á þessum slóðum.[47] Í spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, kemur fram að laugin í Hvammi var 8 x 4 m að stærð[48] og í *Yfirliti yfir mannvirki frá 1983* kemur fram að þróin sé steinsteypt og yfirborðið múrhúðað en laugarhús sagt „skúr". Þar kemur fram að arkitekt sé „ókunnugur" en á meðal teikninga Íþróttasjóðs fannst teikning af lauginni, ómerkt og án dagsetningar og sýnir hún lágreist steinsteypt hús með skúrþaki og tveimur dyrum sem vísuðu að laug.[49] Í öðru yfirlitsskjali úr Menntamálaráðuneyti kemur fram að laugin hafi verið orðin ónothæf um 1970.[50] Húsið splundraðist á endanum í óveðri en sundlaugin sjálf er nokkuð heilleg.

### *Úthús og aðrar minjar í heimatúnum*

Minjar í heimatúnum (aðrar en bæjarhólar/bænhús) voru stærsti minjaflokkurinn á svæðinu en samtals voru skráðar 64 slíkar fornleifar að þessu sinni. Minjar í heimatúnum eiga það sameiginlegt að teljast í hættu vegna nálægðar við bústaði, vegna framkvæmda og vegna túnræktar og voru minjar í Skaftártungu engin undantekning frá þessari reglu.

Af þeim minjum sem skráðar voru í heimatúnum voru 46 einfaldlega flokkaðar sem útihús. Ummerki sáust um mörg húsanna, bæði eiginlegar tóftir og ógreinilegar þústir. Engar leifar voru þó um sum húsanna en mörg þeirra var hægt að staðsetja með aðstoð bæjarteikninga Dana frá 1904 (sem til voru fyrir bæði Hrífunes og Flögu) og túnakorta frá 1920 (sem til voru fyrir allar jarðirnar þrjár). Um talsverðan hluta þeirra útihúsa sem skráð voru gilti að ekki er vitað nákvæmlega hvaða hlutverki útihúsin gegndu (34 hús). Ummerki um meirihluta þessara húsa voru enn merkjanleg eða um 20 hús. Í þeim tilfellum sem hlutverk útihúsanna var þekkt voru fjárhús algengust en fimm slík hús voru skráð (SF-178:004 og 010, SF-187:023 og 032 og SF-188:062). Leifar fjögurra af fimm húsum sjást ennþá en undantekningin er fjárhúsin sem skráð

---

[46] *Sunnlenskar Byggðir* VI, bls. 262
[47] V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands: atvinnulíf og Byggðaþróun, Byggðastofnun, júní 1989, bls. 67
[48] DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands
[49] DD 95, Þjóðskjalasafn Íslands
[50] DD 05 Þjóðskjalasafn Íslands

voru í landi Hvamms. Tvö lambhús voru skráð, annað í landi Hvamms (SF-178:011) og hitt í landi Hrífuness (SF-188:019) en öll ummerki um þau bæði voru horfin. Af öðrum útihúsum var aðeins skráð eitt hverrar gerðar. Fjós var skráð í landi Flögu en það var hluti af samstæðu sem gæti hafa verið sambyggð gamla bænum en aðeins sjást óljósar leifar af í dag. Fjós hafa þó án efa verið bæði í Hvammi og Hrífunesi og jafnvel á einhverjum býlanna sem skráð voru í landi Hvamms, þótt heimildir geti þeirra ekki sérstaklega. Svipaða sögu er að segja um hlöður, þ.e. þær hafa án efa verið víða og oftast sambyggðar öðrum byggingum en aðeins var skráð ein stakstæð hlaða á svæðinu (SF-178:030) í landi Hvamms en ummerki um hana voru horfin. Aðeins var skráð eitt hesthús á svæðinu (SF-178:021) og var það einmitt frá býlinu Hraunfelli (SF-178:020) sem var í byggð um nokkurra ára skeið rétt eftir miðja 19. öld. Hesthústóftin vel greinileg en engin ummerki fundust hins vegar um einu smiðjuna (SF-178:014) sem skráð var á svæðinu, og var í landi Hvamms.

Aðeins eru þekktar heimildir um einar kvíar á svæðinu, í landi Hrífuness. Kvíanna var getið í framhjáhlaupi (og án staðsetningar) í grein um búskapartíð Jóns Pálssonar þar (frá 1890) og ekki reyndist því unnt að staðsetja þær. Líklegt má telja að þrjár réttir eða aðhöld sem skráðar voru í heimatúnum á svæðinu eða skammt utan þeirra (SF-187:027, SF-188:016 og 049) hafi getað þjónað hlutverki kvía sums staðar. Tvær af réttunum eru horfnar. Önnur var í túnhorninu á Flögu (SF-187:027 - merkt inn á túnakort frá 1920) en hin var neðarlega í túninu á Hrífunesi (merkt inn á bæjarteikningu Dana - SF-188:016) en báðar eru horfnar í túnasléttun. Ummerki eftir ferhyrnda rétt eða gerði sáust hins vegar skammt utan við túnið í Hrífunesi (SF-188:049). Líkt og með hinar réttarnar tvær mætti ætla að umrædd rétt kunni að vera fremur nýleg, líklegast frá lokum 19. aldar eða byrjun þeirrar 20.

Aðrar minjar í heimatúnum voru t.d. kál- og túngarðar. Samtals voru skráðir 10 kálgarðar á svæðinu, þrír í landi Hvamms (SF-178:033, 034 og 037), þrír í landi Flögu (SF-187:004, 030 og 037) og fjórir í landi Hrífuness (SF-188:003, 045, 046 og 078). Að auki voru skráðir kálgarðar á tveimur býlum í landi Hvamms, þ.e. Hraunfells (SF-178:020) og Fagraflatar (SF-178:022) sem bæði voru í byggð á 19.öld (en kálgarðarnir voru skráðir undir númeri býlanna). Síðastnefndu kálgarðarnir voru stæðilegir og ummerki um þrjá kálgarða í viðbót fundust við skráningu (SF-178:037, SF-187:037 og SF-188:078). Ummerki um aðra kálgarða voru horfin, oftast í túnrækt. Í flestum tilfellum mátti staðsetja garðana nokkuð greiðlega með aðstoð túna- og/eða bæjarteikninga frá upphafi 20. aldar.

Einhver ummerki um túngarða var að finna á öllum lögbýlunum þremur og voru raunar skráð ummerki um túngarða á 2-3 stöðum bæði á Flögu og í Hrífunesi (SF-187:031, 038 og SF-188:020, 056 og 066) en einn túngarður í Hvammi (SF-178:035). Þar sem ummerki voru um fleiri

en einn túngarð báru þeir þess merki að túnin hafi verið færð út með tíð og tíma og eru túngarðarnir því ekki samtíða. Flestir þeirra eru líklega frá 19. og 20. öld þótt erfitt sé að dæma um þá garða sem hafa að mestu verið sléttaðir í tún og sjást nú aðeins sem hryggir í túnum.

Áður en umfjöllun um minjar í heimatúnum jarðanna er lokið er rétt að geta um traðir sem lágu heim að bæjunum þremur. Slíkar traðir voru gjarnan merktar inn á bæja- og túnakort frá upphafi 20. aldar og voru skráðar á öllum jörðunum (SF-178:028, SF-187:028, SF-188:044 og 050). Í Hrífunesi voru þekktar bæði yngri og eldri traðir að bænum en nánar verður fjallað um traðirnar í kafla um samgönguminjar hér á eftir.

*Minjar um útbeit og aðra úthaganýtingu*

Engin sel voru skráð sumarið 2018 og eru hvorki þekkt örnefni sem gætu bent til selstöðu né fundust tóftir sem þóttu þess legar að færa mætti rök fyrir því að þær væru líkleg sel. Er þetta sama mynstur og árið 2017 þegar Svínadalur og Ásajarðirnar voru skráðar. Í þessu samhengi má benda á að landslag og gróðurfar á umræddum jörðum hefur tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar, sérstaklega í Skaftáreldum, og vel er hugsanlegt að í þeim hamförum hafi selstöður á einhverjum jarðanna eyðst án þess að til séu heimildir um það.

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist greinilegar minjar um sel á skráningarsvæðinu fundust ýmsar minjar um útbeit. Beitarhús voru skráð á fimm stöðum: ein í Flögulandi (SF-187:023) en tvö í landi Hrífuness (SF-188:915 og 069) og Hvammi (SF-178:032 og 026). Í öllum tilfellum eru leifar húsanna enn til staðar og eru þau líklegast öll fremur ung (líklegast að stofni til frá 19.-20. öld). Voru þrjú þeirra enn í notkun á seinni hluta 20. aldar. Tvö af beitarhúsunum töldust í stórhættu, annars vegar vegna mögulegra framkvæmda (SF-187:023) og hins vegar vegna uppblásturs (SF-188:069) en aðrar beitarhúsatóftir töldust í hættu.

Á skráningarsvæðinu 2018 var skráður talsverður fjöldi fjárskýla og -borga eða samtals 10 slík mannvirki. Flestar voru borgirnar/skýlin í landi Hrífuness eða fimm borgir (SF-188:009, 010, 014, 0137 og 076) en þrjú slík mannvirki voru í landi Flögu (SF-087:017, 019 og 036) og tvö í landi Hvamms (SF-178:029 og 026). Ummerki sjást um alla staðina nema einn (SF-178:029). Örnefni eru tengd sjö af tíu stöðum og eru fjögur þeirra með stofninum „Borg“ og tvö „Ból“.

Fjórir af stöðunum eru hellar sem hlaðið hefur verið umhverfis og eða tóftir/heystæði sem hlaðin voru við (SF-187:017 og 019 og SF-188:010 og 014). Hellarnir tveir í landi Flögu voru báðir ofarlega í gili Brunnár. Á öðrum staðnum (SF-187:017) er náttúrulegur hellisskúti sem greinilega hefur verið notaður fyrir fé (en ekki er að sjá hleðslu fyrir) og heytóft ofan við. Hinn hellirinn, Grindaból (SF-187:019), er neðar í sama gili. Bólið er hellir og hlaðinn veggur úr torfi og grjóti er fyrir munna hans. Ofan við bólið er hringlaga heytóft og önnur, tvískipt tóft, líklega

beitarhús. Í landi Hrífuness var annars vegar skráð fjárskýlið Kötlugilsból við Kötlugil (SF-188:010) þar sem aðeins sjást nú óljós ummerki um hleðslu við lágan hellisskúta og hins vegar fjárskýli í Hrossafosshelli við Hólmsá sem ekki virðist hafa verið hlaðið fyrir.

Önnur fjárskýli (fyrir utan Borgarháls SF-178:029 þar sem ætla má að hafi verið fjárborg en engin mannvirki sáust) voru í öllum tilfellum tóftir, ýmist aflöng fjárhús eða hringlaga borgir. Umfangsmestu tóftirnar voru í landi Hvamms, svokölluð Hvammsborg (SF-178:036), þar sem greinilega má sjá fjárskýli frá löngu skeiði, bæði fjárborgir sem gætu verið nokkuð fornar og yngri fjárhús, ásamt garðlögum og fleiri óljósum tóftum. Á þessum stað hefur verið byggður sumarbústaður og hafin skógrækt sem ógnar minjunum nokkuð. Aðeins fannst stök, einföld tóft í Borgartorfu í landi Flögu (SF-187:036) en þar hefur einnig verið gerður sumarbústaður og við hann er nokkuð þéttur skógur. Ein tóft, næstum hringlaga var skráð norður af Borgargili í landi Hrífuness (SF-188:009) og stök fornleg tóft, hugsanlega fjárborg, við Kötlugil innan sömu jarðar (SF-188:076). Er þá enn ónefnd þriðja borgartóftin í landi Hrífuness. Hún er á Hestatorfu, tanganum milli Kötlugils og Krákugils (SF-188:037), og telst til friðlýstra minja. Austasti hluti Hestatorfunnar er afmarkaður með garðlagi og innan garðsins er ein greinileg tóft sem lítur út eins og myndarlegur hóll sem er um 18 m í þvermál. Geil eða dæld er í miðjum hólnum. Hóllinn er manngerður og er í daglegu tali nefndur „Borgin“ og má því ætla að um leifar gamallar fjárborgar sé að ræða.

Örnefni sem benda til að stekkja fundust á öllum jörðunum þremur og var vísbendingin í öllum tilfellunum þremur sama örnefnið: *Stekkatún*. Í landi Hvamms eru nokkuð umfangsmiklar leifar í Stekkatúninu sem einnig hefur gengið undir heitinu Bóltorfa (SF-178:024). Þar er greinilegt að byggð hafa verið beitarhús á seinni öldum og hlaðinn túngarður umhverfis túnið. Ummerki eftir bæði eldri og yngri beitarhús sjást á svæðinu (þótt yngri hús hafi að mestu verið jöfnuð við jörðu) en engin ummerki sjást nú um stekk á þessum slóðum. Í Flögulandi er Stekkatúnið gamalt tún um 400 m NNA við bæ. Þar er tvískipt tóft innan beitarhólfs fyrir hesta og hefur ágangur þeirra ekki góð áhrif á ástand tóftarinnar þó að ekki sé rof í henni. Engin ummerki sjást hins vegar um tóftir í Stekkatúni í landi Hrífuness (SF-188:018) sem var austan við Bæjargil. Þar eru nú sléttuð tún en áður voru þar tóftir samkvæmt örnefnalýsingu.

Áður en skilið er við ummerki um skepnuhald í úthögum má geta þess að líklegt verður að teljast að garðlag sem liggur frá brattri brekku í halla til suðurs að Fauskalæk (SF-187:024), nærri landamerkjum Flögu og Hrífuness hafi verið vörslugarður til að halda fé frá gilinu sem er bratt, þröngt og óaðgengilegt bæði fyrir menn og skepnur.

Af öðrum skráðum minjum um landnýtingu í úthögum (aðra en fjárbeit) má annars vegar nefna

áveitur (SF-187:022 og SF-188:034) og hins vegar kolagrafir (SF-188:017, 025, 038, 068, 070 og 071).

Ummerki um áveitur voru skráð í landi Hrífuness og Flögu. Í landi Hrífuness má enn greina talsverð ummerki um garðlög um 1,5 km vestan við gamla Hrífunesbæinn í Vestari- og Austari-Hrafnshólamýri. Ekki er vitað hvenær áveitan var gerð þótt líklegast hafi það verið á 19. öld eða snemma á þeirri 20. Svipaða sögu er að segja um áveitu í landi Flögu að því frátöldu að þar sem áveitan var áður á bökkum Flögulóns neðan við bæ hafa nú verið ræst fram tún að talsverðu leyti. Á eldri loftmyndum má þó sjá að þarna hefur verið umfangsmikil áveita. Í tengslum við nýtingu engja og áveitugerð má geta þess að land allra jarðanna þriggja hefur tekið miklum breytingum vegna ýmissa náttúrhamfara. Aðalslægjulönd Hvamms fóru til að mynda undir hraun í Skaftáreldum. Svipaða sögu er að segja um slægjulönd Flögu sem lágu meðfram Flögulóni og þóttu einna bestu engjarnar í Skaftártungu fyrir Kötlugosið 1918 en þær tók af í gosinu og sömuleiðis útengjar Hrífuness.

Saga skógar og skógarnytja er löng í Skaftártungu. Við landnám hefur Skaftártunga öll líklega verið skógi vaxin en þegar komið var fram á seinni aldir var skógurinn að mestu horfinn nema í landi Hrífuness, Flögu, Hemru og Snæbýlis. Skógurinn var einu nafni nefndur Skaftártunguskógur og var enn nokkuð umfangsmikill í lok 18. aldar þótt nokkuð hefði þá þegar gengið á hann. Í upphafi 19. aldar var orðið fátt um góða skóga á Suðurlandi og komu menn þá víðs vegar að í Skaftártunguskóg til að næla sér í eldivið og við til kolagerðar. Framan af hafa það líklega aðallega verið nærsveitungar og klaustur-/kirkjujarðir sem nýttu skóginn en þegar komið var fram á 19. öld var mun stærri hópur farinn að sækja sér skóganytjar þangað, til að mynda bæði Mýrdælingar og Eyfellingar í stórum stíl. Var ágangur svo mikill að heimamenn töldu sér enga leið aðra færa en að kæra skógtekjuna og krefjast þess að yfirvöld settu reglur um hversu langt mætti ganga í þessum efnum. Eyfellingar voru á þessum tíma aðþrengdir enda var sá skógur sem þeir höfðu haft aðgang að í Þórsmörk, Goðalandi og Landskógi uppurinn. Þrátt fyrir það þótti ljóst þó að ekki gat áfram gengið sem fyrr og því setti Jón Guðmundsson sýslumaður fram reglur um nýtingu Skaftártunguskóga sem voru lesnar upp í bæði Ása- og Búlandskirkju vorið 1817. Þar kom fram hverjir mættu nýta sér skóginn, hvernig ætti að standa að skógarhögginu og hvaða viðurlög fylgdu brotum á reglunum.[51] Eitthvað dró úr skógtekjunni eftir þetta og umgengni batnaði en þó fór skógurinn minnkandi og í dag má segja að lítið sé eftir af honum á láglendi jarðanna nema í landi Hrífuness og Hemru. Við skráningu 2018 voru skráðar kolagrafir á

[51] Úr sögu skóganna. 1918, bls. 256-279

sex stöðum, allar í landi Hrífuness.[52] Þrátt fyrir að ljóst sé að skógarhögg og kolagerð hafi verið umsvifamikil í vestanverðri Tungunni á fyrri öldum voru vísbendingar um eiginlegar kolagrafir aðeins að finna í örnefnum og heimildum í Hrífunesi en engin ummerki fundust á svæðinu um eiginlegar kolagrafir. Flestar voru þær reyndar á svæðum sem enn eru á kafi í kjarri og skógi og því erfitt að leita af sér allan grun. Eftir stendur sú staðreynd að greinilegt er að jörðin og vestanverð Tungan öll hefur gegnt mikilvægu hlutverki í öflun viðar til elds og kola fyrr á öldum.

*Samgönguminjar*

Samgönguminjarnar sem fjallað er um í þessari skýrslu mynda nokkuð stóran minjaflokk. Ástæðan er ekki síst sú staðreynd að hér er fjallað um fornleifar á fleiri en einni jörð sem safnað var til öll þau ár sem unnið var að fornleifaskráningu í Skaftártungu allri. Samanlagt voru skráðar 60 samgönguminjar og er langstærstur hluti þeirra ferðaleiðir, bæði lengri leiðir á milli bæja og fjallvegir, en einnig leiðir sem raktar voru á stuttum köflum innan jarðanna sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Alls voru 45 leiðir skráðar í Skaftártungu og af þeim eru 34 leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð. Einhverjar minjar sjást um langflestar af þessum leiðum og eru það aðallega reiðgötur sem sjást þótt sums staðar hafi einnig verið raktar varðaðar leiðir. Vörður eru einkum á fjallvegum og leiðum sem lágu yfir hraun sunnan og vestan við Skaftártungu, s.s. leið SF-661:024 sem lá frá ferju á Eldvatni sunnan við Ásabæina niður í Meðalland og Fjallabaksvegur nyrðri SF-661:001. Á fyrrnefndu leiðinni var skráð 51 varða á tveimur hlutum hennar og á síðarnefndu leiðinni voru skráðar 23 vörður. Þess ber að geta að leiðirnar voru ekki skráðar í heild sinni og því eru vörðurnar við þær mun fleiri. Segja má að samgöngukerfi fyrir tíma vélknúinna ökutækja sé vel varðveitt í Skaftártungu, einkum þar sem leiðir lágu um mólendi, hraun og hálend svæði sem ekki hefur verið raskað af náttúruöflum, vegagerð eða túnræktun. Nokkrar blikur eru þó á lofti því á síðustu árum hefur túnrækt aukist mikið í Tungunni í óröskuðu mólendi og ógnar það samgönguminjum, sem og öðrum minjum sem þar kunna að leynast.

Fjórar traðir voru í túnum jarðanna sem skráðar voru 2018 en tvær traðir eru í túni Hrífuness. Þær (SF-188:044 og 050) sjást aðeins sem afar óljósar og grunnar rennur. Traðirnar í túni Hvamms (SF-178:028) eru nokkuð afgerandi og sjást sem alldjúp, en samansigin renna. Ekki er ljóst hvort að veggir hafi verið hlaðnir meðfram tröðunum eða hvort þær eru eingöngu niðurgrafnar af umferð. Traðirnar í túni Flögu (SF-187:028) sjást líklega meðfram heimreið að bænum en þar er allbreið renna og leifar veggja eða uppkasts beggja vegna við hann.

Ýmsar samgönguminjar tengjast umferð yfir vatnsföll, stór og smá, s.s. vöð, ferjur,

[52] JÁM XIII, 477 og Sunnlenskar byggðir VI, 265

uppsátur og brýr. Engin vöð voru skráð í landi Hvamms eða Flögu en tvö vöð voru skráð í landi Hrífuness. Vað (SF-188:054) er á læk í Bæjargili á leið SF-661:032 sem lá frá Hrífunesi til norðurs og vað (SF-188:040) var á Hólmsá sunnan við bæinn, á leið SF-661:027. Heimild er einnig um að róðraferja (SF-188:024) hafi verið á Hólmsá við Hrífunes. Nákvæm staðsetning hennar er ekki þekkt en líklegt er að hún hafi verið á svipuðum slóðum og áðurnefnt vað á Hólmsá. Þá eru ótaldar þrjár brýr sem allar voru skráðar í landi Hrífuness. Brýr voru á leið SF-661:033 í Kötlugili (SF-188:030) og á Hólmsá (SF-188:057) en þær tók báðar af í Kötlugosi 1918. Enn sjást leifar af hlöðnum stólpum brúarinnar yfir Hólmsá en yngri brú er við hlið þeirra. Í Kötlugili sjást ekki ummerki um eldri brú en á sama stað er yngri brú, timburfleki, sem telst ekki til fornleifa. Heimild er um þriðju brúna (SF-188:039) þar sem farið var yfir á haldi á Hólmsá um 2 km VSV við bæinn í Hrífunesi. Hún hefur líklega verið notuð í smalamennsku því ekki eru þekktar ferðaleiðir á þeim slóðum. Í Bátlág var uppsátur (SF-178:027) í landi Hvamms fyrir bát sem notaður var til þess að ferja lömb til beitar yfir Eldvatn í Hvammshraun. Þar er grunn lægð en engin mannaverk sjást í henni.

Aðrar samgöngubætur voru skráðar á tveimur stöðum í landi Hrífuness en það eru ruddir vegaspottar á lengri leiðum. Annars vegar er ruddur vegur (SF-188:067) á leið SF-661:032 þar sem hún liggur ofan í Bæjargil að vaði SF-188:054 og hins vegar er ruddur og upphlaðinn vegur (SF-188:065) ofar í sama gili sem var mögulega á leið SF-188:052 innan jarðarinnar.

Að lokum skal nefna tvo staði þar sem ferðamenn gátu hvílt lúin bein og leitað skjóls á ferðum sínum. Sæluhús (SF-188:028) er í hrauni austan við Hrífuneshólma, sunnan við Hólmsá, en tóft þess er 6x4,5 m að stærð og veggirnir hlaðnir úr hraungrýti. Á Flöguvelli var áfangastaður (SF-187:012) á leið SF-661:011 en nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt. Engin ummerki eða aðstæður á Flöguvelli gefa til kynna hvar áfangastaðurinn var.

### *Aðrar minjar*

Margvíslegar annars konar minjar en þær sem falla innan flokkana hér að framan voru skráðar í Skaftártungu 2018 en flestar eiga þær það þó sameiginlegt að aðeins voru skráðir fáir minjastaðir af hverri gerð. Talsvert margir staðir voru skráðir þar sem ekki var vitað hvaða hlutverki minjastaðurinn gegndi eða samanlagt 22 staðir (sex í landi Hvamms, fimm í landi Flögu og 11 í Hrífuneslandi). Þessir staðir voru af ýmsu tagi, sumir þústir eða tóftir sem erfitt var að ráða í en einnig voru skráðar nokkrar vörður sem ekki var ljóst í hvaða tilgangi voru hlaðnar. Allir eiga staðirnir það sammerkt að vera ekki (eða afar lauslega) getið í rituðum heimildum.

Um aðra minjaflokka gildir að aðeins fundust einstaka minjar af hverri gerð. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna að skráð voru eyktamörk (SF-188:021-22) fyrir hádegi og nón í landi Hrífuness en engin ummerki um vörður sáust á þessum stöðum og líklegt að aldrei hafi

verið varða á Nónvörðukletti (SF-188:022) en úr fjarlægð lítur hann út eins og varða. Þrír staðir sem tengjast þjóðsögum voru skráðir, allir í landi Flögu. Í fyrsta lagi er það Gildrusteinn (SF-187:013) en gullkista átti að vera falin á steininum. Hennar gætti þó fédraugur sem olli því að allir sem reyndu að ná kistunni urðu brjálaðir og hlupu í Kálfárgljúfur. Annan stað sem tengja má þjóðtrú er Fríðuklettur efst í Eystragili (SF-187:016) sem samkvæmt sögninni dró nafn af Fríðu, huldukonunni sem þar bjó, og þriðji staðurinn er s.k. Grettistak (SF-187:018) á Skögunesbrún skammt frá Fauskalæk. Grettistakið er stór náttúrulegur hraunklettur og hvergi sér til annarra steina nærri honum. Engar sagnir hafa varðveist um steinninn sem aflaunastein en nafnið gæti bent til sagna um tröllaukna aflraunamenn.

Að lokum má nefna að heimarafstöðvar voru skráðar í landi Flögu og Hrífuness (SF-188:031 og 032 og SF-187:043). Rafstöðin í Flögu var gerð 1929. Hún var beggja vegna við Kálfá og sjást töluverð ummerki um hana. Í Hrífunesi var gerð rafstöð 1931 við Kötugilslæk. Ummerki heimarafstöðina sjást enn á tveimur stöðum við lækinn. Um heimarafstöðvarnar gildir að þær eru á mörkum þess að teljast til fornleifa í laganna skilningi, en voru þó skráðar enda merkileg mannvirki fyrir margra hluta sakir. Bændur í Skaftártungu voru mjög framarlega í byggingu heimarafstöðva og fóru þeir Eiríkur og Sigurjón Björnssynir í Svínadal þar fremstir í flokki ásamt Bjarna Runólfssyni í Hólmi. Eiríkur og Sigurjón smíðuðu túrbínur fyrir heimarafstöðvar og hjálpuðu fjölmörgum bændum við að reisa rafstöðvar við bæi sína.

## 7. Lokaorð

Fornleifaskráning í Skaftártungu sýnir, svo að ekki verður um villst, að þar leynist fjöldi spennandi minjastaða sem spanna allt tímabilið frá landnámi og fram á 20. öld. Ástand minja er þar víða gott þó ýmsar blikur séu á lofti og meirihluti minjastaða sé raunar í einhverri hættu. Ljóst er að uppblástur og vatnsrof eru gríðarleg ógn við minjar í Skaftártungu. Á þeim jörðum sem skráðar voru eru fjölmörg dæmi um merka minjastaði í stórhættu sem mikilvægt er að kanna áður en þeir hverfa í rof eða vatnsflóð. Sem dæmi um slíkan stað má nefna rústir sem voru órannsakaðar í landi Ytri-Ása þegar Skaftárhlaup eyddi þeim haustið 2015 og möguleg kuml á sömu jörð sem líklega hafa einnig eyðst í sama hlaupi (en frægt spjót fannst úr haustið 2016). Víða ógnar uppblástur eða landbrot minjum og t.d. er ljóst að kumlateigur í Hrífunesi hefur ekki verið fullgrafinn með vissu. Mikilvægir minjastaðir eru víða á bökkum aðgangsharðra fljóta sem reglulega höggva skörð í minjar og land. Mikilvægt er því að halda áfram rannsóknum á minjum á þessum slóðum áður en þær verða frekari eyðileggingu að bráð.

Við skráninguna í Skaftártungu kom í ljós mikill fjöldi af áður óþekktum minjum og fór svo að minjafjöldinn meira en tvöfaldaðist frá heimildaskráningu. Þrátt fyrir að sumar af þeim minjum sem hvergi var getið í heimildum hafi fundist eftir ábendingum heimamanna var einnig mikill fjöldi sem uppgötvaðist við göngur og yfirferð skrásetjaranna sjálfa. Það kom raunar á óvart að þrátt fyrir að uppsöfnun mannvistarlaga frá fyrstu öldum byggðar geti verið vel á annan metra má víða sjá móta fyrir fornum minjum (þó frá því eftir Eldgjáargos) á yfirborðinu, rétt eins og óljósum skuggum frá fortíðinni. Við skráninguna fundust minjaþyrpingar á nokkrum stöðum þar sem talið var líklegt að hefði verið forn búseta og voru könnunarskurðir teknir á völdum stöðum samhliða skráningunni. Niðurstöður þeirra rannsókna benda til þess að mikil eyðing (eða tilfærsla) hafi orðið á byggðinni á svæðinu á 12.-13. öld. Svipað mynstur hefur fundist víðar á landinu s.s. á Norðausturlandi og virðist líklegt að breytingin feli í sér mikilvæga breytingar á samfélagsháttum þessa tíma sem næsta lítið er ennþá vitað um. Ýmislegt bendir þó til þess að svæðisbundinn munur kunni að vera á landnámi og byggðaþróun hér á landi en mikilvægt er að reyna að skilja þessa þróun betur. [53] Ljóst er að rannsóknir í Skaftártungu gætu gegnt mikilvægu hlutverki í því sambandi. Þrátt fyrir, eða kannski einmitt vegna þess, að landhættir þar hafa tekið miklum breytingum á sögulegum tíma þá eru möguleikar á fornleifarannsóknum þar miklir. Í sveitinni er mikið af heillegum minjum frá fyrstu öldum en einnig er þar einstakt tækifæri til nákvæmrar aldursgreiningar minja þar sem gjóskulög eru þar fleiri og betur aldursgreind en víða

[53] Vísbendingar eru t.d. um að áhersla hafi færst frá stórgriparæktun yfir á sauðfjárræktun á Norðurlandi á 13. öld. Ýmislegt bendir hins vegar til að áhersla á stórgriparækt (kýr og naut) hafi verið meiri lengra fram á aldir á Suðurlandi og mögulega jafnvel haldið áfram í gegnum plágurnar á 15. öld, sjá Richard Streeter, Andrew J. Dugmore, og Orri Vésteinsson 2012.

annars staðar á landinu. Þar gefst einstakt tækifæri til þess að rannsaka í þaula einstök tímabil í sögu sveitarinnar, að kortleggja þær sveiflur sem kunna að hafa verið í búsetumynstri og lífsgæðum, og til að varpa ljósi á viðbrögð fólks við takmörkunum og áföllum sem náttúran bjó þeim. Áframhaldandi rannsóknir í Skaftártungu gætu því veitt ómetanlegar upplýsingar um samspil manns og náttúru hér á landi á fyrri öldum.

## Heimildaskrá


**AF & KE/KEKH:** Adolf Friðriksson og Kristján Eldjárn. 2000/2016. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* Reykjavík, Mál og menning.

**ÁFÍ 1935:** Pálmi Hannesson (ritstj.). 1935. „Lönd og leiðir í Vestur-Skaftafellssýslu." *Árbók Hins íslenska ferðafélags 1935*: Vestur-Skaftafellssýsla. bls. 5-72.

**Árb 1910:** Brynjúlfur Jónsson. 1910. „Rannsókn í Vestur Skaftafellssýslu 1909." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 3-23.

**Árb 1989**: Jón Jónsson. 1989. „Tólfahringar og Leiðólfsfell." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. bls. 121-132.

**Árb 1892:** Sigurður Vigfússon. 1892. „Rannsóknir sögustaða." *Árbók Hins íslenzka Fornleifafélags*. bls. 35-67.

**Árb 1940:** Sigurgeir Einarsson. 1940. „Leið Flosa að fjallabaki." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. bls. 48-52.

Árni G. Pétursson og Hjalti Gestsson. 1964. „Hrútasýningar 1963." *Búnaðarrit 1964*, 2. tbl. síðara hefti, bls. 265-442

Birna Lárusdóttir. 2007. „Settlement organization and farm abandonment: The curious landscape of Reykjahverfi, North-East Iceland", í Davies, Wendy, Halsall, Guy & Reynolds Andrew (ed.): *People and Space in the Middle Ages, 300-1300* (Studies in the Early Middle Ages 15). *Brepols:* Turnhout, bls. 45-63.

Björk Ingimundardóttir. 2019. *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi*. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

Björn O. Björnsson. 1930. *Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar : drög til lýsingar á íslensku þjóðlífi mótuðu af skaftfellskri náttúru*. Björn O. Björnsson.

Brynjúlfur Jónsson. 1909. „Rannsókn í Vestur Skaftafellssýslu 1909." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1919*, bls. 3-23.

Dr. Konrad Maurer. 1882. „Bókafregn: Upphaf allsherjarríkis á Íslandi og stjórnarskipunar þess." *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags,* 3. árg 1882, bls. 129-131.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum/Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2014. *Fornleifar í Skaftártungu I: Fornleifaskráning á Búlandi, Búlandsseli og Svartanúpi*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS545-13022.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, George Hambrecht, Richard Streeter, Andrew Dugmore and Hildur Gestsdóttir. 2014. *Skaftártunga: Archaeological investigations in 2013*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS535-13021.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015. *Skaftártunga: Archaeological investigations in Skaftártunga in 2015.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS559-13023.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2016. *Fornleifar í Skaftártungu II: Fornleifaskráning í Hlíð, Borgarfelli, Snæbýli, Ljótarstöðum, Gröf og Hemru.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS636-13024.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2020a. *Fornleifaskráning í Skaftártungu III: Fornleifaskráning á Ytri- og Eystri-Ásum, Nesi og Svínadal.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS713-18321.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2020b. „Minni og gleymska: Týndir landshættir í Skaftártungu". Kafli í bókinni: Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, & Orri Vésteinsson. 2020. *Minjaþing : helgað Mjöll Snæsdóttur á sjötugsafmæli hennar 12. febrúar 2020.* Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. [Væntanlegt]. *Þing í Skaftafellssýslu.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS980-23061.

*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar.* 1943. II. bindi. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

**Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen:** Þorvaldur Thoroddsen. 1959. *Ferðabók: Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1889.* 1959. 2. útgáfa. Snæbjörn Jónsson og co. hf.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* II. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar.

**Friðlýsingaskrá:** Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar.* Reykjavík. Þjóðminjasafn Íslands.

Gísli Gestsson: "Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu III." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1983. bls.* 28-30

Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinsson: "Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu IV" *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1983. Bls.* 1-47.

Gunnar Magnússon. 1972. "Fjörur í Vestur-Skaftafellssýslu". *Sjómannablaðið Víkingur* 1972. 34. Árgangur, tölublað 1-2, bls. 40-42

**Heima er bezt:** Þórarinn Helgason. 1968. „Hjónin í Hrífunesi". *Heima er bezt.* 18. árg. nr 11, bls. 372-376.

Herforingjaráðskort frá 1905 - kort 68 SA Skaptártunga-Ásar. Generalstabens topografiske Afdeling, Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Hildur Gestsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Uggi Ævarsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir . 2015. „Kumlateigur í Hrífunesi, Skaftártungu V." *Árbók Hins íslenska fornleifafélags. bls.*

Íslandskort (Atlaskort) 1:100.000 frá 1944, 68, 66 qv

**ÍF I:** *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma.* 1968. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

**Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár II:** Daniel Bruun. 1987. Íslenskt *þjóðlíf í þúsund ár II. bindi.* Örn og Örlygur. Reykjavík.

„Íslenskir þingstaðir að fornu og nýju". 1939. *Lögrétta* 25. árgangur (25.06.1939), bls. 7

Jón Jónsson. 1985. „Rústirnar við Réttarfell og Leiðólfsfell". *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags,* bls. 129-135.

**JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn, 1847.

**JÁM XIII:** Jarðabók Árna Mangússonar og Páls Vídalíns: Fylgiskjöl 1990. Reykjavík, Hið íslenska fræðafélag.

**KE 1965:** Kristján Eldjárn: „Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1965*, bls. 59-62

**KE 1983:** Kristján Eldjárn: „Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu I" *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1983,* bls. 6-21

Kristborg Þórsdóttir. 2011. *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Hólmsárvirkjunar.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS469-11051.

Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2017. *Fornleifarannsókn í landi Eystri-Ása í Skaftártungu 2017: Vegna breytinga á Skaftártunguvegi og nýsmíði brúar yfir Eldvatn.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS646-16291.

Lýður Björnsson. 1972. *Saga sveitarstjórnar á Íslandi.* Reykjavík, Almenna Bókafélagið.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

Oddgeir Hansson. 2005. *Deiliskráning í Hrífunesi II.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS245-04132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson (ritstj.). 2008. *Archaeological investigations in Mývatnssveit 2007.* Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson og Thomas McGovern. 2012. "The peopling of Iceland". *Norwegian Archaeological Review.* 45:2, bls. 206-218.

Orri Vésteinsson 2012, „Upphaf máldagabóka og stjórnsýslu biskupa. Nýjar athuganir á kirknatali Páls biskups."*Gripla* 23, bls. 93-131.

Orri Vésteinsson 2017, „Local church organisation and state formation in medieval Iceland."*The Buildings of Medieval Reykholt: the Wider Context,* G. Sveinbjarnardóttir & B. Þorgeirsson eds., Reykjavík: Snorrastofa/Háskólaútgáfan, bls. 53-72.

*Ný Jarðabók fyrir Ísland.* 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn.

Richard Streeter, Andrew J. Dugmore, and Orri Vésteinsson. 2012. „Plague and landscape resilience in premodern Iceland". *Proceedings of the National Academy of Sciences* 109 (10): bls. 3664-3669.

**The Old Icelandic Land Registers:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Gleerup.

*Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* II. bindi. 1886. Kaupmannahöfn, Hið íslenzka bókmenntafélag.

**SB VI:** Vigfús Gestsson. 1985. *Sunnlenskar byggðir IV* (Skaftártunguhreppur). Guðmundsson, J., Jónsson, J. og Guðjónsson, O. (ritstj.). Búnaðarsamband Suðurlands.

*Skaftáreldar 1783-1784: ritgerðir og heimildir.* 1984. Ritnefnd: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, Gylfi már Guðbergsson, Sigurður Þórarinsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þorleifur Einarsson. Reykjavík, Mál og menning.

**SSSk:** *Skaftafellssýsla: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873.* 1997. Reykjavík. Sögufélag.

Steinberg, John M., Douglas J. Bolender, and Brian N. Damiata. 2016. "Viking Age Settlement Pattern of Langholt, North Iceland: Results of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey." *Journal of Field Archaeology.* Volume 41, issue 4, bls. 389-412.

Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálssonar.* Reykjavík. Snælandsútgáfan.

Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. 2003. *Deiliskráning í Hrífunesi I.* Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS222-03181. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Uggi Ævarsson munnleg frásögn 09.03.2018.

„Úr sögu skóganna." 1918. *Blanda* 1. bindi, .1-3. hefti, bls. 156-279.

*V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands: atvinnulíf og Byggðaþróun*. 1989. Byggðastofnun. Júní 1989. Skýrsla aðgengileg á slóðinni:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/vskaftaf.pdf

Þór Magnússon: "Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu II" *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1983, bls.* 22-27.

*Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar eptir hann sjálfan.* 1913-1916. Reykjavík. Sögufélag.

## Óútgefnar heimildir

*AM 263 fol.* Handrit varðveitt á Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Bréf Einars Einarssonar til Steingríms biskups Jónssonar, Bréfasafn biskupsembættisins í Þjóðskjalasafni Íslands

Bæjarteikningar Dana 1904. Varðveittar hjá Landmælingum Íslands aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: http://atlas.lmi.is/kortasja/

DD05: Þorsteinn Einarsson: *Skrá yfir íþróttamannvirki á Íslandi í árslok 1983,* DD05, Varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

DD95: Spjaldskrá um laugar frá Menntamálaráðuneyti, líklega frá miðri 20. öld, DD 95 Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnasjá Landmælinga Íslands. Aðgengileg á eftirfarandi vefslóð:

http://atlas.lmi.is/ornefnasja/

https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=664672 Ljósmynd af Hvammi frá 1967

http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=684773 Ljósmynd af Hrífunesi frá 1982

http://gissurjoh.blog.is/blog/gissurjoh/ Samantekt um Leirár frá 2007.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

**Túnakort**: Uppdráttur af túnum Hrífuness, Flögu og Hvamms frá því um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Borgarfell:** Örnefnaskrá Borgarfells. Ari Gíslason skráði eftir Vigfúsi Sæmundssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Búlandsheiði og Skaftártunguafréttur:** Örnefnaskrá Búlandsheiðar og Skaftártunguafréttar. Magnús Finnbogason skráði eftir Gísla Sigurðssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Búlandssel:** Örnefnaskrá Búlandssels. Örnefni skráði Magnús Finnbogason eftir Gísla Sigurðssyni. Gísli og Gísli Tómasson fóru yfir. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Flaga:** Örnefnaskrá Flögu. Magnús Finnbogason skráði eftir Vigfúsi Gunnarssyni og Gísla syni hans í Flögu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gröf:** Örnefnaskrá Grafar. Magnús Finnbogason skráði eftir Jóhannesi Árnasyni, konu hans og sonum. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hemra:** Örnefnaskrá Hemru. Magnús Finnbogason skráði eftir Guðjóni Bárðarsyni en Sigurður Árnason fór yfir og lagfærði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hrífunes:** Örnefnaskrá Hrífuness. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hvammur:** Örnefnaskrá Hvamms. Magnús Finnbogason skráði en byggir á efni frá Sigurði Gestssyni og Barði syni hans. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Svínadalur:** Örnefnaskrá Svínadals. Magnús Finnbogason skráði eftir Jóni og Eiríki Björnssonum. Sæmundur Björnsson fór yfir og lagfærði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| **SF-178:001A** | 524978 | 361118 |
| **SF-178:001B** | 524975 | 361103 |
| **SF-178:001C** | 524975 | 361079 |
| **SF-178:001D** | 524972 | 361073 |
| **SF-178:001E** | 524977 | 361071 |
| **SF-178:001F** | 524969 | 361064 |
| **SF-178:001G** | 524976 | 361057 |
| **SF-178:002** | 524965 | 361374 |
| **SF-178:003** | 525077 | 361378 |
| **SF-178:004** | 525070 | 361433 |
| **SF-178:005** | 525058 | 361463 |
| **SF-178:006** | 525049 | 361499 |
| **SF-178:007** | 524948 | 361398 |
| **SF-178:008** | 524952 | 361427 |
| **SF-178:009** | 524958 | 361500 |
| **SF-178:010** | 524959 | 361577 |
| **SF-178:011** | 524786 | 361342 |
| **SF-178:012** | 524870 | 361973 |
| **SF-178:013** | 525032 | 361367 |
| **SF-178:014** | 525022 | 361333 |
| **SF-178:015** | 523982 | 361594 |
| **SF-178:016** | 523079 | 360523 |
| **SF-178:017A** | 520511 | 361137 |
| **SF-178:017B** | 520514 | 361142 |
| **SF-178:018** | 520572 | 361600 |
| **SF-178:019** | 524317 | 361198 |
| **SF-178:020A** | 522414 | 361050 |
| **SF-178:020B** | 522400 | 361043 |
| **SF-178:020C** | 522399 | 361065 |
| **SF-178:021** | 522468 | 361067 |
| **SF-178:022A** | 523031 | 360438 |
| **SF-178:022B** | 523013 | 360450 |
| **SF-178:022C** | 523019 | 360427 |
| **SF-178:022D** | 523104 | 360400 |
| **SF-178:023** | 524861 | 360906 |
| **SF-178:024A** | 524879 | 361060 |
| **SF-178:024B** | 524878 | 361057 |
| **SF-178:024C** | 524899 | 360990 |
| **SF-178:025** | 524557 | 359796 |
| **SF-178:026** | 524364 | 360091 |
| **SF-178:027** | 524962 | 361053 |
| **SF-178:028** | 524924 | 361377 |
| **SF-178:029** | 524634 | 360529 |
| **SF-178:030** | 525005 | 361375 |
| **SF-178:031** | 524252 | 359932 |

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| **SF-178:032A** | 524917 | 361997 |
| **SF-178:032B** | 0 | 0 |
| **SF-178:032C** | 524903 | 361970 |
| **SF-178:033** | 525024 | 361375 |
| **SF-178:034** | 524914 | 361496 |
| **SF-178:035** | 524890 | 361358 |
| **SF-178:036A** | 524083 | 360258 |
| **SF-178:036B** | 524098 | 360259 |
| **SF-178:036C** | 524046 | 360272 |
| **SF-178:036D** | 524045 | 360273 |
| **SF-178:036E** | 524038 | 360261 |
| **SF-178:036F** | 524043 | 360264 |
| **SF-178:037A** | 525109 | 361490 |
| **SF-178:037B** | 525087 | 361393 |
| **SF-178:037C** | 525103 | 361372 |
| **SF-178:037D** | 525095 | 361408 |
| **SF-178:037E** | 525095 | 361413 |
| **SF-178:038** | 523991 | 360143 |
| **SF-178:039** | 520648 | 361109 |
| **SF-178:040A** | 523031 | 359701 |
| **SF-178:040B** | 523044 | 359700 |
| **SF-178:040C** | 523047 | 359727 |
| **SF-178:040D** | 523026 | 359724 |
| **SF-178:040E** | 522989 | 359721 |
| **SF-178:040F** | 522984 | 359729 |
| **SF-178:040G** | 522982 | 359708 |
| **SF-178:041A** | 522438 | 360816 |
| **SF-178:041B** | 522430 | 360813 |
| **SF-178:041C** | 522402 | 360819 |
| **SF-187:001** | 524408 | 351874 |
| **SF-187:002** | 524414 | 351881 |
| **SF-187:003** | 524404 | 351818 |
| **SF-187:004** | 524413 | 351795 |
| **SF-187:005** | 524457 | 351910 |
| **SF-187:006** | 524407 | 351988 |
| **SF-187:007** | 524323 | 351827 |
| **SF-187:008** | 524358 | 351770 |
| **SF-187:009** | 524353 | 351757 |
| **SF-187:010** | 524339 | 351765 |
| **SF-187:011** | 524917 | 352478 |
| **SF-187:012** | 524510 | 351428 |
| **SF-187:013** | 521720 | 352761 |
| **SF-187:014** | 524646 | 352217 |
| **SF-187:015** | 524279 | 351950 |
| **SF-187:016** | 524289 | 352017 |

## Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| **SF-187:017A** | 522940 | 351694 |
| **SF-187:017B** | 522937 | 351632 |
| **SF-187:018** | 524196 | 350538 |
| **SF-187:019A** | 523984 | 350988 |
| **SF-187:019B** | 523970 | 350976 |
| **SF-187:019C** | 523957 | 350955 |
| **SF-187:020** | 520109 | 351852 |
| **SF-187:021** | 524337 | 351459 |
| **SF-187:022A** | 524586 | 351258 |
| **SF-187:022B** | 524827 | 351796 |
| **SF-187:022C** | 524750 | 351693 |
| **SF-187:022D** | 524881 | 351735 |
| **SF-187:022E** | 524808 | 351580 |
| **SF-187:022F** | 524830 | 351504 |
| **SF-187:022G** | 524821 | 351468 |
| **SF-187:023** | 524466 | 350419 |
| **SF-187:024** | 524659 | 350374 |
| **SF-187:025** | 524116 | 350693 |
| **SF-187:026A** | 524326 | 351711 |
| **SF-187:026B** | 524334 | 351719 |
| **SF-187:027** | 524557 | 351857 |
| **SF-187:028** | 524472 | 351863 |
| **SF-187:029** | 524359 | 351682 |
| **SF-187:030** | 524469 | 351652 |
| **SF-187:031** | 524366 | 351670 |
| **SF-187:032** | 524627 | 352166 |
| **SF-187:033A** | 524400 | 351886 |
| **SF-187:033B** | 524393 | 351885 |
| **SF-187:033C** | 524388 | 351882 |
| **SF-187:033D** | 524393 | 351890 |
| **SF-187:034A** | 522367 | 352495 |
| **SF-187:034B** | 522349 | 352501 |
| **SF-187:034C** | 522350 | 352485 |
| **SF-187:034D** | 522362 | 352480 |
| **SF-187:034E** | 522269 | 352501 |
| **SF-187:034F** | 522265 | 352500 |
| **SF-187:034G** | 522259 | 352498 |
| **SF-187:034H** | 522278 | 352494 |
| **SF-187:034I** | 522263 | 352568 |
| **SF-187:034J** | 522286 | 352575 |
| **SF-187:034K** | 522295 | 352553 |
| **SF-187:034K2** | 522312 | 352558 |
| **SF-187:034L** | 522148 | 352523 |
| **SF-187:034M** | 522177 | 352520 |
| **SF-187:034N** | 522170 | 352528 |

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| **SF-187:034O** | 522313 | 352438 |
| **SF-187:034P** | 522296 | 352418 |
| **SF-187:034Q** | 522376 | 352482 |
| **SF-187:034R** | 522378 | 352487 |
| **SF-187:034S** | 522397 | 352479 |
| **SF-187:034T** | 522364 | 352510 |
| **SF-187:034U** | 522332 | 352527 |
| **SF-187:034V** | 522340 | 352638 |
| **SF-187:034W** | 522359 | 352632 |
| **SF-187:034X** | 522479 | 352561 |
| **SF-187:034XA** | 522407 | 352564 |
| **SF-187:034XB** | 522409 | 352554 |
| **SF-187:034XC** | 522423 | 352547 |
| **SF-187:034XD** | 522386 | 352543 |
| **SF-187:034XE** | 522376 | 352532 |
| **SF-187:034XF** | 522385 | 352520 |
| **SF-187:034XG** | 522393 | 352517 |
| **SF-187:034XH** | 522400 | 352535 |
| **SF-187:034XI** | 522408 | 352531 |
| **SF-187:034XJ** | 522412 | 352511 |
| **SF-187:034XK** | 522418 | 352502 |
| **SF-187:034XL** | 522424 | 352498 |
| **SF-187:034XM** | 522392 | 352502 |
| **SF-187:034XN** | 522390 | 352598 |
| **SF-187:034XO** | 522377 | 352604 |
| **SF-187:034Y** | 522512 | 352568 |
| **SF-187:034Z** | 522517 | 352565 |
| **SF-187:034ZA** | 522519 | 352578 |
| **SF-187:034ZB** | 522531 | 352552 |
| **SF-187:034ZC** | 522525 | 352551 |
| **SF-187:034ZD** | 522536 | 352545 |
| **SF-187:034ZE** | 522535 | 352534 |
| **SF-187:034ZF** | 522525 | 352527 |
| **SF-187:034ZG** | 522559 | 352541 |
| **SF-187:034ZH** | 522558 | 352523 |
| **SF-187:034ZI** | 522587 | 352501 |
| **SF-187:034ZJ** | 522586 | 352495 |
| **SF-187:034ZK** | 522587 | 352507 |
| **SF-187:034ZL** | 522603 | 352508 |
| **SF-187:034ZM** | 522614 | 352504 |
| **SF-187:034ZN** | 522626 | 352511 |
| **SF-187:034ZO** | 522542 | 352453 |
| **SF-187:034ZP** | 522534 | 352458 |
| **SF-187:034ZQ** | 522524 | 352438 |
| **SF-187:034ZR** | 522515 | 352470 |

# Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| SF-187:034ZS | 522503 | 352471 |
| SF-187:034ZT | 522452 | 352478 |
| SF-187:034ZU | 522454 | 352492 |
| SF-187:034ZV | 522463 | 352487 |
| SF-187:034ZW | 522471 | 352481 |
| SF-187:034ZX | 522437 | 352516 |
| SF-187:034ZY | 522434 | 352518 |
| SF-187:034ZZ | 522435 | 352525 |
| SF-187:036 | 524563 | 352458 |
| SF-187:037 | 524355 | 351893 |
| SF-187:038A | 524339 | 351667 |
| SF-187:038B | 524551 | 351704 |
| SF-187:038C | 0 | 0 |
| SF-187:039 | 524348 | 351723 |
| SF-187:040 | 524562 | 352127 |
| SF-187:041A | 524374 | 351838 |
| SF-187:041B | 524385 | 351846 |
| SF-187:042 | 524594 | 352155 |
| SF-187:043A | 524355 | 352233 |
| SF-187:043B | 524328 | 352215 |
| SF-187:044 | 524600 | 352154 |
| SF-187:044 dæld | 522364 | 352564 |
| SF-187:045 | 524300 | 350919 |
| SF-187:046 | 524315 | 351762 |
| SF-188:001 | 524863 | 348307 |
| SF-188:002 | 524890 | 348304 |
| SF-188:003 | 524762 | 348354 |
| SF-188:004 | 524839 | 348344 |
| SF-188:005 | 524900 | 348476 |
| SF-188:006 | 524705 | 348274 |
| SF-188:007 | 524758 | 348296 |
| SF-188:008 | 524679 | 348650 |
| SF-188:009 | 524602 | 349691 |
| SF-188:010 | 523708 | 348208 |
| SF-188:011 | 524237 | 348402 |
| SF-188:012 | 521276 | 349402 |
| SF-188:013 | 524948 | 349558 |
| SF-188:014 | 522029 | 347434 |
| SF-188:015 | 522348 | 347681 |
| SF-188:016 | 524750 | 348327 |
| SF-188:017 | 523180 | 349622 |
| SF-188:018 | 524753 | 348461 |
| SF-188:019 | 524682 | 348737 |
| SF-188:020 | 524458 | 348689 |
| SF-188:021 | 524912 | 347454 |

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| SF-188:022 | 524226 | 347744 |
| SF-188:023 | 525116 | 348450 |
| SF-188:023 | 525118 | 348444 |
| SF-188:024 | 524557 | 347761 |
| SF-188:025 | 523046 | 349317 |
| SF-188:026 | 524263 | 348303 |
| SF-188:027A | 524818 | 348781 |
| SF-188:027B | 524803 | 348795 |
| SF-188:028 | 525055 | 347674 |
| SF-188:029A | 524946 | 348368 |
| SF-188:029B | 524943 | 348369 |
| SF-188:030 | 523722 | 348216 |
| SF-188:031 | 523686 | 348230 |
| SF-188:032 | 523639 | 348332 |
| SF-188:033 | 523358 | 347999 |
| SF-188:034A | 522872 | 348377 |
| SF-188:034B | 522826 | 348324 |
| SF-188:034C | 522815 | 348415 |
| SF-188:034D | 522665 | 348262 |
| SF-188:034E | 522738 | 348190 |
| SF-188:035 | 522706 | 348398 |
| SF-188:036 | 522124 | 348885 |
| SF-188:037A | 523781 | 348169 |
| SF-188:037B | 523800 | 348186 |
| SF-188:038 | 519258 | 351597 |
| SF-188:039 | 523029 | 347419 |
| SF-188:040 | 524641 | 347834 |
| SF-188:041 | 521963 | 347423 |
| SF-188:042 | 524446 | 348166 |
| SF-188:043 | 524890 | 348333 |
| SF-188:044 | 524704 | 348267 |
| SF-188:045 | 524721 | 348236 |
| SF-188:046 | 524677 | 348268 |
| SF-188:047 | 524791 | 348309 |
| SF-188:048 | 524826 | 348349 |
| SF-188:049 | 524478 | 348529 |
| SF-188:050 | 524809 | 348310 |
| SF-188:051 | 524863 | 348446 |
| SF-188:052 | 524914 | 348507 |
| SF-188:053 | 524986 | 348502 |
| SF-188:054 | 524756 | 348399 |
| SF-188:055 | 524853 | 348433 |
| SF-188:056 | 524555 | 348355 |
| SF-188:057 | 523785 | 347947 |
| SF-188:057 | 523810 | 347983 |

# Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| SF-188:059 | 524901 | 348428 |
| SF-188:060 | 524553 | 348394 |
| SF-188:061 | 524915 | 348407 |
| SF-188:062 | 524469 | 348546 |
| SF-188:063 | 524884 | 348458 |
| SF-188:064 | 524624 | 348356 |
| SF-188:065 | 524697 | 348498 |
| SF-188:066 | 524613 | 348390 |
| SF-188:067 | 524751 | 348405 |
| SF-188:068 | 523544 | 349576 |
| SF-188:069 | 521476 | 347689 |
| SF-188:070 | 522856 | 349101 |
| SF-188:071 | 521729 | 348304 |
| SF-188:072 | 524932 | 348646 |
| SF-188:073 | 522547 | 349832 |
| SF-188:074 | 522221 | 348665 |
| SF-188:075 | 522378 | 348671 |
| SF-188:076 | 523689 | 348171 |
| SF-188:077 | 525182 | 348537 |
| SF-188:078 | 524783 | 348278 |
| SF-188:079 | 524559 | 348650 |
| SF-661:001_BULAND | 524028 | 364896 |
| SF-661:001_BULAND | 521488 | 368713 |
| SF-661:001_Svartin 1 | 522192 | 366730 |
| SF-661:001_SVN_B | 521690 | 368327 |
| SF-661:001_SVN_C | 521666 | 368375 |
| SF-661:001_SVN_D | 521584 | 368607 |
| SF-661:001A | 520587 | 373718 |
| SF-661:001B | 520424 | 373414 |
| SF-661:001C | 520469 | 373309 |
| SF-661:001D | 520531 | 373249 |
| SF-661:001E | 520596 | 373104 |
| SF-661:001F | 520677 | 372928 |
| SF-661:001G | 520724 | 372827 |
| SF-661:001H | 520772 | 372685 |
| SF-661:001I | 520815 | 372560 |
| SF-661:001J | 520879 | 372328 |
| SF-661:001K | 520887 | 371860 |
| SF-661:001L | 520656 | 370210 |
| SF-661:001M | 520666 | 369975 |
| SF-661:001N | 520661 | 370130 |
| SF-661:001P | 520947 | 372002 |
| SF-661:001Q | 520895 | 371936 |
| SF-661:001R | 520893 | 371824 |
| SF-661:001S | 520815 | 371370 |

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| SF-661:001T | 520630 | 370641 |
| SF-661:001U | 520617 | 370653 |
| SF-661:001V | 520605 | 370527 |
| SF-661:001X | 520754 | 370138 |
| SF-661:001Y | 520673 | 369824 |
| SF-661:001Z | 520673 | 369700 |
| SF-661:001Z2 | 520677 | 369602 |
| SF-661:001Z3 | 520533 | 373965 |
| SF-661:001Z4 | 521674 | 366598 |
| SF-661:001Z5 | 522587 | 365140 |
| SF-661:001Z6 | 522229 | 366013 |
| SF-661:002A | 520437 | 367436 |
| SF-661:002B | 518889 | 370073 |
| SF-661:002C | 518674 | 370258 |
| SF-661:003 | 528142 | 356621 |
| SF-661:004A | 526627 | 358493 |
| SF-661:004B | 526778 | 358316 |
| SF-661:004C | 527261 | 358246 |
| SF-661:005 | 526762 | 355451 |
| SF-661:006 | 525974 | 356328 |
| SF-661:007 | 525726 | 354075 |
| SF-661:008 | 524689 | 354633 |
| SF-661:009A | 526218 | 355346 |
| SF-661:009B | 527371 | 354396 |
| SF-661:009C | 527994 | 353642 |
| SF-661:010A | 526637 | 353581 |
| SF-661:010B | 527462 | 354551 |
| SF-661:011A | 524691 | 353740 |
| SF-661:011B | 524462 | 351652 |
| SF-661:011C | 524525 | 351448 |
| SF-661:011D | 524589 | 351918 |
| SF-661:012 | 524537 | 354601 |
| SF-661:013 | 527876 | 356137 |
| SF-661:014A | 523751 | 358214 |
| SF-661:014B | 523906 | 358309 |
| SF-661:014C | 523826 | 358259 |
| SF-661:014D | 523986 | 358468 |
| SF-661:014E | 525766 | 358056 |
| SF-661:015 | 523909 | 358305 |
| SF-661:016 | 522976 | 357729 |
| SF-661:017 | 522013 | 359795 |
| SF-661:018A | 529445 | 352117 |
| SF-661:018B | 529529 | 352167 |
| SF-661:018C | 529628 | 352225 |
| SF-661:018D | 529805 | 352337 |

# Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| **SF-661:018E** | 529890 | 352375 |
| **SF-661:019A** | 522011 | 358362 |
| **SF-661:019B** | 520615 | 359046 |
| **SF-661:019C** | 520090 | 360082 |
| **SF-661:020** | 522110 | 360380 |
| **SF-661:021** | 520399 | 358976 |
| **SF-661:022** | 525240 | 353825 |
| **SF-661:023A** | 529089 | 351756 |
| **SF-661:023B** | 529024 | 351739 |
| **SF-661:023C** | 529017 | 351723 |
| **SF-661:023D** | 529022 | 351701 |
| **SF-661:023E** | 529016 | 351696 |
| **SF-661:023F** | 529023 | 351682 |
| **SF-661:023G** | 529036 | 351675 |
| **SF-661:023I** | 529193 | 352099 |
| **SF-661:024_01** | 527437 | 351134 |
| **SF-661:024_02** | 527460 | 351121 |
| **SF-661:024_03** | 527515 | 351091 |
| **SF-661:024_04** | 527532 | 351077 |
| **SF-661:024_05** | 527538 | 351080 |
| **SF-661:024_06** | 527539 | 351058 |
| **SF-661:024_07** | 527534 | 351055 |
| **SF-661:024_08** | 527569 | 351036 |
| **SF-661:024_09** | 527588 | 351021 |
| **SF-661:024_10** | 527619 | 351010 |
| **SF-661:024_11** | 527651 | 351006 |
| **SF-661:024_12** | 527709 | 350982 |
| **SF-661:024_13** | 527731 | 350939 |
| **SF-661:024_14** | 527736 | 350939 |
| **SF-661:024_15** | 527744 | 350908 |
| **SF-661:024_16** | 527753 | 350867 |
| **SF-661:024_17** | 527769 | 350854 |
| **SF-661:024_18** | 527771 | 350860 |
| **SF-661:024_19** | 527796 | 350815 |
| **SF-661:024_20** | 527826 | 350792 |
| **SF-661:024_21** | 527878 | 350773 |
| **SF-661:024_22** | 527911 | 350774 |
| **SF-661:024_23** | 527939 | 350758 |
| **SF-661:024_24** | 527945 | 350765 |
| **SF-661:024_25** | 527972 | 350747 |
| **SF-661:024_26** | 528001 | 350746 |
| **SF-661:024_27** | 528002 | 350750 |
| **SF-661:024_28** | 528708 | 348417 |
| **SF-661:024_29** | 528711 | 348380 |
| **SF-661:024_30** | 528778 | 348297 |

| Samtala | X | Y |
|---|---|---|
| **SF-661:024_31** | 528833 | 348254 |
| **SF-661:024_32** | 528837 | 348227 |
| **SF-661:024_33** | 528881 | 348177 |
| **SF-661:024_34** | 528900 | 348162 |
| **SF-661:024_35** | 528918 | 348130 |
| **SF-661:024_36** | 528942 | 348108 |
| **SF-661:024_37** | 528962 | 348083 |
| **SF-661:024_38** | 528994 | 348081 |
| **SF-661:024_39** | 528997 | 348074 |
| **SF-661:024_40** | 529050 | 348085 |
| **SF-661:024_41** | 529050 | 348076 |
| **SF-661:024_42** | 529104 | 348070 |
| **SF-661:024_42** | 528846 | 353032 |
| **SF-661:024_43** | 529126 | 348075 |
| **SF-661:024_44** | 529163 | 348079 |
| **SF-661:024_45** | 529182 | 348071 |
| **SF-661:024_46** | 529230 | 348052 |
| **SF-661:024_47** | 529266 | 348027 |
| **SF-661:024_48** | 529314 | 348003 |
| **SF-661:024_49** | 529341 | 347992 |
| **SF-661:024_50** | 529359 | 347963 |
| **SF-661:024_51** | 529376 | 347913 |
| **SF-661:024_52** | 529400 | 347833 |
| **SF-661:024_53** | 529442 | 347755 |
| **SF-661:025** | 523096 | 359658 |
| **SF-661:026** | 518110 | 361671 |
| **SF-661:027A** | 524376 | 347502 |
| **SF-661:027B** | 524379 | 347310 |
| **SF-661:027C** | 524385 | 347406 |
| **SF-661:028** | 526739 | 352901 |
| **SF-661:029** | 520995 | 360596 |
| **SF-661:030A** | 530892 | 351455 |
| **SF-661:030B** | 530865 | 351268 |
| **SF-661:030C** | 530895 | 351214 |
| **SF-661:030D** | 530922 | 351169 |
| **SF-661:031A** | 530064 | 352464 |
| **SF-661:031B** | 530184 | 352463 |
| **SF-661:031C** | 530287 | 352449 |
| **SF-661:031D** | 530213 | 352461 |
| **SF-661:032** | 524732 | 348442 |
| **SF-661:033** | 523866 | 348258 |
| **SF-661:034** | 528757 | 356177 |




*Yfirlitskort sem sýnir þær jarðir sem skráðar voru í Skaftártungu 2018.*



Minjakort 1: Hvammur - yfirlitskort
Sjá minjakort 2
178018
178015
178019
178017B
178017A
178039
178020C
178021
178020B
178020A
178041C
178041A
178041B
661029
178029
178016
178022B
178022A
178022C
178022D
661020
178036C
178036C
178036F
178036B
178038
178026
661019C
178031
661017
178040E
178040C
178040A
661025
178025
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA
0
500
1.000
1.500
2.000 m



Minjakort 2: Hvammur - tún og nágrenni
178032B
178032A
178012
178032C
178010
178034
178009
178006
178037A
178005
178008
178004
178037E
178007
178037D
178028
178030
178037C
178002
178013
178011
178035
178014
178001A
178001B
178001E
178024A
178001F
178001G
178024B
178027
178024C
178023
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA
0
100
200
300
400 m



Minjakort 3: Flaga - yfirlitskort
187013
187034V
187034W
187034L
187034ZC
187034ZN
187034B
187034P
187034ZQ
187036
187011
187043B
187043A
187014
187042
187032
187040
187020
661011C
187022B
187017A
187022C
187022D
187017B
661011E
187022E
187022F
Sjá minjakort 4
661011C
187022G
187022A
187019B
187019A
187019C
187045
187025
187018
187023
187024
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA
0
500
1.000
1.500
2.000 m



Minjakort 4: Flaga - tún og nágrenni
187016
187006
187015
661011C
187005
187037
187033D
187033A
187033C
187002
187027
187001
187028
187041B
187031B
187007
187041A
187003
187038C
187004
187031B
187046
187010
187008
187009
187039
187026A
187026B
187038B
187029
187038A
187031
661011B
187030
187021
661011C
187012
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA
0
75
150
225
300 m


Minjakort 5: Hrífunes - yfirlitskort
188038
661011C
661011B
661011C
188073
188017
188068
188009
188013
188012
188025
188070
Sjá minjakort 6
188036
188074
188075
661032
188035
188034A
188034D
188034A
188034E
188071
188032
188031
661033
188037B
188076
188057
188033
188057
188040
188022
188024
188028
188069
188015
661027A
188021
188041
188014
188039
661027C
661027B
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA
0
500
1.000
1.500
2.000 m


Minjakort 6: Hrífunes - tún og nágrenni
188027B
188027A
188019
188020
188079
188008
188072
188062
188049
188077
188052
188053
188065
188005
188018
188063
188051
661032
188023
188023
188059
188055
188067
188061
188060
188066
188054
188011
188003
188029B
188029A
188056
188064
188048
188004
188043
188016
188050
188002
188026
188007
188047
188001
188046
188006
188078
188044
188045
188042
0
100
200
300
400 m
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA


Minjakort 7: Fornleifar á fleiri en einni jörð -norður
661001Z3
661001A
661001B
661001C
661001D
661001E
661001F
661001G
661001H
661001I
661001J
661001Q
661001P
661001K
661001R
661001S
661001U
661001T
661002C
661001V
661001L
661002B
661001M
661001X
661001Y
661001Z
661001Z2
661001_SVN_E
661001_SVN_D
661001_SVN_C
661001_SVN_B
661002A
661001_SVN_A
661001Z4
661001Z6
661001Z5
661001_BL_A
661026
661029
0
1.000
2.000
3.000
4.000 m
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA


Minjakort 8: Fornleifar á fleiri en einni jörð - suður
661029
661020
661019C
661017
661025
661021
661019B
661019A
661014B
661014D
661014A
661014C
661016
661004A
661004B
661014E
661004C
661003
661006
661013
661034
661005
661009A
661012
661008
661010B
661009B
661007
661011A
661022
661010A
661009C
661024_42
661028
661018D
661031D
661031C
661023I
661018B
661011C
661023C
661023A
661011B
661023F
661030A
661011C
661030B
661024_01
661024_04
661024_02
661024_27
661030C
661030D
661024_22
661024_26
661024_28
661024_030
661032
661033
661024_29
661024_51
661024_36
661024_52
661024_53
661027A
661027C
661027B
0
1.250
2.500
3.750
5.000 m
Skýringar
Minjastaður
Gata
Vegur
Leiðir af kortum frá 1905 og 1944
Landamerki RALA